FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

297. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. DESEMBER 2016

JÓLIN
BANKA UPP Á

NÚ ER KÁTT Í HÖLLINNI
Jólamöndlur frá Möndlubásnum,
smakk af jólaostunum frá MS
og jólasveinar hafa boðað
komu sína klukkan 16$^{00}$
í dag, laugardag.
Kíktu inn.

Pappajólatré þrjár stærðir
30 cm 3.594 kr. ~~5.990 kr.~~
45 cm 4.794 kr. ~~7.990 kr.~~
65 cm 7.194 kr. ~~11.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

HÚSGAGNA HÖLLIN

OPIÐ
TIL KL. 18
ALLA HELGINA

www.husgagnahollin.is

# 40–60% AFSLÁTTUR AF JÓLA-SKRAUTI






## JD
Jólabollar í boxi
nokkrar gerðir

**2.490 kr.**



## BODUM CAFFETTIERA
Pressukanna, svört, hvít, rauð
Átta bolla

~~**11.990 kr.**~~
**JÓLAVERÐ 9.990 kr**



## IITTALA ULTIMA THULE
Kertastjakar, 65 mm
glær / frost

**2.890 / 4.890 kr. stk.**



## NIKE STYTTA
Vængjaða gyðjan
Stærð: 19 cm

**5.790 kr.**



## MARLUX KVARNIR
Salt eða pipar, nokkrir litir og stærðir
Beyki 21 cm / Svört 14 cm

**5.990 / 4.990 kr. stk.**



## IVV
Kökudiskur á fæti
nokkrar gerðir

~~**14.990 kr.**~~
**JÓLAVERÐ 11.990 kr.**



## HYGEIA STYTTA
Gyðja góðrar heilsu
Fæst 16–34 cm

**4.990–11.990 kr.**



## IITTALA MARIBOWL
Skál, 155 mm
cranberry

**8.990 kr. stk**



## SÖDAHL
Jóladúkur, Winterland
Stærð: 150x220 cm
Fæst í fleiri stærðum

~~**14.990 kr.**~~
**JÓLAVERÐ 11.990 kr**



## BJÖRN WIINBLAD
Kertastjaki / kanna
Margir litir

**5.990 / 3.490 kr.**



## IITTALA KIVI / KASTEHELMI
Kivi kertastjaki
**2.990 kr**

Kastehelmi kertastjaki
desert **2.290 kr**
cranberry **5.990 kr**



## IVV SOMMELIER
Rauðvínskarafla
23 cm há

**8.990 kr.**



## RALPH LAUREN
Dásamlegi ilmurinn
sem kemur með jólin



## IITTALA FESTIVO
Kertastjakar
120 mm / 180 mm

**5.890 / 7.290 kr.**



## BODUM
Kaffikanna, átta bolla
rauð eða svört

**6.990 kr.**



## ULTIMA THULE
Kanna 150 cl
Glös á fæti 34 cl. stk
Fleiri gerðir fáanlegar

**17.290 / 6.490 kr. stk.**



## IITTALA KASTEHELMI
Krukkur með loki
Stór desert / lítil glær

**4.690 kr. / 3.790 kr.**

## KAHLER
Urbania kertahús
margar stærðir

Verð frá **3.490 kr.- 9.990 kr.**



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

297. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 17. DESEMBER 2016



# Heimsókn til Heiðu

Ég er dálítið ýkt í öllu, líka í jólahaldinu, segir Heiða bóndi á Ljótarstöðum í Skaftártungu sem sápuþvær hvern fermetra á heimilinu fyrir jólin. →30

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON



## Galdurinn er í mistökunum

→34



## Ósanngjarn á viðkunnanlegan hátt

→45




## Bestu og verstu bókakápurnar

→38

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015





Glæsilegar jólagjafir
Laugavegi 15 og Kringlunni - michelsen.is
MICHELSEN ÚRSMIÐIR

SMÁRALIND
GJAFAKORT SMÁRALINDAR
ÓTAL MÖGULEIKAR Í EINUM PAKKA
ÞÚ FÆRÐ GJAFAKORTIÐ Á ÞJÓNUSTUBORÐI SMÁRALINDAR EÐA Á SMARALIND.IS

OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD
7 DAGAR TIL JÓLA
Kringlan

## Veður




Rólegt og þurrt veður framan af degi. Gengur í suðaustan 10-18 síðdegis með rigningu, en mun hægari norðaustan til og úrkomulítið fram eftir degi. Hiti 0 til 7 stig. SJÁ SÍÐU 72

# Leysi deiluna við tónlistarkennara

**KJARAMÁL** „Krafa tónlistarskólakennara er hógvær, að njóta sömu launakjara og kennarar við aðrar skólagerðir," segir í ályktun kennara við Tónlistarskóla Árnesinga. Þeir „harmi það frost" sem einkennt hafi viðræður við samninganefndir sveitarfélaga.

„Ef fer sem horfir, að tónlistarskólakennarar haldi áfram að dragast aftur úr í launakjörum miðað við önnur aðildarfélög KÍ, er hætt við að þeir hverfi til annarra starfa og að það hafi áhrif og bitni á tónlistarfræðslu komandi ára. Það sem tekið hefur áratugi að byggja upp, má eyðileggja á örskotsstundu," segja kennararnir.

Bæjarráð Hveragerðis segist hvetja „deiluaðila að leita allra leiða til að ná samkomulagi hið allra fyrsta". **– gar**



**Í nógu að snúast.**
MYND/LÖGREGLAN HVOLSVELLI

# Óforsvaranlegt lögregluástand

**LÖGGÆSLA** Bæjarstjórn Ölfuss gagnrýnir að í fjárlagafrumvarpi næsta árs sé ekki gert ráð fyrir framhaldi á sérstöku 76 milljóna króna framlagi sem Lögreglustjórinn á Suðurlandi fékk í gegn um Stjórnstöð ferðamanna.

Framlagið var til að efla eftirlit yfir sumarið og síðari hluta árs í uppsveitum Árnessýslu, hálendiseftirlit og eftirlit í Öræfum. „Ef litið er til Árnessýslu sérstaklega má benda á að það er á engan hátt forsvaranlegt að þar séu einungis tveir útkallsbílar eða fjórir lögreglumenn á hverri vakt sem sinna almennu eftirliti en þar búa um fimmtán þúsund manns. Langflest sumarhús landsins eru á því svæði og auk þess eru þar langmest sóttu ferðamannastaðir landsins," segir bæjarstjórn Ölfuss. **– gar**

# Bankinn lætur rannsaka leka

**LÖGREGLUMÁL** Íslandsbanki hefur lokið rannsókn á því hvort gögn um verðbréfaviðskipti hæstaréttardómara sem fjallað hefur verið um í fjölmiðlum hafi komið frá bankanum. Í tilkynningu frá bankanum segir að ekkert bendi til að svo sé og að gögnin hafi verið gömul og frá starfsemi Glitnis banka fyrir hrun. Íslandsbanki ætlar að óska eftir lögreglurannsókn vegna málsins.

Í tilkynningu frá bankanum segir að rannsóknin hafi verið gerð af innri endurskoðun bankans, en gögnin sem um ræðir eru háð þagnarskylduákvæði laga um fjármálafyrirtæki. Íslandsbanki lítur málið alvarlegum augum. **– jhh**

**Íslandsbanki telur ekkert benda til þess að upplýsingarnar um viðskipti dómara komi frá bankanum.**




# Jólalegt í miðborginni



Það er orðið jólalegt um að litast í miðborg Reykjavíkur núna þegar einungis vika er í aðfangadag. Það upplifa ökumenn sem aka Lækjargötuna glögglega. Líklega mun umferðin um götuna aukast jafnt og þétt næstu vikuna enda margir sem eiga enn margt ógert fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fiskurinn að klárast hjá fiskvinnslum

**Áætlað er að um sjö þúsund manns leggi niður störf vegna verkfalls sjómanna. Óttast er að Norðmenn taki yfir erlenda markaði á meðan verkfallið varir. Verð fiskafurða hefur hækkað mikið í vikunni og búist er við að það hækki frekar.**

**KJARAMÁL** „Við erum að klára fiskinn á mánudaginn. Við reynum að fá einhvern afla frá smábátum en það verður óverulegt magn, sérstaklega núna yfir háveturinn. Á meðan verkfallið varir sjáum við fram á að það verði lítil sem engin vinna í boði," segir Sigurður Viggósson, framkvæmdastjóri fiskvinnslunnar Odda.


Verkfall sjómanna hófst á miðvikudagskvöld þegar helstu stéttarfélög sjómanna höfnuðu kjarasamningum í kosningu. Niðurstaðan var mjög afgerandi en rúmlega 86 prósent meðlima Sjómannafélags Íslands höfnuðu samningnum.

Verkfallið hefur mikil áhrif á fiskvinnslu í landinu og áætlar Heiðrún Lind Marteinsdóttir, framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, að það verði til þess að sjö þúsund manns leggi niður störf.

Sigurður hefur áhyggjur af því að erlendir markaðir tapist á meðan verkfallið varir. „Norðmenn munu geta útvegað fiskinn sem við getum ekki á meðan verkfallið varir. Þeir eru harðir sölumenn og munu ekki sleppa tökunum af mörkuðunum svo létt nái þeir að taka þá yfir," segir Sigurður. Hann segist sjá fram á mikið tap í rekstri og verið sé að leita leiða til að lágmarka skaðann. „Það er djöfullegt að þetta skuli gerast," bætir hann við.

Sigurður vonast til þess að deilan verði leyst fljótlega því annars sé mikið atvinnuleysi fram undan hjá fiskvinnslustarfsfólki.

Gunnþór Ingvarsson, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar, segir að engin vinnsla sé í gangi hjá Síldarvinnslunni. „Það er augljóst að á meðan flotinn er í landi, þá erum við ekki að vinna," segir Gunnþór.




## Vélstjórar í verkfall

Félag vélstjóra og málmtæknimanna hafnaði í gær í atkvæðagreiðslu kjarasamningi við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi. Rúm 66 prósent félagsmanna höfnuðu samningnum og þátttakan var um 70 prósent. Verkfall vélstjóra og málmtæknimanna er því yfirvofandi.

„Fiskvinnslan í Hnífsdal kláraði að vinna þann fisk sem var til í gær," segir Sveinn Guðjónsson, verksmiðjustjóri vinnslunnar. Framkvæmdastjóri Ísfélags Vestmannaeyja, Stefán Friðriksson, reiknar með að vinnslan geti starfað fram á þriðjudag, en þá muni um hundrað manns þurfa að hætta störfum.

Verkfall sjómanna kom engum í opna skjöldu og hefur verð fiskafurða hækkað mikið síðustu vikuna. „Ég er nokkuð viss um að á meðan verkfallið varir muni verð á fiski hækka áfram. Það hækkaði strax í þessari viku og það hækkaði töluvert í nóvember þegar sjómenn fóru í verkfall þá," segir Eyjólfur Þór Guðlaugsson, framkvæmdastjóri Reiknistofnunar fiskmarkaða.

Í tilkynningu frá Reiknistofnun fiskmarkaða segir að ekkert uppboð verði á fiskafurðum í dag af augljósum ástæðum. „Það er auðvitað út af verkfallinu, það er svo lítið magn til sölu og okkur fannst ekki forsvaranlegt að kalla út alla tugi eða hundruð manna fyrir nokkra tugi tonna af fiski," segir Eyjólfur en í gær seldust um tuttugu tonn af fiski á uppboði fiskmarkaða en að meðaltali eru seld um 350 tonn á dag.

**thorgeirh@frettabladid.is**

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# PAKKAJÓL

# 20-30%

## afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.



**ÖLL SMÁRAFTÆKI**
20-30%

**8.690kr**
~~11.590kr~~

**Blandari**
Mix&Go.
1804553



**ÖLL RAFMAGNS-VERKFÆRI**
20-30%

**16.995kr**
~~27.495kr~~

**Höggborvél**
18V, 2 rafhlöður, 1,3Ah Li-ion.
5245557



**ÖLL BÚSÁHÖLD**
20-30%

**7.490kr**
~~9.990kr~~

**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007431



**ALLUR TRUE NORTH FATNAÐUR**
20-30%

**4.499kr**
~~5.999kr~~

**Jakki dömu**
5852678-89

# JÓLATRÉ

## 20% afsláttur

**AF ÖLLUM ÍSLENSKUM JÓLATRJÁM STAFAFURU OG RAUÐGRENI**

**Blómaval lækkar verð á innfluttum jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar**




Laugardag og sunnudag

## Jólasveinar

Jólasveinar skemmta börnunum kl. 15-16 laugardag og 14-15 sunnudag í Skútuvogi.





Laugardag og sunnudag

## Jólahlaðborð Skútuvogi lýkur um helgina.

KAFFI GARÐUR

laugardag og sunnudag **13:00-20:00**

Aðeins: **1.980kr**

Börn 10 ára og yngri: **500kr**

**Byggjum á betra verði**

**www.husa.is**

TÖLUR VIKUNNAR 11.12.2016 TIL 17. 12. 2016

**55%**

fjölgun er á **sendingum** frá erlendum verslunum til einstaklinga milli nóvember 2015 og 2016.

**100 ELDRI ÚTGERÐIR**

eru að baki 12 stærstu fyrirtækjunum í sjávarútvegi í dag.

**80 til 90**

metra háar er talið að ***vindmyllur*** sem hér rísa í framtíðinni verði.

**40%**

**íþróttamanna** hafa fengið höfuðhögg sem leiddi til einkenna *heilahristings*, samkvæmt rannsókn.

**40%**

af viðskiptum almennings eru greidd með kreditkorti – sem er miklu hærra hlutfall en í öðrum ríkjum Evrópu.

**100 kennarar**

*sögðu starfi sínu lausu* vegna kjaramála. Hluti dró uppsögnina til baka; aðrir liggja undir feldi.

**5 menn**

voru **handteknir** í tengslum við rannsókn á stóru fíkniefnamáli nýlega – fjórir þeirra voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

**4.500 METRA** djúp er **borhola** í djúpborunarverkefninu á Reykjanesi orðin.

## Þrjú í fréttum
## Neysla, jólastúss og íbúðaverð

**Ásta Sigrún Helgadóttir**
*umboðsmaður skuldara*



segir hlutfall ungs fólks sem biðji um aðstoð hafa vaxið verulega frá bankahruni og tekið kipp í ár. Ástæðan sé vandræði vegna neysluskulda. Ásta kveðst hafa áhyggjur af því úrvali tilboða á markaðnum í dag þar sem fólk sé hreinlega hvatt til skuldsetningar, til dæmis með Netgíró. Hlutfall ungra sem sóttu um greiðsluaðlögun óx úr 7% árið 2011 í 24% í ár.

**Elva Simondsen**
*íbúi í Gimli í Kanada*



segir haldið í íslenskar jólahefðir á Íslendingaslóðum. Jólasveinarnir hafi þó aðeins komið á aðfangadag því að alltof langt sé fyrir þá að ferðast daglega frá Íslandi. Hún kveðst hafa átt erfitt með að átta sig á jólasveinum sem bjuggu í fjöllum enda engin fjöll að finna hjá henni. Elva bjó á kalkúnabúgarði og jólamaturinn var því kalkúnn.

**Eygló Harðardóttir**
*félags- og húsnæðismálaráðherra*



minnti sveitarfélög á ábyrgð þeirra við að sporna gegn hækkandi fasteignaverði í landinu. Í bréfi til stærstu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu lýsti ráðherrann yfir áhyggjum af lóðaskorti. Nægjanlegt framboð af lóðum yrði að vera til að tryggja að húsnæðisverð hækkaði ekki eins mikið og sést hefði undanfarin ár.

# Réttargæslumaður gagnrýnir vinnubrögð í mansalsmáli í Vík

**Réttargæslumaður segir saksóknara ekki hafa skilning á aðstæðum þolenda mansals. Alþingismaður telur að mansalsmálið í Vík í Mýrdal hafi strandað hjá saksóknara. Telur réttarkerfið skorta þekkingu í mansalsmálum. Lögreglan rannsakar hvort brotið hafi verið gegn lögum um atvinnuréttindi útlendinga.**

**DÓMSMÁL** „Hvað varðar mansalsmál þá er það ljóst að brotaþolar eru ekki alltaf stöðugir í framburði eða segja rétt frá atvikum máls, sem getur skýrst af þeim aðstæðum sem brotaþolar eru í," segir Arnþrúður Þórarinsdóttir, saksóknari hjá héraðssaksóknara, almennt um mansalsmál.

Kristrún Elsa Harðardóttir, réttargæslumaður tveggja kvenna frá Srí Lanka sem höfðu stöðu þolenda mansals á árinu, gagnrýnir harðlega að ekki hafi verið gefin út ákæra í meintu vinnumansali í Vík í Mýrdal. Konurnar fengu 5.200 krónur greiddar á viku fyrir vinnu sína og frítt fæði og húsnæði.

„Ef ekki á að líta til framburðar brotaþola, meðal annars um þætti eins og vinnuframlag og aðbúnað, þá þurfa aftur á móti að vera til staðar í viðkomandi máli einhver gögn sem hnekkja framburðinum. Líkt og kveðið er á um í lögum um meðferð sakamála þá er ekki ákært í málum nema þau séu talin nægileg eða líkleg til sakfellingar fyrir dómi. Gildir það jafnt um mansalsmál sem önnur sakamál," segir Arnþrúður.

Þótt Arnþrúður tjái sig ekki um atvik einstakra mála útskýrir hún hvaða þættir koma til við mat hennar á málum er varða ætlað mansal. „Í þeim tilvikum sem mál varða ætlað vinnumansal þá þarf í fyrsta lagi að vera uppfyllt skilyrði um nauðungarvinnu. Hugtakið „nauðungarvinna" er ekki sérstaklega skilgreint í almennum hegningarlögum eða greinargerð með lögunum.

Við mat á því hvort um nauðungarvinnu er að ræða verður því að líta til skilgreiningar á hugtakinu samkvæmt orðanna hljóðan og skilgreiningar í alþjóðasáttmálum og dómaframkvæmd ef henni er fyrir að fara. Út frá því er ljóst að við mat á nauðungarvinnu kemur meðal annars til skoðunar hvert vinnuframlag er, hvort og þá hvert endurgjald er fyrir vinnuframlagið og aðbúnaður á vinnustað," segir Arnþrúður,

Kristrún Elsa segir saksóknara ekki hafa skilning á aðstæðum þolenda mansals hvað varðar þetta mat og gagnrýnir að frítt húsnæði og fæði sé talið til greiðslu.

Andrés Ingi Jónsson, nýkjörinn þingmaður Vinstri grænna, tók málið upp á Alþingi í gær í umræðum um störf þingsins. „Það er almennt þekkingar- og skilningsleysi á eðli mansalsmála í réttarkerfinu," sagði Andrés Ingi. „Samkvæmt aðgerðaáætlun gegn mansali hefur átt að fræða lögreglu, saksóknara og dómara. Eftir því sem fréttir segja virðist lögregla hafa staðið sig vel í þessu máli en svo strandar á saksóknarstiginu."

Mansalsþáttur málsins hefur verið felldur niður en málið er rannsakað áfram sem brot gegn atvinnuréttindum útlendinga. **kristjana@stod2.is og thorgeir@frettabladid.is**



Grunur vaknaði um að mansal væri stundað í Vík í Mýrdal. Saksóknari ákvað að ákæra ekki í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

> **Það er almennt þekkingar- og skilningsleysi á eðli mansalsmála í réttarkerfinu.**
>
> Andrés Ingi Jónsson, alþingismaður





SMÁRALIND

# ALLT TIL JÓLA

## OPIÐ TIL 22 Í KVÖLD



# JÓLASTEMNING ALLA HELGINA

JÓLASVEINAR, LEIKHÓPURINN LOTTA OG LIFANDI TÓNLIST
SJÁÐU DAGSKRÁNA Á **SMARALIND.IS**

OPIÐ TIL 22 ÖLL KVÖLD TIL JÓLA | ÞORLÁKSMESSA 11-23 | AÐFANGADAGUR 10-13 | WWW.SMARALIND.IS | FACEBOOK | INSTAGRAM | SNAPCHAT



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson mætti með framsóknargrænt bindi í veisluna á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Eiríkur Hans Sigurðsson og Sigur Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



Ungir Framsóknarmenn á Akureyri skáluðu í gosi. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Framsóknarmenn fögnuðu afmælinu

Framsóknarmenn fögnuðu 100 ára afmæli flokksins í gær. Flokkurinn var stofnaður 16. desember 1916 við samruna Bændaflokksins og Óháðra bænda. Hann er elsti starfandi stjórnmálaflokkurinn á Íslandi. Fjöldi fólks gladdist í veislu sem forysta flokksins hélt í Reykjavík. Aðrir glöddust með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni, fyrrverandi formanni flokksins, á Akureyri.



Það var glatt á hjalla hjá velunnurum flokksins á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN



Guðni Ágústsson, Hrafnkell Karlsson og Haukur Halldórsson mættu til veislunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ



Ásmundur Einar Daðason, fyrrverandi alþingismaður, var á staðnum með Lilju Alfreðsdóttur utanríkisráðherra og Magnúsi Hafsteinssyni, eiginmanni hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARÍNÓ





# 20-70% AF ALLRI JÓLAVÖRU

Gildir til 24.12.

ALLIR HEILSU-KODDAR
20%
AFSLÁTTUR
Gildir til 18.12.

ALLIR SKRIF-BORÐSSTÓLAR
20%
AFSLÁTTUR
Gildir til 24.12.

ÖLL BARNAVARA
20-40%
AFSLÁTTUR
Gildir til 18.12.

ALLIR PÚÐAR
30%
AFSLÁTTUR
Gildir til 24.12.

ÖLL BÚSÁHÖLD
25%
AFSLÁTTUR
Gildir til 18.12.

FULLT VERÐ: 2.995
1.995
33%
AFSLÁTTUR
Gildir til 24.12.
MEMORY FOAM INNISKÓR
Stærð: XS-XL
Litur: Grár.
Vnr. RL-1601

MEMORYFOAM

FULLT VERÐ: 2.995
1.995
33%
AFSLÁTTUR
Gildir til 24.12.
TIM VERK-FÆRABOX
St. 55x26,7x27 sm.
Vnr. VER000955

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rfl.is

Við höfum opnað glæsilega Vínbúð í Smáralind við nýja innganginn

Hlökkum til að taka á móti ykkur í nýrri Vínbúð.

vinbudin.is

VÍNBÚÐIN



Rannsókn lögreglu hefur leitt í ljós að glæpamenn sem áður einbeittu sér að eiturlyfjainnflutningi einbeita sér í auknum mæli að hagræðingu úrslita. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Íþróttaveðmál í Svíþjóð valda miklu hneyksli

**Landsliðsmaðurinn Kári Árnason, sem leikur með liði Malmö í Svíþjóð, hefur fengið símtöl frá óprúttnum aðilum þar sem falast var eftir upplýsingum um lið hans. 43 leikmenn í Svíþjóð eru grunaðir um að hafa hagrætt úrslitum leikja þar í landi.**

**SAMFÉLAG** „Það er mikið veðjað í Svíþjóð á allar íþróttir. Miklu meira en annars staðar þar sem ég hef spilað og maður verður meira var við veðmál," segir Kári Árnason, landsliðsmaður í knattspyrnu og leikmaður Malmö í sænsku deildinni. Í ljós hefur komið að 43 leikmenn í efstu tveimur deildum Svíþjóðar eru grunaðir um að hafa hagrætt úrslitum.

Alls eru 25 leikmenn sagðir hafa hagrætt meira en þremur leikjum en hinir 18 einum eða tveimur. Sá sem er sagður hafa verið stórtækastur á að hafa hagrætt níu leikjum. Sænskir og þýskir blaðamenn hafa unnið að fréttaskýringum um málið og er hagræðing úrslita sögð vera svartur blettur á sænskum fótbolta.

Sænska ríkissjónvarpið, SVT, komst yfir leynileg skjöl frá svissneska fyrirtækinu Sports Radar, sem sérhæfir sig í útreikningum á mögulegri hagræðingu á úrslitum leikja og vinnur með Evrópska knattspyrnusambandinu, UEFA, þar sem þetta kemur fram. Fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort einhver Íslendingur væri í gögnunum hefur ekki verið svarað en enginn leikmaður hefur verið nafngreindur.

„Það kæmi mér ekki á óvart að dómarar væru með í þessu svindli. Ég hef aldrei kynnst annarri eins dómgæslu og á þessu tímabili. Ég spurði meira að segja einn dómara hvort hann væri að reyna að dæma illa, hann var svo mikill brandari," segir Kári léttur. Hann er staddur hér á Íslandi í jólafríi en lið hans, Malmö, fagnaði sænska meistaratitlinum á tímabilinu. Hann sagðist ekki hafa fylgst nægilega vel með fréttum ytra til að geta tjáð sig um skandalinn.

„Ég veit ekki af hverju Svíar veðja svona mikið. Í Englandi er búið að banna fótboltamönnum að veðja á fótboltaleiki en í Svíþjóð má veðja á allt nema þína eigin leiki. Ég gæti þannig veðjað á leiki í sömu deild og ég er að spila í sem er auðvitað fáránlegt. Það var fundur hjá okkur í Malmö ekki alls fyrir löngu með manni frá sænska knattspyrnusambandinu þar sem farið var yfir veðmál og hvað það væri slæmt. Hann einmitt sagði að það hefði aldrei komið upp skandall í efstu deild og hvað sænska sambandið væri að vinna gott starf."

Sjálfur hefur Kári fengið símtal frá óprúttnum aðilum sem vildu komast yfir upplýsingar um liðið sem hann var þá að spila fyrir, AGF í Danmörku. „Það er þekkt að fólk er að reyna að hafa samband við leikmenn til að komast yfir upplýsingar. Það kom fyrir mig þegar ég var að spila í Danmörku. Þá hringdu einhverjir í mig til að forvitnast um liðið og ég vissi ekkert hverjir þetta voru. Því minna áberandi sem þú ert sem leikmaður þá er líklegra að einhver hringi. Það gerist síður þegar leikmenn verða meira áberandi. Þá bjóða þeir smá pening fyrir að fá liðið og eitthvað fleira og halda svo áfram og biðja um meira og meira og hóta alltaf að klaga leikmanninn. Þannig vindur þetta upp á sig."



benediktboas@365.is

## Veðmál á Íslandi

Vitað er að miklum fjárhæðum er veðjað á knattspyrnuleiki hér á landi.

Í sumar var leikmaður sem lék með liði í 2. deild karla rekinn frá félaginu vegna gruns um veðmálasvindl.

Í fréttaskýringu Morgunblaðsins í sumar kom fram að leikmenn fái mikið af hringingum og beiðnum um að gefa upplýsingar.

Erlendar fjárhættuspilasíður virðast standa fyrir kerfisbundinni öflun upplýsinga um stöðu liða og leikmanna fyrir leiki.

KSÍ veit með vissu að dómarar í yngri flokkum hafa verið að veðja á leiki sem þeir sjálfir dæma.

GEFÐU GEIT



GEFÐU GJÖF SEM GEFUR

Með gjafabréfi á gjofsemgefur.is geturðu styrkt bágstadda fjölskyldu um til dæmis geit, hænu, brunn, matjurtagarð, menntun eða aðrar nauðsynjar. Gefðu skemmtilegar gjafir til verkefna heima og erlendis.

www.gjofsemgefur.is

Hjálparstarf kirkjunnar

# HAGKAUPS FYLLTAR KALKÚNABRINGUR

HAGKAUP
**KALKÚNABRINGA**
MEÐ FYLLINGU

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við sérframleiða kalkúnabringu með ljúffengri fyllingu samkvæmt gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnabringan er unnin úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.

HAGKAUP MÆLIR MEÐ

Framleitt fyrir Hagkaup Reykjavík

## Fylltar kalkúnabringur

4 tegundir af fyllingum:

- Beikon
- Trönuberja
- Döðlu
- Amerísk

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR GÆÐIN




## Hagkaups smjörsprautað kalkúnaskip

Undanfarinn áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.




## Maltgrís hamborgarhryggur

Sérvalinn og séralinn fyrir Hagkaup af svínabóndanum á Vallá Kjalarnesi. Grísinn er fóðraður á soðnu maltbyggi, humlum og öðru úrvals góðgæti frá bruggmeisturum Ölgerðarinnar. Grísinn er í góðu yfirlæti við kjöraðstæður sem gerir kjötið einstaklega meyrt og bragðgott.

## EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL










24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg




Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Advania er með
allan pakkann

Hagkvæm og vönduð fartölva
Dell Vostro 3559 - i5 Skylake
verð: 95.990 kr.



Sniðugur hleðslubanki
Solar Power bank 8000
verð: 5.990 kr.

advania
Welcome to IT

advania.is/jol



GJAFAKORT
BORGARLEIKHÚSSINS
Gefðu gjöf sem lifnar við!

Sérstök jólatilboð
Ljúffengt leikhúskvöld
Gjafakort fyrir tvo ásamt leikhúsmáltíð fyrir sýningu eða í hléi 12.950 kr.

Úti að aka
Gjafakort fyrir tvo á gamanleik eins og þeir gerast bestir
9.950 kr.

Blái hnötturinn
Miði fyrir tvo á þessa vinsælu fjölskyldusýningu og geisladiskur með tónlistinni
10.600 kr.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS



Flytja þarf út þúsund tonn til viðbótar að mati sláturleyfishafa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ekki ákveðið hvernig verja eigi fjármagninu

Ekki liggur fyrir hvað eigi að gera við þær eitt hundrað milljónir sem markaðsráð kindakjöts fær á fjáraukalögum vegna útflutnings lambakjöts. Formaður markaðsráðs kindakjöts segist ekki hafa beðið um fjármagnið sem veitt er.

**LANDBÚNAÐUR** Ekki hefur enn verið ákveðið hvernig þeim eitt hundrað milljónum sem á að verja til að styðja útflutning lambakjöts verður varið nákvæmlega. Markaðsráð kindakjöts mun fá fjármagnið til nýtingar þó frumvarpið geri ráð fyrir að þeir fari til verkefnisins Matvælalandið Ísland.

„Það er fullsnemmt að segja til um hvernig eigi að gera þetta því þetta er ekki komið enn þá," segir Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og formaður markaðsráðs kindakjöts. „Nú er vinna hafin við að greina það hvað hægt er að gera, síðan eigum við eftir að fara nákvæmlega ofan í það hvernig við nýtum fjármagnið."

Í fjáraukalögunum er sérstaklega tilgreint að verulegt tap sé á sölu kindakjöts og því þurfi að bregðast við. Bent er á að Evrópusambandið og Bandaríkin kaupi mikið magn landbúnaðarafurða þegar hart er í ári og erfiðleikar á mörkuðum til að sporna við verðfalli. Því eru þessar 100 milljónir í anda þess sem gert er beggja vegna Atlantshafsins.



Þórarinn Ingi Pétursson



Gunnar Bragi Sveinsson

Koma þarf út um eitt þúsund tonnum af framleiðslu ársins í ár til að verðlag haldist stöðugt hér á landi og ekki safnist fyrir birgðir. Um 10.400 tonn voru framleidd í síðustu sláturtíð og 60 prósent þeirrar framleiðslu fara á innanlandsmarkað.

„Við í markaðsráðinu báðum ekki um þetta fjármagn sem slíkt en okkur er falið það verkefni að koma þessum fjármunum í þann farveg að þeir liðki til fyrir útflutningi," segir Þórarinn.

Heimildir Fréttablaðsins herma að samningaviðræður hafi verið hafnar í haust við atvinnuvegaráðuneytið um fjármagn til að sporna við erfiðri stöðu og að nokkrir fundir hafi verið haldnir milli sláturleyfishafa, Landssamtaka sauðfjárbænda og ráðuneytisins. Hafi útflutningsaðilar óskað eftir um þrefaldri þeirri upphæð sem þeir fá nú samkvæmt fjáraukalögum.

Í ofanálag fær Matvælalandið Ísland 400 milljónir til að vinna að útflutningi landbúnaðarafurða á Íslandi næstu árin.

**sveinn@frettabladid.is**

Jól2016

Jólabæklingur Smith & Norland er kominn út.
Glæsilegar vörur á sérstöku jólaverði.
Sjá nánar á sminor.is.



Bosch
Gufustraujárn
TDA 2320
2000 W. Sóli úr ryðfríu stáli.
Slekkur sjálfkrafa á sér.
Jólaverð:
4.900 kr.
Fullt verð: 6.900 kr.



SIEMENS
Uppþvottavélar
SN 45M508SK (stál)
SN 45M208SK (hvít)
13 manna. Fimm kerfi. Zeolith® tryggir mjög góða þurrkun.
Jólaverð (stál):
97.900 kr.
Fullt verð: 129.900 kr.
Jólaverð (hvít):
87.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.



SIEMENS
Þvottavél
WM 14N2S7DN
1400 sn./mín. Tekur mest 7 kg.
Kolalaus mótor.
Jólaverð:
79.900 kr.
Fullt verð: 99.900 kr.



SIEMENS
Þurrkari
WT 45H207DN
Tekur mest 7 kg. Orkuflokkur A++.
Jólaverð:
89.900 kr.
Fullt verð: 119.900 kr.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is




# Volkswagen atvinnubílar

Það er engin tilviljun að Volkswagen atvinnubílar hafa verið vinsælustu atvinnubílar á Íslandi undanfarin ár. Auðugt vöruúrval sameinar eiginleika Volkswagen sem ná til áreiðanleika og hámarksgæða fyrir hagstætt verð. Fjölbreyttar útfærslur eru sniðnar að ólíkum þörfum viðskiptavina svo allir geta fundið sér bíl við sitt hæfi.

Komdu við hjá sérfræðingum okkar að Laugavegi 174 og kynntu þér úrvalið í einni fjölhæfustu fjölskyldu landsins.
Eigum úrval Volkswagen atvinnubíla til afhendingar fyrir áramót.

Volkswagen Amarok verð frá: **4.990.000** (án vsk 4.024.194)

Volkswagen Crafter verð frá: **5.700.000** (án vsk 4.596.774)

Volkswagen Caddy verð frá: **2.540.000** (án vsk 2.048.387)

Volkswagen Transporter verð frá: **4.330.000** (án vsk 3.491.935)

**HEKLA býður gott úrval atvinnubíla og góða þjónustu.**

Atvinnubílar













Íbúar Venesúla hafa beðið í marga klukkutíma í röðum til að skipta seðlum sínum síðustu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Venesúelabúar gefa börn vegna ástandsins

**Gríðarleg ringulreið ríkir nú í Venesúela vegna seðlaskorts en ákveðið hefur verið að taka algengasta seðil landsins úr umferð. Verðbólga hefur aukist um 500 prósent á undanförnum misserum og eru fjölskyldur farnar að gefa börn.**

Efnahagsástandið í Venesúela virðist fara versnandi en nú ríkir seðlaskortur í landinu þar sem ákveðið hefur verið að taka verðmætasta seðilinn, 100 bólívara, úr umferð.

The Economist greinir frá því að 11. desember hafi verið tilkynnt um þetta og að íbúar hefðu 72 tíma til að skipta seðlinum í banka. Þetta hefur skapað gríðarlega ringulreið en áætlað er að yfir helmingur af seðlum í umferð séu 100 bólívara seðlar.

Óðaverðbólga hefur nú ríkt um skeið í Venesúela og mælist nú 500 prósent samkvæmt frétt BBC um málið. Nú eru 100 bólívarar einungis jafnvirði tveggja bandarískra senta á svarta markaðnum. Nýir seðlar eiga að vera komnir í umferð í janúar en í vikunni mynduðust gríðarlegar raðir í bönkum landsins þar sem fólk var að reyna að skipta seðlunum sínum. Sérfræðingar telja að það að taka seðilinn úr umferð muni hafa lítil jákvæð áhrif á efnahagslegan og stjórnmálalegan vanda landsins.

**500%**

**verðbólga ríkir nú í Venesúela í Suður-Ameríku.**

**100**

**bólívara seðillinn hefur verið tekinn úr umferð.**

Gríðarleg fátækt ríkir nú hjá íbúum sem áður fyrr höfðu það gott, meðallaun eru nú jafnvirði 50 dollara á svarta markaðnum samtímis því að verð á mat og öðrum nauðsynjum hefur rokið upp. Ein móðir segir í samtali við Reuters að hún hafi þurft að láta nágranna um að ala upp dóttur sína þar sem það væri betra en að barnið færi út í vændi, fíkniefni eða myndi einfaldlega láta lífið vegna næringarskorts. Engar tölur liggja fyrir um hve margir foreldrar hafa þurft að gefa börnin sín vegna ástandsins en ljóst er að þetta er veruleiki hjá einhverjum fjölskyldum.

Gengi bólívars hefur lækkað um 60 prósent á síðustu tveimur mánuðum. Í stað 100 bólívara seðla eiga íbúar að fá seðla með hærri upphæð eða sem nemur 10 þúsund og 20 þúsund bólívörum, en frá og með gærdeginum voru þeir ekki komnir í umferð. Ljóst er að mikil ringulreið mun ríkja þar til tekist hefur að útdeila nýjum seðlum til íbúa landsins. **saeunn@frettabladid.is**




# Vinsælasti smábíllinn!




## FORD FIESTA

Fiesta er geysivinsæll á Íslandi, og sá allra vinsælasti í Evrópu. Fiesta er margverðlaunaður, sparneytinn og fáanlegur með magnaðri vél sem valin hefur verið „International Engine Of The Year“ þrjú ár í röð. Enginn gerir betur.

Staðalbúnaður er ríkulegur, hann fékk fimm stjörnur í öryggisprófi EURO NCAP og auðvitað er Fiesta sítengdur með Bluetooth. Nú hefur hinn sportlegi Ford Fiesta ST-Line bæst í Fiesta fjölskylduna.
Þú færð framúrskarandi þjónustu hjá Brimborg og við tökum gamla bílinn upp í nýjan Fiesta.

**FORD FIESTA**

FRÁ **2.290.000** KR.

NÝ NOKIAN VETRARDEKK FYLGJA MEÐ ÖLLUM NÝJUM FORD FIESTA (TIL ÁRAMÓTA)

OPIÐ 12-16 Í DAG
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

**Komdu og tryggðu þér Ford Fiesta fyrir áramótin**

ford.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Betra BAK

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA



# DÚNMJÚKAR GJAFIR FYRIR ÞÁ SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNST UM

## TEMPUR-KODDI Í JÓLAPAKKANN FYRIR ÞANN SEM ÞÉR ÞYKIR VÆNT UM!



20% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!

### TEMPUR ORIGINAL

Hentar vel þeim sem sofa á hlið og baki.
Fáanlegur S / M / L / XL.

Jólatilboð frá: 14.320 kr.

Fullt verð frá: 17.900 kr.



20% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!

### TEMPUR TRADITIONAL

Fáanlegur mjúkur, miðlungs og stífur – sígild þægindi fyrir alla.

Jólatilboð: 15.920 kr.

Fullt verð: 19.900 kr.

### TEMPRAKON DÚNSOKKAR

Fyrir kaldar tær.
Ótrúlega vinsæl jólagjöf.




Jólaverð: 4.990 kr.

Fullt verð: 5.990 kr.



### TVENNUTILBOÐ

Dúnsæng og dúnkoddi
60% dúnn, 40% smáfiður.

19.900 kr.

Fullt verð: 29.800 kr.



### TEMPRAKON HITAJÖFNUNAR-SÆNG

Stærð: 135 x 200 cm. Einnig fáanleg 135 x 220 cm og 200 x 220 cm.
Fylling: 90% hvítur gæsadúnn.
Þyngd: 600 g.


44.115 kr.

Fullt verð: 51.900 kr.

**Betri rakastýring.** Temprakon Advance tæknin og FRESH áklæðið viðhalda jöfnu hitastigi og um leið stýrir raka-jafnvægi milli líkama og sængur.




**Jafn hiti** gefur betri svefn. Temprakon var þróað til að halda jöfnum 37°C hita á milli líkama og sængur alla nóttina. Það gefur þér rólegri og dýpri svefn.






15% AFSLÁTTUR
JÓLATILBOÐ!

### RÚMFÖT

frá Elegante, Joop, Hugo Boss, Calvin Klein, Kenzo o.fl.

Fullt verð: 25.900 kr.

Jólatilboð frá: 22.015 kr.

**NÝJUNG Í BETRA BAKI**

### SLÖKUN OG VELLÍÐAN

UNDRI heilsuinniskór með fimmsvæða nuddinnleggi. Draga úr spennu og örva blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Fáanlegir í dökkgrárri eða ljósri Merino-ull.
**Komdu og prófaðu!**

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG



7.900 KR.

### ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingar-kerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.



**FAXAFENI 5**
Reykjavík
588 8477

**DALSBRAUT 1**
Akureyri
588 1100

**SKEIÐI 1**
Ísafirði
456 4566

**AFGREIÐSLUTÍMI**
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17
www.betrabak.is

# LÚXUS BAÐSLOPPAR – TILVALIN JÓLAGJÖF






















BOSS HUGO BOSS

**BAÐSLOPPAR, VERÐ FRÁ: 25.990 KR.**

Calvin Klein home

KENZO PARIS MAISON

## JÓLATILBOÐ

**SERTA ROYALITY HEILSURÚM**

VERÐDÆMI: 160 x 200 cm.

**Í BOÐI VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI**

**14.981 KR. Á MÁN**

**250.816 KR.***

~~313.520 KR.~~



FÁANLEGT Í STÆRÐUNUM 160/180X200, 180X210 OG 192X203 CM.

* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

## STILLANLEGT RÚM

C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm.
Einnig fáanlegt með Tempur dýnum.

**442.350 KR.***

~~589.800 KR.~~



* Aukahlutur á mynd: höfuðgafl

## 15% AFSLÁTTUR

**TIMEOUT HÆGINDASTÓLL OG SKEMILL**

**322.980 KR.**

~~379.800 KR.~~



Betra BAK

# Sorglegar framkvæmdir á Grensásvegi segja vagnstjórar Strætó

**SKIPULAGSMÁL** Vagnstjórar hjá Strætó bs. segjast harma að borgaryfirvöld séu sífellt að þrengja að ferðum strætisvagna um götur borgarinnar með framkvæmdum sínum.

„Það er mjög sorglegt að hlusta á borgaryfirvöld tala digurbarkalega í fjölmiðlum um að efla þurfi almenningssamgöngur og greiða forgang þeirra í gatnakerfinu á sama tíma og hindrunum er stöðugt brugðið fyrir eðlilegan akstur strætisvagna," segir í ályktun fundar vagnstjóranna.

Skipulagsyfirvöld borgarinnar eru sögð vinna markvisst að þrengingum á leiðum strætisvagnanna. „Nægir þar að nefna hina sorglegu framkvæmd á Grensásvegi og núna síðast þrengingar á Geirsgötu og Lækjartorgi."

Þá krefjast vagnstjórar þess að hraðahindranir verði fjarlægðar þar sem kostur sé. „Þær eru heilsuspillandi og bjóða upp á stoðkerfisvandamál hjá vagnstjórum. Auk þess fara hraðahindranir illa með vagnaflotann sem er þegar orðinn gamall og slitinn og bilanatíðni há," segja þeir í ályktun sinni. Þá segja vagnstjórarnir að umferð í höfuðborginni hafi aukist svo um

> **Því hlýtur að vakna sú spurning hvort strætó sé yfirhöfuð valkostur?**
>
> Úr ályktun fundar vagnstjóra Strætó bs.

muni á milli ára og full þörf sé á að endurskoða leiðakerfi og tímatöflur í því ljósi.

„Fundurinn harmar að lokum að borgaryfirvöld klifi á umræðu um léttlestarkerfi og borgarlínu með tilheyrandi tugmilljóna kostnaði í stað þess að hlúa að núverandi strætisvagnakerfi," segja þeir. „Vagnar sem aka til dæmis um miðbæinn standast ekki lengur tímaáætlanir og því er erfitt fyrir viðskiptavini að treysta á þjónustu þeirra. Því hlýtur að vakna sú spurning hvort strætó sé yfirhöfuð valkostur?" **– gar**

# Skipa eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttafélaga

**SAMFÉLAG** Bæjarráð Hafnarfjarðar ákvað á fundi sínum í vikunni að stofna eftirlitsnefnd með fjármálum íþróttafélaga í bænum. Tölu vert hefur verið fjallað um fjármál íþróttafélaganna í bænum, FH og Hauka, nú síðast í byrjun desember eftir að Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri lagði fram minnisblað á fundi bæjarráðs þar sem kom fram að bærinn hefði greitt 138,8 milljónum hærri upphæð en áætlanir gerðu ráð fyrir vegna leigu á Risanum, knatthúsi FH-inga. Á árunum 2007-2015 greiddi bærinn alls 207,2 milljónir kr. á verðlagi hvers árs vegna leigunnar.

> **Bærinn er að veita miklum peningum inn í íþróttafélögin á hverju ári og það er eðlilegt að það sé fagleg eftirlitsnefnd að störfum og hún verði skipuð fagaðilum.**
>
> 
>
> Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs í Hafnarfirði

Haraldur sagði í samtali við Fréttablaðið að kveðið sé á um nefndina í samningi á milli bæjarins og Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Hún hafi eitt sinn verið starfandi en ekki verið endurvakin á þessu kjörtímabili.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarfulltrúi segir að nefndin verði skipuð utanaðkomandi fagaðilum. „Það eru miklir hagsmunir í húfi. Bærinn er að veita miklum peningum inn í íþróttafélögin á hverju ári og það er eðlilegt að það sé fagleg eftirlitsnefnd að störfum og hún verði skipuð fagaðilum. Þá er allt uppi á borðum og allir ársreikningar eru vel yfirfarnir og gegnsæi því það eru miklir hagsmunir. Það er eðlilegt að í svona stóru bæjarfélagi með virkt íþróttalíf sé eftirlit." Rósa segir að bæjarfélagið hafi unnið mikið starf í að endurskipuleggja allan rekstur. Meðal þess sem var skoðað voru greiðslur til íþróttafélaga. **– bb**

# Um 50 tilkynningar bárust til barnaverndar

**SAMFÉLAG** Barnavernd Vestmannaeyja bárust 36 tilkynningar vegna 17 barna í október og 10 tilkynningar vegna níu barna í nóvember. Þetta kom fram á fundi Fjölskyldu- og tómstundaráðs bæjarins í vikunni. Í október bárust tvær tilkynningar vegna vanrækslu á börnum, 16 vegna ofbeldis og 18 vegna áhættuhegðunar barns. Mál 11 barna af 17 voru send til frekari meðferðar. Í nóvember bárust sjö tilkynningar vegna ofbeldis gegn börnum og þrjú vegna áhættuhegðunar barns. Mál allra barnanna í nóvember var til frekari meðferðar.



**Í nóvember bárust sjö tilkynningar vegna ofbeldis gegn börnum í Vestmannaeyjum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Trausti Hjaltason, formaður ráðsins, segist eðlilega ekki geta tjáð sig um málin. „Það er einn sálfræðingur starfandi á heilsugæslustöðinni. Við höfum verið að auglýsa eftir sálfræðingi inn í grunnskólann en það hefur ekki tekist að manna þá stöðu," segir hann. **– bb**

# Fjöldi bygginga LSH orðið myglu að bráð

**Landspítalinn segir ekki nægilega mikið gætt að endurbyggingu húsnæðis spítalans sem liggi undir skemmdum vegna raka og myglu. Að mati framkvæmdastjóra rekstrarsviðs vantar upp á að geta tekið á málum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Rakaskemmdum og myglutilfellum í húsum Landspítalans er ekki sinnt að fullu vegna fjárskorts, að mati Landspítalans. Stjórnvöldum er árlega gerð grein fyrir stöðunni og segja stjórnendur Landspítalans um 1,2 milljarða aukalega þurfa í viðhaldsverkefni á næsta ári.

„Við erum að fá til viðhalds og endurbóta um 850 milljónir króna en fjárþörfin samkvæmt okkar bókum og ítarlegum rannsóknum EFLU verkfræðistofu er um tveir milljarðar til að laga það húsnæði sem er rakaskemmt og með myglu," segir Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans. „Það eru rakaskemmdir víða og mygla í húsum okkar og það er óviðunandi að sjúkrahús þurfi að eiga í slíkum vanda."

Heildarfjárþörf Landspítalans til viðhalds bygginga er í kringum fimm milljarðar samkvæmt gögnum spítalans. Spítalinn hefur á síðustu árum unnið í viðgerðum á húsum utanhúss til að fyrirbyggja frekari skemmdir af raka. Það hefur verið stefnan síðustu misseri og að sama skapi bíða þá mikilvægar og aðkallandi innanhússviðgerðir.

Fjöldi húsa spítalans er skemmdur af raka eða myglu og því þarf að ganga í það á næstu árum að fyrirbyggja frekari myglu. Sagt hefur verið frá því að um 100 starfsmenn sjúkrahússins hafa verið frá vinnu vegna myglueinkenna.

Spítalinn er til húsa í um eitt hundrað byggingum. Ingólfur telur það mikilvægt að menn geri sér grein fyrir stöðu mála. „Það þarf að fara í framkvæmdir við húsin en vegna fjárskorts höfum við þurft að fresta aðkallandi verkefnum og lengja tímann sem tekur að bæta



**Forsvarsmenn spítalans segja byggingar liggja undir skemmdum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Mygla hjá LHS

**Hringbrautarlóð**
- Aðalbygging Landspítala
- B-álma kvennadeildar
- C-álma kvennadeildar
- Rannsóknarstofur í sýkla- og veirufræði
- Eirberg, hús Háskóla Íslands
- Geðdeild

**Snorrabraut 60**
- Blóðbanki

**Dalbraut**
- Barna- og unglingageðdeild

**Fossvogslóð**
- Greniborg/Birkiborg

**Grensás við Álmgerði**
- Endurhæfingardeild Grensási

**Tungata**
- Landakotsspítali

**Skólavörðustígur 37**
- Hvítabandið

> **Árlega setjumst við niður með hinu opinbera og gerum grein fyrir stöðunni á húsakostinum.**
>
> 
>
> Ingólfur Þórisson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Landspítalans

húsakost okkar. Árlega setjumst við niður með hinu opinbera og gerum grein fyrir stöðunni á húsakostinum," segir Ingólfur.

A næsta ári verður 360 milljónum varið til utanhússframkvæmda til að verja hús fyrir rakaskemmdum en aðeins 125 milljónum varið til að gera við mygluð og ónýt hús vegna rakaskemmda.

**sveinn@frettabladid.is**



# KRÓNAN

Krónan mælir með!

Sjúklega gott!

Bakið í 7 mínútur

Nýtt!




**899** kr. stk.

17 Sortir smákökudeig, úrval bragðtegunda




Ódýrt

**979** kr. stk.

After eight 800 g




Nóatúns hamborgarhryggur

**1899** kr. kg




Ódýrt

Ódýrt

Krónu hamborgarhryggur

**1360** kr. kg

Tilboðin gilda til 18. desember. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl. Afgreiðslutímar á www.kronan.is

# Brottflutningur frá Aleppo stöðvaður

**Rauði krossinn segir engan vita hve margir séu enn eftir í Aleppo. Þar eru þó enn að minnsta kosti 50 þúsund manns, samkvæmt mati Sameinuðu þjóðanna. Grimmileg átök, þó ekki síst sprengjuárásir stjórnarhersins, hafa kostað þúsundir lífið í austurhluta borgarinnar.**

**SÝRLAND** „Enginn veit hve margir eru enn eftir í austurhluta borgarinnar og brottflutningurinn gæti staðið yfir dögum saman," segir Marianne Gasser, yfirmaður Alþjóðanefndar Rauða krossins í Sýrlandi.

Sýrlandsstjórn stöðvaði í gærmorgun allan brottflutning fólks, en á fimmtudaginn hafði tekist að koma um 9.000 manns frá borginni. Fólkið var flutt í bílalestum, margir í sjúkrabifreiðum en aðrir með strætisvögnum, yfir á svæði uppreisnarmanna vestan megin borgarinnar.

Nærri tvö hundruð manns þurfti að flytja á sjúkrahús, ýmist á svæðum uppreisnarmanna í Aleppo-héraði, vestan borgarinnar, eða Idlib-héraði þar fyrir norðan. Mikið álag er fyrir á þessum sjúkrahúsum, en sumir voru fluttir á sjúkrahús í Tyrklandi.

Yfirlýsingar voru misvísandi í gær um það hvort brottflutningi yrði haldið áfram eða ekki. Rússneski herinn sagði að brottflutningnum væri alveg lokið en fulltrúi Sýrlenska hersins segir að hann hafi aðeins verið stöðvaður um óákveðinn tíma.

Sameinuðu þjóðirnar segja að 50 þúsund manns hið minnsta séu ennþá eftir í borgarhlutanum, en um tíu þúsund þeirra þurfi að flytja yfir á svæði uppreisnarmanna í Idlib. Hinir fari væntanlega yfir í aðra borgarhluta, sem stjórnarherinn hefur á sínu valdi.

## Innan við þrjú prósent

Innan við þrjú prósent flóttafólks frá Sýrlandi hafa fengið hæli í auðugum löndum, samkvæmt nýrri skýrslu frá bresku hjálparsamtökunum Oxfam.

Alls hafa um fimm milljónir manna flúið frá Sýrlandi á síðustu árum. Nærri 500 þúsund þeirra þurfa nauðsynlega á hæli að halda en aðeins um 130 þúsund þeirra hafa síðan 2013 fengið hæli í auðugri löndum heims. Flestir þeirra fengu inni í Þýskalandi, sem tók við um 43 þúsund manns, en næstflestir fengu hæli í Kanada, eða um 35 þúsund manns.

Ef flóttafólkinu væri deilt niður á löndin í hlutfalli við mannfjölda þeirra, og það teldist sanngjarnt hlutfall, þá hefur Kanada staðið sig best og tekið við 248 prósentum, Noregur 144 prósentum en Þýskaland 118 prósentum af því sem sanngjarnt mætti teljast.

Ísland hefur, samkvæmt Oxfam-skýrslunni, tekið við 70 manns frá Sýrlandi frá árinu 2013, en ætti að hafa tekið við 118 manns ef miðað er við jafna skiptingu í hlutfalli við íbúafjölda.

Uppreisnarmenn gegn stjórn Bashars al Assad forseta hafa haft austurhluta Aleppo-borgar á sínu valdi undanfarin fjögur ár. Grimmileg átök, ekki þó síst sprengjuárásir stjórnarhersins og stuðningsmanna hans á borgarhlutana, hafa kostað þúsundir manna þar lífið.

Frá 21. nóvember hefur stjórnarhernum tekist að hrekja uppreisnarmenn að mestu úr borginni, þótt enn haldi þeir tveimur hverfum syðst í austurhlutanum.

**gudsteinn@frettabladid.is**



Börn að leik innan um rústirnar í Aleppo í borgarhluta sem stjórnarherinn er með á sínu valdi. NORDICPHOTOS/AFP

> **Enginn veit hve margir eru enn eftir í austurhluta borgarinnar og brottflutningurinn gæti staðið yfir dögum saman.**
>
> Marianne Gasser, yfirmaður Alþjóðanefndar Rauða krossins í Sýrlandi

**9.000**

**manns höfðu komist frá Aleppo á fimmtudaginn.**


OPNUNARTÍMAR
um jólin

Pósthús okkar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri eru opin oftar og lengur fram að jólum svo þú hafir aukinn sveigjanleika til að sækja sendingar og koma jólagjöfum, jólakortum og pökkum til skila í tæka tíð. Allt um opnunartíma og örugga skiladaga á **postur.is/jol.**

| | | |
|---|---|---|
| Virkir dagar til 23. desember | | 9–19 |
| 17. desember | laugardagur | 11–17 |
| 18. desember | sunnudagur | 13–17 |
| 24. desember | laugardagur | 9–12 |

PÓSTURINN



Kjörís

JÓLAÍS 2016

# Mjúkís



MEÐ

## JARÐARBERJASÓSU & MJÚKU SÚKKULAÐI

1 L




Jólaísinn 2016 er fullkominn endapunktur á jólamáltíðinni. Silkimjúkur vanilluís með jarðarberja– og súkkulaðisveip er sígild blanda sem skapar hinn sanna jólaanda.

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

# Snúin staða



Kristín Þorsteinsdóttir
kristin@frettabladid.is

Áhugavert verður að sjá hvort þingmönnum tekst að samþykkja fjárlagafrumvarpið áður en hátíðirnar ganga í garð. Við þær aðstæður sem nú ríkja í pólitíkinni er vinnan við frumvarpið ágætur prófsteinn á samtakamátt þingmanna og viljann til að gera málamiðlanir.

Starfsstjórn Sigurðar Inga forsætisráðherra situr enn í stjórnarráðinu og fátt í spilunum sem bendir til þess að breyting verði á í bráð. Sigurður Ingi sjálfur hefur stigið fram og bent á hið augljósa, nú séu sjö vikur frá kosningum og ekkert hefur gengið að mynda meirihlutastjórn. Þá þurfi stjórnmálamennirnir að fara að íhuga nýja leiki í stöðunni. Sigurður tiltók þann kost að þingmenn sammæltust um minnihlutastjórn sem hefði skýran verkefnalista fram að næsta vori. Þá skyldi kosið á nýjan leik.

Útspil Sigurðar Inga er áhugavert af nokkrum ástæðum.

Í fyrsta lagi nefnir hann þarna stjórnarform sem lítil hefð er fyrir á Íslandi, þótt vissulega þekki frændfólk okkar á Norðurlöndunum minnihlutastjórnir, oftast að góðu. Slík stjórn þyrfti í auknum mæli að leita málamiðlana, minni hvati yrði til stóryrða og meiri til samstarfs við kollega sem alla jafna teldust pólitískir andstæðingar. Þetta væri alveg örugglega gott fyrir íslenska stjórnmálamenningu ef vel tækist til. Við sjáum líka af síðustu sjö vikum að landið fer nú ekki á hliðina þótt ríkisstjórn styðjist ekki við meirihluta þingsins.

Í öðru lagi gætu orð Sigurðar Inga orðið foringjum flokkanna, sem reynt hafa að mynda stjórn, hvatning til að leggja enn harðar að sér í samningum. Einnig skiptir máli að landslagið í pólitíkinni er gerbreytt. Einn spánnýr flokkur sem vann mikinn kosningasigur, og tveir til viðbótar, sem ekki eiga sér langa sögu, nutu mikils fylgis. Óvíst er að nýju fólki í nýjum flokkum hugnist að kjósa strax og eiga á hættu að missa þingsæti sín.

Ljóst er að kominn er tími til að fara ótroðnar slóðir. Þrír raunhæfir kostir eru í stöðunni. Sá fyrsti er meirihlutastjórn þriggja eða fleiri flokka, annar er minnihlutastjórn sem þarf að semja um einstök mál eða starfar í skjóli flokka, sem ekki sitja stjórninni. Þriðji kosturinn er nýjar kosningar innan tíðar. Fyrstu kostirnir tveir krefjast málamiðlana og þroska til að vinna saman. Er ekki kominn tími til að gera þá kröfu? Fyrirmyndirnar eru allt í kringum okkur.

Í þriðja kostinum felst uppgjöf. Þar fyrir utan gæti staðan eftir nýjar kosningar verið álíka flókin því að margt bendir til að pólitískt landslag sé breytt til frambúðar. Flokkarnir, hvorki gamlir né nýir, geta ekki gengið að kjósendum vísum eins og áður var. Sú tíð er sem betur fer liðin að stórir fjársterkir flokkar eigi einir greiðan aðgang að kjósendum, sem taki þegjandi við fagnaðarerindinu. Nú geta allir látið í sér heyra, jafnvel án þess að hafa aðgang að digrum sjóðum.

**Er ekki kominn tími til að gera þá kröfu? Fyrirmyndirnar eru allt í kringum okkur.**




## Gunnar




## Mín skoðun Sif Sigmarsdóttir



# Opið bréf til fávita

Kæri fáviti. Til hamingju. Þú ert kominn í tísku. Árið 2016 var árið þitt. Árið 2016 var ár flónskunnar, árið sem vanþekkingin varð kúl, árið sem and-vitsmunahyggjan hafði sérfræðingana undir, árið sem skoðanir urðu jafnréttháar staðreyndum, árið sem tilfinningin trompaði allt. Árið 2016 var árið þegar appelsínugulur furðufugl, með rasíska munnræpu, króníska klípiþörf, stutta fingur, langa veggi á heilanum og aflitaðan þvottabjörn á höfðinu var kosinn forseti Bandaríkjanna. Árið 2016 var góðærisár þeirra sem vilja trúa því að jörðin sé flöt, konur séu heimskar, fóstureyðingar morð, samkynhneigð röng, útlendingar ófreskjur, einangrun góð, samvinna slæm, loftslagsbreytingar bull, fordómar fínir og fortíðin best.

Þetta opna bréf er hins vegar ekki til allra fávita, heldur aðeins tiltekins fávita.

### Frelsi sem á nafnið skilið

Einstaklingsfrelsið liggur til grundvallar flestum vestrænum samfélögum – eða eins og heimspekingurinn og stjórnmálamaðurinn John Stuart Mill orðaði það í bók sinni Frelsið árið 1859: „Hið eina frelsi sem á nafnið skilið er frelsi til að freista gæfunnar að eigin vild.“

Flest erum við hlynnt frelsi einstaklingsins. Í því felst að við erum hlynnt frelsi fávitans til að vera fáviti.

Mill hélt því þó einnig fram að frelsið hefði takmörk. Einstaklingurinn mætti gera það sem honum sýndist svo framarlega sem hann reyndi ekki að „svipta aðra gæfunni“. Með öðrum orðum, frelsi einstaklingsins takmarkaðist af því að gjörðir hans sköðuðu ekki aðra.

### Uppgangur flónskunnar

„Heilbrigt barn fer til læknis,“ ritaði annar hugsuður og stjórnmálamaður. „Það er sprautað með risastórri sprautu með alls konar bóluefnum, því líður illa og það breytist – EINHVERFA. Dæmin eru fjölmörg!“ Svo mælti verðandi forseti Bandaríkjanna, Donald Duck … nei ég meina Trump, á Twitter árið 2014.

Fréttir bárust af því nýverið að nýfædd dóttir þingkonunnar Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur lægi veik á spítala með kíghósta, lífshættulega öndunarfærasýkingu. Stúlkan smitaðist aðeins sex vikna gömul. Þar sem börn eru ekki bólusett fyrir kíghósta fyrr en við þriggja mánaða aldur hafði barnið enga vörn gegn sjúkdómnum.

Dóttir Þórdísar hefði þó ekki átt að þurfa að smitast af þessum hræðilega sjúkdómi.

Bólusetningum er ekki aðeins ætlað að vernda þann sem bólusetninguna fær. Mikilvægt er að sem flestir séu bólusettir svo að til verði „hjarðónæmi“. Í því felst að ef bólusetning í þjóðfélaginu er almenn næst að hefta nánast alveg útbreiðslu bakteríunnar eða veirunnar sem veldur sjúkdómi. Þannig verndum við þá sem ekki er hægt að bólusetja – eins og nýfædd börn.

„Foreldrar sem ekki bólusetja börnin sín; skammist ykkar og lesið ykkur til,“ skrifaði Þórdís Kolbrún á Facebook-síðu sína.

Á uppgangsárum flónskunnar virðist suma lengja eftir angurværum einfaldleika hinna myrku miðalda. Fjöldi fólks er hættur að láta bólusetja börnin sín. Kæri fáviti, þetta bréf er til þín.

### Að freista ógæfunnar

Kæri fáviti. Árið 2016 var ár þeirra sem trúa á frelsi heimskunnar og stunda upphafningu fáviskunnar. Árið 2016 var árið sem Bandaríkjamenn kusu sér forseta sem fer með staðlausa stafi um skaðsemi bólusetninga. Árið 2016 var árið þitt.

Samkvæmt hugmyndum okkar um frelsi er fávitanum frjálst að vera fáviti; honum er frjálst að freista gæfunnar – eða ógæfunnar – eins og honum sjálfum sýnist, jafnvel þótt ákvarðanir hans kunni að stuðla að darwiníkri tortímingu gena-garma hans sjálfs. Honum er hins vegar ekki frjálst að skaða aðra með ákvörðunum sínum.

Þeir sem bólusetja ekki börn sín skaða aðra.

Vegna almennrar þátttöku Íslendinga í bólusetningum hefur ekki verið talin þörf á að gera bólusetningu að skyldu. Eftir því sem fleiri ákveða að bólusetja ekki börn sín gæti þó þurft að endurskoða þá stefnu. Því réttur fávitans til að vera fáviti trompar ekki rétt sex vikna gamals barns til lífs.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG ÁBYRGÐARRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*




Frá 1921 hefur rafmagnið frá okkur brætt smjörið, hitað súkkulaðið, soðið hangikjötið, bakað piparkökurnar, steikt laufabrauðið, kælt maltið og appelsínið, brúnað kartöflurnar, fryst jólaísinn og látið sósuna krauma hæfilega lengi.

Óskum landsmönnum öllum notalegrar hátíðar ljóss og friðar.

**ORKA NÁTTÚRUNNAR**
Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík · Sími 591 2700 · www.on.is · on@on.is

ORKA NÁTTÚRUNNAR

# Borgarlínan – nútímasamgöngur á vaxandi borgarsvæði




**Ármann Kr. Ólafsson**
bæjarstjóri
Kópavogs




**Haraldur Sverrisson**
bæjarstjóri
Mosfellsbæjar



**Ásgerður Halldórsdóttir**
bæjarstjóri
Seltjarnarness



**Gunnar Einarsson**
bæjarstjóri
Garðabæjar



**Dagur B. Eggertsson**
borgarstjóri
Reykjavíkur



**Haraldur Líndal**
bæjarstjóri
Hafnarfjarðar


Borgarlínan, hágæðakerfi almenningssamgangna, er stærsta sameiginlega verkefni sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Með hágæðakerfi almenningssamgangna er átt við kerfi hraðvagna (Bus Rapid Transit) eða léttlesta (Light Rail). Það sem einkennir slík kerfi, óháð því hvort um er að ræða hraðvagna eða léttlestir, er í megindráttum þrennt.

Í fyrsta lagi ferðast vagnarnir á sérakreinum og fá forgang á umferðarljósum. Þannig fæst áreiðanleiki og hraði og ferðatími er samkeppnishæfari við annan ferðamáta.


Í öðru lagi er tíðni ferða mikil. Algeng tíðni vagna á annatímum er 5-7 mínútur en þar sem þörf er á meiri afkastagetu getur hún farið í um tvær mínútur.

Í þriðja lagi eru biðstöðvar yfirbyggðar og vandaðar, með farmiðasjálfsölum og upplýsingaskiltum sem sýna í rauntíma hvenær næsti vagn kemur. Aðgengi er fyrir alla þar sem vagnarnir stöðva þétt upp við brautarpalla sem eru í sömu hæð og gólf vagnanna.

Borgarlínan er afrakstur umfangsmikils og náins samstarfs sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu þar sem að baki liggja nákvæmar greiningar á framtíð samgangna á höfuðborgarsvæðinu.

### Af hverju Borgarlína?

Hágæðakerfi almenningssamgangna er hryggjarstykkið í Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins til 2040. Borgarlína er lykilverkefni í samgöngum, hagkvæm og vistvæn leið til að auka flutningsgetu á milli sveitarfélaganna og gera þeim kleift að mæta tæplega 40% fjölgun íbúa og fjölgun ferðamanna án þess að álag á stofnvegakerfið aukist í sama hlutfalli. Borgarlína er grundvöllur þess að sveitarfélögin geti þétt byggð í miðkjörnum og við línuna og vaxið án þess að brjóta nýtt land undir byggð utan skilgreindra vaxtarmarka. Með borgarlínu verður hægt að draga úr byggingarkostnaði og gera uppbyggingaraðilum kleift að byggja í þéttri byggð með minni kostnaði t.d. með því að fækka bílastæðum.



Á næstu 25 árum mun íbúum höfuðborgarsvæðisins fjölga um a.m.k. 70.000. Umferðarspár sýna að þrátt fyrir miklar fjárfestingar í nýjum umferðarmannvirkjum aukast umferðartafir verulega ef þeim fjölgar ekki sem nýta sér annan ferðamáta en einkabíl. Þess vegna eru afkastamiklar almenningssamgöngur mikilvægt lífsgæðamál fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins.

**Um borgarlínuna ríkir algjör samstaða meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Með samstilltu átaki getum við aukið þjónustu við íbúana á svæðinu og lífsgæði þeirra um leið.**

### Hvað gera aðrar borgir?

Um allan heim hefur verið horfið frá því að skipuleggja borgir í kringum einkabílinn með fjölgun akreina og mislægra gatnamóta með tilheyrandi umferð og mengun. Líkt og á höfuðborgarsvæðinu er víða unnið að þróun og uppbyggingu hágæðakerfa almenningssamgangna samhliða þéttingu byggðar á áhrifasvæðum þeirra. Vaxandi borgir á Norðurlöndunum, sem eru sambærilegar höfuðborgarsvæðinu að stærð, vinna eftir sömu hugmyndafræði. Sem dæmi má nefna Stavanger, Þrándheim, Bergen, Álaborg og Óðinsvé.

Í Frakklandi hafa verið byggð léttlestakerfi í 25 borgum með færri en 250 þúsund íbúa. Í Bandaríkjunum og Kanada eru fjölmörg hágæðakerfi almenningssamgangna í undirbúningi eða framkvæmd samhliða þéttingu byggðar og endurnýtingu á vannýttum svæðum í borgum. Á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess búa 70% af öllum íbúum landsins auk tugþúsunda ferðamanna. Rekstrargrundvöllurinn fyrir hraðvagnakerfi eða léttlestakerfi er því ótvírætt fyrir hendi. Fjármögnunaraðferðir eru mismunandi eftir borgarsvæðum en í nær öllum tilfellum kemur ríkisvaldið að fjármögnun samgangnanna og í mörgum borgum koma einkaaðilar með fjármagn.

### Samkomulagið

Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu skrifuðu fyrir helgi undir samkomulag um innleiðingu hágæða almenningssamgangna. Hluti af því samkomulagi er að farið verði í viðræður við innanríkisráðuneyti og fjármálaráðuneyti ásamt Vegagerðinni um formlegt samstarf um fjármögnun og nauðsynlegar lagabreytingar. Það er því mat okkar, borgarstjóra og bæjarstjóranna á höfuðborgarsvæðinu, að ný ríkisstjórn verði að koma að uppbyggingu hágæða almenningssamgöngukerfis á höfuðborgarsvæðinu í samstarfi við sveitarfélögin og eftir atvikum einkaaðila.

Um borgarlínuna ríkir algjör samstaða meðal sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Með samstilltu átaki getum við aukið þjónustu við íbúana á svæðinu og lífsgæði þeirra um leið. Við getum dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, fækkað slysum, stóraukið flutningsgetu samgöngukerfisins og minnkað fjárþörf til viðhalds vegakerfisins. Með tilkomu borgarlínu fæst hvatning til íbúa til að breyta ferðavenjum sínum – enda mun forgangsakstur hraðvagna eða léttlesta með hárri tíðni gera mörgum kleift að ferðast hraðar á milli staða en á einkabílnum.


GOES

TAKMARKAÐ MAGN
FYRSTUR KEMUR FYRSTUR FÆR!



ÁRAMÓTA TILBOÐ!

GOES 520
1.178.000
Kr. 1.339.000 með vsk

- Driflæsing framan, sjálfstæð afturfjöðrun, spil og stálfelgur.
- Lengd: 2120 mm
- Þyngd: 313 kg
- Vél: 493 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir demparar
- Rafléttistýri
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x12"
- Dekk aftan: 25x10x12"
- 12" stálfelgur
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Svartur



ÁRAMÓTA TILBOÐ!

GOES 520 LTD
1.229.000
Kr. 1.397.000 með vsk

- Driflæsing , sjálfstæð fjöðrun, spil og álfelgur.
- Lengd: 2320 mm
- Þyngd: 323 kg
- Vél: 493 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir demparar.
- Rafléttistýri
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x12"
- Dekk aftan: 25x10x12"
- Álfelgur 12"
- LCD skjár
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Grár



ÁRAMÓTA TILBOÐ!

GOES 625i
1.399.000
Kr. 1.590.000 með vsk

- Driflæsing , sjálfstæð fjöðrun , spil og álfelgur.
- Lengd 2300 mm
- Þyngd 352 kg
- Vél: 594 cc
- 4x4 / 4x2
- Stillanlegir gasdemparar framan og aftan.
- Diskabremsur framan og aftan
- Dekk framan: 25x8x14"
- Dekk aftan: 25x10x14"
- Álfelgur 14"
- LCD skjár
- Bensíntankur: 19L
- Litur: Hvítur

Tilboðið gildir til 31.desember 2016 eða meðan birgðir endast.

Hafðu samband við okkur í síma 480 0400 fyrir frekari upplýsingar

JÖTUNN
VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR

Austurvegur 69 - 800 Selfoss // Lónsbakki - 601 Akureyri // Sólvangi 5 - 700 Egilsstaðir // Sími 480 0400 // jotunn@jotunn.is // www.jotunn.is

# JÓLAGJAFIR FYRIR ALLA

ALLIR TITLAR FÁST Í SKEIFUNNI, SMÁRALIND, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM OG Á HAGKAUP.IS

## Skyldueign veiðimannsins




7.299KR
FULLT VERÐ 9.999KR

Úlfar töfrar fram kræsingar og gefur góð ráð í Smáralind kl. 15 á laugardag.

## Gómsætir grænmetis- og veganréttir




5.299KR
FULLT VERÐ 6.999KR

Hanna og Katrín elda ljúffenga rétti úr bókinni og gefa smakk í Smáralind kl. 14 á sunnudag.

## Fyrir uppátækjasama krakka!




Eva Rún kynnir bók sína í Skeifunni á laugard. kl 16 og í Kringlunni á sunnud. kl. 14

2.999KR
FULLT VERÐ 3.999KR




Hanna Borg kynnir bók sína í Skeifunni á laugard. kl 16 og í Kringlunni á sunnud. kl. 14

2.999KR
FULLT VERÐ 3.999KR

## Allir geta bakað úr súrdeigi!




3.599KR
FULLT VERÐ 4.999KR

## Ómissandi fyrir alla bakara




5.299KR
FULLT VERÐ 6.999KR

Gildir 17.-19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.



EINFALT
að skila eða skipta




HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Verst að fá ekki tækifæri til að kveðja

**Stefan Bonneau hvarf óvænt á braut frá Njarðvík og úr Domino's-deildinni þegar ekki var samið við hann aftur. Þessi mikli háloftafugl og skemmtikraftur átti ekki von á ákvörðun Njarðvíkinga.**

**KÖRFUBOLTI** „Þetta kom mér á óvart því ég bjóst ekki við því að ég myndi yfirgefa Njarðvík á þessari leiktíð," segir bandarískri körfuboltamaðurinn Stefan Bonneau sem Njarðvíkingar ákváðu að semja ekki við aftur, en samningur hans rann út í desember. Bonneau hefur heillað körfuboltaáhugamenn með tilþrifum sínum síðan hann kom til landsins í janúar 2014 en dvöl hans á Íslandi er lokið í bili.

„Mér var sagt að Njarðvík vildi núna vera með stóran mann," segir Bonneau sem hefur undanfarin misseri vegna meiðsla sinna deilt mínútum með nokkrum öðrum bandarískum leikmönnum sem eru alltaf stærri og spila undir körfunni.

Þetta hefur verið eitt af aðalumræðuefnunum í kringum Njarðvík en nú þegar Bonneau er heill héldu flestir að hann yrði fyrir valinu en svo var ekki. Þetta kom þessum smáa en knáa bakverði verulega á óvart en skilaboðin fékk hann ekki frá Daníel Guðna Guðmundssyni, þjálfara liðsins.

> Logi Gunnarsson er langbesti samherji sem ég hef haft á ferlinum.
>
> Stefan Bonneau

### Bestu stuðningsmennirnir

„Danni sagði mér ekki frá þessu. Ég fékk bara skilaboð um þetta og vissi ekki alveg hvað ég átti að segja. Ég fékk sjokk þegar mér var sagt þetta ef ég á að vera heiðarlegur. Ég vissi ekki hvað ég átti að segja eða gera," segir Bonneau sem hugsar þó bara með hlýhug til Njarðvíkur.

„Þó ég hafi ekki verið alveg sáttur við hvernig þetta var afgreitt yfirgef ég ekki Njarðvík með óbragð í munni. Ég elska fólkið þarna og stuðningsmenn Njarðvíkur eru þeir bestu sem ég hef spilað fyrir. Ég elska allt á Íslandi og mun sérstaklega sakna krakkanna sem gáfu mér mikið og höfðu svo mikinn áhuga á öllu sem ég og liðið vorum að gera. Verst fannst mér að fá ekki tækifæri til að kveðja," segir Bonneau.

### Tók tíma að venjast

Bonneau hefur margsinnis endurtekið hversu mikið hann elskar Ísland en sterk umræða um að hann myndi fá ríkisborgararétt skapaðist fyrr á árinu. Hann minnist þess þegar hann kom hingað fyrst um miðjan vetur. Bonneau er ekki frá Flórída eða Kaliforníu og vandist vondu veðri á uppeldisslóðum sínum í New York, en vetrarhörkurnar voru miklar þegar hann lenti fyrst.

„Ég gat bara ekki vanist veðrinu fyrstu mánuðina hérna. Það var alltaf snjór og rok. Ég var að reyna að útskýra þetta fyrir vinum mínum en það þurfti að vera hér til að skilja þetta og aðlagast. Það gerðist svo oft þegar ég var utandyra að rokið feykti mér til og frá. Ég var reyndar mjög hrifinn af sólarljósi allan sólarhringinn," segir Bonneau sem er ekki bara góður í körfubolta heldur hefur útgeislun hans á velli gert hann að einum vinsælasta leikmanni deildarinnar undanfarin ár.

„Ég elska að spila leikinn. Ég brosi bara því ég elska að spila körfubolta. Það var líka svo gaman hérna fyrsta tímabilið. Mirko [Stefán Virijevic] var herbergisfélagi minn og svo voru svo flottir strákar þarna eins og Magic, Ólafur Helgi og Hjörtur Hrafn. Maðurinn sem ég mun sakna mest er samt Logi Gunnarsson. Það er kóngurinn í Njarðvík og minn maður að eilífu. Logi Gunnarsson er langbesti samherji sem ég hef haft á ferlinum," segir Bonneau.

### Gæti komið aftur

Bonneau var varla búinn að ná áttum eftir að samningurinn var ekki endurnýjaður þegar danska liðið Svendborg Rabbits með aðstoðarlandsliðsþjálfarann Arnar Guðjónsson í brúnni brást við skjótt. Bandarískri bakvörðurinn segist hafa gaman að því að prófa nýja deild. Hann útilokar ekki að koma aftur til Íslands og eiginlega langt frá því.

„Auðvitað mun ég skoða tilboð frá Íslandi ef eitthvað berst. Ég mun aldrei hafna neinu blindandi frá Íslandi án þess að skoða það. Ísland er góður staður og þangað væri ég mikið til í að koma aftur. Deildin er skemmtileg og landið gott. Ég veit ekki hvað gerist. Við sjáum til hvað gerist í sumar eða jafnvel bara í janúar," segir Stefan Bonneau.

**tomas@365.is**



**Stefan Bonneau er einn allra besti leikmaður sem hefur spilað á Íslandi en hann skemmti landsmönnum með frábærum tilþrifum.** FRÉTTABLAÐIÐ /ERNIR

KLOPP ELSKAR ROCKY

Jürgen Klopp, knattspyrnustjóri Liverpool, sló að venju á létta strengi á blaðamannafundi en það er nánast hægt að ganga að því vísu að Þjóðverjinn bjóði upp á eitthvað skemmtilegt.

Liverpool mætir Everton á mánudagskvöldið í lokaleik sínum fyrir jól en leikurinn fer fram á Goodison Park. Klopp komst að því í vikunni að Goodison Park kemur við sögu í einni Rocky-myndanna.

„Það var algjör tilviljun en ég fór í jólapartí í gær og þegar ég kom heim hafði ég ekkert að gera. Ég ákvað að horfa á myndina Creed sem var mjög góð," sagði Jürgen Klopp og bætti við:

„Ég hafði ekki hugmynd um að Goodison Park kæmi við sögu í myndinni. Hann leit vel út en ekkert meira en það," sagði Klopp brosandi. Bardaginn í Creed fór einmitt fram á Goodison Park en Sylvester Stallone er mikill Evertonmaður.

„Þegar ég var yngri reyndi ég einu sinni að nota söguna úr Rocky IV, þegar Rocky mætir Ivan Drago, á fundi með leikmönnum mínum. Eftir aðeins fimm mínútur fór ég að átta mig á því að leikmennirnir höfðu ekki hugmynd um hvað ég var að tala um," sagði Klopp. „Ég varð að hætta með söguna því aðeins tveir af leikmönnunum höfðu séð myndina," sagði Klopp.



„Rocky er æðisleg saga. Ég hef elskað Rocky alla mína ævi."

## Sjónvarpið um helgina

**Laugardagur**

| | | |
|---|---|---|
| 12.20 | Palace Chelsea | Sport |
| 15.10 | Atletico - Las Palmas | Sport |
| 16.20 | Stjarnan - Haukar | Sport 2 |
| 17.15 | Stoke - Leicester | Sport 3 |
| 17.20 | WBA - Man. Utd | Sport |
| 18.30 | Sunderland - Watford | Sport 2 |
| 19.30 | Boro - Swansea | Sport |
| 20.10 | West Ham - Hull | Sport 2 |

**Sunnudagur**

| | | |
|---|---|---|
| 13.20 | Bournemouth - Soton | Sport |
| 14.30 | Darmstadt - Bayern | Sport 2 |
| 15.50 | Man. City - Arsenal | Sport |
| 19.10 | Tottenham - Burnley | Sport 2 |
| 19.40 | Barcelona - Espanyol | Sport |
| 21.20 | Denver - N. England | Sport 2 |



GERÐU ÞAÐ SEM ÞIG LANGAR

NISSAN

Innovation that excites

JUKE

ENNEMM / SÍA / NM78953

## NISSAN JUKE ACENTA PLUS 4WD
## 4.290.000 KR.

## SJÁLFSKIPTING, FJÓRHJÓLADRIF OG 190 HESTÖFL

**STAÐALBÚNAÐUR Í NISSAN JUKE ACENTA ER MEÐAL ANNARS:**
Íslenskur leiðsögubúnaður, bakkmyndavél, 6 öryggisloftpúðar, ABS með EBD, ESP skriðvörn, ISOFIX barnabílstólafestingar, opnanlegt glerþak, Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp með geislaspilara, AUX og USB tengi fyrir MP3 spilara, 18" álfelgur, 60/40 skipting á aftursætum, samlitir speglar og hurðarhúnar, hæðarstilling á bílstjórasæti, hiti í sætum, aðgerðahnappar í stýri, sjálfvirk loftkæling, hraðastillir (Cruise Control), aksturstölva, rafdrifnir útispeglar, rafdrifnar rúður, þokuljós, varadekk, fjarstýrðar samlæsingar, hraðanæmt vökvastýri.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12–16

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
17. DESEMBER 2016 LAUGARDAGUR



Prjónakonur í Gerðubergi með gjafir handa börnunum í Kulusuk sem Hróksliðar sjá um að koma til skila. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Útbreiða skák, gleði og vináttu

Hróksmenn fagna jólum og halda hátíð í dag. Árið hefur verið viðburðaríkt og hafa bæði grænlensk, íslensk og sýrlensk börn notið góðs af starfsemi Hróksins. Konur í prjónahópi í Gerðubergi aðstoða Hróksmenn í góðgerðarstarfseminni.

Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, verður heiðursgestur á jólahátíð Hróksins í dag. Hátíðin er haldin í höfuðstöðvum Hróksins, Geirsgötu 11. Þar hefur farið fram fatasöfnun í þágu grænlenskra barna og ungmenna.

Dagskráin er fjölbreytt að sögn Hrafns Jökulssonar, formanns Hróksins. Hann telur upp Bjartmar Guðlaugsson tónlistarmann, Jóhannes Kristjánsson eftirhermu og Lindu Guðmundsdóttur harmónikuleikara frá Finnbogastöðum sem munu skemmta gestum. „Gáttaþefur rekur inn nefið og Stekkjastaur teflir við gesti og gangandi," segir Hrafn og einnig verði myndasýning frá starfi Hróksins á Íslandi og Grænlandi. „Gómsætar vöfflur og kökur og rjúkandi kakó verður líka í boði. Þar munu konur úr prjónahópi Gerðubergs standa vaktina, en þær eru mjög virkar í starfi Hróksins," segir Hrafn frá.

Hann segir starfsárið hafa verið fjölbreytt. „Liðsmenn félagsins hafa farið sex sinnum til Grænlands og haldið fjölmargar hátíðir til að útbreiða skák, gleði og vináttu. Þá hafa fjölmargir sjálfboðaliðar unnið við fatasöfnunina fyrir grænlensku börnin, og Kalak og Hrókurinn stóðu í haust að heimsókn 11 ára barna frá Austur-Grænlandi ellefta árið í röð, sem hingað komu til að læra sund og kynnast íslensku samfélagi," segir Hrafn.

Hróksmenn hafa í ár heimsótt Barnaspítala Hringsins flesta fimmtudaga. „Þær heimsóknir hófust árið 2003 og hafa skapað óteljandi gleðistundir. Þá vinna Hróksmenn náið með Vinaskákfélaginu að því að efla skákiðkun meðal fólks með geðraskanir og má segja að þessi tvö verkefni standi hjörtum liðsmanna Hróksins næst," segir Hrafn. „Að auki hefur félagið efnt til fjölda viðburða fyrir unga sem aldna og í vor söfnuðu Hróksmenn þremur milljónum króna í þágu sýrlenskra flóttabarna.

> Í VOR SÖFNUÐU HRÓKSMENN ÞREMUR MILLJÓNUM KRÓNA Í ÞÁGU SÝRLENSKRA FLÓTTABARNA.

Liðsmenn Hróksins starfa í anda einkunnarorðanna „Við erum ein fjölskylda" segir Hrafn og vonast til að sem flestir komi á jólahátíðina á Geirsgötu 11 á milli 14 og 17.

kristjanabjorg@frettabladid.is

# Músastigar og laufabrauð í Árbæjarsafni

Ef til vill hafa ekki allir foreldrar tök á að undirbúa laufabrauðsútskurð og föndur en vilja samt sem áður kynna börn sín fyrir gömlum jólasiðum úr æsku. Þá er tilvalið að sækja jóladagskrár í boði, til að mynda þá sem er í boði á Árbæjarsafni á sunnudag.

Þar er dagskrá á öllu safnsvæðinu og hægt að rölta á milli gömlu húsanna og fylgjast með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga.

Í Árbænum sitja fullorðnir og börn með vasahnífa og skera út laufabrauð en uppi á baðstofulofti er spunnið og prjónað. Í Kornhúsinu búa börn og fullorðnir til músastiga, jólapoka og sitthvað fleira. Í Hábæ er hangikjöt í potti sem gestir fá að bragða á. Í Nýlendu má fylgjast með tréútskurði og í Miðhúsum er hægt að fá prentaða jólakveðju. Í Efstabæ er jólaundirbúningurinn kominn á fullan skrið og skatan komin í pottinn. Í hesthúsinu frá Garðastræti eru búin til tólgarkerti og kóngakerti eins og í gamla daga. Jólahald heldra fólks við upphaf 20. aldar er sýnt í Suðurgötu 7 og í Krambúðinni eru kramarhús, konfekt og ýmis jólavarningur til sölu. Á sunnudag er einnig haldin guðsþjónusta í safnkirkjunni, sungið og dansað í kringum jólatréð þar sem jólasveinar skemmta gestum. – kbg

> Á SUNNUDAG ER GUÐSÞJÓNUSTA Í KIRKJUNNI OG SUNGIÐ OG DANSAÐ Í KRINGUM JÓLATRÉÐ.




Íslenskir jólasveinar í Árbæjarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTONBRINK


markhönnun ehf

# nettó


# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




PETSAMO
**4.479 KR**





BLÓMIÐ
**4.549 KR**





MÁTTUR MATARINS
**4.549 KR**




NÓTTIN SEM ÖLLU BREYTTI
**4.549 KR**




ELSKU DRAUMA MÍN
**4.874 KR**




PABBI PRÓFESSOR
**3.119 KR**





ÞÍN EIGIN HROLLVEKJA
**3.119 KR**




SVARTALOGN
**4.549 KR**




STJÖRNU SKOÐUN
**3.834 KR**




VÍSINDABÓK VILLA SKYNJUN & SKYNVILLUR
**3.704 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# SPORTS

BARNA FÍGÚRUSKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 20-34

MEGA VALUE **5.190 KR.**

NEVICA VAIL SKÍÐAHJÁLMUR



FÁANLEGIR Á DÖMUR, HERRA OG BÖRN

MEGA VALUE **7.190 KR.**

FÍGURU STUTTERMABOLIR



FÁANLEGIR Á BÖRN

MEGA VALUE FRÁ **1.990 KR.**

NEVICA MERIBEL HERRA SKÍÐAJAKKI



EINNIG FÁANLEGIR Á DÖMUR OG BÖRN

MEGA VALUE **13.890 KR.**

PUMA HERRA BÓMULLARPEYSA



EINNIG FÁANLEG Á BÖRN

MEGA VALUE **6.390 KR.**

UNDER ARMOUR HERRA BOLUR



MEGA VALUE **3.990 KR.**

ADIDAS DÖMU BÓMULLARBUXUR



MEGA VALUE **5.990 KR.**

KARRIMOR MOUNT MID HERRA GÖNGUSKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 41-49

MEGA VALUE **6.790 KR.**

EVERLAST BARNABUXUR



MEGA VALUE **2.590 KR.**

NIKE DOWNSHIFTER HERRA HLAUPASKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 40-48.5

MEGA VALUE **7.990 KR.**

SOULCAL DÖMU INNISKÓR



MEGA VALUE **3.590 KR.**

CAMPRI BARNA SKÍÐAJAKKI



MEGA VALUE **6.790 KR.**

sportsdirect_iceland /SportsDirectIsland

SPORTS DIRECT.COM

Skógarlind 2

*Opnunartími*
Mán-mið: 10-19
Fim: 10-21
Fös: 10-20
Lau-Sun: 10-18

LONSDALE LONDON · karrimor · PUMA · Slazenger · adidas




Hin **Fullkomna** Gjöf

*Gildir í verslunum Sportsdirect.com a íslandi!*



# DIRECT

PUMA BARNA BÓMULLARBUXUR



MEGA VALUE 3.590 KR.

DUNLOP HERRA INNANUNDIR GOLFBOLUR



2 FYRIR 5.790 KR. 3.990 KR.

SIDEWALK SPORT HJÓLASKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 30-38

MEGA VALUE 9.190 KR.

KARRIMOR BARNA 3IN1 JAKKI



EINNIG FÁANLEGUR Á HERRA OG DÖMUR

MEGA VALUE FRÁ 9.890 KR.

NEVICA HERRA SKÍÐASOKKAR



EINNIG FÁANLEGIR Á DÖMUR OG BÖRN

MEGA VALUE 2.390 KR.

ADIDAS GOLETTO BARNA FÓTBOLTASKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 28-34

MEGA VALUE 5.590 KR.

NEVICA MERIBEL SKÍÐAGLERAUGU



FÁANLEG Á HERRA, DÖMUR OG BÖRN

MEGA VALUE VERÐ FRÁ 2990-4390 KR.

MISO BIJOU DÖMU ÖKKLASTIGVÉL



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 37-41

MEGA VALUE 5.990 KR.

FÍGÚRU FULLORÐINS INNISKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 36-39

MEGA VALUE 2.590 KR.

EVERLAST HERRA FLÍSFÓÐRUÐ PEYSA



MEGA VALUE 7.990 KR.

NIKE MERCURIAL X VORTEX



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 35,5-38,5

MEGA VALUE 6.390 KR.

SOULCAL DÖMU LOÐFÓÐRAÐIR SKÓR



FÁANLEGIR Í STÆRÐUM 36-41

MEGA VALUE 7.190 KR.

## OPNUNARTÍMAR YFIR JÓLIN

17.-18. des opið 10:00-22:00

19.-23. des opið 10:00- 23:00

24.des opið 10:00-14:00

# Fjárleit er góð ástæða til að skottast á fjöll

Þó **Heiða Guðný Ásgeirsdóttir** bóndi á Ljótarstöðum sé orðin varamaður á þingi og aðalpersóna í metsölubók Steinunnar Sigurðardóttur stígur frægðin henni ekki til höfuðs. Hún gefur á garðann og bakar til jólanna. Nýtt ævintýri er samt handan við hornið því hún er á leið til Nýja-Sjálands á heimsmeistaramót í rúningi.



Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Það er einn af dumbungsdögum skammdegisins. Við Stefán ljósmyndari og Sara kona hans erum komin austur í Skaftártungu í þeim erindum að heimsækja Heiðu fjalldalabónda, eins og Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur kallar Heiðu á Ljótarstöðum. Þó ratljóst sé dugar það ekki til að við rötum hrukkulaust á leiðarenda – því hún Heiða býr sko úti á enda – heldur þvælumst við inn á vitlausa afleggjara og hin ýmsu bæjarhlöð áður en hennar kóngabláu þök blasa við. Upp rifjast vísa sem Heiða fór með á hagyrðingamóti og hafði ort eftir að ungur maður heyrðist kvarta yfir að heimreiðin til hennar væri löng.

*Yfir þessum ekki mun ég snökta.*
*Eitthvað hljómar letilega gæinn.*
*Þeir sem ekki nenna heimreiðina að hökta*
*hafa lítið erindi í bæinn.*

Heiða og hundurinn Fífill fagna okkur á hlaðinu. Hún býður okkur inn en við veljum að kíkja fyrst í fjárhúsin meðan birtu nýtur. Þar hefur hún lokið við að gefa morgungjöfina og fylla fóðurganginn af heyrúllum til næstu máltíða. Móðir hennar, Helga, er að vatna og hjá henni er Frakkur, fjárhundurinn á bænum – Fífill er bara stásshundur. Féð er satt og sælt og kippir sér ekkert upp við gestaganginn. Hlaðan er orðin að fjárhúsi líka því Heiða hefur stúkað hana niður og smíðað grindur og garða, veturgömlu ærnar eru í einni stíu og þær elstu í annarri. „Yngstu og elstu ærnar éta hægar en hinar og fóðrast betur ef þær eru út af fyrir sig," útskýrir bóndinn. Tignarlegur geithafur gægist upp fyrir grindur. Að sögn Heiðu gengur hann með ánum á sumrin í haganum en hefur sérherbergi eftir að hjörðin kemur í hús.

Tvær lögbundnar eftirleitir eru að baki, þó vantar alltaf einhverjar kindur sem enginn veit hvort hafa lifað sumarið af, að sögn Heiðu. „Það er jafnan farið inn á afrétt öðru hvoru fram eftir vetri, ef bjart veður er, fyrst á auðri jörð og svo á sleðum, og ef menn vita af fé sem orðið hefur eftir er ekkert hætt fyrr en búið er að finna það og sækja. Svo er fjárleit líka góð ástæða til að skottast eitthvað á fjöll. En ég hef ekkert farið síðan í þriðja safni enda hefur haustið ekki verið eðilegt hjá mér, bæði framboð til Alþingis og bókastúss."

Hrossin eru á beit skammt frá útihúsunum. Þau koma á móti Heiðu þegar hún talar til þeirra og umbera Fífil ótrúlega vel, þó hann sé aðsópsmikill.

### Missir sig í innkaupum

Nú göngum við til bæjar. Sólpallar úr timbri eru ekki algengir við sveitabýli þar sem ég þekki til. En Heiða hefur smíðað einn glæsilegan með grindverki utan um. Athygli vekur stæðilegur bekkur upp við húsið og annar slíkur við eldhúsborðið. Þeir reynast báðir vera handarverk Heiðu og „rúma marga rassa", eins og hún segir.

Helga hefur stungið læri í ofn áður en hún fór í fjárhúsin. Nú reiðir hún það fram, gullið og ilmandi með ýmsu meðlæti. Heiða stálar búrhnífinn áður en hún bregður honum í kjötið. „Þetta verður engin fagurfræði," tekur hún fram. Kjötið er af veturgömlu og smakkast guðdómlega en hvar kaupa þær mæðgur nýlenduvörur? „Ég er svo oft einhvers staðar á ferðinni og kippi þá með mér því sem þarf," segir Heiða. „En auðvitað kemur fyrir að eitthvað vantar til heimilisins og ég er ekkert voða kát þegar mamma minnist á það og ég er í einhverjum önnum. Stundum gleymast líka grundvallaratriði eins og í haust þegar hingað voru komin níu börn og unglingar í smölun og sátu hér við eldhúsborðið með seríós á diskunum en engin mjólk var til. Þá var brunað yfir á næsta bæ, Snæbýli,

„STEFÁN MÁNI ER BESTI SPENNUBÓKASMIÐUR OKKAR OG SVARTIGALDUR ER HÖRKUBÓK.“


Þorgeir Tryggvason bókmenntagagnrýnandi

„ÉG FANN Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI ÁÞREIFANLEGA FYRIR ORÐASAMBANDINU AÐ RENNA KALT VATN MILLI SKINNS OG HÖRUNDS.“

Þóra Hallgrímsdóttir, herdubreid.is

„ÞESSA BÓK ER NÆR ÓMÖGULEGT AÐ LEGGJA FRÁ SÉR EFTIR AÐ HÚN HEFUR VERIÐ OPNUÐ.“

Sunna Ben fjöllistakona




NÝ BÓK EFTIR
METSÖLUHÖFUNDINN
STEFÁN MÁNA
★★★★★

BLÓÐDROPINN
HIN ÍSLENSKU GLÆPASAGNAVERÐLAUN
*Vinningshafi*
2007, 2013 OG 2014

sögur ÚTGÁFA

KONTOR REYKJAVÍK



Fífill er í miklu uppáhaldi hjá Heiðu þó hann sé enginn fjárhundur, enda gríðarlega falleg skepna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> ÉG TEL EKKI VINNUSTUNDIR, ÞÁ VÆRI ÉG LÖNGU FARIN, EN ÞAÐ ER SVO MARGT SEM KEMUR Í STAÐINN FYRIR PENINGA ÞÓ MAÐUR VERÐI AÐ EIGA ÞÁ LÍKA.

þar sem rekið er kúabú og málinu reddað.“

Eldhúsborðið á Ljótarstöðum er stórt og á það er kominn jóladúkur. Heiða tekur nefnilega jólin með trompi eins og annað, sápuþvær til dæmis hvern fersentimetra í húsinu. „Ég er dálítið ýkt í öllu, líka í jólahaldinu. Hreingerningamanían er bara eitt merki þess, púðar og teppi fá yfirhalningu líka, allt slíkt fer í þvottavélina sem er alveg á yfirsnúningi,“ segir hún hlæjandi. „Ég tek bökunarskorpu og missi mig í innkaupum og það er til nammi og matur langt fram á næsta ár. Svo kaupi ég alltof dýrar jólagjafir og annað eftir því. Það er ekki hægt að koma við greiðslukortin eftir bæjarferðirnar, þau eru svo heit!“

Aðdragandi hátíðanna er annars hefðbundinn á Ljótarstöðum, að sögn Heiðu. „Það er farið á bæina og svo erum við svo heppin hér í Tungunni að eiga í okkar röðum skógræktarbændur sem búa á Giljalandi. Þangað förum við að ná í jólatré, tökum bara það sem þarf að grisja.“

Ég sný mér að Helgu og spyr: Hefur hún dugnaðinn frá þér, stelpan? Svarið er ekta skaftfellskt: „Nei, ég man ekki eftir að hafa gert hreint eða nokkurn skapaðan hlut!“

Skyldu þær mæðgur vera tvær saman á jólunum eins og flesta aðra daga? „Nei, Fanney systir kemur og dóttir hennar, hún María. Þær hafa gert það frá því María var þriggja, fjögurra ára og eru góð jólasending. Fanney er grunnskólastjóri svo hún fær góð jólafrí. Kærastinn hennar Maríu, Pálmar Atli, verður væntanlega eitthvað að skottast hér líka, hann á sitt fólk á Klaustri. Þær mæðgur bjuggu í Þistilfirðinum þegar María var lítil en komu samt brunandi hingað heim fyrir jól. Svo var styttra fyrir þær að koma frá Vestmannaeyjum meðan þær voru þar og enn þægilegra núna þegar þær búa í Hveragerði.

Á aðfangadagsmorgun hefur Ásta systir líka alltaf komið. Hún bjó lengi í Ytri-Ásum hér í Tungunni og hefur verið þar á jólunum þó hún sé flutt þaðan. Hún kom alltaf fyrst með strákana tvo, svo strákana þrjá og svo bara yngsta strákinn núna því hinir eru löngu farnir. Þegar þau koma er skipst á jólapökkum og farið í smákökuboxin, Ásta spáir í bolla og það er drukkið Baileys. Það er ekkert klikkað á því.“

Auðvitað er gefið ríflega á garðann tvisvar á aðfangadag eins og aðra vetrardaga á Ljótarstöðum og svo verður heilagt með kvöldinu. „Við hlustum að sjálfsögðu á útvarpsmessuna klukkan sex og borðum eðalhangikjöt sem Valur í Úthlíð reykir fyrir okkur. Mér finnst alltaf mjög gaman á jólunum og þau eru skipulagður frítími,“ segir Heiða. En hvað finnst henni best að fá í jólagjöf? „Bækur eru voða vinsælar. Svo bara hvað sem er.“

### Heitir eftir Heiðu í Ölpunum

Fyrir þá sem ekki vita þá upplýsist hér að Heiða á Ljótarstöðum heitir eftir sögupersónunni Heiðu sem á heima í Ölpunum og Johanna Spyri skrifaði um gríðarlega vinsælt lesefni. Nú stefnir í að bókin um Heiðu fjalldalabónda eftir Steinunni Sigurðardóttur verði til á flestum heimilum Íslands. En hvernig bækur fílar Heiða sjálf? „Ég sagði Steinunni að ég væri alger gufa þegar kæmi að því að lóga skepnum og veiddi til dæmis aldrei, en nennti helst ekki að lesa bækur nema einhver væri drepinn í þeim! Steinunn varð hugsi og sagði: „Já, það er aldrei neinn drepinn í mínum bókum.“ „Reddaðu þessu í næstu bók,“ sagði ég án umhugsunar en áttaði mig og flýtti mér að segja: „Nei, ekki í næstu bók,“ því það var bókin um mig!

Já, segðu okkur hvernig var að hafa Steinunni inni á gafli í lengri tíma. Það fer ekkert lengra. Djók! „Það var stórmagnað. Þó alls konar fólk hafi komið hér þá var ég satt að segja nervus fyrir því að hingað væri að koma frægt skáld utan úr heimi til dvalar á heiðarbýlinu. En ég sagði henni, eins og öllum öðrum sem hingað koma, að hér gilti bara frumskógarlögmálið. Það er ekki alltaf tími til að stumra yfir gestum þannig að ef þeir finna eitthvað ætilegt í húsinu, þá eiga þeir að éta það áður en einhver annar gerir það. Steinunn fékk námskeið á kaffikönnuna og svo bara bjargaði hún sér. Leysti þetta allt mjög vel og var algerlega laus við allt snobb eða vesen. Svo feimnin við stórskáldið var fljót að fara af mér. Mamma var auðvitað betri en enginn í eldhúsinu en hún hefur verið mjög slæm í fótum og var ekki eins spræk þegar Steinunn var hér og hún er nú.“

Nú ert þú svo lifandi í bókinni og margir spyrja sig örugglega hvort þú skrifir ekki hluta hennar sjálf. „Bara það sem haft er eftir mér á málþingum og hagyrðingamótum. Sumar færslur eru líka teknar upp af fésbókinni. Þetta er mjög sérstök bók að því leyti að hún er byggð á alls konar brotum sem Steinunn raðar saman í frábæra heild.“

Meðal þess sem Heiða les eru ljóðabækur og svo verður henni margt að yrkisefni sjálfri því hún er snjall hagyrðingur. „Það er okkar böl hér á bæ,“ segir hún. „Mikið áhættuatriði því það sem okkur dettur í hug er ekki allt til að auka vinsældir og síst til þess fallið að fara á flakk. Það grípur mig því stundum taugaveiklun ef ég fatta að síminn minn hefur orðið eftir einhvers staðar, fullur af einhverjum helvítis dónaskap um náungann. Ég sendi nefnilega oft vísur á stelpurnar, systur mínar, og fæ svör í sömu mynt. Við kveðumst á í SMS. Það er mikil dægrastytting í því þegar ég hangi á dráttarvélinni sólarhringana út, að hafa eitthvað svona fyrir stafni.“

> ÞAÐ GRÍPUR MIG ÞVÍ STUNDUM TAUGAVEIKLUN EF ÉG FATTA AÐ SÍMINN MINN HEFUR ORÐIÐ EFTIR EINHVERS STAÐAR, FULLUR AF EINHVERJUM HELVÍTIS DÓNASKAP UM NÁUNGANN.

### Búið stendur og fellur með bóndanum

Hvað finnst svo Heiðu best við að vera bóndi? „Það er svo margt. Þó fólk tali oft um bindinguna þá finnst mér ótrúlega mikið frelsi við að ráða mér sjálf. Allt veltur á eigin ákvarðanatöku því búið stendur og fellur með bóndanum. Svo er það víðáttan og nálægðin við skepnur og náttúru sem spilar stóra rullu. Að það sé hluti af vinnunni manns að fara á fjöll og leita að kindum, það er bara dýrðlegt. Ég þarf heldur ekki að borga rándýr líkamsræktarstöðvarkort en er í ágætu formi bara við vinnu, útiveru og hreyfingu.“

Hún viðurkennir að vinnan geti orðið mikil í törnum, í sauðburði, við jarðabætur, heyskap og göngur til dæmis. „Svo koma rólegri tímar og í janúar leyfir maður sér að vera alveg sulturólegur. Það er kuldamánuðurinn. Febrúar og mars eru kleppsvinnutímar hjá okkur fósturteljurum. Annars væri febrúar rólegur líka og fyrri hluti mars en svo er farið að rýja og undirbúa vorið.“

Undantekning verður á rólegheitum janúarmánaðar núna hjá Heiðu því hún er að fara til Nýja-Sjálands að keppa á heimsmeistaramóti í rúningi. „Þetta verður rúningsþrældómur,“ viðurkennir hún. „Við förum tvö, ég og Hafliði Sævarsson, bóndi í Fossárdal í Berufirði. Verðum fyrst hluti af gengi sem vinnur við rúning og fáum þar þjálfun og tilsögn og á heimsmeistaramótinu keppum við svo tvö fyrir Íslands hönd.“

Eiga Íslendingar einhvern séns í Nýsjálendinga? spyr Stefán ljósmyndari. „Nei, nei. Það er bara gaman að taka þátt. Reyndar er hann Hafliði flinkur, hann er tvöfaldur Íslandsmeistari og honum gekk vel þegar við kepptum í Bretlandi í fyrra. Konan hans og systir hennar koma til okkar upp úr 20. janúar og þá förum við öll í ferðalag um Nýja-Sjáland. Það er víst alveg rosalega flott land og þar eru heldur engin rándýr eins og í Ástralíu, þannig að fé er engin hætta búin þó það gangi úti.“

Þegar Heiða mætir aftur norður í svalann fer hún beint í fósturtalningar í ám víða um land, ásamt vinkonu sinni. „Ég verð orðin alltof sein, í rauninni. Vaninn er að byrja 3. febrúar svo við verðum að koma einhverjum verkum af okkur núna. Það fór líka um talningarbændurna mína þegar ég sendi þeim snapp í ágúst um skráningu mína á heimsmeistaramótið. Fékk strax svar frá einum: Áttir þú ekki að vera að telja fóstur í febrúar?“

Heiðu finnst umræðan um íslenska bændur oft einkennast af vanþekkingu á lífi þeirra og starfi. „Auðvitað snýst allt um peninga. Fólk þyrfti að kynna sér það sem er á bak við framleiðslu bændanna og hvernig peningarnir skila sér aftur inn í hagkerfið. Íslenskur landbúnaður er ekki styrktur meira en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Fyrirkomulaginu þar er bara oft öðruvísi háttað, styrkirnir geta skipst í gripagreiðslur og búsetugreiðslur og fólk fær jafnvel greitt fyrir að fóstra sérstök tré á landareigninni. Landbúnaður er alls staðar ríkisstyrktur í nærliggjandi löndum og ef við ætlum að flytja inn afurðir þaðan er væntanlega annað ríki búið að niðurgreiða þær. Þetta er flókið en bændurnir fá rýtingana og ég tek það nærri mér þegar talað er um þá sem landníðinga. Eða þegar rætt er um ríkisstyrkt dýraníð, eins og eftir að nýju búvörusamningarnir voru samþykktir. Dýraverndarlögin sjá til þess að skepnur eru teknar af bændum ef þeir verða uppvísir að vanrækslu og þá fá þeir ekki styrki. Þannig að það eru önnur lög sem dekka það en búvörusamningarnir.

Gallinn við kerfið er að það er gríðarlega flókið. Það er eitt að segja fólki að kynna sér það og annað að það geti það, því það er frumskógur. Ég þekki kannski best sauðfjársamningana, það er verið að reyna að nútímavæða þá, til dæmis er áherslan á lífrænan búskap þrefölduð frá gömlu samningunum og á bæði afréttum og heimalöndum er gerð krafa um fleiri landbótaáætlanir en áður, stífa stýringu á beit og úrbótaleiðir ef þarf. Ég er mjög fylgjandi því.“

Hefur þú reynt að reikna þér mánaðarkaup? „Nei, það þýðir ekkert að ergja sig með því. Ef ég fleyti draslinu frá mánuði til mánaðar og ári til árs er ég sátt. Ég tel ekki vinnustundir, þá væri ég löngu farin, en það er svo margt sem kemur í staðinn fyrir peninga þó maður verði að eiga þá líka. Meðan maður hefur allt til alls, gott húsnæði, getur haldið vélunum gangandi og farið til útlanda þá er ekki yfir neinu að kvarta. Ég tók við búinu í ákveðinni niðurníðslu og það hefur kostað mikið að koma því í það stand sem það er í en fósturtalningarnar eru vel borgaðar, enda þrælavinna. Ef ég hefði þær ekki yrði ég að finna eitthvað annað til að fleyta mér áfram á. Ég var líka í rúningi í nokkur ár.“

### Í fjallasal

Heiða er varaþingmaður VG og á örugglega eftir að fara í pontu á hinu háa Alþingi. Hún kveðst þó ekki byrjuð að hugleiða efnið í jómfrúræðuna. „Mínar áherslur eru á umhverfismál, landbúnað og jafnrétti og þá meina ég jafnrétti allra,“ segir hún og í lokin kemur hér vísa sem ég heyrði hana flytja á hagyrðingamóti fyrir nokkrum árum.

*Skaftártungan mig fóstrar og fæðir,*
*í fjallasal kaus ég að lifa og vinna*
*og ekkert mig viðlíka í heiminum hræðir*
*og heimskuleg áform virkjunarsinna.*

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS



UPPISTAND!

# ARI ELDJÁRN OG SINFÓ

## 9. & 10. FEBRÚAR 2017



TRYGGÐU ÞÉR SÆTI
SINFONIA.IS

**Miðasala í Hörpu**
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



Hann segir harkalega sjálfsgagnrýni mögulega komna af því að hann sé hræddur við að staðna. „ Ég veit ekki hvað ég hef gert mörg lög sem hafa farið í ruslið.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

# Galdurinn er í mistökunum



Birgir Olgeirsson
birgir@365.is

**Mugison gaf út plötuna Enjoy í haust sem hann reyndi að vinna sem mest með ónýtum hljóðfærum. Þetta gerði Mugison til að ögra sér en hann segist stundum hræddur við að staðna. Hann samdi sitt erfiðasta lag á árinu um afa sinn sem féll frá í haust.**

Við höfðum mælt okkur mót á Café Haiti á Geirsgötu við Ægisgarð niðri við Reykjavíkurhöfn rétt eftir hádegi. Þegar þangað var komið var enginn Mugison. Við tók bið þar sem ég beið ekki aðeins eftir honum, heldur hann einnig eftir mér, bara ekki á Café Haiti, heldur á Cafe Babalú við Skólavörðustíg.

„Sorrí, maður. Svona er þetta með mig og Reykjavík,“ segir Örn Elías Geirsson, betur þekktur sem Mugison, þegar ég er kominn upp á efri hæðina á Babalú og hann útskýrir fyrir mér að hann eigi alltaf jafn erfitt með að muna hvar allt er í Reykjavík. Og það þrátt fyrir að hafa unnið sem sendill fyrir Kaupþing á sínum yngri árum, segir hann glettinn. Einlægur og heiðarlegur gagnvart þessum mistökum sínum sem gerir það að verkum að maður er nánast búinn að fyrirgefa honum áður en maður hittir hann.

Við ræðum aðeins hvernig nýafstaðna tónleikatörnin gekk, þar sem hann spilaði á Ísafirði, Akranesi, í Reykjanesbæ, á Akureyri, Egilsstöðum og í Reykjavík, og fylgdi þannig eftir nýrri plötu sinni Enjoy.

### Átti jólin fyrir 5 árum

Fimm ár eru síðan hann átti jólin með húð og hári þegar hann gaf út plötuna Haglél árið 2011 sem seldist í rúmum 30 þúsund eintökum. Fjölmiðlar þurftu að færa sig yfir á bókamarkaðinn til að finna hliðstæðu fyrir slíkum vinsældum en þar hafði spennusagnahöfundurinn Yrsa Sigurðardóttir selt rúm 20 þúsund eintök á sama tíma.

Vinsælasta lag plötunnar, Stingum af, var á allra vörum og varð Mugison að einum mesta tengdamömmudraumi landsins. Margir voru því spenntir að sjá hvað hann myndi gera næst, reyna að fylgja eftir þessum vinsældum og gefa út aðra þjóðlagaplötu á íslensku, eða halda áfram þeirri tilraunastarfsemi sem hann er svo þekktur fyrir.

Hann segir aldrei hafa komið til greina að fylgja Hagléli eftir með annarri plötu á svipuðum nótum.

„Það var aldrei spurning. Ég vissi alltaf að það yrði plata á ensku næst. Hefði ég farið á fullu að reyna að fylgja Hagléli eftir og tekið einhvern paranojusjúkling á þetta og ætlað að gera aðra jafn frábæra plötu á íslensku þá hefði ég örugglega skotið mig ennþá meira í löppina. Það var örugglega nógu mikið sjokk fyrir tengdamömmur Íslands að heyra mig syngja aftur á ensku,“ segir Mugison.

### Snobbarinn mögulega stærri

Á milli Hagléls og Enjoy gerði hann margt, til dæmis tónlist við tvö leikrit Ragnars Bragasonar, Gullregn og Óskastein, tók þátt í Húnaævintýrinu og gerði svo plötu með Jónasi Sigurðssyni og Ómari Guðjónssyni undir nafninu Drangar. Hann segir þrjú ár í það heila hafa farið í að vinna Enjoy.

„Ástæðan fyrir því að ég var svo lengi var að þetta var erfitt til að byrja með. Ég var ánægður með demóin mín, lag og texta. En síðan var ógeðslega erfitt að ná einhverjum fíling. Ég gerði slatta af útgáfum af sumum laganna og það er kannski að snobbarinn í manni hafi stækkað.“

Hann nefnir sem dæmi lagið Tipzy King, lag númer fjögur á plötunni.

„Það var allt í lagi á kassagítar og rödd, fannst lagið vera næs og heiðarlegt. Svo prófaði ég nokkrar útgáfur af því og þá var það ógeðslega bitlaust. Í því lagi til dæmis gerði ég endalausar tilraunir. Ég var með græju sem heitir Octatrack, sænskan samplara, sem ég notaði til að taka upp hverja nótu fyrir sig á gítarinn. Ég var samt búinn að eyðileggja gítarinn aðeins með drasli, svona eins og „príperað“-píanó (undirbúið píanó). Ég hengdi eitthvert dót á hann til að láta hann hætta að hljóma eins og gítar. Hver nóta var síðan tekin upp og sett inn í samplarann og svo ruglaði ég í tónhæðinni á hverri nótu,“ segir Mugison og hermir eftir plötusnúði.

„Það var ábyggilega 10 daga ferli að ná þessum gítar svona,“ segir Mugison sem ákvað að gera það sama með sönginn fyrir þetta lag. „Þá loksins fannst mér ég vera kominn með nýtt og áhugavert sound á hálflélega græju. Þannig að það tók svolítið langan tíma að sortera eitthvað út sem var of venjulegt og of fyrirsjáanlegt og bara með enga tilfinningu í eitthvað sem mér fannst í áttina. Fyrir einu og hálfu ári síðan fannst mér þessi bunki af lögum vera að slípast í það form að þetta væri eitthvað.“

> ÞAÐ VAR ÖRUGGLEGA NÓGU MIKIÐ SJOKK FYRIR TENGDAMÖMMUR ÍSLANDS AÐ HEYRA MIG SYNGJA AFTUR Á ENSKU.

### Ónýt hljóðfæri til að ögra

Fyrir hverja plötu sem hann vinnur segist hann skrifa manifesto, stefnuyfirlýsingu, en í tilviki Enjoy var það að vinna eins mikið og hann gat með ónýt hljóðfæri. „Og reyna að finna vinkil á eitthvað sem er hefðbundið en að gera það þá aðeins öðruvísi, án þess að mamma mín myndi fatta það. Mér fannst það takast,“ segir Mugison og nefnir að á plötunni sé að finna blúslög þar sem er farið hressilega út fyrir formið, án þess að það sé svo augljóst, og tekur sem dæmi lögin Please og I’m a Wolf.

„Þau eru bæði systkinalög finnst mér, svona „basic“ blús, en þar er meira bara trommuheili, saxófónn og farfísa. Ég þori að veðja að það hefur örugglega aldrei svoleiðis band komið fram á blúshátíð,“ segir Mugison og segir það hafa verið meðvitaða ákvörðun að ná slíku fram meðfram hefðbundnum lagasmíðum. „Að það þyrfti að vera „twist“.“

En hvað verður þess valdandi að tónlistarmaður leggst í plötugerð með ónýtum hljóðfærum?

„Aðallega til að ögra mér. Persónulega verð ég oft fyrir vonbrigðum þegar tónlistarmenn festast í einhverju einu þegar þeir eru búnir að finna formúluna. Ég þori að veðja að ég sé örugglega fastur í eigin klisjum, en ég reyni að finna einhverjar nýjar leiðir. Ég hef alltaf ruglstillt gítarinn minn þannig að ég sé ekki alltaf að fara í G-C-D. Ég ruglstilli gítarinn þannig að puttarnir verða að fara eitthvað annað og þá verða til alls konar djasshljómar, eða eitthvað, sem neyða mann í eitthvað annað. Þetta er aðallega fyrir mig gert þannig að ég hafi áhuga á að klára lag,“ segir Mugison og nefnir lagið Lazing On.

„Síðasta lag plötunnar. Það er eiginlega í G allan tímann, það er bara bassanótan sem hreyfist, en þetta er alveg fullt af hljómum í þessari stillingu sem ég gerði, fullt af handahreyfingum. Hefði ég fattað að þetta væri bara bassahreyfing en í grunninn væri lagið allt í G-dúr hefði ég örugglega aldrei klárað lagið, það hefði verið of leiðinlegt. Þannig að ég reyni að plata sjálfan mig, eins fáránlega og það hljómar.“

Hann segir harkalega sjálfsgagnrýni mögulega komna af því að hann sé hræddur við að staðna. „ Ég veit ekki hvað ég hef gert mörg lög sem hafa farið í ruslið af því að þau eru eins og Ljósvíkingur eða Kletturinn. Það er orðið erfiðara að finna eitthvað sem er spennandi, því maður dettur svo rosalega í eigin klisjur, og þá stækkar bara ruslatunnan.“

ROLEX

# THE SUBMARINER

The quintessential divers' watch has embodied the historic
ties between Rolex and the underwater world since 1953.
It doesn't just tell time. It tells history.




OYSTER PERPETUAL SUBMARINER DATE

MICHELSEN

ÚRSMIÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.michelsen.is

HEFÐI ÉG FARIÐ Á FULLU AÐ REYNA AÐ FYLGJA HAGLÉLI EFTIR OG TEKIÐ EINHVERN PARANOJU-SJÚKLING Á ÞETTA OG ÆTLAÐ AÐ GERA AÐRA JAFN FRÁBÆRA PLÖTU Á ÍSLENSKU ÞÁ HEFÐI ÉG ÖRUGGLEGA SKOTIÐ MIG ENNÞÁ MEIRA Í LÖPPINA.



„Mér finnst metnaðurinn verða meiri og meiri en það getur á móti drepið ákveðin element sem eru mistök og galdur sem eru í músík.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Hann segir þetta vera spennandi ferli. Hann reyni að hlusta mikið á tónlist, gamalt og nýtt, og fá nýjar hugmyndir. „Það er alveg nóg til í heiminum ennþá. En ég finn samt að maður miklar það meira fyrir sér að klára eitthvað.“

**Gott að vera ungur og skítsama**

Þegar hann var að byrja í tónlistinni fyrir nokkrum árum var hann þekktur fyrir ýmiss konar furðulegheit sem öðrum hefði ekki dottið í hug að gera. Hann segist oft hugsa til þess tíma með hlýju því það hafi verið svo gott að vera algjörlega sama.

„Þegar maður var að byrja, þá skipti ekkert máli, af því maður var með autt blað,“ segir Mugison og rifjar upp þegar hann var að vinna plötuna Mugimama, Is This Monkey Music? Þá tók hann upp vin sinn Stefán B. Önundarson, Fjallabróður með meiru, en margir kannast við hann undir nafninu Stebbi Panda, að ropa í sex mínútur. Mugison var harður á því að halda þessu ropi á plötunni og ræddi það fram og til baka við helstu ráðgjafa sína, Rúnu Esradóttur, konu sína, og Birgi Jón Birgisson, sem hljóðblandaði plötuna, sem voru ekki eins hrifin.

„Það var ekki séns að ég myndi henda þessu af plötunni, því mér fannst þetta rop algjör snilld. En ég var til í að stytta það niður í tvær mínútur. En ég hef oft hugsað til þess, að djöfull vona ég að ég hefði látið ropið standa ef ég hefði verið að gera þetta lag í dag. En það er kominn einhver innri Jónas Sen með gleraugu einhvers staðar í hausnum á manni að gagnrýna sjálfan sig allan daginn. Ég veit ekki hvort ropið hefði komist á Enjoy en innst inni vona ég að maður hefði látið það flakka, því það var svo gott að vera algjörlega skítsama.“

Hann segir að í dag sé hann betri gítarleikari, betri söngvari og betri upptökumaður heldur en hann var þegar hann gerði Mugimömmu-plötuna en það sé ekki endilega betra fyrir tónlistarsköpunina. „Mér finnst metnaðurinn verða meiri og meiri en það getur á móti drepið ákveðin element sem eru mistök og galdur sem eru í músík. Það er oft meira spurning um tjáninguna, en ekki hæfni þína.“

**Datt í það og fann sannleikann**

Á Enjoy nýtur Mugison aðstoðar margra tónlistarmanna, heilt yfir 30 manns, og hefur hann eignast ófáa góða vinina í gegnum tónlistina. Lagið Tipzy King fjallar einmitt um vinina og tónlistina en hann segir lagið fjalla um hvað hann saknar þess tíma þegar allir höfðu tíma til að hoppa vestur til Súðavíkur, þar sem Mugison býr ásamt Rúnu og tveimur sonum, og spila inn á plötur með honum, drekka og skemmta sér.

Það var mið nótt þegar textinn viðð lagið fæddist. Rúna og strákarnir voru sofnuð og hann einn úti í bílskúr þar sem hann er með sitt eigið hljóðver og var með viskí við höndina.

„Ég var að vinna í öðrum texta sem var alltof flókinn, alltof tilgerðarlegur, að reyna að vera klár. Ég dett stundum í þá gryfju að ég held að ég sé klárari en ég er. Það getur jafnvel gengið í nokkra daga. Svo setur maður sig í smá fjarlægð, fer í bað eða eitthvað, kemur aftur, þá sér maður að maður er bara tilgerðarlegur fáviti. Ég var orðinn fullur þarna og var farinn að vinna í þessum texta og þá var eiginlega textabrotið „I'm a little tipsy“ bara satt. Þannig að ég prófaði að endurskrifa textann fyrst ég var orðinn fullur.

Ég hugsaði hvað það væri djöfull leiðinlegt. Fyrst þegar við fluttum til Súðavíkur þá voru vinirnir barnlausir og komu vestur og duttu í það og spiluðu inn á plötur. Það var sjúklega gaman. Og ég hugsaði: „Djöfull hefur þetta breyst á stuttum tíma, andskotinn! Nú er ég bara einmana fyllibytta.“ Ég fann þarna sígarettupakka sem ég hafði falið fyrir sjálfum mér. Ég er hættur að reykja, nema þegar ég fer frá Súðavík, allt annað en Súðavík er útlönd og það má reykja í útlöndum. Þá kláraðist textinn, einn, tveir og þrír, þá var þetta allt satt og næs. Á fyrstu plötunni minni er lag sem heitir Poke a Pal og það er samið um vini mína og pabba, þegar ég bjó í London, þannig að mér fannst að þetta væri framhald af Poke a Pal.“

**Erfitt lag um afa**

En nýja tónlist eftir Mugison er ekki bara að finna á nýjustu plötunni hans, Enjoy, heldur einnig á nýrri plötu karlakórs Fjallabræðra, Þess vegna erum við hér í kvöld. Um er að ræða lagið Ljósa ljós sem Mugison samdi um móðurafa sinn og nafna, Örn Geirsson. Textinn við lagið er örugglega einn sá einlægasti sem Mugison hefur sent frá sér en hann segir lagið eiga sér langa sögu og erfiða fæðingu.

„Ég var mikill afakall og það var svo mikill stuðningur í afa. Hann var alltaf megastoltur af manni,“ segir Mugison og rifjar upp þegar hann var við nám í London.

„Fyrstu þrjá mánuðina hringdu vinir og vandamenn en síðasta eina og hálfa árið var það eiginlega bara afi sem hringdi,“ segir Mugison og tekur sig til og lýsir þessu klassíska ömmu- og afasímtali sem svo margir kannast við. Stutt símtöl þar sem maður er stöðugt minntur á að það sé svo dýrt að hringja á milli landa og helstu upplýsingar um líðan og nýjustu fregnir fljóta með.

„En hann hringdi í hverjum mánuði, karlinn, og tékkaði á manni,“ segir Mugison og rifjar upp þegar hann var fyrst að vinna til verðlauna fyrir tónlistina sína. Þeim áfanga fylgdu tugir hamingjuóska í formi SMS-a en í seinni tíð var það yfirleitt bara eitt SMS, og það frá afa sem sagði: „Ánægður með þig kallinn minn.“

ÉG DETT STUNDUM Í ÞÁ GRYFJU AÐ ÉG HELD AÐ ÉG SÉ KLÁRARI EN ÉG ER. ÞAÐ GETUR JAFNVEL GENGIÐ Í NOKKRA DAGA. SVO SETUR MAÐUR SIG Í SMÁ FJARLÆGÐ, FER Í BAÐ EÐA EITTHVAÐ, KEMUR AFTUR, ÞÁ SÉR MAÐUR AÐ MAÐUR ER BARA TILGERÐARLEGUR FÁVITI.

Þeir voru því afar nánir en afi hans féll frá fyrir um tveimur mánuðum. „Við vorum búnir að grínast með það seint í sumar, því hann talaði um það að ég og Geir frændi þyrftum að syngja í jarðarförinni hans, hann var alltaf að plana hana. Mér fannst hann alveg eiga inni hjá manni lag, í staðinn fyrir að maður væri að syngja Stingum af eða eitthvað gamalt sem væri ekki endilega alveg tengt við hann. Þá yrði ég að gera lag sem myndi ríma við karlinn,“ segir Mugison en hann segir þetta eitt erfiðasta lag sem hann hefur samið.

„Alveg sjúklega erfið fæðing. Það er meira að segja bara erfitt að tala um þetta. Ég vildi óska þess að ég væri líkari honum.“

Hann flutti lagið í fyrsta sinn opinberlega í Vikulokum Gísla Marteins 14. október síðastliðinn og mátti sjá að það reyndi mikið á hann og þá sem fluttu lagið með honum. „Já, það var varla hægt,“ segir Mugison spurður út í flutninginn.

**Að syngja með meiningu**

Þegar hlustað er á lagið er eitt sem kemur svo skýrt fram og Mugison gerir betur en flestir, það er að ná að syngja hvert einasta orð með svo mikilli meiningu, en hann segir hægt að syngja hvað sem er svo lengi sem maður trúir á það.

„Ég þarf að finna einhverja lykt eða einhvern þráð sem ég get hengt mig á og ég trúi. Þó ég skilji ekki textana hjá Pixies þá finn ég að þau syngja textann eins og þau trúi öllu sem þau segja. Eina viðmiðið fyrir texta er að söngvarinn trúi því, þá verður hann aðeins betri.“

**Hræddi túrista í rútumiðstöð**

Annað sem einkennir Mugison er að hann er alltaf með einhver járn í eldinum. Til að mynda ákvað hann að halda tónleika öll fimmtu-, föstu-, laugar- og sunnudagskvöld í Kassanum í Þjóðleikhúsinu í heilan mánuð í sumar. Hugmyndin var fengin frá systur hans sem vinnur í ferðamannabransanum og átti að reyna að finna tónlistinni hans einhvers konar farveg í þessum mikla ferðamannastraumi sem liggur til Íslands og sleppa þannig við að dvelja lengi frá fjölskyldunni á tónleikaferðalögum erlendis.

Hann segir þessa tilraun hafa gengið misjafnlega, hann hafi verið þrjóskulega einn í þessu verkefni og hann hefði kannski mátt fá einhverja manneskju til að hjálpa sér við að kynna tónleikana fyrir ferðamönnunum.

„Ég hjólaði á hótelin með bæklinga, svo prófaði ég að spila á rútumiðstöð klukkan sex um morguninn. Ég fann að þar hræddi ég bara fólkið, eins og maður er sjálfur hálf hræddur við einhverja róna þegar maður er að labba í New York. Það þorði enginn að horfa í augun á mér eða neitt. Eftir á að hyggja hefði ég þurft að finna einhvern sem þekkir bransann,“ segir Mugison.

**Lengi í tónlist vegna Súðavíkur**

Hann er spenntur fyrir að prófa þessa hugmynd aftur en þetta er það sem fylgir því að lifa á því að vera tónlistarmaður sem hann segir ganga upp og ofan.

„Það er mjög heppilegt að búa í Súðavík. Við erum að samnýta þetta með Íbúðalánasjóði, ég held að við séum að borga 80 þúsund kall til þeirra. Þetta er einbýlishús með geggjuðum bílskúr sem er líka vinnuaðstaðan mín. Það að borga 80 þúsund kall í húsið er svona einn þriðji – einn fjórði á við það sem er hérna í bænum. Og tíminn er aðeins öðruvísi, ég þarf ekki að skutla neinum neitt. Ég held að ef ég byggi ekki í Súðavík þá væri ég ekki í músík, ég gæti búið einhvers staðar annars staðar þar sem væri líka svona ódýrt, en það er ein af stóru ástæðunum fyrir því að ég hef verið svona lengi í þessu, að ég get komið í bæinn og tekið nokkra tónleika og verið heima að semja.“

Spurður hvort fjölskyldan muni verða í Súðavík til frambúðar segir hann þau alltaf vera á leið í burtu. „Við höfum það alveg fáránlega gott í Súðavík og þess vegna erum við örugglega búin að hanga þarna lengi. En við erum alltaf með einhver plön um að fara eitthvað út að læra eða prófa eitthvað annað. En ég hugsa að Súðavík verði alltaf

# ALLT SEM ÞÚ ÓSKAR ÞÉR



**KALDAL**
4.990 KR.

**DARRI**
32.990 KR.

**ANTONÍA**
11.990 KR.

**FLÓKI**
15.990 KR.

**ANTONÍA STRIPED**
11.990 KR.

**ÞÓR**
3.490 KR.

**SIMBI BALACLAVA**
4.990 KR.

**LOGI**
5.990 KR.

**ÍSAK**
6.990 KR.

**DÚNA**
34.990 KR.

CINTAMANI
DRESS CODE ICELAND


Brandenburg | SÍA

www.cintamani.is | Bankastræti 7 | Aðalstræti 10 | Austurhraun 3 | Smáralind | Kringlan | Akureyri

# Codex 1962 er fallegasta bókarkápan

Það ætti aldrei að dæma bók eftir kápunni en hún skiptir samt máli. Bókarkápa er nefnilega hluti af heildarupplifun lesandans og svo skiptir líka máli að hún sé bæði söluvænleg og eiguleg. Hér hefur því galvösk sveit álitsgjafa tekið að sér að velja fallegustu og ljótustu bókarkápur jólabókaflóðsins í ár. Allt er þetta þó auðvitað aðeins til gamans og gert og engin ástæða til þess að taka þetta of hátíðlega.

## Ljótasta bókarkápan 2016




1. Sæti

### Verjandinn

**Höfundur:** Óskar Magnússon
**Kápuhönnun:** Jón Ásgeir Hreinsson
**Útgefandi:** JPV

*Eins og fimm bókakápur hafi verið settar í hakkavélina áður en þeim var hellt á eina blaðsíðu.*

*Hvað er að gerast hér? Margar leturtýpur, margir litir, margar myndir, mörg form – hér hefði sannarlega mátt einfalda til að fanga augað og vekja meiri áhuga á efninu.*




2. sæti

### Einfari

**Höfundur:** Hildur Sif Thorarensen
**Kápuhönnun:** Hildur Sif Thorarensen
**Útgefandi:** Óðinsauga

*Höfðar engan veginn til mín, mjög gamaldags tónn og frekar óþægileg samsetning á öllu saman – formum, litum og letri. Hvar er spennan?*

*Leturmeðferðin er afleit og þessi flatarleikur skrítinn.*

*Vond hugmynd hjá höfundi að hanna kápuna sjálfur.*




3. sæti

### Heiða – fjalldalabóndinn

**Höfundar:** Steinunn Sigurðardóttir og Heiða Ásgeirsdóttir
**Kápuhönnun:** Aðalsteinn Svanur Sigfússon
**Útgefandi:** Bjartur

*Hvernig var hægt að gera svona dauflega kápu á bók um konu sem slær mann eins og hreint náttúruafl?*

*Hvað er í gangi hér? Var virkilega ekki hægt að láta þessa sögu virka meira heillandi en að stilla fallegu bóndakonunni upp eins og á forsíðu gamals læknarómans – „Doktor Lambert er á leiðinni ...“*

## Fallegasta bókarkápan 2016




1. sæti

### Codex 1962

**Höfundur:** Sjón
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl
**Útgefandi:** Forlagið


*Grípur strax augað og ber af öðrum bókakápum eins og fullt tungl á svörtum vetrarhimni.*

*Dáleiðandi og ofurtöff.*

*Segi kannski ekki að kápan sé falleg en maður kemst ekki hjá því að taka eftir henni. Svolítið eins og kassi utan um rakspíra en samt eitthvað svo skemmtilegt við þessa kápu.*

**Codex 1962 fékk líka atkvæði sem ljótasta kápan:**

*Þetta gefur einhvern veginn tilfinningu fyrir alveg sterílum texta – er alltof líkt Vísindabók Villa. Þetta beinlínis fælir mann frá lestri.*




2. sæti

### Svarti galdur

**Höfundur:** Stefán Máni
**Kápuhönnun:** Kontor Reykjavík
**Útgefandi:** Sögur

*Þetta er býsna djarft en gengur fullkomlega upp. Eftiröpun á hinu helga riti er fullkomin umgjörð um þennan titil. Það fór bókstaflega um mig hrollur þegar ég tók hana uppúr umslaginu.*

*Fallegt er kannski ekki fyrsta lýsingarorðið sem ætti að nota við þessa kápu en mögnuð og sterk er hún sannarlega. Manni snöggkólnar – það kvikna margar tilfinningar!*




3. sæti

### Hestvík

**Höfundur:** Gerður Kristný
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl
**Útgefandi:** Forlagið

*Nútímaleg, einföld og aðlaðandi. Mjög falleg og náttúruleg kápa.*

*Virkilega falleg. Einföld og aðlaðandi. Bók sem er notalegt að fá í hendurnar.*

## Mest í umræðunni




Elsku Drauma mín, minningabók Sigríðar Halldórsdóttur, Vigdís Grímsdóttir skráði. Kápuhönnun Jón Ásgeir Hreinsson og útgefandi JPV. Þessi kápa kom talsvert til umræðu og á lokametrunum barst athyglisverð ábending. Við hlið bókarkápunnar má hér sjá veggspjald frá bandarísku hljómsveitinni Lady Danville, seinna Hunter Hunted, í tengslum við plötuna Operating. Líkindin eru óneitanlega sláandi eða eins og álitsgjafi lét hafa eftir sér: Alveg galið!

**Álitsgjafar Fréttablaðsins**

**Arndís Lilja Guðmundsdóttir** grafískur hönnuður
**Hödd Vilhjálmsdóttir** almannatengill
**Jakob Bjarnar Grétarsson** blaðamaður
**Jón Kaldal** ritstjóri
**Ólöf Birna Garðarsdóttir** grafískur hönnuður
**Þorsteinn Joð Vilhjálmsson** kvikmyndagerðarmaður

# Lifandi jólatré

FRÁBÆRT VERÐ

Normannsþinur,
íslensk fura og blágreni.

Einnig mikið úrval af
gervijólatrjám og skrauti.

## Sölustaðir

**SELFOSS**
*LAU* **10-19**
*SUN* **12-18**
*MÁN* **8-18**
*ÞRI-FIM* **8-22**
*ÞORLÁKSM.* **8-22**
*AÐFANGAD.* **10-12**

**TIMBURVERSLUN BREIDD**
*LAU* **10-20**
*SUN* **11-20**
*MÁN-FIM* **8-20**
*ÞORLÁKSM.* **10-20**
*AÐFANGAD.* **LOKAÐ**

## Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 17.DES**
MOSFELLSKÓRINN 13-14
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 14-15

**SUNNUDAGINN 18.DES**
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 13-13:45
ÁLAFOSSKÓRINN 14-15



**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5” grænn eða rauður.

**5.495 kr.**
88470259/60

## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.495 kr. |
| 126 - 150 cm | 2.995 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.295 kr. |
| 176 - 200 cm | 5.995 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 5.495 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

byko.is

*Sérvalin tré í stofuna til þín*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

# „Eins og að vera á frystitogara“

Tónskáldið **Atli Örvarsson** hefur getið sér gott orð fyrir kvikmyndatónlist sína síðustu árin. Þrátt fyrir miklar annir í Hollywood ákvað hann fyrir rúmu ári að flytjast búferlum á heimaslóðir á Akureyri. Atli segir íslenska kyrrð veita sér hugarró og innblástur.

Sveinn Arnarsson
sveinn@frettabladid.is



Atli Örvarsson er einn virtasti tónlistarmaður okkar Íslendinga. Hann hefur í gegnum tíðina unnið til fjölda verðlauna fyrir kvikmyndatónlist sína sem er mikils metin um víða veröld. Atli hefur um árabil starfað í Los Angeles við tónsmíðar í kvikmyndum. Fyrir rúmu ári flutti hann heim, nánar tiltekið til Akureyrar, ásamt fjölskyldu sinni og stundar þar tónsmíðar sínar.

Atli hefur unnið að stórum verkefnum á síðustu árum. Til að mynda stórmyndinni Pirates of The Caribbean, sem og að vinna að kvikmyndinni The Edge of 17 með Hailee Steinfeld í aðalhlutverki en hún skaust upp á stjörnuhimininn eftir að hafa leikið í myndinni True Grit þar sem hún var tilnefnd til Óskarsverðlauna.

„Mest af mínum verkefnum er í Bandaríkjunum en það er að aukast talsvert í Evrópu. Einnig hef ég unnið að því að semja alla tónlist í Chicago-þáttaseríunum sem sýndar eru á NBC-sjónvarpsstöðinni, Chicago Med, Chicago P.D., Chicago Fire og Chicago Justice. Þeir þættir eru að fá mikið áhorf. Um tíu milljónir manna horfa á frumsýningu þeirra þátta og svo eru þeir einnig sýndir um allan heim,“ segir Atli.

### Vildi finna ræturnar

Eftir rúma tvo áratugi í Bandaríkjunum ákvað Atli að breyta til og flytja norður til Akureyrar. Ekki þarf að fara mörgum orðum um muninn á þessum tveimur stöðum, en fyrir áhugasama eru um 2.400 færri sólarstundir á Akureyri en í Hollywood á ári hverju. En af hverju ákvað Atli, í þeirri stöðu sem hann er, að flytja norður á Akureyri af öllum stöðum?

„Móðurfjölskylda mín kemur frá Mýri í Bárðardal, þannig að ég er hálfur Þingeyingur, og ólst upp að miklu leyti á Akureyri. Ég flutti til Bandaríkjanna árið 1993 og hef verið starfandi í Los Angeles síðan árið 1998. Eftir þennan langa tíma ákváðum við að tengjast meira Evrópu og Íslandi og finna ræturnar. Svo á ég tvö börn, fjögurra og átta ára, og vildi leyfa þeim að tengjast rótunum líka. Þannig að úr varð að við fluttum norður.“

### Norður frá skarkalanum

Atli segir mikinn mun á þessum tveimur stöðum. Hann þarf að vera mikið á ferðalögum vegna vinnu sinnar, rekur hljóðver í Los Angeles og þarf að hafa samskipti við starfsmenn sína. Því vinnur hann heiman frá sér á tveimur tímabeltum.

„Þetta er svolítið eins og að vera á frystitogara,“ segir Atli. „Ég er mikið á ferðalögum svo þessi staðsetning er kannski ekki svo galin, að geta komið norður frá skarkalanum. Einnig áttaði ég mig ekki fyrr en eftir á á því hvað það er gott að koma heim. Þetta er ákveðinn aukabónus sem ég fæ,“ segir hann og minnist á hvað kyrrðin geri honum gott á Akureyri. „Ég verð einhvern veginn meira skapandi í Eyjafirði. Þegar þú ert úti, eins og til dæmis í Los Angeles, er einhvers konar sálrænn kliður sem truflar mann nokkuð. Bakgrunnsómur sem er alltaf viðvarandi. Þennan klið er ekki að finna á Akureyri og því hreinsast slíkt áreiti í burtu. Fyrir listamann að komast í svona umhverfi þar sem rætur manns eru skiptir miklu máli fyrir sköpunargáfuna. Hér er meira andrými og ég verð afkastameiri fyrir vikið.“

### Óheftbundin leið að tónlistinni

Upphafið að tónlistarferli Atla má í raun rekja til Akureyrarkirkju árið 1975. Mun hann hafa farið nokkuð óhefðbundna leið, öðruvísi en flestir aðrir á hans aldri. „Ég byrja í tónlistarskóla um sex ára aldurinn þannig að í upphafi fer ég akademísku leiðina í tónlist á meðan margir aðrir kannski byrja í bílskúrsböndum eða fara aðrar leiðir. Ég var kominn í nám sex ára gamall,“ segir Atli.



Atli og Anna Örvarsson, kona hans, prúðbúin við hátíðlegt tækifæri í Beverly Hills, Los Angeles. MYND/TARA ZIEMBA/FILMMAGIC

Á hann afa sínum að þakka að hafa byrjað í tónlist. „Þetta var þannig að einn daginn fór ég í heimsókn með afa mínum til bróður hans, Áskels Jónssonar organista í Akureyrarkirkju,“ segir Atli og brosir við. „Afi sagði við hann að það væri alveg öruggt að það byggi tónlist í stráknum. Því ákvað ég daginn eftir að banka upp á hjá honum og vildi fá kennslustund í orgelleik. Þannig hófst þetta nú allt saman.

Síðan geng í gegnum tónlistarskólann á Akureyri sem var magnaður undirbúningur fyrir ævistarfið. Þar fékk maður að leika í blásarakvintett, skólahljómsveitinni og svo var maður tekinn inn í Sinfóníuhljómsveit Norðurlands ásamt hljómsveit leikfélagsins. Ég var því farinn að vinna fyrir mér sem tónlistarmaður 13 ára gamall.“

### Spila með tilfinningar

Tilgangur kvikmyndatónlistar er að hjálpa til við að segja sögu og dýpka hana og kalla fram tilfinningar. „Það er öll tónlist leyfileg í kvikmyndum, hvort sem það er rokk eða sólóharmónikka í Hrútum, eða 80 manna stórhljómsveit tekin upp í Abbey Road,“ segir Atli og bendir á að líklega sé það toppurinn, að fá að stýra sinfóníuhljómsveit á heimsmælikvarða í því alkunna hljóðveri. „Kvikmyndatónlist er mér að skapi og helgast það af því að þú ert að eiga við tilfinningar, styðja þær eða kalla þær fram. Það er mitt „forte“,“ segir Atli.

Hann hefur ekki haft mjög gaman af þeim flokki tónsmíða þar sem verið er að fara eftir fyrirfram ákveðnum reglum, þar sem reglan sé mikilvægari en útkoman og lokaafurðin. Stærðfræðin sé að yfirtaka tónlistarsmíðina í of miklum mæli.

### Þekking að aukast

Hrútar slógu eftirminnilega í gegn, bæði hér á landi sem og erlendis og vann til fjölda verðlauna. Melankólísk saga sauðfjárræktunar tveggja bræðra í Bárðardalnum, heimahögum Atla, féll vel í kramið erlendis. Tónlist Atla fær að njóta sín mjög í myndinni en hann samdi alla tónlist í henni.

Atli segir Íslendinga mikla og góða sögumenn og að menning okkar sé þannig mikilvæg útflutningsvara okkar, bæði í tónlist, kvikmyndum og sögum. „Gamla góða höfðatalan getur til að mynda ekki útskýrt alla þessa góðu glæpasagnahöfunda okkar, við höfum ekki nægilega marga glæpi á Íslandi til að útskýra þetta,“ segir Atli. „Kvikmyndir héðan eru einnig að fá meira lof erlendis þar sem þekkingin í greininni er að aukast.“

„Það er merkilegt hvað við erum að framleiða mikið gæðaefni þrátt fyrir minni efni og tilkostnað. Því höfum við tileinkað okkur að vera meira skapandi í lausnum. Við erum í raun að gera frábæra hluti bæði í kvikmyndum og sér í lagi í tónlist þar sem við erum einhvers konar alþjóðlegt fyrirbæri og menn undrar hversu gott efni kemur héðan.“

Atli segir það hins vegar skjóta skökku við að Íslendingar virðist frekar fara á bandarískar spennumyndir í kvikmyndahúsum hérlendis en íslenskar myndir. „Það kannski vantar smá tengingu milli kvikmyndagerðar og almennings. Ef menn skoða hvað við erum að framleiða þá eru það kannski meira „art house“ myndir í staðinn fyrir að vera söluvara eins og bandarísku myndirnar. Það er fín blanda að setja þetta saman. Og ég held að það sé að breytast. Áhuginn er að aukast og myndirnar eru að höfða til fleiri án þess að slegið sé af kröfum um gæði kvikmyndanna.“

## Dæmi um tónlist Atla í frægum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum
















# LÁTTU MILLJÓNIRNAR UNDIRBÚA JÓLIN MEÐ ÞÉR

**FYRSTI VINNINGUR STEFNIR Í ÞRJÁTÍU MILLJÓNIR**




DREGIÐ 24. DES

**JÓLA LEIKURINN | 30 HEPPNIR SPILARAR VINNA 1 MILLJÓN**

**10 RAÐIR EÐA ÁSKRIFT KOMA ÞÉR Í POTTINN**

VIKINGA LOTTÓ VINNINGINN HEIM!


EUROJACKPOT

ÍSLENSK GETSPÁ
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
Sími 580 2500 | www.lotto.is


Íslensk getspá er í eigu Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Öryrkjabandalagsins og Ungmennafélags Íslands.

ENNEMM / SÍA / NM79049


# ÞESSAR ERLENDU BÆKUR 30% VILDAR AFSLÁTTUR





**The Travel Book**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-




**Art**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-




**501 Must-Visit Destinations**
**VILDARVERÐ: 2.099.-**
Verð: 2.999.-





**Dali - Les Diners De Gala**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-





**The Hobbit & Lord of the Rings (Box Set)**
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-





**The Girl With the Lower Back Tattoo**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-





**Dorothy Must Die (Box Set)**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-





**Anansi Boys (Illustrated)**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-




**The Silver Spoon**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-




**Whisky Opus**
**VILDARVERÐ: 4.899.-**
Verð: 6.999.-




**Taste of Persia**
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.999.-




**Vegan Bowl Attack!**
**VILDARVERÐ: 3.149.-**
Verð: 4.499.-



MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

VIÐ PÖKKUM INN FYRIR ÞIG OG ÞÚ KÍKIR Í TÍMARIT!


# EKKI MISSA AF VILDARKJÖRUM!





**101 Danish Design Icons**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-





**Epic Bike Rides of the World**
**VILDARVERÐ: 4.199.-**
Verð: 5.999.-




**Bob Dylan -**
**The Lyrics 1961-2012**
**VILDARVERÐ: 6.999.-**
Verð: 9.999.-




**The World's Greatest Cars**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-




**Harry Potter and the Chamber of Secrets (Illustrated)**
**VILDARVERÐ: 6.299.-**
Verð: 8.999.-





**American Gods (Illustrated)**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-





**Star Wars - Propaganda**
**VILDARVERÐ: 5.599.-**
Verð: 7.999.-





**Monarch of the Glen (Illustrated)**
**VILDARVERÐ: 2.799.-**
Verð: 3.999.-




**Wine Sommelier**
**VILDARVERÐ: 5.319.-**
Verð: 7.599.-




**World Atlas of Tea**
**VILDARVERÐ: 3.849.-**
Verð: 5.499.-




**Vegan Chocoholic**
**VILDARVERÐ: 3.359.-**
Verð: 4.799.-




**Real Fresh Coffee**
**VILDARVERÐ: 3.499.-**
Verð: 4.999.-

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9


Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími vildarverða er 17. desember, til og með 18. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Þekktu þingmanninn Jóna Sólveig Elínardóttir






Fjórir ættliðir á Regnbogahátíð í Vík: amma, mamma og eldri stelpurnar mínar. Lautarferð í skógræktinni heima með ömmu Eyrúnu og stelpunum. Rauða torgið í Moskvu með Úlfi. Fjölskylduferð í Ottawa.

Snærós Sindradóttir
snaeros@frettabladid.is



**Fædd:** 13. ágúst 1985
**Maki:** Úlfur Sturluson
**Börn:** Sóllilja, Elín Ylfa og Karítas Úlfsdætur
**Foreldrar:** Elín Einarsdóttir og Magnús Þór Snorrason
**Menntun:** Stúdentspróf (Baccalauréat Général) Lycée Emile Duclaux í Frakklandi 2004. BA-próf í frönsku HÍ 2007. MA-próf í alþjóðasamskiptum HÍ 2011.
**Fyrri störf:** Hef unnið mikið fyrir Alþjóðamálastofnun HÍ og verið í rannsóknum og kennslu við stjórnmálafræðideild HÍ. Var í fjölbreyttum störfum fyrir Evrópusambandið í tengslum við aðildarviðræðurnar og stofnaði ráðgjafarfyrirtæki ásamt öðru góðu fólki. Þegar ég var yngri vann ég á geðsviði Landspítalans, hjá Ferðaþjónustu bænda, á bókasafni KHÍ, í ferðaþjónustufyrirtæki fjölskyldunnar og hjá SS á Hvolsvelli.
**Áhugamál:** Lesa góðan skáldskap og sagnfræðilegar bækur. Jafnréttismál. Handavinna. Þykist geta spilað örlítið á píanó.



JÃ³na SÃ³lveig ElÃnardÃ³ttir Ã¾ingmaÃ°ur ViÃ°reisnar

# Blóðheit *Evrópukona* en bróðirinn *í Framsókn*

**Jóna Sólveig Elínardóttir,** varaformaður Viðreisnar og þingmaður flokksins í Suðurkjördæmi, er nýliði á Alþingi. Hún er 31 árs þriggja barna móðir með áhuga á handavinnu og fær andlega útrás með því að skrifa upp á gamla mátann, á brakandi pappír með alvöru penna.

**Hver hefur þinn ferill í stjórnmálum verið? Hvar byrjaði þetta allt?** Þetta fór allt frekar hratt af stað. Ég hafði aldrei tekið þátt í stjórnmálum áður. Fann mig eiginlega hvergi en þegar Viðreisn var að fara af stað fyrir um tveimur árum dróst ég mjög að þeirri hugmyndafræði sem var að gerjast þar, þ.e.a.s. frjálslyndinu, en líka fagmennskunni sem einkenndi allt starfið. Á sama tíma var þess gætt, og er enn, að allir finni að þeir eru velkomnir í hópinn. Málefnafundirnir lögðu svo grunninn að málefnahópunum okkar sem eru ótrúlega virkir og öflugir. Svo það var þessi andi og vinnubrögðin sem drógu mig að Viðreisn í upphafi og varð svo til þess að ég fór á fullt. Ég var t.a.m. ein af þeim sem lögðu grunninn að ungliðahreyfingunni okkar, Uppreisn, sem er kraftmikil hreyfing ungs, frjálslynds fólks auk þess sem ég hef lagt áherslu á jafnréttismálin og að virkja konurnar hjá okkur en í dag eru þær a.m.k. jafnmargar og karlarnir.

Það var svo í fæðingarorlofinu mínu sl. sumar sem ég ákvað að láta slag standa og gefa kost á mér á lista hjá flokknum og þar sem ræturnar liggja austur í Mýrdal þá lá beinast við að ég færi á lista fyrir Viðreisn í Suðurkjördæmi þar sem ég tók oddvitasæti listans.

Á landsþingi flokksins í september var ég svo kjörin varaformaður flokksins svo ég hélt bara áfram að synda í djúpu lauginni.

**Hvernig lýst þér á þingmannsstarfið?** Mér líst vel á það. Þetta er auðvitað ekkert venjulegt starf. Að vera kjörinn fulltrúi felur í sér mikla ábyrgð sem ég finn mjög sterkt fyrir. Við sem sitjum á þingi erum að vinna fyrir umbjóðendur okkar og aðhaldið er mikið. En það sem ég er kannski mest spennt fyrir, fyrir utan það auðvitað að tryggja ábyrgan rekstur ríkisins öllum til heilla og að Ísland sé ábyrgur og virkur þátttakandi á alþjóðavettvangi, er að vinna í kjördæminu mínu og halda áfram að setja mig inn í öll þau risaverkefni og tækifæri sem eru uppi á borðum þar.

**Kvíðirðu fyrir einhverju varðandi starfið? Hverjar verða hindranirnar?** Ég held að aðaláskorunin verði að komast yfir allt sem mig langar til að áorka. Auðvitað vill maður standa sig 150% og ég gef mig alla í þetta. Svo ætli það verði ekki hin klassíska tímastjórnun og forgangsröðun sem verða aðalhjallarnir.

**Hvað úr reynslubankanum mun nýtast þér í nýja starfinu?** Allt sem ég hef fengist við mun nýtast. Að hafa verið í gegningum í sveitinni, að hafa unnið í kjötvinnslu, á bókasafni, í ferðaþjónustu, á Landspítalanum, í stjórnsýslunni, í háskólanum, hjá alþjóðastofnun, í útlöndum að vera mamma, allt mun þetta koma að góðum notum.

**Sérðu fyrir þér að gera stjórnmál að ævistarfinu?** Sennilega mun ég alltaf vinna eitthvað tengt stjórnmálum, hvort sem það verður í eldlínunni eða á hliðarlínunni.

**Hvar ólstu upp og hvernig var æska þín?** Ég er sveitastelpa, alin upp að mestu í Sólheimahjáleigu austur í Mýrdal. Bærinn stendur undir rótum Mýrdalsjökuls, þar sem Katla býr. Miklar andstæður einkenna umhverfið: Hvítur jökull, svartar Sólheimasandsöldurnar, heiðgrænar hæðir og djúp gil. Þetta er sannkölluð draumaveröld fyrir barn og ungling að alast upp í og þegar ég fer austur er ég alltaf að fara heim. Það er bara þannig. Þegar ég var yngri vorum við með 13 kýr að jafnaði og ég hef sennilega verið með þeim síðustu af minni kynslóð sem fengu tækifæri til að mjólka með fötumjaltakerfi. Það var mikil bylting þegar rörmjaltakerfið kom og maður þurfti ekki lengur að bera föturnar og hella í tankinn. Kýrnar véku síðan fyrir ferðamönnum en mamma mín og bróðir reka ferðaþjónustu meðfram sauðfjárræktinni. Ég var ein af síðustu börnunum sem fengu að hefja skólagönguna í Ketilstaðaskóla en þegar mamma fór í kennaranám fluttum við systkinin í fimm vetur í bæinn þar sem ég gekk í Álftamýrarskóla. Þegar við fluttum aftur austur fór ég síðan í Víkurskóla. Sextán ára flutti ég að mestu að heiman eins og krakkar af mínum heimaslóðum verða að gera og fór í tvo vetur í MH. Í kjölfarið flutti ég út til Frakklands í skiptinám þar sem ég kláraði stúdentspróf. Ég fór síðan strax í frönskunám við HÍ, þá nítján ára, en þá byrjaði ég með manninum mínum, Úlfi Sturlusyni, sem ég hafði kynnst í MH. Svo tók við háskólanám, vinna og barneignir.

**Hvernig nærir þú þig andlega?** Fyrir mig er mikilvægt að fá reglulega gott næði til að skrifa. Og það má ekki vera í tölvu. Þar er svo margt sem truflar mann. Að skrifa með góðum penna á brakandi pappír er ótrúlega hreinsandi. Svo finnst mér geggjað að komast í garðinn hjá mömmu og puða eins og brjálæðingur. Það er fátt betra fyrir andann en garðrækt.

**En líkamlega?** Fyrir nokkrum árum ákvað ég að setja mér það markmið að hreyfa mig ekki sjaldnar en tvisvar í viku en ég ákvað að sama skapi að skilgreina hreyfingu mjög vítt og vera alltaf sátt ef ég náði þessu markmiði. Að labba rösklega út í búð eða í vinnuna tikkar til dæmis 100% í boxið. Svo ákvað ég líka að ef ég gerði eitthvað smá meira þá skyldi ég vera rosalega ánægð með mig. Þannig slepp ég alveg við samviskubit og kem alltaf út sem sigurvegari.

**Uppáhaldsborg utan landsteinanna?** París.

**Hvert langar þig mest að ferðast?** Kína.

**Hvaða hljómsveit eða tónlistarmaður er mest spilaður á Spotify-aðganginum þínum?** Ég hlusta mikið á útvarp en svo á ég nokkra góða geisladiska sem ég smelli á fóninn heima þegar þannig stendur á mér. Mér finnst Emilíana Torrini, Jim Croce, Bubbi og Edith Piaff öll æðisleg og á erfitt með að gera upp á milli. Þegar ég er að vinna set ég stundum klassíska tónlist í eyrun.

**Hvað er síðasta myndband sem þú horfðir á á Youtube?** Ég held að það sé eitthvert origamikennslumyndband sem ég horfði á með dóttur minni.

**Hvert er uppáhaldsjólalagið?** Heims um ból.

**Hefurðu lent í lífsháska eða annarri dramatískri lífsreynslu?** Já, ég hef oftar en einu sinni haldið að ég væri að kveðja pabba minn í síðasta sinn vegna veikinda hans en sem betur fer hefur hann sloppið fyrir horn. Svo hef ég nokkrum sinnum næstum því lent í alvarlegum bílslysum á leiðinni austur en sem betur fer alltaf sloppið.

**Okkur barst til eyrna að bróðir þinn væri Framsóknarmaður. Hvernig eru fjölskylduboðin? Ertu þú kannski sú eina sem skerð þig úr í fjölskyldunni?** Já, mikið rétt. Einar Freyr var í fjórða sæti fyrir Framsókn í Suðurkjördæmi og er því varaþingmaður flokksins. Fjölskylduboðin hjá okkur eru alltaf fjörug og skemmtileg. Þar er auðvitað mikið rætt um stjórnmál enda hefur mamma lengi verið mjög virk í stjórnarmálum og er oddviti sveitarstjórnar í Mýrdalshreppi. Afi minn var líka mjög virkur í félagsstarfi. Það hefur því alltaf verið partur af uppeldi okkar systkina að ræða stjórnmál en að sama skapi hefur líka alltaf verið í lagi að vera ósammála um málefni og takast á um hugmyndir. Og þótt okkur systkinunum hitni stundum í hamsi þá erum við bestu vinir og látum stjórnmálin ekki komast upp á milli okkar.

**AFLAUSN EFTIR YRSU SIGURÐARDÓTTUR**

# „MEÐ ALLRA BESTU SPENNUSÖGUM!“




★★★★

*„Þessi bók finnst mér eiga heima **með allra bestu spennusögum** ... Einkar góð glæpasaga þar sem efnistök, plott og persónusköpun koma saman í sögu sem **heldur lesandanum fram á rauðanótt.**“*

**BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐINU**

**BESTA GLÆPASAGAN Í BRETLANDI**

**SUNDAY TIMES (UM LYGI) 27.11.2016**

★★★★

*„Vel uppbyggð, fléttan góð og þræðirnir falla saman í lokin. ... spennandi saga.“*

**STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU**

*„Yrsa er gríðarlega fær glæpasagnahöfundur.“*

**VERA KNÚTSDÓTTIR, BOKMENNTIR.IS**

VERÖLD

# Punkturinn yfir i-ið

Það þarf ekki að vera dýrt eða flókið en á jólum er gaman að leggja sérstaka alúð við borðhaldið. Þrír fagurkerar gefa góð ráð við nostrið, forrétt, eftirrétt og skreytinguna á hátíðarborðið.




Berta með netta og aflanga skreytingu sem hentar vel á hátíðarborð sem er hlaðið veitingum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Berta Björk Heiðarsdóttir, blómaskreytir hjá Blómagalleríinu við Hagamel, segir að á jólum sé tilvalið að minna á ljósið, vorið og að brátt fari sól að hækka á lofti. „Jólaskreytingar minna á ljós og birtu, náttúruna. Að það kemur aftur vor og að sólin hækkar á lofti," segir hún. Hún hefur útbúið þrjár skreytingar á hátíðarborðið. Eina borðskreytingu í aflöngum potti sem hentar vel á borð sem er hlaðið veitingum. „Þetta er nett og falleg skreyting sem er auðvelt að koma fyrir. Í henni hef ég amaryllis, furu, mosa og svolítið glimmer. Mjó kertin gefa fallegt yfirbragð."

Hún mælir einnig með því að skreyta með hýasintum sem eru í blóma í desember og janúar. „Ég nota sérstök glös fyrir hýasintur og skreyti á einfaldan hátt því blómin eru svo falleg," segir Berta.

Þriðja skreytingin er viðameiri og hentar á stórt borð. „Ég nota gylltan poka úr endurunnu efni, skreyti með furu, könglum, kristþyrnisblómum og greinum. Þetta er umhverfisvænt og náttúrulegt. Mér finnst það eiga við í desember; náttúran og ljósið."



Anna Soffía Ásgeirsdóttir er eftirlæti starfsfólks í Borgarleikhúsinu. Hún matreiddi á La Primavera áður og reiðir fram ítalska jólaköku. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Ítölsk jólakaka í eftirétt

Anna Soffía Ásgeirsdóttir matreiðir ofan í leikara og starfsfólk Borgarleikhússins. Hún var kokkur í mörg ár á La Primavera og í leikhúsinu prísar fólk sig sælt með hana. Anna Soffía leggur til eftirrétt sem var á matseðli La Primavera í desember, ítalska jólaköku. „Þetta er réttur sem við vorum með á La Primavera í desember. Þetta er ítölsk jólakaka. Rétturinn er gerður úr panettonekökum sem eru bakaðar með rjóma, mjólk, eggjum og sykri. Kakan er svo borin fram með ferskum berjum og vanillusósu," segir Anna Soffía.

### Panettone – ítölsk jólakaka

**500 ml rjómi**
**170 g sykur**
**500 ml mjólk**
**4 stk. egg**

Kakan er skorin í sneiðar og hver sneið er smurð með ágætis lagi af smjöri.

Allt hráefnið sett saman í pott og hitað þangað til allt er orðið vel blandað saman og aðeins byrjað að þykkna.

Kökusneiðunum er raðað í form og þykku lag af blöndunni hellt yfir þær.

Bakað með álpappír, í 35 mín. á 150°C hita.

### Vanillusósa

**500 ml mjólk**
**30 g sykur**
**2 stk. vanillustangir**
**5 stk. eggjarauður**
**30 g sykur**

Mjólk, sykur og vanilla hitað saman í potti.

Eggjarauður og sykur þeytt vel saman.

Öllu blandað saman, sett í skál og látið þykkna yfir vatnsbaði.




### Sálin sett í pottinn

Sigmar B. Hauksson þekktu landsmenn sem matgæðing og ástríðukokk. Hann lést á aðfangadag í desember árið 2012 eftir skammvinn veikindi. Fjölskylda hans ákvað að heiðra hann með matreiðslubók með uppskriftum hans, bókin Úr búri náttúrunnar inniheldur sögur af Sigmari og uppskriftir eftir hann.

Bróðir hans, Jón Víðir Hauksson kvikmyndagerðarmaður, tók saman uppskriftirnar ásamt nokkrum félögum hans. „Sigmar hélt alltaf jólaboð í fjölskyldunni sem ég og konan mín, Brynhildur, höfum haldið áfram að gera eftir að hann féll frá. Þá gerum við það í hans anda, hann notaði mikið afurðir úr veiðinni og úr náttúrunni. Nýtti allt úr bráðinni og það sem íslensk náttúra hefur upp á að bjóða, ber, sveppi og jurtir. Hann var einstakur að þessu leyti, frumkvöðull í því að nýta það sem náttúran gaf og var mikill talsmaður þess að nýta alla bráðina og allt sem til féll. Uppskriftin sem ég gef sem forrétt á jólahátíðarborðið er réttur sem enginn verður svikinn af. Risotto með reyktum laxi. Sigmar sagði að þegar risotto er gert þurfi fyrst að setja sálina í pottinn, síðan hræra varlega með trésleif af stakri alúð," segir Jón Víðir.

### Risotto með reyktum laxi

**2 msk. skalottlaukur**
**2 hvítlauksrif**
**2 msk. fennel, saxað**
**150 g arborio-hrísgrjón**
**1 l grænmetissoð**
**½ l rjómi**
**Hvítvín eða vermouth**
**2 msk. mascarpone-ostur**
**Parmesanostur eftir smekk, rifinn**
**100 g reyktur lax eða heitreykt bleikja, grófsaxað**
**Safi úr einni sítrónu**
**Rifinn börkur af sítrónu**
**Dill, saxað**
**Skalottlaukur og fennel steikt í smjöri og olíu.**
**Hrísgrjónum bætt við og steikt stutta stund.**

Skvettu af vermouth eða hvítvíni bætt í og heitum grænmetiskrafti, ausu í senn og hrært varlega en stöðugt þar til hrísgrjónin eru al dente, soðin – ekki mauksoðin.

Rjóma, mascarpone og parmesan hrært saman við.

Safi og börkur af sítrónu sett út í. Lax/bleikja og dill sett út í, hrært varlega saman og skammtað á diska.

**kristjanabjörg@frettablaðið.is**



Fura, mosi, kristsþyrnir og könglar í fallegum gullpoka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Blómstrandi hýasintur á hátíðarborðið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Fjölskylda Sigmars heldur matarboð í hans anda á jólum og gaf út bók með uppskriftum hans.

Okkar sérsvið er
Háræðaslitsmeðferðir
andlit - háls - bringa - hendur
Fyrir
Eftir
og demantshúðslípun.
Húðin verður þéttari, mýkri, hreinni og unglegri.
Fyrir
Eftir
Snyrtistofan Hafblik
Hraunbæ 102 • Reykjavík • S. 893 0098 • snyrtistofanhafblik@gmail.com

Síminn

# Pakki er ekki pakki nema Samsung sé

Flaggskipin í ár, S7 og S7 Edge,
fást með frábærum kaupauka,
Gear Fit 2 íþróttasnjallúri.




**Samsung S7**
99.990 kr.

Vatns- og rykvarinn með seiðmagnaða myndavél.

**Samsung S7 Edge**
119.990 kr.

Stóri bróðir. Jafn klár og S7, bara stærri og stoltari.

**Gear Fit 2 íþróttasnjallúr** að verðmæti **29.990 kr.** fylgir

**Samsung S6**
69.990 kr.

Tæki sem eldist eins og gott vín.

**Samsung orkukubbur** að verðmæti **9.990 kr.** fylgir

**Samsung A3**
44.990 kr.

Stílhreinn sími og glæsileg vasaprýði.

**32 GB SD minniskort** að verðmæti **6.990 kr.** fylgir

**Samsung J5**
29.990 kr.

Nettur og þéttur fyrsti snjallsími.
2016 útgáfan.

Gildir á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um villur og verðbreytingar. Önnur afsláttarkjör gilda ekki með jólatilboðum.

siminn.is/jol



















# Ósanngjarn en viðkunnanlegur

**Halldór Baldursson** teiknari kryfur samtímann í teikningum sínum og hefur gefið út skopmyndabók sem fjallar að mestu um ríkisstjórn Sigmundar Davíðs. Hún hafi reynst óþrjótandi efniviður. Hann segist komast upp með flest.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Enginn stjórnmálamaður meiddist við gerð þessarar bókar, stendur á titilsíðu nýrrar bókar Halldórs Baldurssonar teiknara, Konungur flónanna. Í bókinni er að finna teikningar Halldórs frá tímabilinu 2013-2016. Tímabil sem Halldór segir hafa einkennst af óþoli vinstrimanna fyrir persónu Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, fyrrverandi forsætisráðherra.

„Ríkisstjórn Sigmundar Davíðs setti sitt mark á tímabilið og er viðfangsefni bókarinnar. Persóna hans var eins og olía á kraumandi reiði eftirhrunsáranna. Afsakið dramatíkina, en vinstrimenn náðu að magna með sér merkilegt óþol gagnvart honum. Auðvitað efniviður sem er ómótstæðilegur í pólitískt skop. Kannski samfélagsmiðlar hafi þarna haft sitt að segja. Bombumál magnast upp en eru líka fljót að gleymast. Hönnu Birnu málið er dæmi um það. Það virðist fjarlægt í dag miðað við allt púðrið sem fór í það," segir Halldór.

Halldór segist ekki mikið verða var við sárindi eða reiði stjórnmálamanna. Flestir vilji þeir komast á mynd og láta taka eftir sér.

„Ég hef aldrei orðið var við nein leiðindi nema þá helst frá einstaka aðstoðarmanni sem hefur þá í mesta lagi haft á orði að ég hafi verið ósanngjarn. Sem er auðvitað alveg rétt hjá þeim. Ég er oft mjög ósanngjarn en á afskaplega



**Forsætisráðherra er alltaf aðalfórnarlamb pólitíska skopsins.** FRÉTTABLAÐIÐ ANTON BRINK

viðkunnanlegan hátt, held ég. Flestir stjórnmálamenn vilja komast á mynd, að það sé tekið eftir þeim."

En finnst honum tímarnir hafa breyst? Er íslensk þjóð hneykslunargjarnari en áður? Eru einhver tabú?

„Það er eins og fólk geti skapað sér umburðarlyndisrými. Sumir teiknarar fá að gera næstum hvað sem er og enginn hneykslast, aðrir fá reiðiöldur auðveldlega yfir sig. Ég virðist komast upp með flest. Hef teiknað Múhameð nokkrum sinnum og verið með alls kyns spælingar sem enginn kippir sér upp við. Það er helst ef ég tekst á við kynjamál, kynþáttamál, kynlíf, kynskiptingar ... allt sem byrjar á kyn, að ég finn anda köldu ofan í hálsmálið á mér. Það hefur eitthvað með að gera hverslags manneskja ég er. Miðaldra, hvítur og hetrósexúal. Ég elska samt að teikna kindur.

Fólk var samt alveg jafn hneykslunargjarnt áður fyrr. Það er til ótrúlega mikið af pirruðu gömlu fólki. Það hafði bara ekki Facebook. Lesendabréf dagblaðana voru ekki eins skilvirk," segir Halldór.

### Forsætisráðherra aðalfórnarlambið

Halldór segir helsta skotspón sinn ávallt hinn sama í gegnum árin. „Forsætisráðherrann er alltaf aðalfórnarlamb pólitíska skopsins. Sá sem tekur það að sér verður alltaf mest teiknaður og gengur inn í hlutverkið. Hann verður minn Don Kíkóti. Fjármálaráðherra verður Sanchó Panza."

Þér er lagið að teikna, en hvað með orð? Lýstu íslensku stjórnmálalífi í einni setningu

„Ein stjórn segir meira en þúsund smáflokkar."

Frá þessu þriggja ára tímabili koma tvær myndir upp í hugann þegar hann er spurður um eftirlæti. Sigmundur Davíð kemur við sögu á þeim báðum og kindur á annarri sem hann hefur sagst hafa dálæti á að teikna.

„Myndin sem kom fyrst upp í hugann er kosningabaráttumynd frá 2013. Sigmundur Davíð og Árni Páll á listasafni. Það er fallegt listasnobb í henni finnst mér, með forspárgildi. Ég held líka upp á myndina þar sem ég nota undirskrift Sigmundar sem gaddavír. Undirskriftin kveikti þar á hugmyndinni. Svo eru kindur á myndinni."

Hvaða stjórnmálamenn er erfiðast að teikna? Af hverju?

„Yfirleitt þá sem ég teikna sjaldnast. Það tekur smá tíma að gera stjórnmálamenn að mínum karakterum. Fólk þarf fyrst að venjast því hvernig ég teikna hvern og einn. Eftir það get ég dregið þá sundur og saman í háði og pennastrikum og þeir samt verið þekkjanlegir."


markhönnun ehf

# JÓLAGJÖFIN FÆST HJÁ OKKUR




**KRAFLA - SPIL**
**8.498 KR**

**Orðaleikur fyrir tvo til fjóra leikmenn sem reynir á orðaforða, hugmyndaflug og herkænsku**




ANDLIT - FÖRÐUNARBÓK
3.899 KR




KÖKUGLEÐI EVU
4.899 KR




FÓLK Á FJÖLLUM
4.549 KR





HREINT Í MATINN
3.184 KR




JÓN LÆRÐI
5.828 KR





LADDI
4.199 KR




LJÓSIN Á DETTIFOSSI
4.689 KR




STÓRA SMÁKÖKUBÓKIN
2.999 KR




ÚTKALL
KRAFTAVERK UNDIR JÖKLI
4.199 KR

**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Allar *konur* eru alvöru *konur*



**Saga Sigurðardóttir** og **Erna Bergmann** gáfu út óhefðbundið ljóðrænt tímarit á dögunum. Í því er sterkur þráður, virðing fyrir konun og list. Þær ákváðu sjálfar að ryðja sér til rúms, brjóta staðalmyndir og vinna á móti einsleitni í tískuiðnaði og leggja áherslu á fjölbreytileika.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

Tískutímaritið BLÆTI kom út í vikunni, viðamikið, ljóðrænt tímarit stofnað af Sögu Sigurðardóttur ljósmyndara og Ernu Bergmann, hönnuði og stílista.

Tímaritið er öllu heldur bókverk, það er fjögur hundruð blaðsíður og inniheldur fjölbreytta efnisþætti, þar sem teflt er saman texta og ljósmyndum.


Þær Saga og Erna hafa unnið sleitulaust og reyndar launalaust að útgáfunni undanfarna þrjá mánuði. Að baki útgáfunni er ástríða og ákveðin ósk. „Okkur fannst vanta vettvang þar sem við gátum unnið óhindrað að sköpun okkar," segir Erna.

„Í tímaritinu reynum við að endurspegla það að okkar kynslóð fagnar fjölbreytileikanum á allan hátt. Bæði í efni að því leyti að við skoðum fegurðina frá alls konar sjónarhornum og brjótum staðalmyndir. En líka í vinnu okkar og annarra sem koma að blaðinu," segir Saga.

„Okkar kynslóð er breytingaafl. Því við viljum fagna því sem við getum gert og draumum okkar. Það er ekki lengur þannig að lífið snúist um eitthvað eitt. Þú þarft ekki að velja eitt fag í lífinu. Ég er til dæmis ljósmyndari, leikstjóri, kennari, tek myndir og mála. Og Erna er líka að gera svo margt, hún er hönnuður, stílisti og listrænn stjórnandi og fleira," segir Saga og Erna tekur undir.

„Ég held að það sé margt að breytast í samfélaginu með okkar kynslóð, hún færir mjúka kvenlæga orku. Það er mikilvægt að uppfylla þarfir sínar og hlúa að því sem í okkur býr. Kannski fannst okkur að í þessum iðnaði væri ekki rými fyrir það og við ákváðum að búa til þetta rými fyrir okkur," segir Erna.








HÉR GEFUR AÐ LÍTA OPNU ÚR TÍMARITINU, BLÆTI.
MYND SAGA SIG – HÚÐ FRÍÐA MARÍA HARÐARDÓTTIR

### Kulnun í einsleitum bransa

Þær segjast báðar hafa verið orðnar þreyttar á iðnaðinum, endurtekningum, skorti á virðingu fyrir vinnuframlagi, skorti á virðingu fyrir hugmyndum. „Ég var úti í London í nærri átta ár. Ég var að deyja inni í mér. Það er svo mikið af reglum og svo mikil yfirbygging. Skilaboðin koma langt að ofan. Ég óskaði þess oft að fá að leika mér meira, vera með meiri fjölbreytni í módelvali. Hreint út sagt varð ég stundum leið á því sem ég var að gera. Ég hef síðan stöðugt verið að brjóta mig út úr rammanum," segir Saga.

„Ég fann líka fyrir kulnun í starfi. Þessari hörku og skorti á virðingu. Ég ákvað að taka ábyrgð á því. Með því að gera hlutina sjálfar getum við bæði gert það sem við elskum á okkar hátt og fengið greitt. Við vöknuðum eldsnemma á morgnana í öllu vinnuferlinu. Og vorum alltaf ánægðar þó að við værum stundum þreyttar," segir Erna og segir það að vinna með rétta fólkinu skipti miklu máli. „Samstarfið er okkur allt," bætir Erna við og Saga tekur undir.

### Samstarf og samtal

„Það er svolítið skrítið að fólk sem er sérfræðingar í förðun, búningagerð og slíku fær ekki næga virðingu hér á landi. Erlendis er þetta fólk stórstjörnur. Þessu þarf að breyta," segir Saga ákveðin.

Erna minnist atviks úr eigin lífi. „Ég vann einu sinni að kvikmynd og lækkaði mig mikið í launum. Svo fer ég á frumsýningu. Nafnið mitt kom ekki einu sinni upp. Þetta var sárt. Auðvitað geta orðið svona mistök, ég hef gert slík mistök sjálf. Meira að segja í þessari bók. En þetta atvik er samt lýsandi," segir hún.

### Táknrænt nafn

En hvað skyldi hafa sameinað þær?

„Já, við elskum báðar bækur. Erum eiginlega bókapervertar," segir Saga og hlær. „Ég kom oft í heimsókn til Ernu og fór beint í bókahillurnar hennar til að strjúka fallegu bókunum hennar sem hún safnar."

„Ég elska lyktina af pappír og að koma við hann. Það er kannski þarna sem hugmyndin kemur að nafninu, Blæti," segir Erna og tekur undir með Sögu. „Þetta nafn kom upp snemma í undirbúningsferlinu. Það er táknrænt. Blæti finnst mér byggja á ástríðu, það er eitthvað alveg sérstakt sem þú verður hugfanginn af, vilt eiga hlut í. Hvað sem það er, hlutur, texti, hugmynd, mynd," segir Erna.

### Fjórar á við tuttugu

Auk Ernu og Sögu standa Helga Dögg Ólafsdóttir, grafískur hönnuður, og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir að BLÆTI. „Sigrún hefur sterka sýn og gott auga fyrir fegurð og er vinkona okkar. Við Helga unnum saman í útskriftarverkefni Helgu úr Listaháskólanum. Verkefnið fjallaði um staðalmyndir fatlaðra í auglýsingum. Það er einmitt ein auglýsing í blaðinu fyrir Húrra þar sem við byggjum á vinnu Helgu," segir Saga frá.

„Sambærileg blöð erlendis hafa kannski tuttugu starfsmenn en við erum fjórar," segir Erna.

Á meðal listamanna sem leggja til efni í blaðið eru Auður Ava rithöfundur sem skrifar um myndaþátt Sögu í blaðinu Konur, Gerður Kristný sem skrifar um systkini, Bergur Ebbi sem skrifar ljóð. Arnar Freyr Frostason skrifar um kúgun og feðraveldi í tengslum við myndaþátt sem Ásdís Rán Gunnarsdóttir situr fyrir í.

Forsíðuefnið er samtal tveggja listamanna, Margrétar Bjarnadóttur og Haralds Jónssonar. „Við erum ekki með neitt viðtal heldur erum við með samtal þessara tveggja listamanna. Þetta samtal situr enn í mér. Þau ræða um það að vaxa úr grasi, hvernig tilfinningalífið glæðir sköpunarþörfina og öfugt. Þau segja opinskátt frá hugsunum sínum og snerta á hlutum sem ég hélt til dæmis að ég ein hefði upplifað," segir Erna frá.

### Allar konur eru alvöru konur

Meginþráður í bókinni er virðing fyrir konum. Bæði nota þær óhefðbundin módel í myndatökur og beina athyglinni oft inn á við. „Auður Ava skrifaði textann við myndaþátt minn um konur. Vinnan við þann myndaþátt er eftirminnilegastur í þessu ferli öllu saman. Og í raun það sem ég vil standa fyrir," segir Saga.

Myndaþátturinn sem hún vísar til hefur líkama kvenna og landslag til umfjöllunar. „Ég sé mikla fegurð í að við erum misjöfn. Mér finnst líkaminn vera landslag. Ég er á móti auglýsingum eins frá Dove, „Hér eru alvöru konur!" segir í auglýsingunni. Það finnst mér vond skilaboð. Við erum allar alvöru konur," segir Saga.

> MARGAR VILDU KOMAST YFIR HATUR Á EIGIN LÍKAMA EÐA SKÖMM. ÉG SAT OG HÁGRÉT YFIR ÞESSUM BRÉFUM.

Ég auglýsti eftir konum í þennan myndaþátt og fékk fjölmörg bréf þar sem konur lýstu því af hverju þær vildu koma í myndatöku. Margar vildu komast yfir hatur á eigin líkama eða skömm. Ég sat og hágrét yfir þessum bréfum. Í London vann ég fyrir mörg undirfatafyrirtæki og það sem ég komst að er að það er sjálfsástin sem gerir fólk fallegt. Það skiptir engu máli hversu marga pilates-tíma fólk fer í eða hvað það gerir. Fegurðin kemur alltaf að innan og stafar af virðingu og ást. Ég þoli ekki að þessi sjálfsást geti minnkað og jafnvel horfið. Við sjáum of mikið af því sem er ekki satt, fegrað og oft það sama aftur og aftur. Þess vegna er fjölbreytnin svo mikilvæg," segir Saga.

Tímaritið er til sölu í verslunum Eymundsson. „Blaðið er kveikja, við viljum smita fólk af blæti fyrir fjölbreytni og fegurð," segir Erna.

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
17. DESEMBER 2016 LAUGARDAGUR

# ÁST Í SVARTRI FRAMTÍÐ

Leikritið Andaðu eftir Duncan Macmillan varð mjög vinsælt þegar það var sett upp í London 2011. Íslendingar fá að berja það augum í janúar með stórstjörnunum **Heru Hilmarsdóttur** og **Þorvaldi Davíð Kristjánssyni** í aðalhlutverkum. »

MYND/ERNIR

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Listamenn spjalla saman á djúpum nótum um loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar. MYND/ERNIR

Leikritið verður frumsýnt í Iðnó 22. janúar. Það fjallar um ungt par sem stendur á krossgötum í lífinu. Getur fólk, sem er annt um umhverfið og hina hröðu hlýnun jarðar, fjölgað sér? er spurning sem parið veltir meðal annars fyrir sér. „Þetta er tragísk ástarsaga," segir Þorvaldur Davíð þegar við setjumst niður með honum, Heru og Andra Snæ Magnasyni en nýlega kom út bók hans Sofðu ást mín. Í verkum Andra er farið inn á svipaðar hugleiðingar og í leikritinu og fengu leikararnir Andra til að spjalla um loftslagsbreytingar og umhverfismál sér til fróðleiks.

„Andri Snær hefur alltaf látið umhverfismál sig miklu varða og því var skemmtilegt að fá hans sýn á leikritið. Ég myndi segja að þetta væri ástarsaga ungs pars á tímamótum en þau standa frammi fyrir stærstu ákvörðun lífs síns, andspænis áhyggjum af framtíðinni í skugga loftslagsbreytinga," útskýrir Hera.

## KREFJANDI SPURNINGAR

„Verkið tekst á við grundvallarspurningar," segir Andri Snær. „Það er hluti af ferli leikara að fara í gegnum leikritið og spyrja sig sömu spurninga. Við erum að því núna. Ég hef verið að fara í gegnum sams konar ferli undanfarin tvö ár í skrifum mínum á bókinni. Í leikritinu er ungt par að velta fyrir sér hvort það eigi að eignast barn, hvort það sé rétt umhverfislega að leggja það á jörðina að fjölga mannkyninu. Höfundurinn veltir upp krefjandi spurningum sem eru persónulegar en jafnframt samfélagslegar.

Það eru ekki öll leikskáld sem þora að vaða í svona stór málefni, þau eru vandmeðfarin í listum. Mér finnst hann gera þetta mjög vel og verkið krefst mikillar hæfni leikara til að segja söguna," útskýrir Andri Snær og bætir við að lengi vel hafi kjarnorkuvá ógnað fólki, kalda stríðið og síðan hræðslan við eyðni. Fólk óttaðist að sjúkdómurinn gæti þurrkað út mannkynið. Núna eru það loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar sem ógna okkur og við sjáum svarta framtíðarsýn í verkinu. Svörtustu spárnar úr æsku okkar rættust ekki, það er spurning hvort það hafi virkað eins og úlfur úlfur, svo við tökum ekki varnarorð vísindamanna alvarlega."

Þorvaldur Davíð segir að Andri hafi lengi verið virkur þátttakandi í umræðum um umhverfismál. „Það er mjög áhugavert að heyra hvernig hægt er að tengja bókina hans við þetta verk. Bókin varpar á einlægan hátt fram spurningum um lífið og tilveruna. Spurningum sem hugsandi fólk mætir á lífsleiðinni. Um ástina, samfélagið og framtíðina. Og hún er svört á köflum alveg eins og leikritið," segir hann.




## ÓGNVEKJANDI STAÐREYNDIR

„Við fylgjumst með þessum tveimur karakterum í gegnum líf þeirra á þessum stutta tíma sem leikritið spannar. Leikritið vakti mig til frekari umhugsunar um það hvað við erum að gera í lífinu sem manneskjur, og svo sérstaklega í dag, miðað við það sem er í gangi í heiminum," segir Hera. „Hlýnun jarðar er til dæmis staðreynd og áhrifin þegar orðin sýnileg. Ég upplifi þessa ógn mjög sterkt og afstaða nýkjörins Bandaríkjaforseta Donalds Trump til loftslagsbreytinga veldur mér áhyggjum," segir hún.

„Heilu samfélögin eru klofin, hugmyndafræðilega séð, er varðar áherslur og afstöðu til stórra mála er snerta núið og framtíðina. Ég bý í London og þar hafa verið miklar umræður vegna Brexit. Þjóðin er klofin í því máli og mikil óvissa ríkir. Ég lít á mig sem umhverfissinna og vil breyta rétt en veit samt að ég á enn þá nokkuð í land í að læra allar mögulegar leiðir til þess að standa undir svoleiðis hugtaki. Leikritið hefur haft mikil áhrif á mig og ég spyr mig stöðugt um ábyrgð einstaklingsins í þessu öllu saman. Ég held að við verðum að byrja þar," segir Hera og Þorvaldur Davíð segist vonast til að leikritið geti vakið upp spurningar hjá áhorfendum. „Erum við að tortíma heiminum?"

## AFTUR SAMAN

Hera og Þorvaldur Davíð léku saman í kvikmyndinni Vonarstræti. Hera hlaut Edduna fyrir leik sinn í myndinni. Hún dvelur nú á Íslandi við æfingar á verkinu og verður hér þar til hópurinn klárar sýningar í febrúar en móðir hennar, Þórey Sigþórsdóttir, er leikstjóri verksins. Hera hefur ekki leikið á íslensku sviði síðan hún útskrifaðist frá LAMDA 2011. Nú á komandi nýju ári munu tvær kvikmyndir koma út þar sem hún leikur á móti Óskarsverðlaunahafanum Ben Kingsley í báðum, en þær eru The Ottoman Lieutenant og svo tvíleikurinn An Ordinary Man.

Þorvaldur Davíð hefur vakið athygli bæði í bíómyndum og á leiksviði. Hann var tilnefndur til Grímunnar árið 2014 fyrir aðalhlutverkið í leikritinu Furðulegt háttalag hunds um nótt sem sýnt var við miklar vinsældir í Borgarleikhúsinu. Þá leikur hann einnig eitt af aðalhlutverkunum í kvikmyndunum Ég man þig sem byggð er á metsölubók Yrsu Sigurðardóttir og Svaninum eftir Guðberg Bergsson. Myndirnar koma í kvikmyndahús snemma árs 2017.

## ENGIN LEIKMYND

Það má segja að miklar stjörnur stigi á svið í Iðnó í janúar, leikarar sem ná vel saman og hafa mikinn áhuga á viðfangsefninu. Bæði segjast þau hafa heillast af þessu verki. Iðnó varð fyrir valinu þar sem þau vildu skapa kósí og heimilislegt andrúmsloft í kringum verkið.

„Í þessu verki er engin leikmynd, engir búningar og ekkert svið. Við leikum á miðju gólfi og áhorfendur verða allt í kringum okkur. Það er því mikil nálægð í sýningunni sem gerir enn meiri kröfur til okkar," segir Þorvaldur Davíð. „Fólkið í leikritinu spyr sig spurninga sem ég held að flestir séu að spyrja sig í dag. Er ég góð manneskja? Hvaða áhrif hefur það á heiminn ef ég eignast barn? Þetta er nútímasaga sem margir geta samsamað sig við."

Þar sem við sitjum í lítilli kósí stofu í Iðnó velta þau Andri Snær, Þorvaldur Davíð og Hera upp margvíslegum spurningum um lífið og tilveruna. Andri segir sögur af jarðfræðingi sem tekur niðurstöður sinna rannsókna svo alvarlega að þegar hann var beðinn um að vera með umhverfisfyrirlestur í Kína fór hann með Síberíulestinni og var tvær vikur á leiðinni. Hann hélt líka fyrirlestur hér á landi og kom með Brúarfossi. „Við lítum á þetta sem þráhyggju í dag en við eigum eftir að líta þetta öðrum augum eftir 15 ár," segir hann.

## HEIMSPEKILEGAR VANGAVELTUR

Það er móðir Heru, Þórey, sem á hugmyndina að uppsetningu verksins hér á landi. „Hún hitti höfundinn, Duncan Macmillan, í London þar sem hún var í námi og heillaðist af verkinu sem heitir LUNGS á frummálinu og kom því yfir á mig. Ég varð strax mjög spennt fyrir sögunni," segir Hera. „Þótt alvarlegur undirtónn sé í leikritinu þá fjallar það fyrst og fremst um ástina. Í leikritinu leynist þó mikil togstreita, dramatík, jafnréttisbarátta, sorg og húmor," útskýrir Hera.

Þorvaldur Davíð, Hera og Þórey hafa nú haft verkið á milli handanna í nokkurn tíma og beðið eftir rétta tímanum til að koma því á fjalirnar. Undirbúningur er nú strangur og æfingar á fullu enda styttist í frumsýningu. „Við hlökkum mikið til," segja þau. Eftir djúpar heimspekilegar vangaveltur um loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar eru þau sammála um að ákveðin hugarfarsbreyting þurfi að eiga sér stað.

„Umræðan hefur sem betur fer aukist og meiri skilningur fólks á hættunni samfara umhverfisbreytingum," segir Andri Snær og bendir á að margt hafi breyst frá því bók hans, Draumalandið, kom út. „Vísindamenn hafa bent á að breytingarnar eru hraðari og meiri en við töldum að yrði fyrir tíu árum," segir Andri og Þorvaldur Davíð bætir við að stundum skilji fólk ekki hættuna fyrr en hún sé sjáanleg. „Vísindamaður sagði mér eitt sinn að mannsheilinn skilji ekki svona umhverfishættu fyrr en listamenn séu búnir að meðhöndla hana og setja inn í sögur, leikrit eða ljóð. Við skildum ekki sjálfstæðið fyrr en skáldin voru búin að yrkja um það," segir Andri Snær.

Hera og Þorvaldur Davíð segjast hafa haft mikið gagn af spjallinu við Andra. „Það er alltaf gott að tala við hann," segja þau. „Svo er líka skemmtilegt að tala við aðra listamenn og tengja listgreinar saman. Við erum jú öll samferða í lífinu og verðum að sætta okkur við það og reyna vinna saman í að gera heiminn betri og skilja eftir okkur aðeins betri heim fyrir komandi kynslóðir. Hver kynslóð fær jörðina að láni. Við getum ekki treyst á að halda partíinu gangandi á annarri plánetu."

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR** | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*






# JÓLA
## GJAFIR









## FYRIR SÆLKERANN





hrím

www.hrim.is



# OPIÐ
TIL 22:00
FRAM AÐ JÓLUM

















JÓLASTEMNINGIN
ER Á
LAUGAVEGINUM

@hrimhonnunarhus

## FYRIR HANA















LAUGAVEG 25 / LAUGAVEG 32 / KRINGLUNNI
S: 553-3003 / S:553-2002 / S:553-0500

# LITRÍKT SAMFÉLAG Á GRANDANUM

Úti á Granda á Fiskislóð hefur hópur hönnuða og listamanna komið sér fyrir á sameiginlegri vinnustofu, Minør Coworking. Þau blása til popup-jólamarkaðar í dag og á morgun og aftur síðustu dagana fyrir jól. Sigga Maija Sigurjónsdóttir, Íris Ann Sigurðardóttir og Ragnar Visage standa á bak við Minør vinnustofurnar.

**Ragnheiður Tryggvadóttir**
heida@365.is



„Við erum að stækka við okkur plássið í 1.000 fermetra rými en Minør Coworking hefur starfað í tvö ár. Þetta eru vinnustofur fyrir fólk í skapandi greinum. Fólk leigir sér pláss fyrir en hefur aðgang að opnu sameiginlegu vinnusvæði," útskýrir Sigga Maija Sigurjónsdóttir en hún stendur á bak við Minør ásamt Írisi Ann Sigurðardóttur og Ragnari Visage.

„Við erum þrjú á bak við Minør en Íris Ann var sú sem setti þetta í gang til að byrja með. Við Ragnar leigðum af henni og þegar eigendaskipti urðu á húsnæðinu undu hlutirnir þannig upp á sig að við fórum í þetta saman. Minør er stærri hugmynd en að fólk sé einungis að leigja sér vinnuborð og svo ekkert meir, við stefnum á samfélag," segir Sigga.

Fjórtán manns hafa leigt aðstöðu í Minør hingað til en eftir stækkunina segir Sigga að pláss verði fyrir þrjátíu og fimm manns. Á staðnum eru vélar og aðstaða til textílvinnu og þá er verið að setja upp aðstöðu fyrir silkiprent á næstunni. Aðstöðuna geta þeir sem leigja sér pláss notað en einnig geta utanaðkomandi aðilar leigt prentaðstöðuna og fengið aðstoð.

Til hliðar við vinnurýmið er sýningarsalur þar sem haldnar eru sýningar og námskeið. Sigga segir líflegt andrúmsloft á Grandanum og skemmtilega uppbyggingu á svæðinu.

„Það er ótrúlega líflegt og spennandi að vera úti á Granda núna. Við erum staðsett í gömlu fiskverkunarhúsi og fyrir neðan okkur er jógastúdíó. Hér eru vísindamenn að framleiða ensím, kvikmyndaframleiðendur og Kvikmyndaskóli Íslands og svo er verið að flaka fisk við hliðina á okkur. Grandinn er ótrúlega spennandi svæði og margar fallegar búðir hafa verið opnaðar hér. Fyrir nokkrum árum var enginn að gera sér ferð út á Granda en nú er það allt annað."




Jólamarkaður verður haldinn í dag og á morgun milli klukkan 13 og 18 og þann 22. desember frá klukkan 15 til 20 og á Þorláksmessu frá klukkan 15 til 22.

Þeir hönnuðir og listamenn sem starfa í Minør eru USEE STUDIO, ATELIER DOTTIR, FORYNJA, TANJA LEVY, IIDEM, LOKSINS/FINALLY, BY BIBI, SUNNA BEN, ÝRURARI, USEE IMPORTED, FRYGG OG FREYJA.

**Nánar má forvitnast um Minør Coworking á Facebook.**




**Íris Ann, Sigga Maija og Ragnar Visage standa á bak við Minør Coworking, vinnustofur listamanna og hönnuða að Fiskislóð 57. Jólamarkaður verður haldinn þar um helgina og dagana fyrir jól.** MYND/ANTON BRINK



**Tanja Levý.**



**USEE studio.**

» Jólamarkaður verður haldinn í dag og á morgun milli klukkan 13 og 18 og þann 22. desember frá klukkan 15 til 20 og á Þorláksmessu. frá



**Hjartarósin, FRiGG OG FREYJA.**




POTTINN Í PAKKANN

Hvenig væri að gefa sér eða þeim sem þér þykir vænt um heitan pott fyrir vorið?

Nú færðu gjafabréf hjá okkur sem gæti verið hentug leið til að koma málinu í gang eða fara alla leið.




Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.




NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# Jóladagskrá á Glerártorgi

**Opið til kl. 22:00 öll kvöld fram að jólum. 23.des.opið til kl. 23:00**

## Laugardagur 17. des.

**14:00 - 16:00**
Jólasveinar koma í
heimsókn á Glerártorg

**14:30-16:00**
Krakkamyndataka með Jólasveininum

**16:00 - 18:00**
Jólaandlitsmálun fyrir krakka

**20:00-21:00**
Félagar úr Kór Akureyrarkirkju
syngja inn jólin

**21:00 - 22:00**
Vandræðaskáldin Sesselía Ólafsdóttir
og Vilhjálmur Bragason mæta með söng
og grín eins og þeim einum er lagið

## Sunnudagur 18. des.

**14:30-15:30**
Jólasveinar koma í heimsókn á Glerártorg

**16:00**
Jóladans frá Steps Dancecenter

**20:00**
Stúlknakórinn Ísold syngur
fyrir gesti og gangandi



GLERÁRTORG
*-af lífi & sál-*



AUKIN ÞJÓNUSTA VIÐ EIGENDUR VW

- Bílson er sérhæft og vottað þjónustuverkstæði sem uppfyllir allar ströngustu kröfur Volkswagen.
- Fullkomin forgreiningarstöð þar sem greina má flest allt um ástand bílsins og gæði.

Volkswagen

Við leitumst við að vera samstíga því besta í Evrópu. Komið, sjáið og sannfærist.

bílson -VERKSTÆÐIÐ-

Kletthálsi 9 • Sími 568 1090

Kletthálsi 9 • 110 Reykjavík • Sími 568 1090 • bilson@bilson.is • bilson.is



HEIMKAUP

STÆRSTA

ÍSLENSKA NETVERSLUNIN



Yfir **25.000** vörur í einum smelli.

www.heimkaup.is | Smáratorgi 3 | 201 Kóp. | S: 550-2700



VEGG

ÍSLENSKIR VEGGLÍMMIÐAR OG GLUGGAMYNDIR

Tíminn er eins og...

Þannig týnist tíminn...

VEGG býður upp á fallegt úrval vandaðra vegglímmiða og gluggamynda. Íslensk hönnun og framleiðsla.

Finndu okkur á **www.vegg.is** og í **Jöklu**, Laugavegi 86–94 – við sendum FRÍTT um allt land!



FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:

Nettó BÓNUS




Fimm af sex listamönnum sem taka þátt í Desembergleði Gallerís Kænuvogs. Biggi Hilmars tónlistarmaður, Elli myndlistarmaður og eigandi gallerísins, Anna Þóra Karlsdóttir textíllistakona, Þorbergur Halldórsson gullsmiður og María Kjartans ljósmyndari. Á myndina vantar Eddu Bergsteinsdóttur skartgripahönnuð. MYND/VILHELM

# SOHO REYKJAVÍKUR Í VOGAHVERFINU

Í iðnaðarhverfi í Vogunum hefur byggst upp skemmtilegt samfélag listamanna. Má segja að þar sé kominn vísir að Soho-hverfi líkt og þekkist víða í borgum heimsins. **María Kjartans** ljósmyndari er einn af sex listamönnum sem býr og starfar í Kænuvogi en um helgina sameinast þeir um að halda jólagleði í **Galleríi Kænuvogi.**


**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is




„Við maðurinn minn, Biggi Hilmars tónlistarmaður, höfðum verið búsett í útlöndum í tíu ár, þegar við fluttum heim og fórum að leita okkur að húsnæði. Við höfðum meðal annars búið í alls konar rýmum í Glasgow, London og París og vissum að það hentaði okkur best að geta búið og starfað á sama stað. Við vorum síðan svo heppin að rekast óvænt á þetta rými hér í Kænuvoginum," segir María en þau Biggi áttu á þeim tíma eitt barn en eiga tvö í dag. „Einhverjum ættingjum okkar fannst þetta dálítið sérstök staðsetning fyrir barnafólk hér í miðju iðnaðarhverfi en við sáum möguleikana sem hverfið bauð upp á. Við erum í raun afar miðsvæðis hér og mjög nálægt uppeldishverfum okkar beggja í Ártúnsholti og Fossvogi," segir María sem telur Vogahverfið vera framtíðar Soho-hverfi Reykjavíkur.

María og Biggi þekktu vel til þessa búsetufyrirkomulags. „Margir af vinum okkur í London bjuggu nákvæmlega svona, í iðnaðarhverfi með öðrum listamönnum, en það er bæði skemmtilegt og gagnlegt fyrir listamenn að vera innan um aðra listamenn. Þannig fá þeir innblástur og geta sameinað krafta sína til að setja reglulega upp viðburði," lýsir María.

## HVERFIÐ FÆR SKÓLA OG LEIKSKÓLA

Hún segir ekki amalegt að vera nálægt útivistarsvæðinu í Elliðaárdal. „Þá erum við líka með afar fallegt útsýni yfir Elliðaárósinn. Þetta er því draumi líkast." María segir það sama einkenna uppbyggingu Soho-hverfa í heiminum. „Fyrsti vísir að þeim er þegar listamenn taka yfir ódýr rými í iðnaðarhverfum enda þurfa þeir bæði ódýr rými og mikið pláss. Eftir það byrja að byggjast upp gallerí, kaffihús og listalífið byrjar að blómstra innan um verksmiðjur og annan iðnað. Það verður til þess að aðrir dragast að hverfinu og það byggist upp."

Fljótlega eftir að fjölskyldan flutti inn var kynnt nýtt deiliskipulag um hverfið. „Það var dálítið skemmtilegt. Hér mun því rísa skóli, leikskóli, fullt af íbúðum, garðar og verslanir."

> Einhverjum ættingjum okkar fannst þetta dálítið sérstök staðsetning fyrir barnafólk hér í miðju iðnaðarhverfi en við sáum möguleikana sem hverfið bauð upp á. Við erum í raun afar miðsvæðis hér og mjög nálægt uppeldishverfum okkar beggja í Ártúnsholti og Fossvogi.
>
> María Kjartans

## SKEMMTILEGT SAMFÉLAG

María segir samfélagið í iðnaðarhverfinu skemmtilegt. „Hér er allt morandi í listafólki, bæði í húsinu sem við búum í og í kringum okkur í Dugguvogi, Kænuvogi og Súðarvogi. Þetta eru tónlistarmenn, málarar, rithöfundar, kvikmyndagerðarfólk og myndlistarfólk," segir María en í húsi þeirra Bigga eru langflestir íbúanna sem bæði búa þar og starfa. „Það erum við Biggi, sem er reyndar líka með stúdíó niðri á Granda, Anna Þóra Karlsdóttir textíllistakona sem býr við hliðina á okkur og er með sitt verkstæði þar. Fyrir neðan okkur er Þorbergur Halldórsson með Volcano Jewellery og Edda Bergsteinsdóttir sem er með SEB skartgripina. Þau eru með gullsmíðaverkstæði sem er eitt það flottasta á landinu. Svo er það Erlingur Valgarðsson, eða Elli málari eins og hann er kallaður. Hann nýtti stórt rými í húsinu og skipti því til helminga, er með íbúð öðrum megin og opnaði í fyrra Gallerí Kænuvog í hinum hlutanum," telur María upp. Hún telur galleríið vera fyrsta fræið að Soho Reykjavíkur.

Íbúar hússins hafa reglulega opnað stúdíóin sín fyrir almenningi, til dæmis í tengslum við Dag myndlistar og HönnunarMars. „En núna á laugardaginn ætlum við öll að sameinast í Galleríi Kænuvogi og vera þar með Desembergleði. Þá munum við sýna það nýjasta sem við erum að gera og Biggi mun taka lagið. Einnig fá allir gestir happdrættismiða en vinningarnir eru verk eftir okkur listamennina," lýsir María.

„Með þessu langar okkur að sýna að hér í hverfinu er meira að finna en pústverkstæði. Að hér sé að byggjast upp afar skemmtilegt menningarsamfélag."

**Desembergleði Gallerís Kænuvogs fer fram í dag milli klukkan 13 og 17 að Súðarvogi 48, Kænuvogsmegin. Nánar á www.facebook.com/galleryogstudio.**



Be@rbrick blind box, 990 kr. stk



Stylesnob skór, 16.990 kr.
(fást í fleiri litum)



Fuzzy kollur, 54.990 kr.



Happy Socks 1.490 kr.
(mikið úrval)



Clarks skór, 19.990 kr.



Edgar SOL lampi, 14.990 kr.
(kveikt á með snertingu)



Deepa Gurnani hárbönd, frá 4.990 kr.



McQ by Alexander McQueen, 28.990 kr.

MAIA
REYKJAVÍK




Voluspa ilmvatn, 5.990 kr.



Clarks skór, 16.990 kr.




Aquiesse kerti, 4.990 kr.



McQ by Alexander McQueen, 8.990 kr.







Comme des Garcons Ilmvötn, frá 6.990 kr.
(mikið úrval)



Aquiesse kerti, 890 kr.




Hologram Viewer, 1.490 kr.



Just Female kjóll, 8.990 kr.
(líka til svartur)



Clarks skór, 18.990 kr.




Voluspa Kerti, 3.990 kr.




Tangent lífræn sápa, 2.990 kr.



Clarks skór, 24.990 kr.

# OPIÐ TIL KL. 22 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

MAIA - LAUGAVEGI 7 - S: 5526067 - WWW.FACEBOOK.COM/MAIAREYKJAVIK



Íbúar jólaþorpsins eru voða krúttlegir.



Magna setur jólaþorpið alltaf upp fyrsta sunnudag í aðventu.




Snjókarlinn fær að vera með í jólasveinalandi enda afskaplega sætur.



Jólalegur fulltrúi jólalandsins.



Jólatrén eru líka skreytt í jólaþorpinu.



Magna er líka með jólasveinaland og þessir kallar fá að sitja uppi á hillu yfir hátíðarnar.

# JÓLAÞORPIÐ VEX MEÐ HVERJU ÁRI

Á heimili Mögnu Sveinsdóttur rís fallegt jólaþorp fyrir hver jól. Hún segir það allt hafa byrjað með litlu kirkjuþorpi sem hún keypti fyrir ein jólin í Húsasmiðjunni. Jólaþorpið er þó ekki látið duga heldur setur hún líka upp heilt jólasveinaland.




**Lilja Björk Hauksdóttir**
liljabjork@365.is



Magna Sveinsdóttir setur jólaþorpið upp um hver jól. MYNDIR/GVA

„Eftir það hef ég keypt eitt hús fyrir hver jól ásamt nokkrum fylgihlutum og þetta er útkoman. Jólaþorpið hef ég uppi á sjónvarpsskáp í sjónvarpsholinu. Kirkjuþorpið sem ég keypti fyrst er ekki lengur með í þessu jólaþorpi, það var ekkert pláss orðið fyrir það lengur svo það fær góðan stað á annarri hillu í sömu stofu. Ég reikna alveg með að gera annað jólaþorp þar því ég er svo sannarlega komin með delluna," segir Magna Sveinsdóttir markaðsfulltrúi.

## ALLIR ELSKA JÓLASTÚSSIÐ

Jólalandið er sett upp fyrsta sunnudag í aðventu og er það í umsjá Mögnu að gera það. „Það tekur ekki langan tíma því ég veit nákvæmlega hvernig ég vil hafa það. Það vogar sér enginn að reyna að breyta og færa til hlut því þá er mér að mæta," segir Magna og hlær.

Við hliðina á jólalandinu er jólasveinaland ef svo má kalla. Þar hefur Magna alls konar jólasveina. „Þar set ég einnig upp gamlar jólamyndir í ramma af börnunum mínum með jólasveinum. Þessum myndarömmum pakka ég svo niður með jóladótinu."


Af þessu má ráða að Magna sé mikið jólabarn og aðspurð játar hún það. „Ég er frekar mikið jólabarn enda fædd fjórum dögum fyrir jól. Fjölskyldan mín, maðurinn minn, börnin mín sem eru 23 og 15 ára og tengdadóttir eru það líka. Þau elska allt þetta jólastúss og vilja helst fá jólatréð upp á aðventunni með jólaþorpinu en tréð setjum við yfirleitt upp í kringum tíunda desember."

## HEFÐIRNAR Á JÓLUNUM

Eins og flestar fjölskyldur á fjölskylda Mögnu sínar jólahefðir sem hún heldur í heiðri. Ein hefðin er sú að stórfjölskyldan hittist í súpu á hádegi á aðfangadag heima hjá foreldrum Mögnu þar sem skipst er á jólapökkum. „Síðan er haldið út í kirkjugarð til látinna ættingja og kveikt á kerti. Stórfjölskyldan hittist aftur yfirleitt annan í jólum eða milli jóla og nýárs og þá er drukkið kakó og smákökur borðaðar. Þá er líka spilað, leikið og haft gaman," lýsir hún.

Auk þess fer fjölskyldan alltaf í skemmtilegan pakkaleik yfir hátíðarnar. Þá koma allir með pakka sem er settur á borð og allir setjast í kringum það. „Síðan drögum við númer og sá sem er númer eitt er fyrstur til að velja sér pakka. Hann opnar pakkann og sýnir hinum. Hann getur alltaf átt von á því að tapa innihaldi þess pakka ef einhver annar vill frekar fá það sem hann fékk heldur en að taka pakka af borðinu.

Sá sem tapar pakka fær að velja annan pakka, eða taka hjá öðrum þegar búið er að fara hringinn og komið er að honum aftur. Hann má þó ekki taka aftur pakkann sem stolið var af honum. Þessi hefð vekur ávallt mikla kátínu. Svo í lokin þá er uppljóstrað hver kom með hvaða gjöf," segir Magna í léttum dúr.




# VERKFRÆÐINGUR

Össur leitar að metnaðargjörnum, jákvæðum og skipulögðum einstaklingi til að vinna í þróunardeild fyrirtækisins. Við leitum að einstaklingi með frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og hæfni í mannlegum samskiptum.

## STARFSSVIÐ

- Þróun á nýjum vörum
- Gerð frumgerða
- Tæknileg umsjón með vörum á markaði

## HÆFNISKRÖFUR

- M.Sc. í verkfræði eða B.Sc. í tæknifræði
- Rík þjónustulund
- Mjög góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 30. desember 2016. Sótt er um starfið á vef Össurar, ossur.is/mannaudur. Athugið að velja viðeigandi starf.
Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja.
Hjá félaginu starfa um 2800 manns í 20 löndum.
Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.

WWW.OSSUR.COM



HOSTELLING INTERNATIONAL

Farfuglar er sjálfseignarstofnun sem hefur það hlutverk að styðja við sjálfbæra og ábyrga ferðamennsku og menningarlega fjölbreytni. Starfsemin hófst í frjálsum félagasamtökum 1939. Sérstaða og samkeppnisrekstur Farfugla byggir á vitund og ástríðu starfsfólks sem hefur gildin viðsýni, virðing og gestrisni að leiðarljósi. Farfuglar eru aðilar að alþjóðasamtökum Farfugla – Hostelling International – og eiga systursamtök í 80 þjóðlöndum um allan heim. Hjá Farfuglum starfa að jafnaði 70 starfsmenn á sex starfsstöðvum í Reykjavík og Borgarnesi. Einnig eru Farfuglar í samstarfi við rekstraraðila yfir 30 farfuglaheimila um allt land sem reka gistingu og aðra þjónustu undir merkjum Farfugla.

# Framkvæmdastjóri Farfugla

Stjórn Farfugla ses auglýsir starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar. Framkvæmdastjóri heyrir undir sjö manna stjórn Farfugla ses. Félagið hefur nýlega farið í mikla stefnumótunarvinnu sem nýr framkvæmdastjóri innleiðir og fylgir eftir. Framkvæmdastjóri fær til liðs við sig öflugan hóp af starfsfólki með margra ára reynslu og þekkingu.

**Helstu verkefni:**

- Ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd stefnu
- Ábyrgð á allri daglegri starfsemi og stjórnun
- Ábyrgð á rekstri
- Ábyrgð á framkvæmd ákvarðana stjórnar
- Upplýsingagjöf til stjórnar, starfsmanna og ytri aðila
- Virk þátttaka í alþjóðlegu samstarfi
- Er ábyrgur fyrir því að starfsemin sé ætíð í samræmi við gildi Farfugla

**Hæfniskröfur:**

- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar
- Þekking og reynsla af rekstri fyrirtækja
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af samningagerð
- Reynsla af rekstri á sviði ferðaþjónustu er kostur
- Reynsla af starfi með félagasamtökum eða af samfélagslegum verkefnum er kostur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem á sviði viðskipta eða rekstrar
- Gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti

**Upplýsingar veitir:**

**Sveina Berglind Jónsdóttir**
sveina@hagvangur.is

**Umsóknir óskast fylltar út á hagvangur.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 8. janúar.**

Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

HAGVANGUR SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700

# Þjónustufulltrúi TNT Hraðflutninga

TNT hraðflutningar leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum þjónustufulltrúa í fullt starf í Reykjavík.
TNT hraðflutningar er alhliða flutningsfyrirtæki sem sérhæfir sig í hraðflutningum milli landa, ásamt tengdri þjónustu.

**Helstu verkefni**
- Utanumhald um að sækja vörur erlendis og innanlands
- Svara innlendum og erlendum fyrirspurnum
- Samskipti við sölumenn
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**
- Reynsla af þjónustustörfum og/eða flutningastarfsemi æskileg
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar og vilji til að starfa í teymi
- Góð tölvukunnátta

Nánari upplýsingar veitir Héðinn Gunnarsson í netfanginu hedinn@tnt.is.
Umsóknarfrestur er til 29. desember 2016.

Umsóknum skal skilað til TNT, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík eða til hedinn@tnt.is. Nánari upplýsingar um fyrirtækið má finna á TNT.is

THE PEOPLE NETWORK

**Vegna aukinna umsvifa hjá Vélfangi leitum við eftir nýjum liðsfélaga í 50 % starf á skrifstofu félagsins í Reykjavík.**

**Helstu störf:**
Bókhaldsvinna
Útsending reikninga
Innheimta
Afstemmingar
Símsvörun og önnur tilfallandi störf

**Hæfniskröfur:**
Reynsla af bókhaldsstörfum
Reynsla í DK kostur en ekki skilyrði
Almenn tölvukunnátta
Kunnátta í ensku máli, töluðu jafnt sem rituðu
Góð mannleg samskipti ásamt gleði og kátínu


Hvetjum konur jafnt sem karla,
unga jafnt sem aldna til að sækja um.

**Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið eyjolfur@velfang.is fyrir 5. janúar 2017. Nánari upplýsingar um starfið gefur Eyjólfur í s. 580-8200**

**Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.**

VÉLFANG
Gylfaflöt 32 • 112 Reykjavík • Sími 580 8200
Frostagata 2a • 600 Akureyri • www.velfang.is

Vélfang ehf er ört vaxandi fyrirtæki á sviði landbúnaðar og vinnuvéla. Hjá fyrirtæki okkar vinna 20 samhentir og kátir starfsmenn á starfstöðvum okkar í Reykjavík og Akureyri. Vélfang leggur mikla áherslu á góða þjónustu og góð samskipti við viðskiptavini sína.
Helstu vörumerki okkar eru JCB, Claas, Fendt, Kuhn, Kverneland ofl.



LANDSPÍTALI

# FRAMKVÆMDASTJÓRI HJÚKRUNAR

*Leitað er eftir stjórnanda sem hefur brennandi áhuga á að vinna með forstjóra að því að byggja upp sterka liðsheild og að framfylgja stefnu, markmiðasetningu og framtíðarsýn Landspítala. Mikilvægt er að framkvæmdastjórinn sé kraftmikill og farsæll leiðtogi, reyndur breytingastjórnandi og þekki til straumlínustjórnunar („lean“).*

*Framkvæmdastjóri heyrir beint undir forstjóra og situr í framkvæmdastjórn spítalans. Undir framkvæmdastjóra hjúkrunar, ásamt framkvæmdastjóra lækninga, heyra gæða- og sýkingavarnadeild, vísindadeild og menntadeild.*

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Vera leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni og framkvæmd stefnu spítalans í samvinnu við forstjóra og aðra framkvæmdastjóra
- Vinna að eflingu mannauðs hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta
- Vinna að uppbyggingu kennslu- og vísindastarfs á spítalanum
- Vinna að eflingu öryggismenningar, gæðum í þjónustu og stöðugum umbótum
- Innleiða nýjungar og breytingar og stuðla að framþróun starfseminnar

## Hæfnikröfur

- Brennandi áhugi á framþróun spítalans
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfni
- Farsæl stjórnunarreynsla í heilbrigðisþjónustu
- Frumkvæði, áræðni og jákvætt viðmót
- Reynsla af þróunar- og rannsóknavinnu
- Hæfni og vilji til að líta á starfsemi spítalans sem eina heild
- Hjúkrunarfræðingur með íslenskt hjúkrunarleyfi
- Akademískt hæfi og reynsla af vísindastörfum

**Allar umsóknir eru sendar til stöðunefndar framkvæmdastjóra hjúkrunar hjá Landlæknisembættinu. Mat á umsóknum verður einnig í höndum valnefndar þar sem forstjóri Landspítala tekur virkan þátt en forstjóri tekur ákvörðun um ráðningu í starfið. Starfið er 100% starf og er veitt til 5 ára, sbr. 9.gr. laga nr. 40/2007 og stefnu Landspítala í ráðningum stjórnenda.**

**Nánari upplýsingar á vef Landspítala; www.landspitali.is/mannaudur og Starfatorgi; www.starfatorg.is. Umsóknarfrestur er til og með 16. janúar 2017**

*Landspítali er þjóðarsjúkrahús með víðtækt þjónustu,- menntunar- og vísindahlutverk. Framtíðarsýn spítalans er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Megináherslur í stefnu og starfsáætlun 2016 eru öryggismenning, þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur. Gildi Landspítala eru: Umhyggja, fagmennska, öryggi og framþróun.*

# INNKAUPAFULLTRÚI
## FYRIR BIOEFFECT HÚÐVÖRUR



ORF Líftækni hf. óskar eftir að ráða til starfa innkaupafulltrúa í framleiðsludeild BIOEFFECT ehf., dótturfyrirtæki ORF Líftækni.

**Starfssvið**

- Vinnsla og eftirfylgni við pantanir
- Samskipti við erlenda og innlenda birgja
- Samskipti við flutningsaðila
- Tollskýrslugerð og bókun reikninga
- Önnur tilfallandi verkefni

**Hæfniskröfur**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum
- Reynsla af notkun Navision
- Góð enskukunnátta
- Sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknir með ferilskrá sendist á **starf@orf.is**

**Umsóknarfrestur er til og með 31. desember 2016**

ORF Líftækni er íslenskt líftæknifyrirtæki sem framleiðir 24 tegundir frumuvaka (human growth factors) með plöntu erfðatækni, þar á meðal EGF frumuvakann (Epidermal Growth Factor). ORF Líftækni er eina félagið í heiminum í dag sem framleiðir húðvörur með þessari aðferð, en húðvörur fyrirtækisins eru framleiddar undir nafninu BIOEFFECT og eru í dag seldar í meira en 1000 lúxusverslunum í 29 löndum. ORF Líftækni hf. er ört vaxandi fyrirtæki, þar sem frumkvöðlaandi ríkir með mikla möguleika á framþróun í starfi fyrir dugmikla og áhugasama starfsmenn.

ORF LÍFTÆKNI

# MARKAÐSSTJÓRI

***Yfirumsjón með markaðsmálum Cintamani***

- Samskipti við auglýsingastofu
- Ábyrgð á markaðs- og kynningarefni
- Umsjón með undirbúningi og framkvæmd kynninga fyrir sýningar
- Undirbúningur og framkvæmd markaðsáætlana
- Þátttaka í stefnumótun

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af markaðsmálum, a.m.k. þriggja ára reynsla
- Reynsla af markaðsmálum á smásölumarkaði er kostur
- Menntun á sviði markaðsfræða er kostur
- Ástríða fyrir útivist
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sköpunargleði og mikill drifkraftur

# SÖLUSTJÓRI

***Yfirumsjón með sölumálum Cintamani***

- Ábyrgð á allri smásölu og sölu á fyrirtækjamarkaði
- Ábyrgð á söluáætlunum
- Samantekt greiningar á sölu til framkvæmdastjóra
- Undirbúningur og innleiðing nýrrar stefnu í sölumálum

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Reynsla af sölu, a.m.k. þriggja ára reynsla
- Reynsla af smásölu og/eða fyrirtækjasölu er kostur
- Menntun á sviði viðskiptafræða er kostur
- Ástríða fyrir útivist og sölumálum
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Sköpunargleði og mikill drifkraftur



**Umsóknir skulu sendar á Einar Karl framkvæmdastjóra, einarkarl@cintamani.is merkt „Markaðsstjóri" eða „Sölustjóri" fyrir 31.desember 2016. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.**

CINTAMANI
dress code iceland



# Lögfræðingur óskast til starfa hjá nefnd um eftirlit með störfum lögreglu

**Auglýst er laust til umsóknar starf lögfræðings hjá nefnd um eftirlit með störfum lögreglu. Starfshlutfall er 50% með möguleika á hækkun í allt að 100% hlutfall síðar.**

Samkvæmt lögum nr. 62/2016, um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, skal skipuð nefnd sem hafi eftirlit með störfum lögreglu. Nefndin er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem tekur til starfa 1. janúar 2017. Leitað er að lögfræðingi til starfa fyrir nefndina. Starfið felst m.a. í að skipuleggja almenn störf og verkefni nefndarinnar, skrá mál sem berast eða nefndin setur af stað að eigin frumkvæði, sjá um samskipti við málsaðila, aðstoða nefndarmenn við úrlausn mála, undirbúa fundi nefndarinnar, rita fundargerðir, vinna að framsetningu á almennum greinargerðum og tölulegum upplýsingum um viðfangsefni á starfssviði nefndarinnar o.fl.

## Menntunar- og hæfniskröfur:

- Fullnaðarnám í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi
- Mjög gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Frumkvæði og skipulagshæfni og geta til að starfa sjálfstætt, sem og í hóp
- Þjónustulund, jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

**Umsóknarfrestur er til 6. janúar 2017.**

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi til að gegna starfinu.

Umsóknum skal skila rafrænt á vefsíðu ráðuneytisins: **www.innanrikisraduneyti.is/raduneyti/storf/**

**Nánari upplýsingar veitir Guðný E. Ingadóttir mannauðsstjóri í síma 545 9000.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Laun greiðast samkvæmt kjarasamningi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins við fjármálaráðherra. Karlar jafnt sem konur eru hvött til að sækja um auglýst starf. Samkvæmt lögum nr. 62/2016 er undirbúningur ráðningar og ákvörðun um ráðningu á hendi formanns nefndar um eftirlit með störfum lögreglu.

Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má senda umsókn til ráðuneytisins að Sölvhólsgötu 7, 101 Reykjavík. Athygli er vakin á því að umsóknir munu gilda í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Innanríkisráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík
Sími 545 9000

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

# Starfsfólk óskast!

Við auglýsum eftir hressu og skemmtilegu starfsfólki í bæði hlutastörf og full störf.

**Við leitum að einstaklingum sem:**

- hafa framúrskarandi þjónustulund
- eru stundvísir, reglusamir og geta unnið undir álagi
- hafa góða færni í mannlegum samskiptum
- hafa náð 18 ára aldri

Reynsla af þjónustustörfum er mikill kostur.

Áhugasamir sendi umsókn, mynd og ferilskrá á **10-11.is/starfsumsokn**.

10-11
*Fljótlegt og þægilegt*




## SLÖKKVILIÐIÐ LEITAR AÐ LIÐSAUKA

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins (SHS) vill ráða starfsfólk til að sinna slökkvistarfi og sjúkraflutningum. Bæði er um framtíðarstörf að ræða og sumarstörf fyrir sumarið 2017. Framtíðarstarfsmenn munu fá nauðsynlega menntun og þjálfun til að geta sinnt bæði slökkvistarfi og sjúkraflutningum hjá SHS en sumarstarfsmenn þurfa að hafa starfsréttindi sem sjúkraflutningamenn. Allir starfsmenn verða að vera reiðubúnir að vinna vaktavinnu.

Við erum að leita að einstaklingum sem vilja láta gott af sér leiða og hafa áhuga á að tilheyra öflugu liði sem hefur það hlutverk að sinna útkallsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Við viljum gjarnan sjá fleiri konur í liðinu og æskilegt er að umsækjendur séu ekki eldri en 28 ára vegna kröfu um eðlilega endurnýjun í liðinu.

**Kynningarfundur** verður haldinn fyrir umsækjendur í slökkvistöðinni í Hafnarfirði þann 6. janúar kl. 17:00 og hlaupapróf (æfingapróf) fara fram í Kaplakrika 17. desember og 7., 14. og 21. janúar. Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og umsóknarferlið í heild sinni má finna á heimasíðu SHS.

**www.shs.is**
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins
Skógarhlíð 14 / S: 528-3000

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í AFGREIÐSLU

Fullt starf í boði.

Áhugasamir sæki um á netfangið ***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA.**

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

## Móttökuritari á læknastofu

Starfið felst í að taka á móti skjólstæðingum, svara í síma og vinna með tölvu og sjá um frágang gagna.

Í starfinu felst einnig frágangur og umhirða á stofunni almennt og að aðstoða við tilfallandi verkefni.

Ráðið verður í 50% starf, sem unnið er á hefðbundnum dagvinnutíma á virkum dögum.

**Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.**

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt: **„Móttökuritari"**

## ARE YOU AN EXPERIENCED WINDOW CLEANER?

**Then AÞ-Þrif is looking for you.**

You also need to be punctual and efficient, with driving license and no criminal record.

Must speak icelandic or english.

**If you are interested, please apply via www.ath-thrif.is or email: gerda@ath-thrif.is**

PROFESSIONALISM
GOOD SERVICE
HONESTY

AÞ-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

# SUMARSTÖRF Í FRÍHÖFNINNI

FRÍHÖFNIN

## EIN VINSÆLASTA VERSLUN Í FLUGSTÖÐINNI

16-3606 — HVITA HÚSIÐ / SÍA

**Fríhöfnin ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í sumarafleysingar**
Um er að ræða sumarstörf á lager og í verslunum Fríhafnarinnar á Keflavíkurflugvelli. Leitað er að þjónustulunduðum, glaðlyndum, snyrtilegum og reyklausum einstaklingum sem hafa góða samskiptahæfileika, eiga auðvelt með að nálgast fólk, hafa lipra og þægilega framkomu, eru sveigjanlegir og geta unnið undir álagi.

**Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.**

### Verslun
Starfið felst í sölu og þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins og áfyllingum í verslun.
Unnið er í vaktavinnu.

**Hæfniskröfur:**
- Góður sölumaður með ríka þjónustulund
- Reynsla af verslunarstörfum er kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

### Vöruhús
Starfið felst í almennum lagerstörfum.

**Hæfniskröfur:**
- Meirapróf og/eða lyftarapróf er æskilegt
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta
- Gott vald á íslenskri og enskri tungu

Umsækjendur þurfa að geta hafið störf um miðjan maí og starfað til ágústloka.
Umsóknum skal skilað inn rafrænt á **www.dutyfree.is/atvinna.**

**Umsóknarfrestur er til og með 22. janúar 2017.**

Fríhöfnin hefur hlotið gullmerki jafnlaunaúttektar PwC og er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Hún hefur einnig hlotið fjölda viðurkenninga síðastliðin ár, m.a. í starfsmenntamálum, fyrir að vera besta fríhöfn í Evrópu og fjölskylduvænt fyrirtæki. Stærstu vöruflokkarnir í verslunum félagsins eru áfengi, tóbak, snyrtivörur og sælgæti. Fríhöfnin hefur sett sér það markmið að vera ávallt til fyrirmyndar í jafnréttismálum og leggur áherslu á góðan starfsanda.

**www.dutyfree.is**

DUTY FREE express

DUTY FREE ICELAND

Fjársýsla ríkisins

# Fjársýsla ríkisins óskar eftir sérfræðingi á uppgjörssvið

Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins.

Fjársýslan leggur áherslu á liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi með öflugum hópi starfsmanna. Góður starfsandi, fjölskylduvænt vinnuumhverfi og að starfsfólk hafi tækifæri til að þróast í starfi er í fyrirrúmi hjá Fjársýslunni.

Nánari upplýsingar um stofnunina er að finna á www.fjs.is

Fjársýsla ríkisins auglýsir lausa stöðu sérfræðings á Uppgjörssviði. Um framtíðarstarf er að ræða í fjölbreyttu og krefjandi umhverfi. Starfið felur í sér þátttöku í innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla hjá ríkissjóði auk annarra verkefna sviðsins. Kjörið tækifæri fyrir einstakling sem vill takast á við faglegar áskoranir og spennandi framtíðarstarf.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
Þátttaka í innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla (IPSAS)
Aðstoð við ríkisaðila um bókhald, reikningsskil og afstemmingar
Samræming reikningsskila og bókhalds ríkisaðila
Mánaðar- og ársuppgjör ríkisaðila
Vinna við gerð ríkisreiknings og önnur verkefni í samráði við forstöðumann

**Hæfnikröfur**
Viðskiptafræðimenntun og framhaldsnám í reikningsskilum
Reynsla af uppgjörum og afstemmingum
Góð þekking á Excel og upplýsingatækni
Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
Góð kunnátta í íslensku og ensku
Góð samskiptahæfni

**Frekari upplýsingar um starfið**
Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur er til og með **06.01.2017**.
Sótt er um starfið rafrænt á www.starfatorg.is
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Starfshlutfall er 100%

**Nánari upplýsingar veita**
Þórir Hvanndal Ólafsson - thorir.olafsson@fjs.is- 545-7500
Pétur Ólafur Einarsson - petur.einarsson@fjs.is- 545-7500

Sunnuhlíð
Hjúkrunarheimili aldraða í Kópavogi

## Hársnyrtir

Sunnuhlíð hjúkrunarheimili óskar eftir að ráða í stöðu hársnyrtis í 60% starf til að sinna íbúum heimilins.

Menntun og hæfniskröfur:

- Starfsréttindi sem hársnyrtir
- Góð samskiptahæfni og þjónustulund
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Starfið er laust frá 1. janúar 2017

Umsóknarfrestur er til 28.12.2016.
Umsóknir skulu berast á kristinsig@sunnuhlid.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Sigurþórsdóttir, mannauðsstjóri í síma 560-4107.




VSB VERKFRÆÐISTOFA

## Tækniteiknari

VSB Verkfræðistofa óskar að ráða tækniteiknara til starfa á sviði burðarvirkja.

Starfið felst í þátttöku í hönnun burðarvirkja hverskonar mannvirkja. Starfsreynsla og þekking á AutoCAD og Revit er nauðsynleg. Frekari upplýsingar gefur Hannes Örn Jónsson (hannes@vsb.is).

Umsókn um starf með upplýsingum um menntun, hæfni og starfsreynslu óskast skilað til skrifstofu VSB eða á ofangreint netfang eigi síðar en **30. desember nk.** Fyllsta trúnaðar er gætt.

VSB Verkfræðistofa ehf. veitir fjölbreytta verkfræðilega ráðgjöf með einkunnarorðunum hagkvæmni, fagmennska og áreiðanleiki. Stofan rekur sögu sína aftur til ársins 1987 og í dag starfa þar 25 manns. Vel er búið að starfsfólki á skrifstofu VSB að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði.




## Meiraprófsbílstjóri óskast

**Aðföng leitar að meiraprófsbílstjóra í framtíðarstarf við útkeyrslu á vörum í verslanir.**

Viðkomandi þarf að hafa próf á vörubifreið með eftirvagn.
Unnið er til skiptis á dag og kvöldvöktum, með góðu vaktarfríi á milli.

Sækja skal um starfið á www.adfong.is.
Óskað er eftir að ferilskrá fylgi umsókn.

AÐFÖNG

ráðum ráðningarstofa
Ertu að leita að starfi?
RÁÐUM EHF • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

# Staða deildarstjóra hjá Rauða krossinum í Hafnarfirði og Garðabæ

**Stjórn Rauða krossins í Hafnarfirði og Garðabæ leitar að öflugum leiðtoga með góða samskiptahæfni og frumkvæði til að stýra deildinni.**

Störf deildarinnar eru fjölbreytt og snúa helst að félagslegu öryggi. Þar á meðal eru félagsstarf og heimsóknir til hælisleitenda, heimsóknavinaverkefni og margt fleira.

Deildarstjóri starfar eftir lögum Rauða krossins á Íslandi og stefnu hreyfingarinnar. Helsta starfssvið er að framfylgja áætlunum og ákvörðunum stjórnar deildarinnar og að virkja sjálfboðið starf á starfssvæði hennar.

### Starf- og ábyrgðarsvið deildarstjóra

- Daglegur rekstur deildarinnar
- Starfsmannahald
- Ábyrgð á starfsemi deildar gagnvart stjórn
- Gerð rekstraráætlunar í samstarfi við stjórn og umsjón stjórnarfunda
- Samskipti við landsskrifstofu Rauða krossins

### Helstu kröfur

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Þekking og áhugi á sjálfboðaliðastarfi og félagasamtökum æskilegur
- Reynsla af fjármálum og bókhaldi
- Stjórnunarreynsla
- Framúrskarandi samskiptahæfni og sveigjanleiki
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Lausnamiðuð hugsun og frumkvæði
- Þekking á stefnumótunarvinnu
- Gott vald á íslensku og ensku

**Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2017.**
Vinsamlegast sendið umsóknir og fyrirspurnir á **hafnarfjordur.gardabaer@redcross.is**.

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 16-3654

RAUÐI KROSSINN ÍSLANDI



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT



# LANDSPÍTALI ... LÍFLEGUR VINNUSTAÐUR!

**Rjóður**

## ÞROSKAÞJÁLFI OG SJÚKRALIÐI

*Laus eru til umsóknar störf þroskaþjálfa og sjúkraliða. Um er að ræða 60-80% starfshlutfall í hvoru starfi.*

*Rjóður er hvíldar-, hjúkrunar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik og/ eða fötluð börn. Rjóðrið er hluti af Barnaspítala Hringsins og er staðsett á lóð Landspítala í Kópavogi. Í Rjóðri starfa hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og þroskaþjálfar sem skapa heimilislegt umhverfi í samræmi við þarfir hvers og eins. Áhersla er lögð á góð samskipti og samvinnu við foreldra og systkini barnanna. Kjörorð Rjóðurs er traust, virðing og velferð.*

**Móttökugeðdeild 33A**

## SJÚKRALIÐI

*Spennandi og þroskandi starf fyrir áhugasaman sjúkraliða. Á móttökugeðdeild 33A er veitt sólarhrings þjónusta fyrir einstaklinga með alvarlegan fíkni- og geðvanda (tvígreiningu). Deildin er ein af þremur einingum fíknigeðdeildar Landspítala.*

*Þverfaglegt meðferðarteymi vinnur saman að því að greina líffræðilega, sálfræna og félagslega þætti sem stuðla að eða viðhalda báðum sjúkdómum sem og veitir viðeigandi einstaklingshæfða meðferð. Meðferðarnálgun er því fjölþætt og ræðst af þörfum og getu hvers einstaklings.*

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á HEIMASÍÐU LANDSPÍTALA;**
WWW.LANDSPITALI.IS/MANNAUDUR OG STARFATORGI; WWW.STARFATORG.IS

*Landspítali er lifandi og fjölbreyttur vinnustaður þar sem yfir 5000 manns starfa í þverfaglegum teymum og samstarfi ólíkra fagstétta. Framtíðarsýn Landspítala er að vera háskólasjúkrahús í fremstu röð þar sem sjúklingurinn er ávallt í öndvegi. Lykiláherslur í stefnu spítalans eru öryggismenning, skilvirk og vönduð þjónusta, uppbygging mannauðs og stöðugar umbætur.*

LANDSPÍTALI

UMHYGGJA • FAGMENNSKA • ÖRYGGI • FRAMÞRÓUN

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

Ef þú ert með rétta starfið
— erum við með réttu manneskjuna

capacent

www.capacent.is



# Menntasvið Kópavogs auglýsir eftir yfirsálfræðingi við leik- og grunnskóla

Yfirsálfræðingur tilheyrir Menntasviði Kópavogs og sinnir allri almennri sálfæðivinnu við leik- og grunnskóla bæjarins. Hann tekur virkan þátt í stefnumótun og málefnum er lítur að aðkomu sálfræðinga í leik- og grunnskólum. Jafnframt tekur yfirsálfræðingur þátt í þverfaglegu starfi skóla.

### Ráðningartími og starfshlutfall

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Um er að ræða 100% starf.

### Kröfur um menntun og reynslu

- Löggilding til að starfa sem sálfræðingur
- Þekking á þroska og þroskafrávikum barna
- Reynsla af greiningum og ráðgjöf vegna barna
- Leikni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði
- Reynsla af starfi sem skólasálfræðingur er æskileg

### Launakjör og nánari upplýsingar

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og Sálfræðingafélagsins.
Nánari upplýsingar veita Anna Karen Ásgeirsdóttir (**annak@kopavogur.is**) sérkennslufulltrúi og Tómas Jónsson (**tomas@kopavogur.is**) sérfræðiþjónustufulltrúi í síma 441 0000

**Umsóknarfrestur er til og með 1. janúar 2017.**
**Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.**

Einungis er hægt að sækja um starfið rafrænt á vef Kópavogsbæjar **www.kopavogur. is**

**Kópavogsbær**

kopavogur.is

---

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

# Staða sérkennslufulltrúa á skóla- og frístundasviði

Skóla- og frístundasvið auglýsir eftir sérkennslufulltrúa til að starfa á fagskrifstofu leikskólamála á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.
Fagskrifstofa leikskólamála leiðir nýbreytni og þróun leikskólastarfs í Reykjavíkurborg, annast eftirlit með starfsemi leikskóla og dagforeldra og veitir þeim ráðgjöf og stuðning.
Undir skóla- og frístundasvið heyrir rekstur leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva Reykjavíkurborgar, starfsemi Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnamiðstöð og skólahljómsveitir.

Sérkennslufulltrúi hefur umsjón með úthlutun fjármagns til sérkennslu í leikskólum og tekur þátt í stefnumótun varðandi stuðning og sérkennslu á sviðinu. Næsti yfirmaður er skrifstofustjóri fagskrifstofu leikskólamála.

**Helstu verkefni**
- Stefnumótun í sérkennslumálum leikskóla í samstarfi við yfirmann
- Umsjón með úthlutun fjármagns til sérkennslu í samstarfi við fjármálskrifstofu
- Yfirumsjón og eftirlit með sérkennslu í leikskólum
- Þátttaka í teymisvinnu á fagskrifstofu
- Samstarf við sérfræðinga skólaþjónustu þjónustumiðstöðva
- Samskipti og ráðgjöf við stjórnendur leikskóla
- Samskipti við foreldra
- Önnur verkefni sem yfirmaður felur honum

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Leikskólakennaramenntun
- Viðbótarmenntun í sérkennslufræðum
- Reynsla af leikskólastarfi og sérkennslu í leikskólum
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Skipulagshæfni og metnaður til að ná árangri í starfi
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku
- Gott vald á ensku er kostur

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. febrúar 2017, eða eftir samkomulagi. **Umsóknarfrestur er til og með 4. janúar 2017.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags stjórnenda leikskóla. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf.
Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir, skrifstofustjóri leikskólahluta fagskrifstofu, í síma 411-1111.
Netfang: ingibjorg.m.gunnlaugsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

---

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is

---

GERPLA

# Fimleikaþjálfarar, íþróttafræðingar eða verðandi íþróttafræðingar óskast

Íþróttafélagið Gerpla óskar eftir að ráða inn fimleikaþjálfara, íþróttafræðinga eða verðandi íþróttafræðinga til að kenna 1-4 ára gömlum börnum á sunnudagsmorgnum. Gerpla hefur boðið upp á þjálfun fyrir börn 3-4 ára í nokkuð mörg ár við góðan orðstír. Krílafimleikar eru fimleikamiðaður íþróttaskóli þar sem börnin mæta með foreldrum sínum til æfinga.

# Fimleikaþjálfarar í áhaldafimleika-deild karla óskast

Íþróttafélagið Gerpla óskar eftir að ráða inn fimleika-þjálfara fyrir áhaldafimleikadeild karla. Þjálfarinn þarf að hafa einhverja reynslu af fimleikaþjálfun drengja, möguleiki er á allt að 70% starfi fyrir rétta einstaklinga.
Þarf að geta hafið störf í janúar 2017.

Hjá Gerplu starfar góður samheldinn hópur af þjálfurum í stærsta fimleikafélagi landsins. Góður starfsandi, mikill metnaður og fagmennska í fyrirrúmi

Upplýsingar má fá hjá framkvæmdastjóra Gerplu, Olgu Bjarnadóttur í síma 441-8801 eða á netfangið olgab@gerpla.is

Umsóknum ásamt upplýsingum um menntun, starfs- og þjálfarareynslu skal skilað fyrir **28. desember 2016** á sama netfang.

*Stjórn íþróttafélagsins Gerplu*

---

# Bókasafns- og upplýsinga-fræðingur

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum auglýsir eftir bókasafns- og upplýsingafræðingi. Stofnunin rekur öflugt rannsóknarbókasafn á fræðasviði Árnastofnunar sem þjónar starfsmönnum og gestum stofnunarinnar.

**Helstu verkefni og ábyrgð:**
- Uppbygging og stjórnun safnkosts
- Aðföng bóka og tímarita
- Skráning og útlán í Gegni
- Þjónusta við starfsmenn og gesti
- Umsjón með lestrarsölum
- Umsjón með skjalasafni
- Umsjón með vefsíðum bókasafnsins á vef stofnunarinnar

**Hæfniskröfur:**
- MLIS-próf í bókasafns- og upplýsingafræði eða sambærileg menntun
- Skráningarheimild í Gegni
- Reynsla af skjalastjórnun æskileg
- Góð íslensku- og tungumálakunnátta og færni í mannlegum samskiptum
- Mjög góð tölvufærni
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góð skipulagshæfni, sjálfstæði og öguð vinnubrögð

**Um er að ræða fullt starf frá 1. febrúar 2017.**

Umsóknir skulu berast til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á rafrænu formi á netfangið kari.kaaber@arnastofnun.is eigi síðar en 6. janúar 2017.

Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Laun eru skv. kjarasamningum BHM og fjármála- og efna-hagsráðherra f.h. ríkissjóðs.

Við ráðningar í störf hjá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er tekið mið af jafnréttisstefnu stofnun-arinnar.

Frekari upplýsingar um stofnunina má finna á heimasíð-unni, www.arnastofnun.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólöf Benediktsdóttir (s. 525 4022, olof.benediktsdottir@arnastofnun.is).

Hraunbergsapótek
Heilbrigð skynsemi

## AFGREIÐSLUSTARF

Hraunbergsapótek óskar eftir starfsmanni í fullt starf við afgreiðslu. Starfið felst í ráðgjöf til viðskiptavina um val á vörum í verslun, afgreiðslu á kassa, afhendingu lyfja gegn lyfseðli, afgreiðslu á lausasölulyfjum og ráðgjöf um val og notkun þeirra.
Reynsla af verslunarstörfum er nauðsynleg og reynsla úr apóteki er mikill kostur.
Góð þjónustulund, hreint sakavottorð og stúdentspróf eða sambærileg menntun. Lágmarksaldur er 20 ár.

**Umsóknarfrestur er til 27.12.2016**
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið info@hraunbergsapotek.is merkt **„Afgreiðslustarf"**

## Seltjarnarnesbær

**Félagsþjónusta Seltjarnarnesbæjar óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf á Sæbraut á Seltjarnarnesi sem er íbúðakjarni fyrir fatlað fólk á aldrinum 20-40 ára.**

- **Þroskaþjálfi eða starfsmaður** með menntun á sviði félags- heilbrigðis- og/eða menntavísinda.
- **Stuðningsfulltrúi**

Nánari upplýsingar um störfin gefur Ásrún Jónsdóttir forstöðumaður í síma **8690775** eða **asrun.jonsdottir@seltjarnarnes.is**. Sjá einnig nánar um störfin á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar **www.seltjarnarnes.is – *Störf í boði***

***Umsóknarfrestur er til 29. desember næstkomandi.***

*Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.*

seltjarnarnes.is SELTJARNARNESBÆR

# Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

| Starf | Stofnun | Staður | Nr. á vef |
|---|---|---|---|
| Fagstjóri hjúkrunar | Heilsugæslan Hamraborg | Kópavogur | 201612/1615 |
| Framkvæmdastjóri hjúkrunar | Landspítali | Reykjavík | 201612/1614 |
| Iðjuþjálfi, Geðheilsu-eftirfylgd | Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins | Reykjavík | 201612/1613 |
| Verkefnisstjóri | Háskóli Íslands, starfsmannasvið | Reykjavík | 201612/1612 |
| Sviðsstjóri kennslusviðs | Háskóli Íslands | Reykjavík | 201612/1611 |
| Fjármálastjóri/skólafulltrúi | Framhaldsskólinn á Húsavík | Húsavík | 201612/1610 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Norðurlands | Akureyri | 201612/1609 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilsugæslan Garðabæ | Garðabær | 201612/1608 |
| Gæðastjóri | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Austurland | 201612/1607 |
| Sjúkraþjálfari, endurhæfingad. | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201612/1606 |
| Aðstoðarmaður í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201612/1605 |
| Hjúkrunarfræðingur | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201612/1604 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Neskaupsstað | 201612/1603 |
| Lögfræðingur | Lánasjóður íslenskra námsmanna | Reykjavík | 201612/1602 |
| Sérfræðingur á uppgjörssviði | Fjársýsla ríkisins | Reykjavík | 201612/1601 |
| Sérfræðingur, kvennadeild | Heilbrigðisstofnun Vesturlands | Akranes | 201612/1600 |
| Sérfræðingur á fjárhagssviði | Seðlabanki Íslands, bakvinnsla | Reykjavík | 201612/1599 |
| Þroskaþjálfi/sjúkraliði | Landspítali, Barnaspítali Hringsins | Kópavogur | 201612/1598 |
| Sérfræðingur, fiskeftirlit | Matvælastofnun | Vestfirðir | 201612/1597 |
| Yfirlæknir ofnæmislækninga | Landspítali, lyflækningasvið | Reykjavík | 201612/1596 |
| Húsvörður | Ríkiskaup, Rekstrarfélag Borgartúni 7 | Reykjavík | 201612/1595 |
| Sjúkraliði | Landspítali, móttökugeðdeild 33A | Reykjavík | 201612/1594 |
| Aðstoðarmaður í umönnun | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201612/1593 |
| Sjúkraliði | Heilbrigðisstofnun Austurlands | Egilsstaðir | 201612/1592 |
| Embætti héraðsdómara | Innanríkisráðuneytið | Reykjavík | 201612/1591 |

ráðum ráðningarstofa

Er verið að leita að þér?

**RÁÐUM EHF** • Vegmúla 2, 108 Reykjavík • Sími 519 6770 • radum@radum.is

ÖSSUR®
LIFE WITHOUT LIMITATIONS



# SENIOR FINANCIAL ANALYST

Össur is seeking a Senior Financial Analyst as part of it's Business Control team in the Corporate Finance function. The team is responsible for providing financial analytical support for reviewing operational performance, identifying improvement opportunities and developing business strategy. Team members work closely with senior management across the functions and business units.

## RESPONSIBILITIES

- Evaluate current and forecasted financial performance
- Identify and gather relevant information sources, internal and external
- Formulate and test hypotheses to identify profitability improvement opportunities
- Develop financial models to evaluate strategic initiatives and sharholder value created
- Develop appropriate communication documents, run workshops and present recommendations that help stakeholders make data driven decisions

## QUALIFCIATIONS

- Master´s degree (e.g. MBA, MSc. in Finance or Operation Management) or equivalent professional experience
- Strong record of academic and professional achievement
- Ability to communicate complex ideas, both verbally and in writing, in English
- Exceptional analytical and problem-solving skills
- Strong record of demonstrating leadership in a professional setting
- Basic proficiency in corporate finance topics e.g. P&L statements, ROIC, NPV and DCF analysis

Application period ends January 15th 2017.
Please apply on our website: ossur.is/mannaudur under the appropriate position.
For further information contact Human Resources tel. 515 1300.

Jafnlaunaúttekt PwC 2014

Össur is a leading global provider of non-invasive orthopaedics with 2800 employees in over 20 countries worldwide.
The core values of the company are Honesty – Frugality – Courage.

WWW.OSSUR.COM




# Laus störf hjá Kópavogsbæ

**Grunnskólar**

- **Starfsmenn í dægradvöl í Kársnesskóla**
- **Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla**

**Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.**

Kópavogsbær

kopavogur.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Rannsóknamaður í sjávarvistfræði

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða til starfa rannsóknamann á sviði uppsjávarfiska með starfsstöð í Reykjavík. Um fullt starf er að ræða og staðan heyrir undir sviðsstjóra uppsjávarlífríkis.

**Helstu verkefni**
- Gagnasöfnun í rannsóknaleiðöngrum.
- Þátttaka í rannsóknaverkefnum, gagnasöfnun og úrvinnslu sýna og gagna er tengjast uppsjávarfiskum.
- Vinna með öðrum rannsóknasviðum stofnunarinnar.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið M.Sc prófi í líffræði/vistfræði eða skyldum greinum. Reynsla af rannsóknavinnu er skilyrði og kostur ef sú reynsla er tengd fiskirannsóknum og rannsóknavinnu á sjó. Umsækjandi þarf að hafa gott vald á íslensku og ensku, bæði í ræðu og riti. Umsækjandi þarf að vera lipur í mannlegum samskiptum, skipulagi og agaður í vinnubrögðum. Þá þarf umsækjandi að sýna sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.
Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar 2016.** Umsókn óskast send á netfangið umsokn@hafogvatn.is merkt rannsóknamaður á sviði uppsjávarfiska eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá.
Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Helgadóttir mannauðsstjóri, kristin.helgadottir@hafogvatn.is og Þorsteinn Sigurðsson sviðsstjóri, uppsjávarlífríkis thorsteinn.sigurdsson@hafogvatn.is

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Rannsóknamaður í sjávarvistfræði

Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða rannsóknamann til starfa á sviði botnsjávarlífríkis. Um fullt starf er að ræða og heyrir staðan heyrir undir sviðsstjóra botnsjávarlífríkis.

**Helstu verkefni**
- Rannsóknir á fæðutengslum nytjafiska
- Rannsóknir á ungviði botnfiska
- Gagnasöfnun á sjó
- Úrvinnsla gagna og birting niðurstaðna
- Vinna með öðrum rannsóknasviðum stofnunarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið M.Sc gráðu í sjávarvistfræði eða sambærilegum greinum og hafa reynslu af rannsóknum og birtingu niðurstaðna. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á aðferðarfræði við fiskrannsóknir, fæðugreiningum og úrvinnslu slíkra gagna. Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymi.

Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.
**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar n.k.**

Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Jafnt karlar sem konur, eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Guðmundur Þórðarson , sviðsstjóri botnsjávarsviðs (gudmundur.thordarson@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Sérfræðingur í líkanagerð og stofnmati

Hafrannsóknastofnun óskar eftir sérfræðingi til starfa á sviði líkanagerðar, stofnmats og tölfræði. Um fullt starf er að ræða og heyrir staðan undir sviðsstjóra botnsjávarlífríkis.

**Helstu verkefni**
- Fjölstofnalíkön
- Stofnmat botnfiska
- Tölfræðileg úrvinnsla gagna
- Úrvinnsla gagna og birting niðurstaðna
- Vinna með öðrum rannsóknasviðum stofnunarinnar

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Umsækjendur þurfa að hafa lokið meistaragráðu í fiskifræði, tölfræði eða sambærilegum fögum og hafa reynslu af rannsóknum og birtingu niðurstaðna. Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á forritun, stofnmati og reynslu af úrvinnslu flókinna gagna. Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu. Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

Um er að ræða fullt starf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 15. janúar n.k.** Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.
Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Guðmundur Þórðarson , sviðsstjóri botnsjávarsviðs (gudmundur.thordarson@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

# VERSLUNARSTJÓRI - HALLARMÚLI

## PENNINN EYMUNDSSON

### STARFSSVIÐ

- Ábyrgð á rekstri og afkomu verslunarinnar
- Dagleg stjórnun verslunar
- Umsjón með starfsmannamálum
- Eftirfylgni með áætlunum og þátttaka í gerð þeirra
- Ábyrgð á innkaupum og framsetningu vöru
- Önnur tilfallandi verkefni

### HÆFNISKRÖFUR

- Háskólapróf sem nýtist í starfi er kostur, en ekki skilyrði
- Reynsla af stjórnun og rekstri æskileg
- Frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Sjálfstæði og sveigjanleiki
- Þjónustulund og fagleg framkoma
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hildur Halldórsdóttir, hildurh@penninn.is.

Áhugasömum er bent á að sækja um starfið á heimasíðu Pennans.

Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

# Við mönnum stöðuna

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



BitFury

## DATACENTER TECHNICIAN

**JOB DESCRIPTION:**
**Technician in Advania Mjölnir Datacenter**

This position is responsible for operations of equipment. General maintenance of the data center facilities.

- Responsible for ensuring that all equipment is operating efficiently by safely performing any repairs as needed
- Troubleshoot and assist in the maintenance of facility support systems (cooling, electrical, etc.)

**Location:** Advania Mjölnir Datacenter, located at Sjónarhóll 16, 235 Reykjanesbær, Iceland

**JOB REQUIREMENTS:**

- Working knowledge of mechanical, electrical, and life safety systems
- Computer literacy

**Please send your CV: hr@birfury.com**











**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta



365 óskar eftir góðu fólki

## SÉRFRÆÐINGUR ÓSKAST Á FJÁRMÁLASVIÐI 365

**Starfslýsing:**

Viðkomandi mun bera ábyrgð á mánaðarlegum uppgjörum, samskiptum við endurskoðendur auk annara verkefna.
Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla og þekking af bókhaldsstörfum
- Góð þekking á Navision
- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð samskiptahæfni

**Umsóknarfrestur er til 23. desember nk.**

Umsóknir skal senda á **elmar@365.is**

**Frekari upplýsingar veitir:**
Elmar H. Hallgrímsson, elmar@365.is

365 er framsækið fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem veitir lifandi og upplýsandi þjónustu við landsmenn, 365 daga ársins. 365 starfar á öllum sviðum fjölmiðlunar; sjónvarps- og útvarpsrekstri, blaðaútgáfu og vefmiðlun, auk þess að bjóða fjarskiptaþjónustu, bæði net og farsíma.

Félagið á auk þessa Midi.is sem annast miðasölu á mannfagnaði og viðburði, svo sem á leiksýningar, tónleika, kvikmyndasýningar, íþróttaleiki og fleira. Hjá 365 starfa um 410 manns.

365

## Lögmenn athugið!

Lögmenn Laugardal óska eftir samstarfi við duglegan **lögmann**. **Fasteignasöluréttindi** er kostur en ekki skilyrði. Óskað er eftir einstaklingi sem er **jákvæður**, **hugmyndaríkur** og með framúrskarandi **samskiptahæfni**.
Fyrirspurnir sendist á johann@llaw.is

LÖGMENN LAUGARDAL

---

Hraunbergsapótek
*Heilbrigð skynsemi*

## LYFJAFRÆÐINGUR

Hraunbergsapótek óskar eftir lyfjafræðingi. Vinnutími eftir samkomulagi

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í lyfjafræði og gilt starfsleyfi
- Hreint sakavottorð

**Umsóknarfrestur er til 27.12.2016.**
Umsóknir ásamt ferilskrá skulu sendar á netfangið info@hraunbergsapotek.is merkt „**Lyfjafræðingur**".
Nánari upplýsingar um starfið gefur Hjörtur, leyfishafi í síma 530 9500.

---



## Vélstjóri hjá Fjarðabyggðar-höfnum

**Laust er til umsóknar hjá Þjónustu- og framkvæmdamiðstöð Fjarðabyggðar starf vélstjóra.**

Meginviðfangsefni starfsins felast í eftirliti og umsjón með dráttarbáti og hafnarvörslu ásamt öðrum verkefnum Þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
· Vélstjórnarréttindi
· Hafngæslumannsréttindi í hafnarvernd - kostur
· Vigtarréttindi - kostur
· Bílpróf
· Góð íslensku kunnátta
· Sjálfstæði, frumkvæði og skipulagshæfni
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Áhugi á að taka þátt í teymisstarfi og umbótaverkefnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 22. desember nk.**
Skírteini til staðfestingar prófum og réttindum, auk sakavottorðs skal fylgja umsókn.

Upplýsingar um starfið veitir Sigurður Jóhannes Jónsson, forstöðumaður Þjónustu- og framkvæmdamiðstöðvar, sigurdur.j.jonsson@fjardabyggd.is, 470 9000.

Sótt er um starfið rafrænt á fjardabyggd.is undir *Laus störf.*

*Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjóifjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.*

FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is

---

VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

## Embætti skrifstofustjóra á skrifstofu félagsþjónustu

Velferðarráðuneytið auglýsir laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á skrifstofu félagsþjónustu. Um er að ræða aðra af tveimur fagskrifstofum á félagsmálasviði ráðuneytisins.

Meginhlutverk skrifstofu félagsþjónustu er að taka þátt í mótun stefnu stjórnvalda á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga, barnaverndar, málefna aldraða, fatlaðs fólks, flóttafólks og innflytjenda, jafnréttismála, húsnæðismála, þmt. Íbúðalánasjóðs, og hafa eftirlit með gæðum og öryggi þjónustunnar. Ennfremur er skrifstofunni ætlað að hafa yfirsýn yfir framkvæmd stefnu stjórnvalda og fylgja henni eftir, m.a. með gerð lagafrumvarpa, þingsályktunartillagna og reglugerða ásamt þátttöku í nefndarstörfum innanlands og erlendis. Lögð er áhersla á gott samráð og samstarf við stofnanir og samtök á málefnasviðum skrifstofunnar í þeim tilgangi að tryggja góða þjónustu og þau réttindi sem lög gera ráð fyrir.

Skrifstofustjóri stýrir og ber ábyrgð á málaflokkum sem heyra undir skrifstofuna sem og á verkefnum starfsmanna skrifstofunnar og útdeilingu þeirra. Í því felst stjórnun og rekstur skrifstofunnar, skipulagning, áætlanagerð, stefnumótun, markmiðssetning, samhæfing verkefna við stefnu ráðuneytisins og mat og ábyrgð á árangri. Jafnframt ber hann fjárhagslega ábyrgð eftir atvikum.

Um er að ræða áhugavert og fjölbreytt starf í krefjandi starfsumhverfi þar sem reynir á ögguð vinnubrögð, ábyrgð og sjálfstæði. Félags- og húsnæðismálaráðherra skipar í embættið til fimm ára og æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Yfirgripsmikil þekking og reynsla af þeim málaflokkum sem heyra undir skrifstofuna, ss. félagsmálum almennt, húsnæðismálum o.fl.
- Þekking og reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu.
- Reynsla af stjórnun og leiðtogahæfileikar.
- Metnaður og vilji til að ná árangri.
- Frumkvæði, sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni.
- Gott vald á íslensku og færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð kunnátta í ensku og a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Jákvæðni og lipurð í mannlegum samskiptum.

Sérstök hæfnisnefnd, skipuð þremur einstaklingum, mun meta hæfni umsækjenda og skila greinargerð til félags- og húsnæðismálaráðherra. Nefndin starfar skv. reglum nr. 393/2012 um ráðgefandi nefndir er meta hæfni umsækjenda um embætti við Stjórnarráð Íslands. Um embættið gilda lög nr. 115/2011 um Stjórnarráð Íslands og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Kjararáð ákvarðar laun skrifstofustjóra, sbr. lög nr. 47/2006.

Upplýsingar um starfið veita Bolli Þór Bollason, skrifstofustjóri, og Anna Lilja Gunnarsdóttir, ráðuneytisstjóri, í síma 545 8100. Ráðuneytið hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um embættið.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun og fyrri störf skulu berast velferðarráðuneytinu, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, 101 Reykjavík, eða í tölvupósti á póstfangið postur@vel.is eigi síðar en mánudaginn 9. janúar 2017. Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út, sbr. reglur nr. 464/1996, um auglýsingar á lausum störfum, með síðari breytingum.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um skipun í embættið liggur fyrir.

Velferðarráðuneytinu, 15. desember 2016.

---

## STARFSFÓLK ÓSKAST Í AFGREIÐSLU

Fullt starf í boði.

Áhugasamir sæki um á netfangið ***bjornsbakari@bjornsbakari.is*** merkt **ATVINNA.**

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

---

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Sérfræðingur til rannsókna á vistfræði fjarða

Hafrannsóknastofnun óskar eftir sérfræðingi til rannsókna á vistfræði fjarða í tengslum við uppbyggingu fiskeldis. Starfið felst m.a. í framkvæmd rannsókna á eðlis- og efnafræði fjarða og vöktun á áhrifum fiskeldis á vistkerfi fjarðanna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf eða doktorspróf æskileg.
- Menntun á sviði haffræði, umhverfisfræði eða samsvarandi með áherslu á efnafræði æskileg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu.

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð á Ísafirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar n.k.** Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is) og Héðinn Valdimarsson, sviðsstjóri umhverfissviðs (hedinn.valdimarsson@hafogvatn.is) sími 575 2000.
Jafnt karlar sem konur, eru hvött til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

---

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna

## Sérfræðingur við rannsóknir á veiðarfærum

Hafrannsóknastofnun leitar eftir sérfræðingi til starfa við rannsóknir á veiðarfærum. Starfið felst í þátttöku og skipulagningu á rannsóknar- og þróunarvinnu í veiðitækni, auk úrvinnslu gagna. Starfið er fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Meistarapróf eða hærri menntun úr rannsóknarmiðuðu háskólanámi æskileg.
- Reynsla af sjómennsku eða góð þekking á fiskveiðum æskileg.
- Góð tölfræðiþekking nauðsynleg.
- Hæfni til að vinna sjálfstætt og í teymisvinnu

Um er að ræða fullt starf með starfsstöð á Ísafirði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og viðeigandi stéttarfélags.

**Umsóknarfrestur er til og með 1. febrúar n.k.** Umsóknir með ítarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og nöfnum tveggja meðmælenda skulu sendar á póstfangið umsokn@hafogvatn.is eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Konur, jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Helgadóttir, mannauðsstjóri (kristin.helgadottir@hafogvatn.is).

Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna er stærsta rannsóknastofnun landsins á sviði haf- og vatnarannsókna og gegnir auk þess ráðgjafarhlutverki varðandi skynsamlega nýtingu og verndun auðlinda hafs og vatna. Mikill hluti starfseminnar tengist alþjóðlegu samstarfi við erlendar hafrannsóknastofnanir og háskóla. Stofnunin rekur auk aðalstöðva í Reykjavík starfsstöðvar vítt og breytt um landið, tilraunaeldisstöð, tvö rannsóknaskip og hefur að jafnaði um 170 starfsmenn í þjónustu sinni.

## Móttökuritari á læknastofu

Starfið felst í að taka á móti skjólstæðingum, svara í síma og vinna með tölvu og sjá um frágang gagna.

Í starfinu felst einnig frágangur og umhirða á stofunni almennt og að aðstoða við tilfallandi verkefni.

Ráðið verður í 50% starf, sem unnið er á hefðbundnum dagvinnutíma á virkum dögum.

**Umsóknarfrestur er til 28. desember nk.**

Umsóknir sendist á box@frett.is merkt: **„Móttökuritari"**

---

# Útboð

OR Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða Orkuveitu Reykjavíkur sef.
óskar eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

## KAUP Á BIFREIÐUM
### fyrir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur
### Útboð: ORIK-2016-15

Um er að ræða innkaup í eftirfarandi bifreiðaflokkum:

- 4x4 tengiltvinn bíll 1 stk.
- 4x4 pallbíll 3 stk.
- 4x4 sendibíll 2 stk.
- sendibíll 2 stk.
- vinnuflokkabíll með palli og krana 1 stk.

Heimilt er að skila inn tilboðum í einstaka flokka útboðsverkefnisins.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með þriðjudeginum 20.12.2016 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum „ORIK-2016-15- Kaup á bifreiðum fyrir samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur, útgefinni í desember 2016" Tilboð verða opnuð hjá Orkuveitu Reykjavíkur Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 05.01.2016 kl. 10:30.

ORIK-2016-15 17.12.2016

**Orkuveita Reykjavíkur**
Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
Fax 516 630 • Sími 516 6100
**www.or.is/um/utbod**

---

# Útboð

Veitur ohf. óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

## HITAVEITUGEYMIR
### Grafarholt, geymir 5
### Tæringarvörn og viðgerð á botni
### Útboð: VEV-2016-16

Verkið skiptist í tvo meginverkþætti sem eru annars vegar plötuskipti á hluta af botnplötum geymisins og hins vegar sandblástur og þrif á innra byrði geymisins, auk þess felst í verkinu aðstöðusköpun, svo sem opnun og lokun geymis, þrif og frágangur og umsjón með lokun og læsingu geymis utan vinnutíma þar til verkinu er lokið og geymirinn tilbúinn til vatnsfyllingar.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með þriðjudeginum 20.12.2016 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum: VEV-2016-16-Hitaveitugeymir Grafarholt, geymir 5 tæringarvörn og viðgerð á botni.

Tilboð verða opnuð hjá Veitum ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 05.01.2017 kl. 11:00.

VEV-2016-16 17.12.2016

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

VEITUR

---

# Útboð

Veitur ohf. óska eftir tilboðum í útboðsverkefnið:

## HITAVEITA FRÁ DEILDARTUNGU
### Endurnýjun aðveituæðar 2017
### Útboð: VEV-2016-17

Endurnýja skal samtals um 5 km langan kafla aðveituæðar frá Deildartungu. Verkefnið er á þremur stöðum á lagnaleiðinni, frá Læk að Urriðaá sem eru um 3,4 km, frá Laugarholti að Brún sem eru um 1,7 km og 40 metrar við Deildartunguhver. Verktaki skal fjarlægja núverandi DN 250 asbestlögn á kaflanum frá Laugarholti að Brún og við Deildartunguhver. Verktaki skal í framhaldi fjarlægja asbestlögnina á kaflanum frá Læk að Urriðaá að verki loknu.

Nýjar lagnir eru foreinangraðar stálpípur. Sverleiki nýju aðveituæðarinnar verður DN400 í Ø 560 mm. kápu á kaflanum frá Læk að Urriðaá en DN250 í Ø 400 mm. kápu á kaflanum frá Laugarholti að Brún og DN250 í Ø 450 mm. kápu við Deildartunguhver.

Útboðsgögn er hægt að sækja án greiðslu frá og með þriðjudeginum 20.12.2016 á vefsíðu Orkuveitunnar https://www.or.is/fjarmal/utbod#page-7016

Útboðsverkefninu er nánar lýst í útboðsgögnum: VEV-2016-17-Hitaveita frá Deildartungu, endurnýjun aðveituæðar 2017.

Tilboð verða opnuð hjá Veitum ohf., Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík, fimmtudaginn 05.01.2017 kl. 11:30.

VEV-2016-17 17.12.2016

Veitur ohf. • Bæjarhálsi 1 • 110 Reykjavík
516 6000 • veitur.is

VEITUR

---

MOSFELLSBÆR

## Breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 og Þingvallavegur – nýtt deiliskipulag:

### Þingvallavegur – nýtt deiliskipulag

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi Þingvallavegar.
Meginmáherslan við gerð skipulagsins er að móta og ákveða gerð umferðarmannvirkja og umhverfis þeirra með þeim hætti að stuðlað sé að auknu öryggi allra þátttakenda í umferðinni á svæðinu og ásættanlegri sambúð byggðar og vegar. Sérstaklega er hugað að öruggum gönguleiðum fyrir börn á leið í og úr skóla og ráðstöfunum til að draga úr hraðakstri.

### Breyting á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar

Samhliða gerð nýs deiliskipulags Þingvallavegar er gerð tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillaga felst í því að felldur er út reiðstígur meðfram Þingvallavegi og gerð er breyting á nokkrum tenginum við Þingvallaveg.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar Þverholti 2, frá 17. desember 2016 til og með 28.janúar 2017, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér þær og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Mosfellsbæjar á slóðinni:

**mosfellsbaer.is/skipulagsauglysingar**

Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal senda þær til skipulagsnefndar Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 270 Mosfellsbæ, eða í tölvupósti til undirritaðs eigi síðar en 28. janúar 2017.

17. desember 2016,
Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar
olafurm@mos.is

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

---

## Tillögur að breyttu deiliskipulagi í Kópavogi

### Kópavogsbraut 9-11. Nýbygging. Deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga skipulags- og byggingardeildar Umhverfissviðs að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðirnar Kópavogsbraut 9-11. Í breytingunni felst að í stað núverandi íbúðarhúsa á lóðunum komi tvö fjölbýlishús á 4 og 5 hæðum auk kjallara þar sem 5 hæðin er inndregin að hluta. Lóðirnar verða sameinaðar og verður stærð lóðar eftir breytingu 2.900 m2. Fjöldi íbúða á hinni nýju lóð Kópavogsbraut 9-11 verður 40. Miðað er við 1,3 bílastæði á íbúð alls 50 stæði þar af 40 í niðurgrafinni bílgeymslu. Hámarks byggingarmagna á lóðinni er áætlað 5.800 m2 með bílageymslu sem áætluð er 900 m2 að stærð. Hámarkshæð vegghæð byggingarreits talið frá yfirborði botnplötu 1. hæðar verður 15,5 metrar og hámarks þakhæð um 15,6 metrar. Afmörkun þess svæðis sem í gildandi deiliskipulagi Kópavogstúns sem merkt er "SKIPULAGI FRESTAÐ" breytist. Að öðru leiti er vísað í gildandi skipulagsuppdrætti og skipulagsskilmála fyrir Kópavogstún samþykkt í bæjarstjórn 8. nóvember 2005 m.s.br.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Brekkuhvarf 20. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga skipulags- og byggingardeildar að breyttu deiliskipulagi Brekkuhvarfs 20. Í breytingunni felst að lóðinni verður skipt í tvær lóðir, Brekkuhvarf 20 og 20a. Nýja lóðin, Brekkuhvarf 20a, verður 937,7 m2 að stærð. Á lóðinni verður byggingarreitur fyrir einbýlishús á einni til tveimur hæðum með hámarksnýtingarhlutfall 0,3. Heildarbyggingarmagn yrði um 220 m2, hámarksvegghæð og þakhæð byggingarreitar verður 5 m suðvesturhliðar (að götu) verður 5 m. Staðsetning bílgeymslu verður í suðvesturhluta byggingarreitar. Fyrirhuguð nýbygging rúmast að öllu leyti innan núverandi byggingarreits Brekkuhvarfs 20. Uppdráttur í mkv. 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 5. desember 2016. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á skipulags- og byggingardeild Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8:30 til 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:30 til 15:00, frá og með 22. desember 2016. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega skipulags- og byggingardeild Umhverfissviðs, Fannborg 6, 200 Kópavogi eða á skipulag@kopavogur.is eigi síðar en kl. 15:00 miðvikudaginn 25. janúar 2017.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Kópavogsbær

kopavogur.is

KULTUR-FÖRVALTNINGEN

## Menningarmálasvið Stokkhólmsborgar býður dvöl í gestabústaðnum Villa Bergshyddan í Stokkhólmi

Við dvölina gefst tækifæri til að kynnast Stokkhólmi og mynda tengsl með mögulega samvinnu í huga.
Fólk sem starfar að listum og menningu og býr í einhverri höfuðborga Norðurlanda getur fengið bústaðinn að láni í eina eða tvær vikur á árinu 2017. Dvalargjald fyrir eina viku er 1600 sænskar krónur.
Bústaðurinn er 3 herbergi og eldhús í endurbyggðu húsi frá 18. öld. Opnað var fyrir umsóknir þann **12. desember 2016** og er umsóknarfrestur til **12. febrúar 2017.**
Umsóknareyðublöð má finna hér:
http://www.stockholm.se/KulturFritid/Stod/nordiskt_kultur-samarbete/
Í umsókn skal tilgreina tilgang dvalar og óskir um dvalartíma ásamt kynningu á umsækjanda.

Nánari upplýsingar veitir Auður Halldórsdóttir verkefnastjóri skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs Reykjavíkurborgar, s. 411 6020, netf. audur.halldorsdottir@reykjavik.is og Anne-Marie Andersson hjá Stokkhólmsborg netf. anne-marie.a.andersson@stockholm.se

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Tilkynning varðandi greiðslu húsnæðisbóta og sérstaks húsnæðisstuðnings

Þann 1. janúar 2017 taka gildi lög nr. 75/2016 um húsnæðisbætur og falla þá úr gildi lög nr. 138/1997 um húsaleigubætur. Reykjavíkurborg hefur annast afgreiðslu húsaleigubóta til einstaklinga með lögheimili í Reykjavík en frá 1. janúar 2017 munu umsóknir um húsaleigubætur falla úr gildi og mun Vinnumálastofnun annast afgreiðslu húsnæðisbóta frá þeim tíma.

Umsókn um húsnæðisbætur ber því að beina til Vinnumálastofnunar til þess að geta átt rétt á greiðslu húsnæðisbóta frá 1. janúar 2017. Vakin er athygli á að umsóknarferli varðandi húsnæðisbætur hjá Vinnumálastofnum er rafrænt.

Frekari upplýsingar varðandi húsnæðisbætur má nálgast á heimasíðunni www.husbot.is og hjá Vinnumálastofnun.

## Nýjar reglur um sérstakan húsnæðisstuðning koma í stað reglna um sérstakar húsaleigubætur

Einnig er vakin athygli á því að þann 1. janúar 2017 munu ákvæði sem lúta að sérstökum húsaleigubótum í reglum um félagslegt leiguhúsnæði og sérstakar húsaleigubætur í Reykjavík falla úr gildi og í stað þeirra munu reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning taka gildi.

Samþykktar umsóknir um sérstakar húsaleigubætur munu halda gildi sínu tímabundið og greiðsla mun fara fram á grundvelli nýrra reglna. Á árinu 2017 mun velferðarsvið Reykjavíkurborgar boða umsækjendur sem eiga samþykkta umsókn um sérstakar húsaleigubætur í viðtal. Leggja skal þar fram umsókn um sérstakan húsnæðisstuðning samkvæmt nýjum reglum og kannað verður hvort umsóknin uppfylli skilyrði reglna um sérstakan húsnæðisstuðning. Eitt af skilyrðunum er að réttur umsækjanda til húsnæðisbóta hafi verið staðreyndur hjá Vinnumálastofnun.

**Reglur Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning eru aðgengilegar á heimasíðu Reykjavíkurborgar.**

**Nánari upplýsingar eru veittar hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar.**

Reykjanesbær

**Umhverfis- og skipulagssvið Reykjanesbæjar**

## ÚTBOÐ

**Reykjanesbær, óskar eftir tilboðum í verkið Fráveita leidd úr Helguvíkurhöfn 2017**

Verkið felst í uppgreftri, klapparvinnu, söndun, lagningu holræsa, þverun brimvarnargarðs og frágangsvinnu ýmiskonar.

Verk þetta skal unnið frá 1. febrúar 2017 til 1. júlí 2017

**Helstu magntölur eru eftirfarandi:**

| | | |
|---|---|---|
| Skurðgröftur | 373 | m |
| Sjóvarnargarður fjarlægður | 1.285 | m³ |
| Fleygun á klöpp | 256 | m |
| Fylling í skurði | 373 | m |
| Sjóvarnargarður endurgerður | 1.285 | m³ |
| Fráveitulagnir Ø600 | 456 | m |
| Fráveitulagnir Ø630 | 30 | m |
| Steyptar sökkur í sjó | 10 | stk |
| Steyptur lagnastokkur | 60 | m |

Útboðsgögn verða afhend á geisladisk á skrifstofu Verkfræðistofu Suðurnesja, Víkurbraut 13, 230 Reykjanesbæ.

**Tilboð verða opnuð á sama stað þriðjudaginn 10. janúar 2017, kl. 11:00**

VERKFRÆÐISTOFA SUÐURNESJA

GRINDAVÍKURBÆR

## KÖNNUN Á ÁFORMUM MARKAÐSAÐILA VARÐANDI UPPBYGGINGU FJARSKIPTA-INNVIÐA Í GRINDAVÍK

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Þórkötlustaðahverfi í Grindavík, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í Þórkötlustaðahverfi, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

**Auglýst er eftir:**

A. Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Þórkötlustaðahverfi á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

B. Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o. fl.

C. Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Þórkötlustaðahverfi sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til sviðstjóra skipulags- og umhverfissviðs á netfangið armann@grindavik.is fyrir **kl. 12:00 þann 2. janúar 2017.** Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.


Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: armann@grindavik.is

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Grindavíkurbæ né þá sem sýna verkefninu áhuga.

intellecta.is

# RÁÐNINGAR



## Áhugakönnun

**Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða**

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Fjarðabyggð, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í dreifbýli Fjarðabyggðar, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

**Auglýst er eftir:**

**A.** Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Fjarðabyggð (utan þéttbýlis) á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

**B.** Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o. fl.

**C.** Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Fjarðabyggð sem er tilbúin að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til **EFLU verkfræðistofu** á netfangið: **kristinn.hauksson@efla.is** fyrir kl. **12:00** þann **5. janúar 2017**. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á. Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: **kristinn.hauksson@efla.is**

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Fjarðabyggð, né þá sem sýna verkefninu áhuga.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

# ÚTBOÐ

**Hafnarfjarðarbær óskar eftir tilboðum í eftirfarandi verkefni.**

**Sláttur á opnum svæðum**
Verkið felur í sér slátt á opnum svæðum bæjarins samkvæmt nánari tilvísun verkkaupa, alls 69 hektarar (692.000 m$^2$). Um er að ræða manir með mismiklum halla og slétt svæði. Tilboð verða opnuð hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu þann 18. janúar 2017 kl. 10.

**Hreinsun gróðurbeða**
Verkið felur í sér hreinsun gróðurbeða meðfram stofnleiðum í Hafnarfirði. Beðin eru samtals um 4.200 m$^2$. Um er að ræða beð að mismunandi lögun og mismiklum gróðri. Tilboð verða opnuð hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu þann 18. janúar 2017 kl 10:15

**ATHUGIÐ!** Kynningarfundur vegna útboða verður haldinn á Norðurhellu 2 þann 11. janúar kl. 13:15.

Útboðsgögn verða seld hjá umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar , Norðurhellu 2, frá og með 18. desember 2016. Verð kr. 2.000,-

Nánar á **hafnarfjordur.is**

**HAFNARFJARÐARBÆR**
RÁÐHÚS HAFNARFJARÐAR
**585 5500**

HAFNARFJÖRÐUR

# ÚTBOÐ

## Ofanflóðavarnir á Eskifirði, Ljósá - varnarvirki

**ÚTBOÐ NR. 20361**

Framkvæmdasýsla ríkisins, f.h. Fjarðabyggðar kt. 470698-2099 Hafnargötu 2 Reyðarfirði, óskar eftir tilboðum í framkvæmdir við Ofanflóðavarnir á Eskifirði, Ljósá - varnarvirki. Framkvæmdin fellst í gerð ofanflóðavarna í og við farveg Ljósár á Eskifirði.

**Farvegur Ljósár** verður breikkaður og dýpkaður og botn og bakkar mótaðir með grjóthleðslum og steypu. Farvegurinn er 4 m breiður í botninn, 230 m langur og um 3 m djúpur. Hliðar farvegarins eru ýmist hlaðnar úr grjóti með fláanum 1:0,25 (=4:1) í einum eða tveimur stöllum eða steyptar.

**Steyptir leiðiveggir** verða byggðir báðum megin við efri hluta farvegar. Veggirnir verða hæstir 3,7 m háir, 30 og 40 m langir og með langhalla að jafnaði 38%.

**Steyptar brýr** verða byggðir á Strandgötu og Steinholtsveg og þarf að fjarlægja núverandi brúarmannvirki á báðum stöðum og koma fyrir hjáleiðum til að koma umferð framhjá á meðan á brúarsmíði stendur.

**Lagnir** þarf að flytja til bæði til bráðabirgða og varanlega í tengslum við framkvæmdirnar.

**Landmótun og yfirborðsfrágangur** felst í mótun svæða við skurðbakka og leiðivegg og gerð göngustíga og bílaplans ásamt nýjum grjóthleðslum og endurgerð á eldri hleðslum. Svæðið verður jafnað og þakið gróðurlagi og síðan borið á og sáð grasfræi eða þökulagt.

**Efni** til verksins fæst úr skeringum á framkvæmdasvæðinu og námum sem vísað er til í grein 1.0.6. Óvalið fyllingarefni og grjót fæst að stærstum hluta úr skeringum en sækja þarf það sem uppá vantar í námur. Safna skal öllu lífrænu jarðvegsefni saman í upphafi framkvæmdar og það síðan nýtt við yfirborðsfrágang.

Vettvangsskoðun verður haldin 5. jan. 2017 að viðstöddum fulltrúa verkkaupa.

Verkinu skal vera að fullu lokið eigi síðar en **15. júní 2018**, sjá einnig áfangadagsetningar í útboðsgögnum.

Útboðsgögn verða aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is frá og með miðvikudeginum 21. des. 2016.

Tilboðin verða opnuð hjá Ríkiskaupum þriðjudaginn 17. jan. 2017 kl. 14:00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

**Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is**

# Áhugakönnun

**Könnun á áformum markaðsaðila varðandi uppbyggingu fjarskiptainnviða**

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Langanesbyggð, sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í dreifbýli Langanesbyggðar, til boða að tengjast ljósleiðaranum. Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

**Auglýst er eftir:**

**A.** Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Langanesbyggð (utan þéttbýlis) á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.

**B.** Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o. fl.

**C.** Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Langanesbyggð sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til **EFLU verkfræðistofu** á netfangið: **kristinn.hauksson@efla. is** fyrir kl. **12:00** þann **5. janúar 2017**. Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á. Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: **kristinn.hauksson@efla.is**

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Langanesbyggð, né þá sem sýna verkefninu áhuga.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA
+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is




# ÚTBOÐ

## HÖNNUNARÚTBOÐ

### VEGNA HÖNNUNAR NÝRRAR SKRIFSTOFUBYGGINGAR FYRIR BYGGÐASTOFNUN Á SAUÐÁRKRÓKI

**ÚTBOÐ NR. 20481**

Framkvæmdasýsla ríkisins (FSR), f.h. Byggðastofnunar, hér eftir nefndur verkkaupi, auglýsir eftir hönnuðum til að taka þátt í hönnunarútboði vegna nýs skrifstofuhúsnæðis Byggðastofnunar á Sauðárkróki. Hér er um að ræða hönnunarútboð þar sem þátttakendur verða valdir með tilliti til hæfni og reynslu að hönnun mannvirkis og lóðar. Leitað er að hönnunarteymi, sem getur tekið að sér að hanna skrifstofubygginguna, samkvæmt kröfu og þarfalýsingu sem er hluti af útboðsgögnum.

Útboðsgögnum þessum er ætlað að kynna umfang hönnunarútboðsins, tímaáætlun og kröfur til bjóðenda. Í hönnunarútboðinu verður viðhaft tveggja umslaga kerfi, þar sem annars vegar verða gefin stig fyrir hæfni og reynslu og hins vegar fyrir verðtilboð. Gert er ráð fyrir að vægi þessara tveggja þátta verði 60% hæfni og 40% verð. Að loknu útboði verður samið við eitt hönnunarteymi.

Allur kostnaður við þátttöku í þessu hönnunarútboði er á kostnað og ábyrgð þátttakenda. Verkkaupi áskilur sér rétt til að víkja í einhverjum atriðum frá ákvæðum hönnunarútboðsgagna. Hér er átt við að upp getur komið nauðsyn á minni háttar aðlögun eða þróun, en grunnforsendum og hugmyndafræði verður ekki breytt. Byggðastofnun hefur valið lóð á Sauðarkróki fyrir bygginguna, Sauðármýri 2. Deiliskipulag er til fyrir lóðina og er samþykkt deiliskipulag hluti af skilyrðum hönnunarútboðsins. Deiliskipulag er fylgiskjal kröfu og þarfalýsingu. Fyrirhugað er að byggingin verði um 900 fermetrar. Tímaáætlun frumathugunar gerir ráð fyrir 6 mánuðum í fullnaðarhönnun til útboðs.

**Útboðsgögnin verða aðgengilega á heimasíðu ríkiskaupa www.ríkiskaup.is, þriðjudaginn 20. desember 2016.**

Fyrirspurnir varðandi útboð nr. 20481 skulu sendar á netfangið **utbod@rikiskaup.is** eigi síðar en 3. janúar 2017, kl. 14:00. Fyrirspurnin skal merkt: "Útboðsfulltrúi Ríkiskaupa", útboð nr. 20481. Fyrirspurnir og svör við þeim, ásamt hugsanlegum breytingum á útboðsgögnum, verða einungis birt á vefsíðu Ríkiskaupa, www.rikiskaup.is, eigi síðar en 6. janúar 2017.

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í hönnunarútboði þessu skulu leggja fram þátttökutilkynningu og öll önnur umbeðin gögn samkvæmt leiðbeiningu í útboðsgögnum, í lokuðu umslagi til Ríkiskaupa að Borgartúni 7C, Reykjavík, þannig merktu:

***Ríkiskaup***
***Útboð nr.20481***
***BYGGÐASTOFNUN – ÚTBOÐ***
***Nafn ábyrgðaraðila umsóknar***

Umsóknum skal skila til Ríkiskaupa fyrir kl. 10:00, þriðjudaginn 10. Janúar 2017.

**Sjá þessa og aðrar útboðstilkynningar á utbodsvefur.is**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

byr fasteignasala


**Soffía Theodórsdóttir**
Lögg. fasteignasali
gsm: 776 5800


**Dríf a Þrastardóttir**
Lögg. fasteignasali
gsm: 663 8600

Austurmörk 4, Hveragerði • s. 483 5800 • byrfasteign.is

**Spennandi tækifæri í Hveragerði**

**Höfum fengið í sölu veitingastaðinn Kjöt og Kúnst. Veitingastaðurinn og húsnæðið selst saman.**




Veitingastaðurinn er staðsettur við aðalgötu Hveragerðis og er tengdur hverasvæðinu sem er ein af ferðamannaperlum landsins. Kjöt og Kúnst er kaffishús og veitingastaður sem sérhæfir sig í hveraeldun og bakstri. Utandyra eru tvö hveraeldhús og sæti fyrir 60 manns, innandyra er leyfi fyrir 100 manns í sæti (möguleiki á stækkun, teikningar liggja fyrir).

Staðurinn hefur sérstöðu á heimsvísu en hveraeldunin sem bæði á sér stað innan sem utandyra, hefur vakið heimsathygli hjá ýmsum sjónvarpsstöðvum víða um heim, youtube.com og google.com undir hveraeldun og hverabakstur.

**Nánari upplýsingar er að fá í síma 776 5800 og á byrfasteign.is**








# Atvinnuhúsnæði til leigu

**Eyjarslóð 9 - 130 m²**

Góð 130 fermetra efri hæð án milliveggja, auðvelt að stúka af herbergi, stofu, eldhús og vinnuaðstöðu. Salernisaðstaða er á staðnum. Rýmið er laust og afhendist við undirritun leigusamnings.

Verð er kr. 260 þús. á mánuði. (ekki er innheimtur vsk.)

**Eyjarslóð 9 - 210 m²**

Björt og opin 210 fm efri hæð án milliveggja með mikilli lofthæð, góðri aðkomu og miklu útsýni. Rýmið er laust og afhendist við undirritun leigusamnings. Búið er að stúka af eldhús- og salernisaðstöðu.

Verð er kr. 480 þús. á mánuði, ekki er innheimtur vsk.

Möguleiki á eitthvað lægri leigu fyrstu mánuðina á meðan leigutaki er að koma sér fyrir.

Síminn okkar er 515 4500 og netfangið nyhofn@nyhofnfasteignir.is

Lárus Ómarsson | **löggiltur fasteignasali**

nýhöfn FASTEIGNASALA

Nýhöfn fasteignasala | Borgartúni 25 | 105 Reykjavík | Sími 515 4500 | www.nyhofn.is

## Tvær glæsilegar íbúðir í Úlfarsárdal

### 4ra herb. ný íbúð við Friggjarbrunn í Úlfarsárdal




Stórglæsileg 4ra herb. 104 fm íbúð með 8,6 fm suður svölum. Komið er inn í rúmgott andyri með skáp. Herbergi með skápum, eldhús með parketi á gólfi það er opið inní stofu, flísalagt baðherbergi með innréttingu, sturtu og glugga, á baðinu er líka innrétting fyrir þvottarvél og þurrkara. Svefnherbergisgangur með tveimur rúmgóðum herbergjum. Geymsla er í kjallara og sameiginleg hjólageymsla. Bílastæði í opinni bílageymslu. Um er að ræða glæsilega og vandaða fullbúna íbúð. **Verð.41,9 milj. Íbúðin er til afhendingar strax. Heiðar Friðjónsson lögg. fast í s: 693-3356 eða á heidar@valholl.is, sýnir eignirnar um helgina, pantið skoðun hjá Heiðari.**

### 3ja herb. ný íbúð við Skyggnisbraut í Úlfarsárdal




Glæsileg 3ja herb. 92 fm íbúð með suður svölum, tveimur herbergjum með skápum, rúmgóðu eldhúsi sem er opið inní stofu, flísalögðu baðherbergi með innréttingu og sturtu, á baðinu er líka innrétting fyrir þvottarvél og þurrkara, í þeirri innréttingu er skolvaskur. Geymsla er innan íbúðar og rúmgott andyri með skáp. Magnað útsýni er úr eigninni. Íbúðinni fylgir stæði í opinni bílageymslu. Um er að ræða glæsilega og vandaða fullbúna íbúð. **Verð.39,9 milj. Íbúðin er til afhendingar strax.**
**Heiðar Friðjónsson lögg. fast í s: 693-3356 eða á heidar@valholl.is, sýnir eignirnar um helgina, pantið skoðun hjá Heiðari.**

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðumúla 27, S: 588-4477

2015 Framúrskarandi fyrirtæki

Félag Fasteignasala



Heiðar Friðjónsson lögg. fast.sali s: 693 3356

FOLD FASTEIGNASALA
*Laugavegur 170 • Sími: 552 1400*
*www.fold.is • fold@fold.is*



**Viðar Böðvarsson** viðskiptafr. og lögg. fast.
**Gústaf A. Björnsson** lögg. fast.
**Kristín Pétursdóttir** lögg. fast.
**Rakel Viðarsdóttir** viðskiptalögfr.

### Ferjubakki 8, 3ja m/verönd
**OPIÐ HÚS LAU 17/12 KL. 12-12:30**




Ferjubakki 8, 109 Reykjavík, 1.hæð til hægri. 3ja herbergja 80,4 fm íbúð ásamt 9 fm geymslu, samtals 89,4 fm. Íbúðinni fylgir sér verönd m/skjólgirðingu út frá stofu. Tvö stór svefnherbergi m/skápum. Parket og dúkur á gólfum. Tengi fyrir þvottavél og þurrkara inná baði. Gott innra skipulag. **Verð 29,9 millj.**
**Opið hús í dag, laugardag 17/12 kl. 12-12:30, verið velkomin.**

### Jöklafold 37, 3ja herb.
**OPIÐ HÚS LAU 17/12 KL. 13-13:30**




Jöklafold 37, jarðhæð: Einstaklega vönduð og vel með farin 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérverönd og afgirtum sérgarði á rólegum stað í Foldunum. Gólfefni eru parket og flísar. Tvö svefnherbergi og fataherbergi. Baðherbergi með baðkari og sturtuklefa.
**Verð 36,9 millj. Opið hús í dag, laugardag frá kl. 13-13:30, verið velkomin.**

### Hringbraut, 101 Rvk
**2JA-3JA HERBERGJA ÍBÚÐ**



Rúmlega 72 fm. ágæt íbúð á 1. hæð í fjölbýli á frábærum stað í námunda við Háskóla Íslands og miðborgina, í risi fylgir herbergi með aðgang að snyrtingu. Nýleg ástandsskýrsla um ytra byrði hússins liggur fyrir. Íbúðin er laus við kaupsamning. Bókið skoðun eftir helgi hjá sölumönnum Foldar.
**Verð 29,9 millj.**

*Óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls komandi árs*

GLÆSILEGT JÓLAHAPPDRÆTTI Í VERSLUNINNI!
Drögum út á hverjum sunnudegi fram að jólum og svo aðalvinninginn á Þorláksmessu - meðal vinninga eru:
- Flug fyrir 2 með **WOW air**
- Gjafabréf frá **Fosshótel**
- Gjafapoki frá **Laugar Spa** og **World Class**
- LED snyrtispeglar og djúphreinsiburstar frá **Eirberg**
- Súkkulaðibrunnur frá **Húsasmiðjunni**
- Gjafabréf frá **Hamborgarafabrikkunni**
- Gjafabréf frá **Trimform Berglindar**
- **Lady Million** ilmvatn

**FRÁBÆR** jólatilboð
**20-70%**
afsláttur af **völdum vörum!**

Stærðir
**36-56**

# NÝ OG SPENNANDI JÓLATILBOÐ!

**Glæsilegur sparifatnaður** í öllum stærðum á frábæru verði

ZIK ZAK
TÍSKUHÚS


































Tískuhús Zik Zak • www.Facebook.com/zikzakkringlan • 1. hæð Kringlunnar • Sími: 551-1314







Elsa keypti rytjulegt jólatré og sagaði af því neðstu greinarnar. Þannig varð til fínasta jólaskreyting fyrir Swarovski-stjörnurnar hennar sem hún hefur safnað í gegnum árin. MYND/ANTON

# SWAROVSKI-TRÉ Í STOFU STENDUR

**Elsa Jensdóttir** á fjölmargar Swarovski-jólastjörnur sem hún hefur fengið að gjöf í gegnum árin. Hún ákvað í ár að búa til sérstaka jólaskreytingu til þess að leyfa stjörnunum að njóta sín sem best.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Elsa Jensdóttir

„Tengdamóðir mín hefur selt þessar Swarovski-stjörnur í verslun sinni, Tékk Kristal í tuttugu og fimm ár en ein slík kemur út á hverju ári. Hún hefur verið dugleg að gefa mér slíka stjörnur og á ég orðið nokkuð safn af þeim," segir Elsa. Hún hefur þó verið í vandræðum með hvað hún eigi að gera við stjörnurnar um jólin. „Ég hef ekki viljað setja þær á jólatréð hjá okkur því það er svona týpískt barnvænt með jólaskrauti úr öllum áttum, jólakúlum, dúkkum og öllu mögulegu," segir hún og brosir.

Elsa fékk því þá hugmynd að búa til sérstaka jólaskreytingu undir stjörnurnar. „Hugmyndina að því að nota tré fékk ég í Bo Bedre. Þar sá ég mynd af lerki í mjóum vasa sem mér fannst flott. Við maðurinn minn áttum svona háan vasa sem hann kom með í búið á sínum tíma og þetta var því tilvalið. Þar sem ekki er hægt að fá lerki hér datt mér í hug að kaupa bara jólatré og saga af því neðstu greinarnar," segir Elsa sem segir lítið mál að snyrta tréð til. „Það tók ekki nema tíu mínútur." Greinarnar sem féllu til nýtti Elsa síðan til að búa til skreytingar á leiði og því fór ekkert til spillis.



Ný jólastjarna kemur í verslunina á hverju ári.

Eftir þetta var eftirleikurinn auðveldur, tréð var skreytt með jólaseríu og stjörnunum fallegu og nú skreytir Swarovski-tréð stofuna. Elsa tók mynd af trénu og setti á Facebook. Hvernig leist fólki á? „Fólki fannst þetta mjög spes, sumir voru ekkert hrifnir en öðrum fannst þetta flott," segir hún og hlær.

# Gefðu veiðimanninum gjöf sem nýtist.



**Loop Primaloft Jakkar**
Verð 35.900 kr.



**Patagonia Vöðlujakkar**
Verð frá 34.900 kr.



**Patagonia Nano Puff**
Verð 29.900 kr.



**Einarsson**
Íslensk fluguveiðihjól.
Verð frá 66.500 kr.



**Korkers Vöðluskór**
Með útskiptanlegum sólum.
Verð frá 36.900 kr.



**Loop Fluguveiðihjól**
Áreiðanleg og endingargóð.
Verð frá 15.900 kr.



**Loop Undirfatnaður**
Verð frá 9.900 kr.



**Loop Hettubolur**
Verð 13.990 kr.



**Loop Ullarsokkar**
Verð frá 3.790 kr.



**Fluguveiðistangir**
frá Loop, Guideline og Echo.
Verð frá 19.900 kr.

Mikið úrval af
**töskum í veiðina**
Verð frá 8.900 kr.



Opið til kl. 21:00 öll kvöld
fram til jóla.

Veiðiflugur - sérverslun fluguveiðimannsins
Langholtsvegi 111
s: 527-1060

Veiðiflugur
FISHINGFLIES

# FULLT AF HÆFILEIKARÍKU FÓLKI

Flestir af fremstu myndasöguhöfundum landsins munu kynna og selja verk sín á Hlemmur Square í dag. Íslenski myndasöguheimurinn fer ört stækkandi og er fullur af hæfileikaríku fólki enda hefur útgáfan aldrei verið blómlegri.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is





Fjórir af þátttakendum í KOMMIK KON 2016, f.v.: Hlíf Una Bárudóttir, Andri Kjartan Andersen, Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir sem einnig skipuleggur viðburðinn og Sunna Sigurðardóttir. MYND/VILHELM

KOMMIK KON 2016 myndasögumarkaðurinn verður haldinn á jarðhæð hótelsins Hlemmur Square í dag milli kl. 14 og 18. Þar munu flestir fremstu myndasöguhöfundar landsins kynna og selja verk sín auk þess sem þeir munu svara fyrirspurnum gesta á pallborði.

Að sögn Þóreyjar Mjallhvítar H. Ómarsdóttur, skipuleggjanda myndasögumarkaðarins, er KOMMIK KON fyrsta tilraunin hér á landi til að safna saman íslenskum myndasöguhöfundum á einn stað þar sem sögur eru bæði seldar en líka kynntar með pallborðsumræðum. „Það verður mjög afslöppuð stemming hér í dag hjá hópnum. Við verðum með borð með verkum okkar yfir daginn en dagskráin verður einnig brotin upp með kynningum á höfundunum. Svo er „happy hour“ á barnum allan daginn og boðið verður upp á jólaglögg.“




MYND/SANDRA RÓS BJÖRNSDÓTTIR


### ÖRT STÆKKANDI GREIN

Nafnið KOMMIK KON er ættað frá enska nafninu Comic convention eða Comic con segir Þórey. „Í dag eru haldin ógrynni af svona „Comic conventions“ um allan heim. Fólk mætir þangað í búningum, fer á fyrirlestra, sækir pallborðsumræður, kaupir bækur og gerir sér almennt glaðan dag. Við vonum að þetta sé bara fyrsta af mörgum íslenskum Kommik kon-um. Íslenski myndasöguheimurinn fer ört stækkandi og er fullur af hæfileikaríku fólki. Ég man ekki til þess að hafa séð eins margar íslenskar myndasögur á markaðinum eins og fást í dag.“

Auk þess að skipuleggja viðburðinn tekur hún sjálf þátt í dag en hún er höfundur myndasögunnar Ormhildarsögu. Auk hennar verða eftirtaldir höfundar með: Andri Kjartan Andersen, Bjarni Hinriksson, Björn Heimir Önundarson, Halldór Baldursson, Héðinn Finnsson, Hlíf Una Bárudóttir, Hugleikur Dagsson, Karítas Gunnarsdóttir, Lóa Hjálmtýsdóttir, Pétur Atli Antonsson, Sandra Rós Björnsdóttir og Sunna Sigurðardóttir.

Kommik Kon myndasögumarkaðurinn verður haldinn á Hlemmur Square, Laugavegi 105 í Reykjavík, í dag frá kl. 14-18. Þeim sem ætla að kaupa bækur er bent á að koma með seðla þar sem óvíst er hvort allir listamenn hafi posa. Ókeypis er inn og nánari upplýsingar má finna á Facebook (kommik kon 2016).












Þrettán myndasöguhöfundar, bæði ungir og eldri kempur, taka þátt í KOMMIK KON í dag á Hlemmur Square og kynna ný og nýleg verk sína.

## DRAUMURINN AÐ GEFA ÚT BÆKUR

**Andri Kjartan Andersen** hefur unnið í myndasögum frá því hann fékk sína fyrstu skissubók um tólf ára aldurinn en draumur hans hefur alltaf verið að gefa út eigin bækur. Honum finnst íslenska myndasögusenan vera jafn fjölbreytt og hún er tóm. „Það hafa ýmsar útgáfur komið út seinustu áratugi en það hefur sjaldan verið stöðugleiki á þeim. Núna er myndasögusprenging í aðsigi enda fleiri og fleiri metnaðarfullar myndasögur að koma út hérlendis.“

Í dag mun hann kynna fyrstu bók sína sem ber nafnið Draumóri: Martröð í Draumóra. „Á næsta ári mun ég gefa út Draumóra bók 2 og 3, í framhaldi af því er svo bara að demba sér í næstu sögu.“

## STERKARA AÐ TEIKNA HLUTINA

Frá því **Sunna Sigurðardóttir** var átta ára gömul hefur hún skrifað samviskusamlega í dagbók. Frá upphafi fannst henni oft sterkara að teikna hlutina í formi skýringamynda til þess að ná settum áhrifum í frásögninni. Á unglingsárunum hóf hún að teikna litlar bíógrafíumyndasögur í stað dagbókarinnar enda orðið mjög hallærislegt þá og meira „leyndó“ en nokkurn tíma fyrr að hennar sögn.

Í dag kynnir hún glænýja bók sína sem ber heitið SAGA og er ljóðræn myndasaga án orða og texta. „Hún er lágstemmd en segir mikla sögu sem ætti að höfða til flest allra (óháð tungumáli) sem hafa lifað einhver árin. Um leið ætla ég að bjóða til sölu handgerða bók-lettu ásamt sérvöldum prentuðum myndum.

## SEGIR HVERSDAGSLEGAR SÖGUR

**Hlíf Una Bárudóttir** segir sorglega stutt síðan hún uppgötvaði myndasögur. Hún kláraði tveggja ára diplómanám í teikningu síðasta sumar og segist þar hafa áttað sig á hversu þröngar og einsleitar hugmyndir hún hafði. „Áður tengdi ég bara vöðvastælta fola, mittisgrannar gellur og ofurkrafta við myndasögur. Eins og liggur í orðinu, myndasaga, þá er þetta saga sögð í myndum. Sögurnar sem kalla til mín og mig langar að segja eru hversdagslegar og fjalla um venjulegt fólk með mannlega skapgerð.“

> Íslenski myndasöguheimurinn fer ört stækkandi og er fullur af hæfileikaríku fólki. Ég man ekki til þess að hafa séð eins marga íslenskar myndasögur á markaðinum eins og fást í dag.
>
> Þórey Mjallhvít H. Ómarsdóttir

Í dag ætlar hún að sýna plaköt með erótískum eldhúsörsögum. „Mér finnst oft að megnið af sjónrænu efni sem snýr að nekt og kynlífi sýni bara eina tegund af fólki og oftar en ekki í klámfengnu, köldu og ruddalegu ljósi. Mig langar að sýna alls konar fólk, fólk sem er ástleitið, elskulegt, vinalegt, nautnafullt, kjánalegt og fyndið. Rétta umhverfið er að sjálfsögðu hjarta heimilisins, eldhúsið! Nautnir lífsins haldast í hendur og það er hægt að stytta biðina eftir kökunni í ofninum á svo skemmtilegan hátt.“

# MYCONCEPTSTORE

## FALLEGAR JÓLAGJAFIR




Plötuspilari
Verð frá 29.900,-



Rains regnfatnaður
Verð frá 12.800,-



Hnettir
Verð frá 5.900,-



Úr frá
Verð frá 16.900,-



Fallegar töskur frá
Sandquist




Marshall hátalarar
Verð frá 39.900,-



Loftbelgir
Verð frá 4.900,-




Úrval
af
ljósmyndabókum



Loðkragar frá
14.900,-



Úr frá Briston
Verð frá 33.900,-



Skartgripir í miklu úrvali



Rains Töskur
Verð frá 12.900,-



Glerbox frá
Verð frá 5.900,-

## MYCONCEPTSTORE

Verslun: Laugavegur 45 / Sími: 519 66 99 / Vefverslun: www.myconceptstore.is

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ

*smaar@frettabladid.is / visir.is*

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá **8-17**


Allar smáauglýsingar vikunnar á **visir.is**

## BÍLAR & FARARTÆKI

100 bílar bílasala 100bilar.is



Jeep Grand Cherokee Overland, 7/2014, ek 41 þús km, dísel, ssjk, mjög flottur og vel búinn bíll, tilboðsverð 8.950 þús, er á staðnum, raðnr 152579.




Malt & Appelsín kippa og pakki af Mackintosh Quality Street fyrir þá sem skrá bílinn sinn á sölu hjá okkur í desember. Mikil sala- vantar bíla á skrá.

**100 bílar ehf**
**Stekkjarbakki 4, 109 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18 virka daga &**
**laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Land cruiser 120 vx. Árgerð 2008, ekinn 192 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.350.000. Rnr.991702. Tilboð kr: 3.950.000,-




VOLVO S60 disel. Árgerð 2013, ekinn 86 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.590.000. Rnr.320386.



MERCEDES-BENZ B 200 cdi 4matic. Árgerð 2015, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.992110. 2 ára ábyrgð.

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



HYUNDAI I30. Árgerð 2015, ekinn 33 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.320020



FORD Escape xlt choice 4wd. Árgerð 2006, ekinn 100 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.190.000. Rnr.142102. Tilboð kr: 1.050.000,-



KIA Sportage EX 4wd x-tra. Árgerð 2015, ekinn 44 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.290.000. Rnr.991794. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.


**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

bíll.is
bestir í bílum...



HYUNDAI Ix35 ponorama. Árgerð 2015, ekinn 67 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.106868.

**Bíll.is**
**Malarhöfði 2, 110 Rvk.**
**Sími: 577 3777**
**www.bill.is**




BILO.is HÖFÐAHÖLLIN



AUDI A5 SPORTBACK 2,0TDI nýskr. 02/2011, ekinn 154 Þ.km, dísel, sjálfskiptur, leður, aukafelgur. Verð 4.390.000 kr. Raðnr. 255845 á BILO.is s. 771-8900



AUDI Q7 3.0 TDI QUATTRO S-LINE nýskr. 07/2008, ekinn 142 Þ.kmM, diesel, sjálfskiptur, 7 manna. Verð 4.390.000 kr. Raðnr. 287901 á BILO.is s. 771-8900



RENAULT TRAFIC nýskr. 08/2009, ekinn 129 Þ.km, dísel, beinskiptur. Verð 1.590.000 kr. + vsk. Raðnr. 255866 á BILO.is s. 771-8900

BILO.is HÖFÐAHÖLLIN



M.BENZ C 220D AVANTGARDE 09/2015, ekinn 8 Þ.km, diesel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000 kr. Raðnr. 255217 á BILO.is s. 771-8900



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 09/2011, ekinn 99 Þ.km, dísel, 5 gíra. Verð 2.150.000 kr. Raðnr.255875 á BILO.is s:771-8900



SKODA OCTAVIA AMBIENTE COMBI 4X4 nýskr. 02/2008, ekinn 225 Þ.km, diesel, 6 gírar. TILBOÐ AÐEINS 999.000 kr. Raðnr. 255700 á BILO.is s:771-8900

**Höfðahöllin**
**Funahöfða 1, 110 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.bilo.is**


KIA | Ábyrgð fylgir!



**Kia Rio EX**
Árgerð 4/2015, ekinn 40 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 3.8 l/100 km.
Raðnúmer: 992055
**2.390.000 kr.**
19.700 kr. á mánuði*



**Kia Soul EX**
Árgerð 12/2015, ekinn 27 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,2 l/100 km.
Raðnúmer: 170228
**3.290.000 kr.**
27.000 kr. á mánuði*



**Kia cee'd LX**
Árgerð 4/2015, ekinn 42 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2/100 km.
Raðnúmer: 320327
**2.490.000 kr.**
20.400 kr. á mánuði*



**Kia cee'd LX**
Árgerð 4/2015, ekinn 36 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla frá 4,2 l/100km.
Raðnúmer: 992057
**2.490.000 kr.**
20.400 kr. á mánuði*



**Kia Sorento Luxury**
Árgerð 4/2015, ekinn 73 þús. km, dísil, 2.199 cc, 197 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.
Raðnúmer: 320354
**5.690.000 kr.**
47.000 kr. á mánuði*



**Kia Sorento Luxury**
Árgerð 4/2015, ekinn 36 þús. km, dísil, 2.199 cc, 197 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 6,7 l/100 km.
Raðnúmer: 290464
**6.490.000 kr.**
54.100 kr. á mánuði*



**Kia Sportage X-TRA 4WD**
Árgerð 5/2015, ekinn 44 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, beinskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.
Raðnúmer: 991794
**4.890.000 kr.**
40.200 kr. á mánuði*



**Kia Sportage Luxury 4WD**
Árgerð 5/2015, ekinn 84 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla frá 5,9 l/100 km.
Raðnúmer: 992080
**4.290.000 kr.**
35.800 kr. á mánuði*

*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalán í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%.
Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR**
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

**Opnunartímar:**
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## ÞJÓNUSTA

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is




**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi**
**smidskraftur@gmail.com**

Smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í síma 869 1698.

## Spádómar

**SÁ SÍMASPÁ Í**
**S. 844 6845 / 462 4564**
Frá kl. 14:00. Spái í spil og bolla. Leiðb. Geymið auglýsinguna. Er á facebook: SÁ

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## KEYPT & SELT


## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

HUMARSALAN

SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI
Heimsending. www.humarsalan.is
Pöntunarsími: 8676677




## til sölu

GLUGGA GERÐIN

Gamli glugginn úr, nýi glugginn í ...svo einfalt er það

Nýsmíði á gluggum og hurðum, ásamt ísetningum og viðhaldi.

Hafðu samband og við metum ástandið.

Súðarvogur 5 • Sími 566-6630 • gluggagerdin@gluggagerdin.is

Vinnuvélar

**Nú er tíminn!**

Nú er rétti tíminn til að huga að golfbílakaupum.




Club Car

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf • Kistumel 2 • 116 Reykjavík • Sími 480 0444 • vinnuvelar@vinnuvelar.is
www.vinnuvelar.is

KOMDU OG PRÓFAÐU!

# Góð kaup!

bill.is
Malarhöfða 2
Sími 5773777
www.bill.is




**RENAULT Trafic minibus**
**Verð: 3.990.000**
Árgerð: 2014 | Dísel
Ekinn: 65þ.km. | 6 gírar
Rnr. 302062



**RENAULT Kangoo express**
**Verð: 1.850.000**
Árgerð: 2015 | Dísel
Ekinn: 17þ.km. | 5 gírar
Rnr. 107286




**HYUNDAI Tucson premium**
**Verð: 6.390.000**
Árgerð: 2016 | Dísel
Ekinn: 0þ.km. | Sjálfskiptur
Rnr. 260029




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

Kjörið skógræktarland 5 hektarar á Suðurlandi til sölu. Vatn, vegur og rafmagn. Á sama stað 35fm sumarhús til flutnings og 10 gamlar dráttavélar til uppgerðar. uppl.s. 8656560

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Hljóðfæri




**JÓLAGJÖF HARMONIKULEIKARANNS**

Nýjar og notaðar HARMONIKUR Polar, ólar, yfirbreyðslur og harmonikur fyrir börn og fl. Sjá heimasíðu: egtonar.is Hafið samband í síma 660 1648 og 824 7610 EG TÓNAR

## Verslun




## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

## HEIMILIÐ

## Barnavörur




**VAGNSTYKKI, KERRUSTYKKI OG SKIPTITASKA**

Verð frá kr. 99.900. Barnið Okkar Hlíðasmára 4, 201 Kóp. Barnidokkar.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**

Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

GINGER

**GINGER**

óskar eftir starfsfólki á dagvaktir alla virka daga í Reykjavík og í Keflavík. Unnið er frá 9:00-17:00 og 11:00-15:00.

Ef þú ert orðinn 18 ára og vilt vinna á góðum og skemmtilegum stað sendu þá ferilskrá á brynja@ginger.is

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 6633239

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina
Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is
"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

Leikir helgarinnar:
Laugardaginn 17. des
12:20 Crystal Palace - Chelsea
17:20 WBA - Man. United
Sunnudaginn 18. des
15:50 Man. City - Arsenal




Hljómsveitin TRAP frá Ísafirði
Rúnar Þór, Örn Jóns, Rúnar Vilbergsson, Reynir Guðmundsson og Kristján Hermanns, spila um helgina.

Gullnáman
Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn

# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

Öryggismyndavél fyrir sumarbústað og heimili.
Tekur venjulegt GSM SIM kort,
Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
SMS og MMS viðvörun í síma og netfang.
Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Getur tengst blikkljósi og sírenu. Stýrist með appi.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

Snyrti & nuddstofan Smart
Kirkjulundi 19 • 210 Garðabæ
Frábær opnunartilboð í gangi hjá okkur núna!
Kíkjið á facebook síðu okkar:
facebook.com/snyrti og nuddstofan smart
Verið hjartanlega velkomin.
Tímapantanir í síma 789 3031 eða helgasig2@gmail.com
og á Facebook.com/snyrti og nuddstofan smart

JÓLA JÓLA JÓLA!
Hringdu og pantaðu pláss fyrir þitt fyrirtæki.
Sími 512 5407
Þjónustuauglýsingar alla fimmtudaga í Fréttablaðinu

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist
Parketlagnir og viðhald

viftur.is
Viftur • Blikkrör • Aukahlutir
ishúsið
S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, 200 Kópavogur

EYJALIND
GRAMMER
Sæti og varahlutir í
- Lyftara
- Vinnuvélar
- Vörubíla
- Báta
Vertu vinur okkar á Facebook
Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

# patagonia®

## á USA verði til áramóta



Nano Puff jakki herra 22.900 kr.



Nano Puff jakki dömu 22.900 kr.



Nano Puff Bivy dömu 27.900 kr.



Down Sweater vesti herra 22.990 kr.

### Patagonia Nano Air fyrir fjallabröltara




100% nælon ripstop skel 60g Fullrange™ einangrun.
Fullkomið mið- og ytra lag 37.990 kr.



Refugitive GoreTex jakki herra 62.990 kr.



Nano Puff jakki dömu 29.900 kr.



Patagonia R2 peysa 19.900 kr.



Down Sweater vesti dömu 22.990 kr.



Everyday leggings herra 10.790 kr.



Oasis hálfrennd dömu 15.490 kr.



Everyday hálfrennd dömu 12.490 kr.



Oasis Crewe síðerma dömu 13.790 kr.



Tech Lite stutterma dömu 9.990 kr.



Siren Tank hlírabolur dömu 7.990 kr.



Stutterma bolur herra 9.990 kr.

## icebreaker® MERINO



Oasis leggings dömu 12.790 kr.



Everyday leggings dömu 10.790 kr.




Síðerma herra frá 10.790 kr.

100% Merino ull
Bolir, húfur, jakkar, sokkar, vettlingar, leggings, nærföt



Oasis Admiral hálfrenndur herra 15.490 kr.



Everyday hálfrenndur dömu 12.490 kr.

Opið til kl. 18 í dag laugardag
og til kl. 16 á morgun sunnud.

Smiðjuvegur 8, Græn gata
200 Kópvogi, sími: 571 1020
www.ggsport.is

GG·sport

„Finndu okkur á Facebook"

GG-sport BONUS BYKO



Gunnar V. Andrésson
gva@365.is
ljósmyndari

# Man ég þá er hátíð var í bæ

Undirbúningur jólanna nær senn hæsta snúningi. **Gunnar V. Andrésson**, ljósmyndari Fréttablaðsins, dró fram nokkrar aðventumyndir frá fyrri árum fyrir okkur að skoða. Sumt virðist lítið breytast en aðrir siðir sýnast horfnir fyrir fullt og allt.



**Jólasveinarnir sprellfjörugu sem búa í Esju létu sig ekki vanta á Austurvöll þegar kveikt var á Óslóartrénu í miklu mannhafi í árið 1989. Jón Sigurðsson stóð líka vaktina að venju.**



**Í höfuðstað Íslands voru engin jól án jólaöls. Nokkrum dögum áður en hátíðin gekk í garð árið 1978 dúkkuðu borgarbúar upp með öll nothæf ílát og stilltu sér upp í biðröð hjá Ölgerð Egils Skallagrímssonar í Þverholtinu.**



**Háir og lágir gerðu jólainnkaup á aðventunni 1978. Það gilti líka um forseta Íslands. Kristján Eldjárn og eiginkona hans, Halldóra Ingólfsdóttir, röltu um Austurstrætið, kíktu í búðarglugga og brostu við blaðaljósmyndara.**



**Rjúpnaskyttur nútímans teljast heppnar að rata heim með sjálfar sig úr veiðinni. Árið 1993 var veiðin frjálsari og magnveiðimenn skiluðu þúsundum fugla á jólaborð landsmanna. Snorri Jóhannesson, bóndi á Augastöðum í Borgarfirði, skaut sér til tekna í Okinu og var með 800 rjúpur í bílskúrnum.**



**Haukur Morthens, ástsælasti söngvari þjóðarinnar í áratugi, mætti í upptökusal í Sjónvarpinu í desemberbyrjun 1981 þar sem tekinn var upp jólaþáttur fyrir börnin og alla aðra sem horfðu með. Hér sést Haukur undirbúa sig fyrir næstu töku.**

NAUTALUNDIR OG HRYGGUR Á

# DÚNDURVERÐI

OG JÓLAVÖRUR Í ÚRVALI



NAUTALUNDIR ERLENDAR
Verð aðeins
3.499
Kr. kg.



GOÐA HRYGGUR FROSINN
Verð aðeins
1.499
Kr. kg.
Verð áður 1.999 kr. kg




OPIÐ 24 TÍMA

Jólagottið er í Iceland



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

Jólareikningur Netgíró

**Þú borgar jólainnkaupin 1. febrúar 2017**

Netgíró
Kynntu þér jólareikning Netgíró á www.netgiro.is

Þú borgar aðeins 195 kr. tilkynningar- og greiðslugjald
(ef fjárhæð er yfir 3.000 kr., annars 0 kr.) og 3,95% lántökugjald.


















# Okkar **mestu** gersemar



Við erum eitt púsl í stóru púsluspili, segir **Margrét Hallgrímsdóttir** þjóðminjavörður sem telur mikilvægt fyrir Íslendinga að þekkja menningararf sinn. Innan safnsins er að finna hundruð þúsunda muna.

**Kristjana Björg Guðbrandsdóttir**
kristjana@frettabladid.is



Margrét Hallgrímsdóttir tók við embætti þjóðminjavarðar um aldamótin 2000 þegar hugað var að framtíðarhlutverki Þjóðminjasafnsins. Hlutverk Þjóðminjasafns Íslands á nýrri öld, s.s. varðveisla, rannsóknir og miðlun safnkostsins, hefur verið henni hugleikið og nú hefur verið gefin út vegleg og ríkulega myndskreytt bók þar sem hún greinir frá sögu safnsins, viðfangsefnum þess og sýn. Í henni fjallar hún um hinn fjölbreytta menningararf, þjóðminjarnar, sem safnið geymir.

„Tilefnið fyrir útgáfu bókarinnar er 150 ára afmæli safnsins 2013," segir Margrét en segist líka hafa fengið áskoranir um að það væri mikilvægt að miðla þeirri sýn sem safnið starfaði eftir í dag. „Við leggjum áherslu á að ná til sem flestra, helst allra í samfélaginu, og hafa mótandi áhrif í samfélaginu. Fyrir utan það höfum við einnig lagalega skyldu til að miðla menningararfinum. Við viljum gera fólki kleift að nálgast menningararf okkar með sem bestum hætti. Kynna heildina og þá hugsun sem býr að baki starfsemi Þjóðminjasafnsins sem starfar á grundvelli laga og alþjóðlegra siðareglna. Þessarar fornu en síungu stofnunar sem má segja að margar helstu menningarstofnanir hér á landi eigi svolítið rætur sínar í," segir Margrét frá.

Innan safnsins er að finna hundruð þúsunda muna. Forngripi sem hafa fundist í jörðu, tækniminjar, fjölmarga kirkjugripi og listmuni, já, gersemar og þarfaþing hvers konar sem endurspegla líf fólks í gegnum aldirnar.

Margréti finnst fjölbreytileikinn skemmtilegt einkenni safnkostsins. „Mér finnst samhengi fjölbreytileika minjanna heillandi. Við erum að varðveita hús og húsaþyrpingar, torfhús sem eru einstök í alþjóðlegu samhengi. Við eigum líka hluti sem tengjast lífi fólks og myndir sem auðga enn frekar þessar heimildir. Þjóðminjasafnið snýst alltaf um líf fólks, líf fólks í fortíðinni, líf fólks í samtímanum og það sem við ætlum að gefa til komandi kynslóða. Það sem mér finnst heillandi við menningararfinn og þjóðminjar er einmitt þetta heimildargildi um mannlífið og fjölbreytileika þess," segir Margrét og leggur áherslu á að þá eigi hún við allar hliðar mannslífsins. „Konur og karla, börn og fullorðna, fólk af öllum stéttum og stigum, bæði alþýðuna og þá sem voru í forsvari. Hreinar heimildir um mannlíf fólks eru dýrmætar," segir hún.

Margrét segir mikilvægt að Íslendingar geri sér betur grein fyrir því hversu ríkir þeir eru af menningararfi sínum. „Mér finnst stundum að við þyrftum að gera okkur betur grein fyrir því hvað við eigum í menningararfinum og hvernig hann endurspeglar sögu okkar og líf. Líka hvernig samfélag okkar hefur þróast í samspili við aðrar þjóðir. Stundum finnst mér örla á því, til dæmis í samhengi við ferðaþjónustuna, að við sýnum okkar eigin sögu og menningararfi ekki nægilegan áhuga og virðingu," segir Margrét.

„Við erum að taka á móti gestum og ferðamönnum og höfum heilmikið fram að færa, sterkar minningar þess að sjá það sem er einstakt eða sérstakt. Við eigum því að hlúa að gæðum og sanngildi, að bjóða gestum að sjá það sem er raunverulegt, okkar eigin sögu og mannlíf og náttúru. Það á einnig við okkur sem hér búum, við erum líka ferðamenn í okkar landi og annars staðar. Og við eigum að rækta mannlífið í samtímanum til þess að við séum áhugaverðari að heimsækja en ekki að vera að setja á svið, við freistumst stundum til þess. Okkar raunverulega menning og náttúra er það sem veitir erlendum gestum hughrif og hugmyndir. Við þurfum ekkert að afsaka okkur," bætir hún við.

„Að þekkja menningararfinn er líka mikilvægt fyrir okkur sjálf, sem manneskjur og samfélag. Þannig auðgum við mannlífið og samfélagið almennt á hverjum tíma. Að þekkja sinn eigin menningararf gerir okkur víðsýnni og eykur skilning. Það er forsenda þess að við getum sett okkur í spor annarra og að við áttum okkur á því hvar við stöndum í alþjóðlegu samhengi. Það er í þágu allra. Þess vegna stöndum við í safninu fyrir víðsýni og viljum hafa áhrif í samfélagi samtímans ekki síður en varðveita og rannsaka heimildir um liðinn tíma. Það er hlutverk safna á nýrri öld. Þjóðminjarnar eru auður í samtímanum, söfnin fjalla ekki bara um fólk liðins tíma heldur starfa ekki síður fyrir fólk okkar tíma, og tilheyra alþjóðasamfélaginu. Við erum eitt púsl í stóru púsluspili. Við þurfum að bera ábyrgð á því, ekki bara gagnvart okkur heldur líka umheiminum," bendir Margrét á.

Á safninu er fjöldi muna frá samtímanum, til að mynda er þar að finna sundurbarða sælgætisdós sem barið var á í búsáhaldabyltingunni. „Nýjustu gripirnir eru jarðfundnir. Svo sem sverðið sem vakti athygli í vetur. Þá get ég nefnt sem dæmi að við varðveittum Machintosh-dollurnar úr búsáhaldabyltingunni, með djúpum förum í, og margt fleira tengt hruninu. Við reynum alltaf að hafa puttana á púlsinum. Nýlega bættist til dæmis við sumarhús Einars Jónssonar myndhöggvara sem nú tilheyrir húsasafni Þjóðminjasafns. Það er alltaf eitthvað spennandi að bætast í safnið," segir Margrét.

„Þá er síaukin áhersla á að stofnanir taki höndum saman til þess að ná enn betur að miðla arfinum, eins og við gerðum við helstu menningarstofnanir okkar í Safnahúsinu við Hverfisgötu þar sem nú er sýning á helstu þjóðargersemum sex stofnana. Það sýndi skýrar þráð okkar sjónræna menningararfs sem endurspeglast í forngripum, listaverkum, handritum, skjölum og náttúrugripum."

Rannsóknir hafa verið mikilvægur þáttur í starfi Þjóðminjasafnsins allt frá stofnun. „Rannsóknarstarfið er fjölþætt, það getur tengst forvörslu, skrásetningu, fornleifafræði, sagnfræði, listfræði og þjóðfræði. Þjóðminjasafnið er nú skilgreint sem háskólastofnun og er í virku samstarfi við Háskóla Íslands sem felur í sér spennandi þróun starfseminnar. Rannsóknir eru einn grunnþátturinn í starfi safnsins og varða mikilvægi þess að heimildirnar veiti menntun, nýja þekkingu og skilning. Það er okkar að leggja til þekkingu til að kalla fram nýjan skilning. Miðlunin skiptir miklu máli í því sambandi og útgáfa safnsins," segir hún.

Margrét segir starfið skapandi. „Þjóðminjastofnun snertir við þúsundum manns á hverju ári. Stofnunin lifir og hrærist með samfélaginu. Það koma sífellt fleiri gestir hingað, fjölgun ferðamanna er mikil og maður finnur bara hvað þeir kunna vel að meta sýningar safnsins. Þar starfar frábær hópur starfsfólks og það einkennir rúmlega 150 ára sögu safnsins, enda er bókin tileinkuð öllu þessu fólki."



**„Það sem mér finnst heillandi við menningararfinn og þjóðminjar er einmitt þetta heimildargildi um mannlífið og fjölbreytileika þess," segir Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VIÐ VARÐVEITTUM MACHINTOSH-DOLLURNAR ÚR BÚSÁHALDABYLTINGUNNI, MEÐ DJÚPUM FÖRUM Í.**

★★★★

**„... persónulegra verk en fyrri skáldverk höfundarins.“**

KRISTJÁN HRAFN GUÐMUNDSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

**„Vel skrifaðar, einlægar og lauslega tengdar sögur mynda sterka heildarmynd.“**

MAGNÚS GUÐMUNDSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

**„... einlægt smásagnasafn sem enginn ætti að láta framhjá sér fara.“**

JÓHANNA MARÍA EINARSDÓTTIR / DV

**„... mögnuð og afar áhrifamikil ... Við erum rík þjóð að eiga höfund eins og Andra Snæ.“**

GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR / VIKAN

**„Andri leyfir sér að vera mjög einlægur og tilfinningasamur og það fer honum vel.“**

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

**„Allar sögurnar vel byggðar og vel skrifaðar.“**

EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN







LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Opið um helgina 11–19 | **www.forlagid.is**



# *Á barmi fjórðu* iðnbyltingarinnar

Netverslunarrisinn **Amazon** boðar byltingu í smásölu með því að útrýma greiðslukassanum og þar með milljónum starfa. Hugmyndir Amazon eru aðeins brotabrot af flóknu púsli fjórðu iðnbyltingarinnar.

Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@365.is



Í dag stöndum við á barmi fjórðu iðnbyltingarinnar.“ Þetta ritaði Klaus Schwab, stofnandi og stjórnandi Alþjóðaefnahagsþingsins í janúar á þessu ári. Forsendur þessarar byltingar, að mati Schwabs, eru hraðar og sögulegar framfarir á mismunandi sviðum. Hann nefnir sérstaklega erfðavísindi, gervigreind, vélfærafræði, örtækni og líftækni, en sviðin eru auðvitað fleiri. Nú, rúmlega 200 árum eftir að endurbætur James Watts á gufuvélinni leiddu til fyrstu iðnbyltingarinnar, verksmiðja og fjöldaframleiðslu, eru þessar flóknu og oft torkennilegu greinar hávísindanna farnar að tengjast og sameinast. „Þetta mun leggja grundvöllinn fyrir víðfeðma og svo altæka byltingu að annað eins höfum við aldrei séð.“

Í formála sínum að skýrslu Alþjóðaefnahagsþingsins um framtíðarmynd vinnumarkaðarins er Schwab greinilega uppnuminn í ljósi þeirra miklu framfara sem hafa átt sér stað á undanförnum árum, en um leið uggandi yfir þeim áhrifum sem fjórða iðnbyltingin (stafræn-efnisleg kerfi, internet hlutanna, tölvuskýið, gagnagnótt o.fl.) kemur til með hafa á þjóðir, fyrirtæki og einstaklinga, sem sofa værum blundi meðan framtíðin knýr dyra.

### Amazon á þröskuldinum

Amazon Go, ný verslun afþreyingar- og netverslunarrisans Amazon, hóf starfsemi í Seattle á dögunum. Sem stendur er verslunin aðeins opin starfsmönnum Amazon. Þar geta verslunargestir stungið hinu og þessu í vasann og gengið út án þess að greiða fyrir vöruna á staðnum. Enginn kassi, engar raðir. Fljótlega fá viðskiptavinir meldingu um að tiltekin upphæð hafi verið tekin af Amazon-reikningi þeirra.

Það þarf samverkandi þætti gervigreindar, skynjunartækni og tölvusjóntækni til að gera þetta kleift. Þetta er ekki ósvipað þeirri tækni sem gerir sjálfakandi bílum kleift að komast heilu og höldnu milli staða.

Þó svo að verslunin í Seattle sé tilraunaverkefni, þá ætlar Amazon sér stóra hluti með Amazon Go. Hugmyndir fyrirtækisins boða ákveðna áskorun sem aðilar í smásölu og verslunarfólk þarf að horfast í augu við. Samkvæmt Hagstofu Íslands unnu 42.200 manns við þjónustu og verslun árið 2015. Um fimm milljónir manna vinna í smásölu í Bandaríkjunum. Verði Amazon Go að útbreiddu fyrirbæri þýðir það meiriháttar uppstokkun og breytingar hjá gífurlegum fjölda fólks.

Hugmyndafræðin bak við Amazon Go hefur á sama tíma víða skírskotun og tengist því sem haft var eftir Schwab hér að framan. Amazon Go er ágæt táknmynd fyrir þær miklu og hröðu breytingar sem sjálfvirkni og deilihagkerfið boða fyrir fjölmargar stéttir. Við stöndum sannarlega á barmi byltingar og aðlögunarfresturinn styttist.

Yngvi Björnsson, doktor í tölvunarfræði og forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík, tekur í sama streng og Schwab. Hann bendir á að það sé nákvæmlega ekkert nýtt við það að tækniframfarir raski þjóðfélagsgerðinni, innreið fjórðu iðnbyltingarinnar sé hins vegar á öðrum forsendum.

„Það verður alltaf þjóðfélagsleg sundrun þegar breytingarnar eru að ganga í gegn,“ segir Yngvi. „En það eru sumir sem halda því fram að málum sé öðruvísi háttað núna. Núna tekur það svo skamman tíma fyrir nýja tækni að verða útbreidd að við höfum ekki endilega sama svigrúm og áður til að endurmennta vinnuaflið.“

**MEÐ FRAMFÖRUM FJÖLGAR ÁVALLT TÆKIFÆRUM.**



Yngvi Björnsson, doktor í tölvunarfræði og forseti tölvunarfræðideildar Háskólans í Reyjavík

### Vinnuaflið tapar samningsstöðunni

Fjórða iðnbyltingin vegur ekki aðeins að grundvelli láglaunastarfa og geira þar sem menntunarstigið er lágt. Tölvur geta nú tekið að sér störf sem hingað til hafa krafist ákveðinnar sérþekkingar. Þekking sem lengi hefur aðeins verið talin á færi mannanna. Lögfræði er eitt af þessum sviðum. Sumar lögmannsstofur nýta sér nýstárlega tækni sem sameinar gagnagnótt og gervigreind til að gera venjubundna lögfræðivinnu sjálfvirka. Gervigreind sem byggir á grunni Watsons frá IBM er þegar í notkun og veður á hverjum degi í gegnum þúsundir dómsskjala í leit að viðeigandi upplýsingum fyrir tiltekið mál. Ofur-skilvirk gagnasöfnun sem þessi og gervigreind sem greinir og sigtar út mikilvægar upplýsingar geta hæglega ráðið úrslitum í dómssal. Svo virðist sem engin stétt sé óhult.

Því miður er engin regla í þessum efnum. Tilteknar tækniframfarir geta útrýmt störfum, meðan aðrar skapa störf. Í upphafi 20. aldarinnar unnu 40 prósent af vinnuafli Bandaríkjanna í landbúnaði. Tvö prósent gera það í dag. Þegar hraðbankar voru kynntir til leiks í Bandaríkjunum á sjötta áratug síðustu aldar óttuðust margir að dagar gjaldkera væru taldir. Þvert á móti hefur gjaldkerum fjölgað síðan þá.

„Í sjálfvirknivæðingu fjórðu iðnbyltingarinnar eru það þekkingarstörfin sem eru undir. Rútína einkennir mörg þekkingarstörf og gervigreindin er komin á það stig núna að tölvur eru farnar að sinna þeim jafn vel og sérfræðingarnir,“ segir Yngvi. „Það hægir ekkert á þessu. Þessi bylting kemur til með að eiga sér stað og við þurfum að undirbúa okkur eins vel og við mögulega getum, því það verða miklar þjóðfélagslegar raskanir, efnahagslegar og samfélagslegar.“

Yngvi bendir á að öldum saman hafi skapandi tæknigeiri, gnægð fjármagns og hraust vinnuafl myndað grunn farsælla samfélaga. Hætta er á að vinnuaflið tapi samningsstöðu sinni í yfirvofandi breytingum og að misskipting auðs aukist enn frekar. Það blasir ekki flókin sviðsmynd við í þessum efnum þegar fyrirtæki eins og Amazon, Uber, Walmart og fleiri eru annars vegar. Starfsfólki fækkar og auðurinn færist á færri og færri hendur.

„Mögulega er þetta stærsta áskorunin, hvernig við breytum samfélagsmyndinni þannig að við getum deilt þessum auði á sanngjarnan hátt,“ segir Yngvi.

### Tækifæri í breyttu ástandi

Stóra spurningin hlýtur að vera hvernig samfélag mannanna tekst á við þessar breytingar. Sé þessari spurningu ekki svarað fljótlega blasir við örkumlandi atvinnuleysi og aukin misskipting undir skugga meiriháttar tækniframfara. Það var niðurstaða Alþjóðaefnahagsþingsins að ríki og fyrirtæki verði að taka höndum saman í endurmenntun vinnuaflsins og undirbúa nýjar kynslóðir fyrir breytta tíma í gegnum menntakerfið. „Vandamálið er að við vitum ekki hvaða störf krakkarnir okkar koma til með að vinna, þessu störf eru ekki til í dag,“ segir Yngvi.

Yngvi horfir til þess sem gerir manneskjuna svo einstaka. Að lögð verði áhersla á það sem gerir okkur frábrugðin vélunum (sem stendur, að minnsta kosti) og að menntakerfið leggi áherslu á þessa þætti. „Að menntakerfið innleiði ákveðin gildi, með áherslu á samskipti, sköpun og gagnrýna hugsun. Þetta eru allt hlutir sem tölvurnar standa okkur langt að baki í,“ segir Yngvi. „Allir geta haft það betra. Framleiðnin verður meiri, en hvað við gerum með auðinn, það er stóra spurningin. Með framförum fjölgar ávallt tækifærum.

## Iðnbyltingarnar




## Meginstoðir fjórðu iðnbyltingarinnar

**Stafræn-efnisleg kerfi** (cyber-physical)
Vélbúnaður sem stjórnað er af tölvu (algrími) með tengingu við netið og notendur þess. Sjálfkeyrandi bílar, orkunet, iðnstýring o.fl.





**Internet hlutanna** (IoT)
Nettengd tæki af öllum toga sem safna og skiptast á upplýsingum. Allt frá eldhústækjum og umferðarljósum til snjallsíma.

**50×4G**

**Gagnagnótt** (Big data)
Gagnamagn heimsins fimmtíufaldast á allra næstu árum. Gagnagnótt vísar til þess hvernig stofnanir og fyrirtæki hagnýta og halda utan um þessi gögn.



**Tölvuský** (Cloud-computing)
Gögn geymd á netþjóni, ekki hörðu drifi. Hægt að nálgast upplýsingar hvar og hvenær sem er á leifturhraða.




markhönnun ehf

nettó

# JÓLABÓKIN Á FRÁBÆRU VERÐI Í NETTÓ




ÞJÓÐMINJAR
**9.424 KR**




KALDAL
**9.749 KR**




BANGSI LITLI Í SUMARSÓL
**1.799 KR**





FÁNÝTUR ÞJÓÐLEGUR FRÓÐLEIKUR
**3.684 KR**





GOTT RÉTTIRNIR OKKAR
**3.249 KR**





ÓMÓTSTÆÐILEG ELLA
**2.879 KR**





AFLAUSN
**3.989 KR**




ALLT MITT LÍF ER TILVILJUN
**4.874 KR**




HEIÐA Á LJÓTARSTÖÐUM
**4.549 KR**




VONDA FRÆNKAN
**2.924 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 17. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



## Saga til næsta bæjar

**Stefán Pálsson** skrifar um fjáröflun á villigötum




# Drykkjuskólar íþróttafélaganna

DANS-LEIKJA-FARGANIÐ HAFÐI Í RAUN MINNST MEÐ ÍÞRÓTTA-STARF AÐ GERA ...

Frá sjötta desember 1950 til sjöunda janúar 1951 hélt Knattspyrnufélagið Fram níu dansleiki með vínveitingum í hinum og þessum öldurhúsum Reykjavíkur. Skemmtanagleðin var ekki bundin við þá bláklæddu. Í skýrslu Áfengisvarnarnefndar bæjarins kom fram að á tímabilinu ágúst til desember 1950 héldu íþróttafélög höfuðstaðarins tugi skemmtana með leyfum til áfengissölu.

Frjálsíþróttadeild KR var einna iðnust við kolann með tuttugu dansleiki. Ármenningar, ÍR-ingar og Framarar voru á svipuðu róli og svo virtist sem Skíðadeild Æskulýðsfylkingar Sósíalistaflokksins hugsaði meira um skemmtanahald en að renna sér á skíðum eða vinna að framgangi öreigabyltingarinnar. Ekki var þó allt sem sýndist. Dansleikjafarganið hafði í raun minnst með íþróttastarf að gera, heldur var það birtingarmynd stefnu hins opinbera í áfengismálum.

Árið 1935 var afnumið á Íslandi áfengisbann sem verið hafði í gildi í um tvo áratugi. Áfengisverslun ríkisins tók til starfa og hóf þegar framleiðslu á brennivíni, sem ætlað var að leysa af hólmi stórfellda landaframleiðslu um allar sveitir. Rúmum áratug áður höfðu landsmenn þó fengið að gæða sér á nokkrum tegundum suður-evrópskra vína að kröfu spænskra stjórnvalda sem hótuðu að öðrum kosti að setja innflutningsbann á íslenskan saltfisk.

Við afnám bannlaganna varð Hótel Borg eini veitingastaður landsins með fast áfengisleyfi. Borgin naut sérstakrar velvildar í stjórnkerfinu, enda veitingamaðurinn Jóhannes Jósefsson ágætlega tengdur bæði ungmennafélagshreyfingunni og Framsóknarflokknum. Raunar hafði Jóhannes reist hótelið að áeggjan ríkisvaldsins og notið til þess ríkisábyrgðar. Það gerðist í aðdraganda Alþingishátíðarinnar 1930, þar sem von var á fjölda erlendra gesta og því talið brýnt að koma upp hóteli sem stæðist alþjóðlegan samanburð. Til að styrkja rekstrargrundvöll hins nýja hótels enn frekar fékk það eitt að selja Spánarvínin eftirsóttu, en öðrum gistiheimilum bæjarins var synjað um vínsöluleyfi.

### Undanþágur fyrir félög

Sem vænta mátti kunnu eigendur annarra samkomustaða þessari mismunun illa og til að bæta úr því var heimilað að gefa út áfengisleyfi til eins kvölds í einu fyrir samkomur hvers kyns félagasamtaka. Fyrir vikið varð talsverður hvati fyrir veitingamenn að leita samstarfs við átthagafélög, stjórnmálasamtök eða aðra hópa varðandi dansleikjahald og varð það til að efla félagsstarfsemi af ýmsum toga.

Fyrstu árin virðast raunverulegar skemmtanir á vegum félaga og hópa hafa staðið á bak við flest eða öll áfengisleyfin, en með tímanum fór að slakna á því. Skemmtanalífið í Reykjavík tók talsverðum breytingum á heimsstyrjaldarárunum og næstu misserin þar á eftir. Landsmenn höfðu meira á milli handanna og sífellt fleiri vildu lyfta sér upp á dansleikjum og þá helst með Bakkus í för.

Árið 1946 voru gefin út um 400 sérstök vínveitingaleyfi í Reykjavík, en fjórum árum síðar voru þau nálega þrefalt fleiri. Sú fjölgun sagði minnst um grósku í félagsstarfi, því í langflestum tilvikum var um að ræða að félög gerðust, gegn lítilsháttar þóknun, leppar fyrir dansleiki sem tengdust þeim að öðru leyti ekkert.

Þau félög sem létu freistast til að lána veitingamönnum nafn sitt voru af ýmsu tagi, en fyrir bindindisforkólfa lágu íþróttafélögin eðlilega best við höggi. Yfirlýst markmið þeirra var að stuðla að líkamlegu heilbrigði félagsmanna sinna og því hlálegt að sjá þau tengjast alræmdum sukksamkomum með þessum hætti. Gerðu templarar sér að leik að tala um áfengisböllin í Reykjavík sem „drykkjuskóla íþróttafélaganna“.

Í kynningu á fyrrnefndri skýrslu í febrúar 1951 skutu fulltrúar Áfengisvarnarnefndar föstum skotum á forystu íþróttahreyfingarinnar. Einkum var Gísli Sigurbjörnsson, einn nefndarmanna, harðorður. Sagðist hann vonast til að félögin létu af þessu háttalagi með góðu, en að öðrum kosti yrði að grípa til róttækari aðgerða. Óeðlilegt væri að hið opinbera veitti styrki þeim íþróttafélögum sem ekki höfnuðu algjörlega hvers kyns vínveitingum. Sjálfur sagðist Gísli hafa ákveðið að segja sig úr sínu íþróttafélagi, Víkingi, ef hann frétti oftar af slíkum veigum á samkomum þess.

Athugasemdir nefndarinnar og Gísla sérstaklega, ollu miklum taugatitringi innan íþróttahreyfingarinnar. Þar innandyra voru margir á sama máli og samþykkti Íþróttasamband Íslands strangar reglur þar sem aðildarfélögum var bannað að bjóða upp á áfengi á skemmtunum sínum að viðlögðum refsingum á borð við keppnisbann. Íþróttabandalag Reykjavíkur taldi hins vegar óframkvæmanlegt að skikka einstök aðildarfélög til að taka upp algjört bindindi og raunar utan verksviðs íþróttahreyfingarinnar.

### Leitað nýrra leiða

Nokkuð dró úr áfengisdansleikjum íþróttafélaganna fyrst í stað, en fljótlega fór allt í sama farið. Þessi matarhola Reykjavíkurliðanna lokaðist hins vegar af sjálfu sér á árinu 1952 þegar dómsmálaráðuneytið tók sjálft yfir alla veitingu skammtímaleyfa. Í kjölfarið endurskoðaði Alþingi áfengislöggjöfina og þurftu veitingastaðaeigendur eftir það ekki að leita á náðir frjálsra félagasamtaka til að leppa vínsöluleyfi sín.

Almennt þótti íþróttafrömuðum áfengisumræðan óþægileg, en þeir voru þó til sem sáu enga ástæðu til að skammast sín heldur svöruðu fullum hálsi. Reiður bréfritari í Morgunblaðinu sem kallaði sig „Íþróttamann“ sakaði Gísla um að hafa sjálfur veitt áfengi á samkomum í tengslum við komu þýskra knattspyrnumanna til Íslands, en Gísli (sem einatt var kenndur við elliheimilið Grund) var kunnur áhugamaður um íslensk/þýsk menningarsamskipti.

Sportblaðið, sem var skammlíft tímarit um íþróttamál, gekk skrefinu lengra. Það mótmælti í tvígang þeirri ósvinnu að Gísli Sigurbjörnsson væri fenginn til að vera fararstjóri í ferð Framara og Víkinga til Vestur-Þýskalands þetta sama sumar í ljósi lúalegra skrifa hans um íþróttahreyfinguna sama ár.

Þeir sem reiddust skrifum Gísla og félaga töldu gagnrýnina ósanngjarna þar sem látið væri að því liggja að íþróttamenn væru öðrum drykkfelldari. Hér væri hins vegar aðeins um skiljanlega sjálfsbjargarviðleitni Reykjavíkurfélaganna að ræða. Starfsemi þeirra væri mikilvæg en kostnaðarsöm, einkum þar sem flest félögin ynnu að því að koma sér upp félagssvæðum og -heimilum, en nytu til þess mjög takmarkaðra styrkja. Í stað þess að hnýta í íþróttamenn fyrir að reyna að bjarga sér, ættu templarar að leggja til aðrar og betri fjáröflunarleiðir fyrir blönk íþróttafélögin.

Raunar urðu deilurnar um vínveitingaleyfi íþróttafélaganna til þess að ýta við slíkum umræðum. Íþróttabandalag Reykjavíkur samþykkti á ársþingi sínu árið 1951 að reyna að stofnsetja svokallað bingóhappdrætti sem sagt var að bandarískri fyrirmynd. Í raun var um hefðbundið bingó að ræða, en hugmynd íþróttamannanna var sú að fá að selja spjöldin og draga út tölur á öllum opinberum skemmtunum. Einkum höfðu menn kvikmyndahúsin í huga þar sem draga mætti í hléi eða á undan sýningum, þar sem saman væru komnir stórir hópar fólks í öðrum erindagjörðum.


Bjarni Benediktsson dómsmálaráðherra, sem hafði mikið látið sig varða málefni íþróttafélaganna í borgarstjóratíð sinni, féllst á að flytja lagafrumvarp þessa efnis. Þingmenn voru hins vegar varfærnari og gerðu þá veigamiklu breytingu á frumvarpinu að leyfið einskorðaðist við auglýstar samkomur íþróttafélaganna sjálfra. Draumurinn um að bingóspjald til styrktar íþróttamálum yrði jafnsjálfsagður hlutur af bíóferðinni og popp og kók fór því fyrir lítið og bingóhappdrættið varð ekki veigamikil fjáröflunarleið.

Sama ár og bingó-tilraunin hófst og fór út um þúfur,ýttu íþróttamenn öðru fyrirtæki úr vör sem virtist lífvænlegra. Í aprílmánuði 1952 gátu Íslendingar í fyrsta skipti veðjað á tólf leiki á getraunaseðlum Íslenskra getrauna. Varð Ísland þar með eitt síðasta landið í Vestur-Evrópu til að hefja rekstur íþróttagetrauna, en slík heimild hafði raunar verið bundin í lög þegar í tengslum við setningu íþróttalaganna árið 1940.

Knattspyrnuleikir voru fyrirferðarmestir á getraunaseðlinum. Stundum var boðið upp á íslenska leiki eða skandinavíska, en enski boltinn var þó í aðalhlutverki frá byrjun. Hinn nýi leikur fór vel af stað fyrstu vikurnar, en salan féll um sumarið og náði sér í raun aldrei aftur á flug. Sölukerfið var veikburða og byggðist mjög á dugnaði einstakra íþróttafélaga. Þá þótti mörgum leikurinn strembinn – enda gerðist það aðeins einu sinni á árinu 1952, í 28 leikvikum, að 12 réttir næðust.

Getraunarekstur sjötta áratugarins var fjarri því að skila þeim tekjum sem vonir höfðu staðið til, en íþróttamenn reyndu þó að halda skútunni á floti enda getraunir taldar gullnáma í flestum nágrannalöndunum. Árið 1956 lognaðist tilraunin þó endanlega út af. Þrettán ár áttu eftir að líða uns fótboltagetraunir voru endurvaktar hér á landi. Í það skiptið gekk dæmið öllu betur upp, enda sjónvarpið komið til sögunnar með geysivinsælum þáttum um ensku knattspyrnuna.





# NIÐUR BREKKU FER



## SKÍÐAHJÁLMAR
MIKIÐ ÚRVAL
VERÐ FRÁ
**11.990 KR.**



## SKÍÐASKÓR
MIKIÐ ÚRVAL AF DÖMU- OG HERRASKÓM
VERÐ FRÁ
**29.990 KR.**

# 20% AFSLÁTTUR AF SKÍÐAPÖKKUM

**ÞEGAR ÞÚ KAUPIR SKÍÐI, BINDINGAR OG SKÓ FÆRÐU 20% AFSLÁTT AF PAKKANUM.**

SETTU ALLAN SKÍÐAPAKKANN Í JÓLAPAKKANN



## SKÍÐAGLERAUGU
FULLORÐINS FRÁ
**6.990 KR.**
BARNA FRÁ
**3.490 KR.**



## SKÍÐI
MIKIÐ ÚRVAL AF DÖMU- OG HERRASKÍÐUM
VERÐ FRÁ
**59.990 KR.**
MEÐ BINDINGUM

GLÆSILEG SKÍÐADEILD Í SMÁRALIND

SKÍÐAVERKSTÆÐI OG ÖLL ÞJÓNUSTA

ÚTILÍF
*síðan 1974*

utilif.is

*Búnaður á mynd: Rossignol*

ARNASYNIR

# ALLT FYRIR ÞORLÁKSMESSUVEISLUNA




998 kr. kg

**NF Saltfiskbitar**
Útvatnaðir, frosnir




1.298 kr. kg

**Fiskbúðin okkar Skata**
Kæst og söltuð

## NORÐLENSKT HANGIKJÖT




2.198 kr. kg

**Fjalla Hangiframpartur**
Úrbeinaður




2.598 kr. kg

**Fjalla Hangilæri**
Úrbeinað




169 kr. 100 g

**Toblerone**
100 g

700g




698 kr. 700 g

**Appolo Lakkrís**
700 g

1 kg




979 kr. 1 kg

**Walkers Karamellur**
1 kg




95 kr. 0,5 l

**Víking Hátíðarblanda**
0,5 l




95 kr. 0,5 l

**Víking Malt**
0,5 l




95 kr. 0,5 l

**Egils Appelsín**
0,5 l




1,3kg

1.598 kr. 1,3 g

**Mackintosh Konfekt**
1,3 kg

1,5L




195 kr. 1,5 l

**Coca Cola**
1,5 l

2L




198 kr. 2 l

**Coke Zero**
2 lítrar

## ÓMISSANDI UM JÓLIN




2kg

2.498 kr. 2 kg

**Mackintosh Konfekt**
2 kg

Verð gildir til og með **18. desember** eða meðan birgðir endast

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**BÓNUS skilar til viðskiptavina ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kvóta til innflutnings á kjöti.**



**1.198** kr. 900 g

900g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g

**3.198** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

Íslenskt grísakjöt AF NÝSLÁTRUÐU




**1.498** kr. kg

**Bónus Grísahryggur**
Ferskur, úrbeinaður

FRAMLEIDDUR AF Ali




**1.359** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini

STJÖRNU GRÍS




**1.398** kr. kg

**Stjörnugrís Rifjasteik**
Fersk, úrbeinuð




**1.959** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Úrbeinaður

VINSÆLASTI HAMBORGARHRYGGURINN Í BÓNUS




**1.698** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini

STJÖRNU GRÍS

Íslenskt grísakjöt AF NÝSLÁTRUÐU



**798** kr. kg

**Stjörnugrís Grísabógur**
Ferskur

BÓNUS

EKKERT BRUÐL

## OPNUNARTÍMI

| | |
|---|---|
| 17. DES. LAUGARDAGUR | 10-19 |
| 18. DES. SUNNUDAGUR | 12-18* |
| 19. DES. MÁNUDAGUR | 11-19 |
| 20. DES. ÞRIÐJUDAGUR | 11-19 |
| 21. DES. MIÐVIKUDAGUR | 10-20 |
| 22. DES. FIMMTUDAGUR | 10-21 |
| 23. DES. FÖSTUDAGUR | 10-22 |
| 24. DES. LAUGARDAGUR | 10-14 |

*LOKAÐ Í SKÚTUVOGI

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# TÍMAMÓT

17. DESEMBER 2016 LAUGARDAGUR



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,

**Hallvarður Einvarðsson**

fyrrverandi ríkissaksóknari,

lést 8. desember síðastliðinn. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 20. desember kl. 13.

**Erla Magnúsdóttir Kjærnested**

**Elín Vigdís Hallvarðsdóttir**
**Einar Karl Hallvarðsson**
**Sunna Ólafsdóttir**
**Anna Sigurveig Ólafsdóttir**
**Ragna Ólafsdóttir**
**Emil Ólafsson**
**Gísli I. Þorsteinsson**
**Þórhildur Björk Þórdísardóttir**
**Þröstur Jóhannsson**
**Björn Magnússon**

**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Steindór Steindórsson**

Hlíðartúni, Fljótshlíð,

verður jarðsunginn frá Selfosskirkju þriðjudaginn 20. desember kl. 13.30.

**Ingibjörg Eggertsdóttir**

**Jónheiður Steindórsdóttir**
**Þór Melsteð Steindórsson**
**Alexander Jóhannesson**
**Dóróthea Jóhannesdóttir**
**Jóhannes Freyr Baldursson**
**Tia Mell**
**Steingerður Hauksdóttir**
**Ari Bragi Kárason**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Vigfús Geirdal**

sagnfræðingur,

lést á líknardeild LSH þann 14. desember. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju, föstudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Sigrún Ágústsdóttir**

**Svanhildur Vigfúsdóttir**
**Aðalheiður Vigfúsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir**
**Geirmundur Orri Sigurðss.**
**Guðmundur Þórðarson**
**Bragi Þorgrímur Ólafsson**
**Jan Suban**

**og afabörn, Arngrímur Orri, Kristófer Orri, Benedikt Máni og Ólafur Bjarki**

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson

Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is



Kristín Ingólfsdóttir

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



**Ísleifur Jónsson**
Útfararstjóri
Farsími 821 5353



**Steinunn Magnúsdóttir**
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
**Þjónusta allan sólarhringinn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

# Hefur fengist við flest svið lögfræðinnar um ævina

**Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur fagnaði því nýlega að fimmtíu ár eru liðin frá því að hann hlaut lögmannsréttindi í Hæstarétti. Hann er enn í fullri vinnu, kominn yfir áttrætt.**

Hann svarar í símann á lögmannsstofunni. Samt er klukkan orðin meira en fimm. „Það ræður engu,“ segir hann þegar haft er orð á því. Ragnar Aðalsteinsson lögfræðingur vinnur fulla vinnu þó kominn sé yfir áttrætt, kveðst þó aðeins hafa dregið úr henni frá því hann hafði sem mest umleikis.

Ragnar hélt hádegissamkomu á skrifstofu sinni nýlega til að fagna 50 ára lögmannsréttindum í Hæstarétti. Héraðsdómslögmaður varð hann í desember 1962. Hvaða mál finnst honum standa upp úr á ferlinum? „Ég hef fengist við flest svið lögfræðinnar en ekki öll í einu. Lengst við höfundarrétt. Í næstum 40 ár var ég lögfræðilegur ráðunautur rithöfunda og fleiri. Svo hef ég fengist við sjórétt, vátryggingarétt, fjarskiptarétt, mannréttindi, eignaréttindi. Fékk mikinn áhuga á eignarétti í sambandi við þjóðlendumálin. Vann fyrir bændur og þótti ríkið ganga æði langt í því að reyna að ná til sín jörðum sem þeir höfðu þinglýstar eignarheimildir fyrir í hundrað og fimmtíu ár.“

Mestan áhuga kveðst Ragnar hafa haft á rétti bændanna yfir afréttum. „Ég las mikið af íslenskum og norrænum heimildum til að átta mig á fyrirbrigðinu og komst að því að það var séríslenskt. Íslendingar settu sér reglur í sambandi við ofnýtingu strax á Grágásartímabilinu. Svo voru reglur um hvernig ætti að reka á fjall þegar menn þurftu að fara yfir jarðir annarra. Ég hef ekki getað fundið nein fordæmi í norskri löggjöf að slíkum reglum frá þessum tíma.“

Ragnar kveðst hafa verið leitandi ungur maður. „Ég byrjaði nú á að fara til Suður-Evrópu og Norður-Afríku því það var ekki ljóst hvað ég ætlaði að fást við. Fór fyrst í háskóla í Madrid en leiddist þar og fór á flakk. En ég hef alltaf haft áhuga á mannréttindum í samfélaginu og líka á valdinu og misnotkun á því. Það var ekki um margt að velja á þessum árum í Háskóla Íslands þannig að lögfræðin varð fyrir valinu,“ segir hann og kveðst hafa lært mest af eigin lestri en tekur fram að í deildinni hafi samt verið góðir kennarar eins og Ármann Snævar og Theódór B. Líndal.



**Ragnar kveðst hafa lært sína lögfræði mest af eigin lestri.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þegar ég byrjaði hér á Klapparstígnum árið 2000 ætlaði ég vera aleinn part úr degi og bjó til spjald sem á stóð: Opið mánudaga til fimmtudaga frá 9 til 13.**

Nú er Ragnar með eigin rekstur og hjá honum vinna 10 lögfræðingar. „Þegar ég byrjaði hér á Klapparstígnum árið 2000 ætlaði ég vera aleinn part úr degi og bjó til spjald sem á stóð: Opið mánudaga til fimmtudaga frá 9 til 13 – en það tókst nú ekki betur en þetta,“ segir hann hlæjandi og viðurkennir að erfitt sé að takmarka sig í þessu starfi. „Annaðhvort er að sinna því eða ekki,“ segir hann. „Ég ætlaði að leggjast í eitthvert fræðagrúsk en það varð minna úr því.“

**gun@frettabladid.is**



Lokið hefur góðu lífi

**Einar Hafsteinn Árnason**

bóndi, Brekku á Álftanesi.

Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Sesselja Mikkalína Kjærnested**
**Sæbjörg Einarsdóttir**
**Helga Kristjana Einarsdóttir**
**Gunnar Sókrates Einarsson**
**Guðný Katrín Einarsdóttir**
**Rannveig Hildigunnur Einarsdóttir**
**Þóra Elín Einarsdóttir**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Arnheiður Hjartardóttir**

lést 9. desember á Landspítalanum í Fossvogi. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 20. desember kl. 13.

**Sigrún Hjördís Pétursdóttir**
**Sigurður J. Pétursson**
**Sverrir Pétur Pétursson**
**Kristín Pétursdóttir**
**Kristinn Kristjánsson**
**Ólöf Birna Garðarsdóttir**
**Brynjólfur Smárason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Finnbogi F. Arndal**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi sunnudaginn 20. nóvember sl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 20. desember kl. 11.00.

**Hjördís Stefánsdóttir Arndal**

**Stefán F. Arndal**
**Hreinn F. Arndal**
**Þórdís Eiríksdóttir**
**Ingibjörg Snorradóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Anna Björg Pálsdóttir**

lést á gjörgæslu Landspítalans laugardaginn 10. desember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 21. desember kl. 13.

**Björk Ingadóttir**

**Viðir Ingason**
**Tryggvi Ingason**
**Auðbjörg Gerður Pálsdóttir**
**Sólveig Fríða Kjærnested**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




# GLEÐILEG DAGSKRÁ

SKEMMTILEGASTI JÓLAPAKKINN ER Í ÞÍNUM HÖNDUM



## Merkisatburðir

**1875** Fyrsta heildarlöggjöfin um ljósmæður gengur í gildi.
**1903** Orville Wright flýgur fyrsta raunverulega flugið með flugvél.
**1961** Indverjar ráðast inn í Góa.



**1970 Hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til landsins.**
**1975** Heimsminjaskrá UNESCO tekur gildi.
**1989** Fyrstu frjálsu kosningarnar eru haldnar í Brasilíu eftir 25 ára einræði.



†

Þökkum auðsýnda samúð við andlát og útför eiginkonu, móður og ömmu okkar,

**Jónínu Melsteð**

hjúkrunarfræðings, Brekkuseli 26.

Guð gefi ykkur gleðileg jól.

**Gunnar Hjörtur Gunnarsson**
**Gunnlaugur M. Gunnarsson** — **Halla Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** — **Pétur Daníelsson**
**Sveinborg H. Gunnarsdóttir** — **Eiríkur G. Ragnars**
**Gísli Héðinsson**

**og barnabörn.**



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Erlu Ásgeirsdóttur**

Borgarhrauni 10, Hveragerði.

**Ólafur Pétursson**
**Magnús K. Bjarkason** — **Guðlaug Pálmadóttir**
**Hólmfríður Bjarkadóttir** — **Páll Eggert Ólason**
**Anna Elín Bjarkadóttir**
**Pétur Már Ólafsson** — **Aðalheiður Lára Guðmundsd.**
**Eva María Ólafsdóttir** — **Bragi Konráðsson**

**ömmubörn og langömmubörn.**



†

Ástkæra hjartans eiginkona mín, móðir, fósturmóðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Ísleifsdóttir**

**(Nína)**

Bárðarási 11, Hellissandi,

lést á heilbrigðisstofnun Suðurnesja, laugardaginn 10. desember sl. Jarðsungið verður frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 19. desember nk. kl. 11.00.

**Jón Einar Rafnsson**
**Magnús Þóroddsson**
**Skúli Berg** — **Auður Yngvadóttir**
**María Petrína Berg** — **S. Pétur Guðmundsson**
**Þorlákur G. Halldórsson** — **Magnea Guðlaugsdóttir**
**Þóroddur Halldórsson** — **Guðbjörg Sævarsdóttir**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar og fóstri, afi og langafi,

**Jón Ólafsson**

húsgagna- og innanhússarkitekt og kennari,

sem lést á Landspítalanum í Fossvogi þriðjudaginn 6. desember verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju kl. 13.00 mánudaginn 19. desember nk. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Gigtarfélag Íslands.

**Birna Sigurjónsdóttir**
**Guðný Sif Jónsdóttir** — **Halldór Eyþórsson**
**Tómas Árni Jónsson** — **María Jónsdóttir**
**Helga Aðalheiður Jónsdóttir** — **Guðmundur Vilhjálmsson**
**Gunnar Björn Melsted** — **Rannveig Gissurardóttir**
**Björg Melsted** — **Heimir Örn Herbertsson**
**Páll Melsted** — **Jóhanna Jakobsdóttir**

**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Heiðdís Lilja og Birgitta með fuglaspilið góða.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Kveikjan var okkar eigin fáfræði um íslensku fuglana

**Heiðdís Inga Hilmarsdóttir og Birgitta Steingrímsdóttir hafa gefið út spilið Fuglafár sem þær fengu nýsköpunarverðlaun forseta Íslands fyrir í byrjun þessa árs.**

„Fuglafár byrjaði sem skólaverkefni," segir Heiðdís Lilja um nýtt spil um íslensku fuglana sem hún er höfundur að ásamt vinkonu sinni, Birgittu Steingrímsdóttur. „Við vorum báðar í háskólum, ég í vöruhönnun og Birgitta í líffræði á þeim tíma. Okkur langaði að sameina krafta okkar, bjuggum til eigið verkefni og fengum styrk fyrir því hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna. Verkefnið var að rannsaka fuglaþekkingu barna og í kjölfarið þróa og búa til spil til að hjálpa þeim að læra í gegnum leik."

Af hverju völdu þær fugla? „Birgitta var að læra um fugla í Háskólanum og komst þá að því hvað hún þekkti í rauninni fáa. Það sama var uppi á teningnum hjá mér og við fórum að hugsa hvort þetta væri kannski bara staðan í dag, þar sem flest ungt fólk býr í þéttbýli og er kannski ekki í svo miklum tengslum við náttúruna. Okkur fannst að minnsta kosti áhugavert að athuga það. Þannig að kveikjan var okkar eigin fáfræði um íslensku fuglana."

Þær Heiðdís Lilja og Birgitta höfðu samband við níu grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu, fengu að fara inn í alla fjórðu bekki og lögðu könnun fyrir tæplega fjögur hundruð nemendur. „Við sýndum krökkunum myndir af þeim 30 tegundum sem eru mest einkennandi í íslenskri náttúru en þær eru samtals 75. Niðurstöður könnunarinnar voru áhugaverðar því að meðaltali þekktu börnin átta fugla hvert," lýsir Heiðdís Lilja og heldur áfram. „Við höfðum ekkert viðmið því svona könnun hefur aldrei verið gerð áður en við vorum sammála um að það væri að minnsta kosti gaman að stuðla að því að auka þekkinguna."

Sá fugl sem flest börnin báru kennsl á var ugla, sem fæst höfðu þó séð í raun, að sögn Heiðdísar Lilju. „Aftur á móti var það þúfutittlingurinn sem fæst þeirra þekktu þrátt fyrir að hann sé algengasti spörfugl á Íslandi. Hann lætur nú líka svo lítið yfir sér."

Með spilinu segir Heiðdís Lilja þær stöllur vilja sýna fram á að hver tegund sé einstök og að eitthvað merkilegt sé við alla fugla. En gátu þær gert spilið spennandi fyrir utan að gera það að fræðsluefni?

„Já, þetta er eiginlega tvíþætt spil, það er sem sagt hægt að spila tvo leiki og þeir eru skemmtilegir og spennandi. Eftir að við gerðum fyrsta eintakið fórum við með það í skóla og prófuðum það á krökkum til að athuga hvort það félli í kramið hjá þeim og sáum strax áhugann vakna hjá þeim. Þá er líka markmiðinu náð. Svo er það þannig að um leið og maður kynnist fuglunum opnast fleiri gluggar að náttúrunni svo við teljum mikilvægt að þekkja þá."

Heiðdís Lilja segir Fuglafár fyrir allan aldur, það eina sem fólk þurfi að geta sé að lesa. Hún telur upplagt fyrir fjölskyldurnar að spila það saman bæði heima og að sjálfsögðu í sumarbústaðnum.

Þær Heiðdís Lilja og Birgitta hlutu nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í byrjun þessa árs fyrir rannsóknina í skólunum og þróun spilsins. Heiðdís Lilja segir það hafa verið óvænt og skemmtilegt. „Bæði verðlaunin og áhugi fólks urðu okkur hvatning til að halda áfram með verkefnið og koma spilinu í framleiðslu. Það ferli var ekkert grín og er búið að taka rúmt ár. En það var líka þvílíkur skóli."

Dómurnar eru báðar í námi. Heiðdís Lilja enn í vöruhönnun við Listaháskólann og Birgitta í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Auk þess eru þær á fullu þessa dagana að dreifa spilinu í búðir. **gun@frettabladid.is**



**Ugla var sá fugl sem flest börnin þekktu.** FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR BIRGISSON

> **Bæði verðlaunin og áhugi fólks urðu okkur hvatning til að halda áfram með verkefnið og koma spilinu í framleiðslu. Það ferli var ekkert grín og er búið að taka rúmt ár. En það var líka þvílíkur skóli.**

# NÝ PRENTUN KOMIN Í VERSLANIR

# Ævisaga Ladda

## Þróunarsaga mannsins sem kom okkur til að hlæja




Í þessari spennandi, einlægu og á köflum drepfyndnu bók, er sett fram „þróunarkenning” um manninn, sem kom okkur til að hlæja, rituð af Gísla Rúnari Jónssyni.

*„Allt í senn fróðleg, dramatísk, hjartnæm og bráðfyndin lesning. Ég hló og grét á víxl.”*

***- Edda Björgvinsdóttir leikkona***

*„Hafi maður elskað leikarann Ladda fyrir lesturinn, elskar maður persónuna Ladda að lestri loknum.”*

***- Gunnar Helgason leikari & rithöfundur***

*„Einstök bók. Öðruvísi en allar aðrar ævisögur sem ég hef lesið.”*

***- Sigurður Sigurjónsson leikari***

*„Skemmtilega skrifuð bók og fróðleg um drenginn sem við öll elskum.”*

***- Björn Georg Björnsson leikmyndahönnuður***

MYNDFORM


# KROSSGÁTA


## LÁRÉTT

**1** Embætti í fremstu röð, og þvílíkur dugnaður í starfi! (11)
**11** Róar flón með hvítri veifu (10)
**12** Freistar inngöngu vegna ummæla Sesams (11)
**13** Hér segir af toppunum og aftökum þeirra (10)
**14** María Jóhanna kláraði allt fyrir utan kryddjurtina (11)
**15** Námshópur nýgræðinga eða sérsniðin áhaldageymsla á skútu? (10)
**16** Myndir segja meira en 1000 orð á dögum nútímabíósins (11)
**17** Vesæl en einföld lyng lækna lasinn (8)
**18** Tregur til spagettíáts, enda austræn pastabúlla (11)
**20** Mánudagur til mæðu og prófa (8)
**23** Flyt márabrugg til Jórdaníu og Óman (10)
**28** Senda hafísfrétt með loftskeyti vegna smáhröngls? (6)
**31** Fersk vísa um fríkort, rím óskast (5)
**33** Hörfum til stafla í þessari stöðu (8)
**34** Í kvæðinu segir af óreglukjafti (7)
**35** Æst í himnafæðu fornfrægs bands (7)
**36** Svo úrill að þið myrðið fyrir meðlætið (8)
**37** Féll þá Neipsdóttir vegna ógreiddu víxlanna? (7)
**38** Gerði hlé og gúffaði í sig hreinni orku (5)
**39** Tekkið er viðurinn sem ég kýs (8)
**40** En þá sá ég mikið lið mun skyldara Englum (7)
**42** Et Drúsa, ef þýskir tékkar klikka (7)
**43** Já, Dani, ekki Lakóti, hættu að rugla (7)
**44** Flækjum þetta með viðeigandi þráðum (7)
**45** Veisla ræðna og reglna (7)

## LÓÐRÉTT

**1** Á Vimpilshöfða er margt merkjamastra (11)
**2** Gagnast kannski syndandi augum, en byrgir sýn (11)
**3** Leysum annan flókinn stafahnút fyrir ræfilinn (11)
**4** Niftir afkvæma frænkna minna hljóta að vera jafnskyldar? (11)
**5** Þessi feik-naðra hefur ruglast og lagt vitlaust saman (9)
**6** Greint frá einni sem staðfest er og hinni sem var hrakin (10)
**7** Heldur ekki framhjá og sér alveg um sig sjálfur (12)
**8** Hressandi sopi með heltönuðum eggjum (11)
**9** Hrópar enn að hann sé hættur við (11)
**10** Lögðum kollur og gerðum úr þeim eitthvað annað (10)
**19** Vefjum þræði um skaftið og tryggjum ákveðna umönnun (12)
**21** Uppseld stjörnukaka er sönnunargagnið (11)
**22** Tel sígrænan víkingastreng afar jólalegan (11)
**24** Stjórnir stjórnsýslubyggingganna (10)
**25** Segja bless við bót ef ósk um betrun berst (10)
**26** Sprökugarmurinn er nú meira letiblóðið (10)
**27** Ung tolla í tískunni (8)
**29** Draumur konungs er innblástur sviðsverka (7)
**30** Drekar æða áfram og bíða svo fyrirmæla (7)
**32** Heitustu jólaplöturnar eru úr málmi (9)
**41** Braut boru (4)





Lausnarorð síðustu viku var
**ÁRÓÐURSHERFERÐ**

FORLAGIÐ

### VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi að þessu sinni eintak af **Dalalíf, alvara og sorgir, eftir Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Valborg Þorleifsdóttir, Garðabæ.**




### LAUSNARORÐ

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist birtast þrjár sem gleðja marga á aðventunni og reyndar árið um kring.
Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 22. desember næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „17. desember“.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.









# Þrautir

## Bridge Ísak Örn Sigurðsson

### Yfirburður í öllum mótum

Spilarinn ungi (24 ára) Gabríel Gíslason hefur vekið áhuga fyrir góðan árangur í mótum undanfarið. Hann spilaði sem spilafélagi Aðalsteins Jörgensen í aðaltvímenningi Bridgefélags Reykjavíkur sem lauk með öruggum sigri þeirra. Þeir fengu 58,5% skor en annað sætið var með 55,3% skor. Gabríel var spilafélagi Guðmundar Snorrasonar í jólasveinatvímenningi BR sem fram fór síðasta þriðjudag (13. desember) og vann þar öruggan sigur með 62,3% skor. Annað sætið var með 60,6% skor. Gabríel er einnig í sveit í Bridgefélagi Hafnarfjarðar sem er nefnd eftir honum og er þar í forstystu með 95,81 stig eftir 6 umferðir. Annað sætið er með 81,98 stig. Ekki er mikið um endurnýjun yngri spilara í bridge en Gabríel er þar ánægjuleg undantekning. Spilin í aðaltvímenningi Bridgefélags Reykjavíkur voru einkennd af fjörugri skiptingu. Í þessu hressilega skiptingarspili úr þeirri keppni fékk Gabríel töluvert undir meðalskor (5 stig af 11 mögulegum). Suður var gjafari og AV á hættu:

| | Norður | |
|---|---|---|
| | ♠ G976 | |
| | ♥ D9642 | |
| | ♦ G9 | |
| | ♣ K3 | |
| **Vestur** | | **Austur** |
| ♠ - | | ♠ Á105 |
| ♥ 10 | | ♥ ÁKG8753 |
| ♦ K732 | | ♦ D |
| ♣ ÁDG109876 | | ♣ 42 |
| | **Suður** | |
| | ♠ KD8432 | |
| | ♥ - | |
| | ♦ Á108654 | |
| | ♣ 5 | |

Gabríel ákvað að vekja á einum spaða á hönd suðurs með þessa miklu skiptingu. Vestur ákvað að stökkva í 2 grönd til að sýna lengd í láglitum. Það var svolítið sérstakt með 8-4 í láglitunum. Aðalsteinn stökk í 4 ♠ og austur stökk í 6 ♥. Gabríel valdi að segja 6 ♠ sem voru doblaðir og fór 300 niður. Sex hjarta samningur var reyndar ekki gæfulegur. Spilið var spilað á 10 borðum og 6 ♠ í NS doblaðir spilaðir á helmingi þeirra. Tveir fengu að spila 5 ♠, einn fór í 7 ♣ í AV og einn spilaði 6 grönd einnig í AV sem fóru 6 niður.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Caruana (2.823) átti leik gegn Nakamura (2.779) á London Chess Classic-mótinu.

**19. Dxf6!! Bxf6 20. Rd5 Dd8.** Hér átti Nakamura von á **21. Rc6** og þá gefur svartur drottninguna til baka með **21...Bxg4!** Caruana lék hins **21. Rf5!!** og þótt ótrúlegt megi virðast er hvítur með hjartnær unnið tafl sem vannst nokkru síðar. Hægt er að skoða skákina skýrða á chess24.com/news.

**www.skak.is:** Friðriksmót Landsbankans í dag.

## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 1 | | 4 | 2 | 6 | 9 | |
| | | | | | | | | 7 |
| 3 | | 7 | 5 | 9 | | 2 | | 4 |
| 1 | | 8 | 9 | | 7 | 3 | 5 | |
| | | 6 | 3 | | | | | |
| 7 | | 9 | 1 | | | | | 8 |
| | 9 | | | | 8 | 7 | | |
| 6 | | 5 | | 3 | | | | |
| 8 | | 3 | 4 | | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | 9 | | 1 | | |
| 9 | | 5 | | 8 | | | | |
| | 7 | | 6 | 5 | | 4 | | |
| 7 | 9 | 4 | 2 | 6 | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 5 | | 4 |
| | | 2 | | 3 | | 9 | 6 | |
| | 1 | 9 | | | | | | 2 |
| | | | | | 6 | | 4 | |
| | 2 | | | | | | 9 | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 2 | 9 | 1 | | 4 | 3 |
| | | 7 | 3 | | | | 2 | |
| | 3 | | | | 6 | | 9 | |
| | | 2 | | 8 | | 5 | | |
| | 5 | | | | | | | |
| | | | 9 | 1 | | | | 6 |
| 5 | | 3 | | | | | 7 | |
| | | | | | 9 | | 6 | 8 |
| 8 | | | | | 7 | 4 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 6 | 3 | 1 | 8 | 7 | 4 | 9 |
| 4 | 7 | 1 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 6 |
| 9 | 1 | 7 | 6 | 3 | 4 | 2 | 5 | 8 |
| 5 | 8 | 4 | 7 | 2 | 9 | 6 | 3 | 1 |
| 3 | 6 | 2 | 1 | 8 | 5 | 9 | 7 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 2 |
| 7 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 9 | 5 | 4 | 2 | 8 | 6 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 5 | 7 | 3 | 2 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 4 | 3 | 5 |
| 1 | 3 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 2 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 7 | 3 | 1 | 2 | 9 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 9 | 2 | 3 | 5 | 6 | 4 | 7 | 1 | 8 |
| 5 | 6 | 8 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 | 2 |
| 3 | 4 | 9 | 2 | 5 | 7 | 6 | 8 | 1 |
| 2 | 7 | 1 | 6 | 8 | 9 | 5 | 4 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 3 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 8 | 9 |
| 1 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 3 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 8 | 5 | 1 | 6 | 7 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 1 | 8 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 2 | 6 |
| 8 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 7 | 8 | 3 | 9 | 2 |
| 3 | 8 | 7 | 2 | 1 | 9 | 6 | 5 | 4 |
| 9 | 2 | 5 | 6 | 3 | 4 | 8 | 7 | 1 |



All rights reserved: Creative Peace. Embracing Faith TM Conceptual art work and jewellery design by Brynja Sverrisdottir. Copyright 2016

EMBRACING FAITH™



aurum
LÍFSTÍLL
BANKASTRÆTI 4
101 RVK
TEL S : 5512770

be inspired
UPPLIFUN
books and flowers
HARPA
TEL S : 5612100

RAMMAGERÐIN
Keflavik Airport
TEL S : 5356651

## Konráð og félagar á ferð og flugi 230

Bragi Halldórsson

„Jæja þá, sudoku gáta," sagði Kata glottandi. „Nú er ég orðin svo góð í að leysa sudoku að við skulum koma í kapp um hver verður fyrstur til að leysa hana," bætti hún við. Konráð horfði á gátuna. „Allt í lagi," sagði hann. „Til er ég." Lísaloppa var líka góð í að leysa sudoku gátur svo hún var alveg til í keppni. „Við glímum öll við hana og þá kemur í ljós hversu klár þú ert orðin," sagði hún. „Allt í lagi," sagði Kata. „En ég vara ykkur við, ég er orðin mjög klár," sagði hún montin.

Heldur þú að þú getir leyst þessa sudoku gátu hraðar en Kata?

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 9 | 7 | | | 1 | | 8 | |
| | 4 | | 3 | 7 | 5 | 6 | | |
| 3 | | | | 9 | | | 4 | |
| 8 | | 2 | 1 | | | 4 | 5 | |
| | | | | | 4 | 1 | 6 | |
| | 7 | 1 | 9 | 5 | 6 | 2 | | |
| 7 | | | 5 | | 3 | | 2 | |
| | 3 | 6 | 8 | | | 9 | | |
| | 8 | | | 6 | | 3 | | 5 |



## Brandarar

**Mamma:** Hvað er að sjá þig?
**Ásta:** Ég datt í drullupoll.
**Mamma:** Í þessum fínu fötum?
**Ásta:** Já, ég hafði ekki tíma til að fara úr þeim.

**Unnur:** Hugsaðu þér mamma, kennarinn minn hefur aldrei séð hest.
**Mamma:** Hvernig veistu það?
**Unnur:** Ég teiknaði hest í skólanum í dag og hann vissi ekki hvaða dýr það var.

**Kalli:** Hvers lags hundur er þetta?
**Lára:** Þetta er lögregluhundur.
**Kalli:** Mér finnst hann nú ekkert líkur lögregluhundi.
**Lára:** Það er af því hann er leynilögregluhundur.

**Kennarinn:** Nefndu mér tíu afrísk dýr.
**Gummi:** Níu gíraffar og einn fíll.






Baldur Gísli á bæði stóra og litla bíla, sá græni er einn af köggunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skemmtilegast að leika með bíla

**Baldur Gísli** Sigurjónsson er þriggja ára piltur. Hann er á leikskólanum Vinagarði og er búinn að fara á jólaball á deild sem heitir Uglugarður og þangað mættu jólasveinar.

**Baldur Gísli, manstu eitthvað eftir jólunum í fyrra?** Já, þá fékk ég rúsínur í skóinn.

**Ertu búinn að fá eitthvað í skóinn núna?** Já, ég fékk Everest. Hann á heima í snjónum og er í Hvolpasveitinni.

**Ertu búinn að baka jólasmákökur?** Ég skreytti piparkökuhús með mömmu og pabba. Við skreyttum það með snjó og settum smartís á þakið.

**Hvert er uppáhaldsjólalagið þitt?** Fann ég á fjalli og Við kveikjum einu kerti á.

**Eruð þið byrjuð að undirbúa jólin á leikskólanum?** Já, ég fór á jólaball á Uglugarði og það komu jólasveinar. Ég man ekki hvað þeir heita. Það er ekki búið að setja upp jólatré á Vinagarði.

**Hvað finnst þér skemmtilegast að gera?** Að leika með bílana mína. Uppáhaldsbíllinn minn er gulur lítill og svo grænn jeppi.

**Hver er uppáhaldsjólasveinninn þinn?** Það er eiginlega bæði Hurðaskellir og Kertasníkir. Þeir eru svolítið fallegir á litinn. Gluggagægir er líka flottur. Kannski kemur Hurðaskellir í nótt.

**Hvað finnst þér skemmtilegt að gera úti?** Fara í göngutúr í Húsdýragarðinn. Mér finnst nautið svo skemmtilegt. Líka hestarnir. Bráðum ætla ég að fara með snuðin mín í Húsdýragarðinn, ég er hættur að nota snuð.

**Áttu uppáhaldsbækur til að lesa á kvöldin?** Ys og þys í Erilborg. Emil í Kattholti er líka skemmtilegur. Uppáhaldssagan mín er um Krumma.

## Jólamyndir

Hann **Walter Björgvin Hinriksson** sendi okkur þessa Grýlumynd.



# GLAMOUR

*Glæsilegasta tískutímarit landsins*




# GLAMOUR fylgir nú með *Stóra- og Risapakka 365*




Kynntu þér málið á 365.is

365

# SKEMMTILEG

Gunni Helga kynnir bók sína í Smáralindinni á sunnud. kl 15.





3.399KR
FULLT VERÐ 4.799KR




2.699KR
FULLT VERÐ 3.599KR




3.399KR
FULLT VERÐ 4.799KR




2.199KR
FULLT VERÐ 2.980KR




4.899KR
FULLT VERÐ 6.999KR




4.199KR
FULLT VERÐ 5.999KR




2.799KR
FULLT VERÐ 3.990KR




4.499KR
FULLT VERÐ 6.299KR




3.999KR
FULLT VERÐ 5.290KR




4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR




1.399KR
FULLT VERÐ 1.899KR




3.999KR
FULLT VERÐ 4.999KR




2.999KR
FULLT VERÐ 3.890KR




2.199KR
FULLT VERÐ 2.899KR

Gildir 17.-19. desember. Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.




**EINFALT**
*að skila eða skipta*

Skilamiði
Skilamiði

# GRI BÓKAJÓL

ALLIR TITLAR FÁST Í SKEIFUNNI, SMÁRALIND, KRINGLUNNI OG GARÐABÆ, MINNA ÚRVAL Í ÖÐRUM VERSLUNUM OG Á HAGKAUP.IS




4.999KR
FULLT VERÐ 6.999KR




4.499KR
FULLT VERÐ 6.999KR

Ævar kynnir bók sína í Kringlunni í dag kl 13-15:30.




3.499KR
FULLT VERÐ 4.799KR




3.799KR
FULLT VERÐ 4.799KR

Birgitta kynnir bækur sínar í Smáralindinni á sunnud. kl 15.




11.499KR
FULLT VERÐ 15.999KR




4.399KR
FULLT VERÐ 6.299KR




4.999KR
FULLT VERÐ 7.499KR




1.299KR
FULLT VERÐ 1.699KR




4.549KR
FULLT VERÐ 6.999KR

Sævar kynnir bók sína í Kringlunni í dag kl 15:30-17.




4.999KR
FULLT VERÐ 6.499KR




4.899KR
FULLT VERÐ 7.499KR




3.199KR
FULLT VERÐ 4.299KR




4.899KR
FULLT VERÐ 7.499KR





4.199KR
FULLT VERÐ 5.899KR

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Laugardagur




Rólegt og þurrt veður framan af degi. Gengur í suðaustan 10-18 síðdegis með rigningu, en mun hægari norðaustan til og úrkomulítið fram eftir degi. Hiti 0 til 7 stig

### Heimurinn

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannah. 3° | Oslo -4° | Stokkhólmur 2° | Gautaborg 5° | Helsinki 1° | Þórshöfn 9° | Nuuk -7° |
| London 10° | Amsterdam 8° | París 4° | Berlin 2° | Madrid 12° | Brussel 8° | Róm 11° |
| Boston -4° | New York 0° | Orlando 16° | Moskva -6° | Singapúr 27° | Tókýó 3° | Sydney 20° |

VÍETNAM og KAMBÓDÍA
8. - 23. apríl | 15 nætur
Margt gert og skoðað
PÁSKAFERÐ
Allt innifalið
598 000 kr.
Bjarmaland ferðaskrifstofa
www.bjarmaland
bjarmaland@bjarmaland.is
sími 770 50 60

FRÉTTABLAÐIÐ
Fréttablaðið eykur þjónustu sína við lesendur á landsbyggðinni.
Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu á eftirfarandi sölustöðum víðsvegar um landið:
nettó BÓNUS

## Flóð & fjara

| Flóð | Fjara |
|---|---|
| **Reykjavík** | |
| **8.16** | **2.20** |
| 3,95m | 0,26m |
| **8.36** | **2.53** |
| 4,28m | 0,32m |
| **Akureyri** | |
| **12.43** | **6.32** |
| 1,45m | 0,30m |
| **12.51** | **7.06** |
| 1,56m | 0,17m |
| **Ísafjörður** | |
| **10.12** | **4.23** |
| 2,16m | 0,30m |
| **11.02** | **5.03** |
| 2,05m | 0,29m |

Tunglstaða:

Vaxandi
91%

Sólarupprás: 11.19

Sólarlag: 3.28

### Reykjavík

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 5° ↗9 | 3° ↗14 | 4° ↑14 | 1° ↑20 | -1° ←7 |

### Ísafjörður

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 2° ↗10 | 0° ↗15 | 1° ↑18 | -0° ↑22 | -6° ↓10 |

### Akureyri

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 3° ↗3 | -1° ↑16 | 3° ↑16 | -3° ↑13 | -6° ↗5 |

### Egilsstaðir


| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 8° ↑12 | 1° ↑11 | 4° ↖22 | -2° ↑11 | -4° ↑8 |

### Kirkjubæjarklaustur

| Sunnudagur | Mánudagur | Þriðjudagur | Miðvikudagur | Fimmtudagur |
|---|---|---|---|---|
| 6° ↗4 | 1° ↗8 | 4° ↑12 | -1° ↗15 | -1° ↑5 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Allt í jólapakkann

## og fyrir jólaundirbúninginn



**HNÍFAPARASETT**
24 stk. Windsor 18.
**6.745 kr.**
Almennt verð: 8.995 kr.
41114127





**TELEFUNKEN**
**STRAUJÁRN**
2200W.
**1.496 kr.**
Almennt verð: 1.995 kr.
41117062

**TRISTAR**
**BRAUÐRIST**
**2.959 kr.**
Almennt verð: 3.945 kr.
42351799





**BOSCH**
**RAFMAGNS-SKRÚFJÁRN**
IXO V + IXO Lino 3,6V.
**5.995 kr.**
Almennt verð: 7.995 kr.
74864006

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.

## Harðir pakkar með notagildi!

### Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 17.DES**
MOSFELLSKÓRINN 13-14
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 14-15

**SUNNUDAGINN 18.DES**
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 13-13:45
ÁLAFOSSKÓRINN 14-15

## SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS

### NOKKRAR HUGMYNDIR



**25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM**



**25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM**
HEIL SETT



**25% AFSLÁTTUR AF BÍLAVÖRUM**
HREINN BÍLL UM JÓLIN



**25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM**

byko.is

*Auðvelt að versla á byko.is*

BYKO
SKREYTUM SAMAN

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Séra Sváfnir Sveinbjarnarson segir það að hafa haldið dagbækur á starfsárum sínum hafa komið að góðu gagni við endurminningarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Að fást við búskapinn myndar svo mikil tengsl

**Sváfnir Sveinbjarnarson fyrrverandi prófastur hefur skráð endurminningar sínar frá fyrri hluta ævinnar í bókinni Á meðan straumarnir sungu. Þar segir einkar skemmtilega frá áhugaverðu lífshlaupi, samferðafólki og veröld sem var.**

É g get nú lítið sagt meira heldur en stendur í formálanum," segir Sváfnir Sveinbjarnarson, fyrrverandi prófastur, af hógværð, aðspurður um hvort hann sé fáanlegur í viðtal um bók sína Á meðan straumarnir sungu. Þar segir Sváfnir frá fyrri hluta af ævi sinni og starfi sem sóknarprestur, fyrst í Suðursveit en síðar að Breiðabólsstað þar sem hann óx úr grasi á sóknarprestsárum föður síns. En í formála Sváfnis segir meðal annars þetta: „Það sem hér verður fært í letur er ekki vísindaleg sagnfræði, heldur tilraun til að lýsa mínum sérstaka heimi sem skarast við heimana allra hinna sem voru í sömu ferð á sömu slóðum."

Aðspurður um tilurð verksins hefur Sváfnir þó við að bæta: „Ég er nú búinn að vera í átján ár á eftirlaunum og maður verður að hafa eitthvað fyrir stafni. Ég byrjaði reyndar ekki á þessu fyrr en fyrir fáum árum. En hins vegar byggist þetta svona talsvert á því að ég hélt alltaf dagbók, svona nokkuð reglulega, þannig að ég hef tímasetningar á því sem ég er að segja frá hverju sinni." Sváfnir segir að það hafi vissulega hjálpað mikið til við að rifja upp liðna tíða að hafa dagbækurnar við hendina. Enda fylgi það hans ævistarfi að koma víða við í samfélaginu og að samferðamenn eru margir. Sváfnir bendir einnig á að hann hafi alla tíð verið með búskap með prestskapnum en það tíðkist nú ekki lengur. „Ég held að það sé búið þó svo að ég þekki það nú ekki nógu vel. En ég var alinn upp við þetta á Breiðabólstað í Fljótshlíð þar sem ég var svo lengst prestur. Faðir minn var prestur á Breiðabólstað, Sveinbjörn Agnarsson.

Ég var svo sem ekki viss um að ég ætlaði í prestsskapinn að loknu stúdentsprófi, það kom svona ýmislegt til greina, en það fór svo að ég fetaði þessa braut. Að loknu námi var ég svo fyrst prestur að Kálfafellsstað í Suðursveit. Reyndar vígðist ég aðstoðarprestur til föður míns að Breiðabólstað en var þar ekki nema í einhverja tvo mánuði en þá sendi Sigurgeir biskup mig þarna austur í Skaftafellssýslu. Þar var sóknarprestur séra Eiríkur Helgason í Bjarnanesi, hann var þá orðinn sjúklingur og lést svo um ári eftir að ég kom þarna austur og þá tók ég við."

Árin í Suðursveit lenti Sváfnir í ýmsu en hann ber fólkinu í sveitinni ákaflega vel og fallega söguna. Samgöngur voru erfiðar og það hafði auðvitað í för með sér margháttaðan vanda fyrir sóknarprest sem þurfti að sinna dreifbýlli sókn. „Það voru komnar tvær brýr á stærri ár, Kolgrímu og Kvíá, en hitt var allt óbrúað. Í kaupstað þurfti maður að fara yfir Hornafjarðarfljót á ferju þannig að það var fyrir ferðunum haft. Ég var þarna í hátt í ellefu ár og kunni því vel. Fór eiginlega hálf nauðugur þaðan aftur. En ég fór þá á heimaslóðir. Römm er sú taug er rekka dregur föðurtúna til."

Í endurminningarbók sinni, Á meðan straumarnir sungu, segir Sváfnir frá mörgu skemmtilegu og þar á meðal ýmsu sem tengist bæði búskap og svaðilförum á ferðum hans í prestsembætti. Sváfnir segir að honum hafi þótt fara vel saman að sinna búskap og prestsverkum. „Mér fannst ég eiginlega ekki geta verið sveitaprestur nema að vera með einhvern búskap og vera í samfélagi við söfnuðinn með það. Að fást við búskapinn myndar svo mikil tengsl. Ég hélt líka bú að Breiðabólstað í þrjátíu og fimm ár, þann tíma sem ég var prestur þar." Sváfnir segir að það hafi verið góður tími sem hann var sóknarprestur að Breiðabólstað. „Þetta voru náttúrulega gjörólíkar aðstæður frá því að vera í Austur-Skaftafellssýslu en þarna voru lengst af ekki nema tvær kirkjur og tíu kílómetrar á milli. En þarna austurfrá þá voru 120 kílómetrar vegalengdin frá Skeiðará að Hornafjarðarfljótum og þrjár kirkjur á því svæði. Það voru þrjátíu kílómetrar á aðra kirkjuna og sextíu á hina." Yfir hátíðarnar þá messaði Sváfnir ekki á aðfangadag en skipti þessu svo á kirkjurnar jóladagana og þetta voru mikil ferðalög. Það tók kannski allt upp í þrjá til fjóra daga, ferðin út í Öræfi og þá var nú stundum höfð jarðarför á laugardeginum og messa á sunnudeginum til að nýta ferðina." Svo lesendur geti betur áttað sig á aðstæðum þessa tíma og staðar þá er birt hér á síðunni skemmtilegt kaflabrot úr bók séra Sváfnis en þar er hann á ferð að vetrarlagi ásamt Sigurði Björnssyni á Kvískerjum.

## Stiklað á stóru úr kaflanum Gamlárskvöld á Breiðamerkursandi 1955

**Boðuð hafði verið hátíðarguðsþjónusta í Hofskirkju í Öræfum klukkan tvö á nýársdag 1956 og daginn eftir átti að vera þar jarðarför. Búast mátti við að það tæki fjóra daga fyrir mig að ljúka þessum embættisskyldum. Þótti mér það fullmikið að vera svo lengi að heiman, frá konu, þremur börnum og búi og hafði því áformað, í von um gott ferðaveður, að fara af stað klukkan sex á nýársmorgun og freista þess að ná að Hofi fyrir auglýstan messutíma. En fyrir hádegi á gamlársdag tekur Veðurstofan að spá vaxandi stormi og snjókomu þegar líði á kvöldið og nóttina. Var þá einboðið að breyta ferðaáætlun og leggja sem fyrst af stað, áður en veður tæki að versna.**
**Ég fór því í símann og talaði við Sigurð Björnsson á Kvískerjum og bað hann að koma sem skjótast á móti mér austur yfir Jökulsá. Hann var þess albúinn, en kvað svo mikinn snjó vestan til á Sandinum að vart mundi bílfært. Kvaðst hann því koma með tvo hesta og hraða för eftir föngum.**

***Eftir að Sváfnir hafði farið fyrsta hluta ferðarinnar á Willys-jeppa sínum heldur hann förinni áfram á hestum sem Sigurður kom með til móts við hann út við skála Slysavarnafélagsins við Jökulsá.***

**Héldum við brátt af stað vestur yfir á hestunum, en þegar vestur á lónið kom varð allt í einu fyrir okkur allbreið sprunga í ísnum, sem þó var þykkur og traustur beggja megin sprungunnar. Virtist Sigurði bregða nokkuð við þessa óvæntu hindrun, því ísinn var heill og sprungulaus þegar hann kom austur yfir. Við héldum með sprungunni inn eftir lóninu í átt til jökulsins, en hún virtist heldur breikka í þá áttina svo að við snerum við. Héldum við nú í átt að ánni, en ekki þótti okkur sprungan árennileg að heldur - auk þess sem hættulegt var að fara of nálægt útfalli árinnar þar sem ísinn varð ótraustari. Snerum við enn við og loks nam Sigurður staðar og sagði: „Hér verðum við að reyna, það verður ekki betra annars staðar." Ekki þori ég lengur með vissu að giska á breidd sprungunnar, kannski var hún aðeins tvö til þrjú fet - en við vissum að undir var meira en 100 metra dýpi. Sjávarfalla gætir þarna og því getur ísinn gliðnað þegar að fellur.**
**Með nokkurri fyrirhöfn og eftirrekstri fengum við hestana til að stökkva þarna yfir, enda voru þeir vel skaflajárnaðir. Allt tók þetta sinn tíma og þegar við stigum aftur á bak og héldum vestur yfir lónið var farið að skyggja og fór að með vaxandi vindi og snjófjúki. Veðurspáin virtist ætla að rætast.**

***Þegar hér er komið sögu var veðurofsinn orðinn slíkur að í verstu hviðunum var erfitt að ná andanum.***

**Er skemmst frá því að segja að nú reyndi ég það í fyrsta og eina skiptið á ævinni hvað það er að verða rammvilltur. Ég missti svo rækilega allt áttaskyn að mér fannst allt fara að snúast í kringum mig. Þegar ég nam staðar tók það mig nokkra stund að átta mig á því hvort væri hægri og hvort vinstri - það skýrðist þegar ég þreifaði á giftingarhringnum á hægri hendi. Þetta er ótrúlegt - og líklega getur enginn skilið hvernig svona villa er nema reyna það sjálfur. Síðar hefi ég talað við menn sem hafa orðið fyrir sömu reynslu.**
**Sigurður tók nú forystuna aftur og tróð skaflana jafnt og þétt af sinni alkunnu seiglu. Loks nam hann skyndilega staðar og þreifaði fyrir sér með stönginni niður fyrir allháan bakka eða hengju og þar niðri var vatn, auður lækur, allbreiður og lygn. „Þetta getur ekkert verið annað en hann Stórilækur," segir Sigurður, „hann er eina vatnið hér, sem ekki leggur í því frosti sem búið er að vera. En hvernig liggur straumurinn? Ef við getum komist að því, ættum við ekki að vera mjög lengi heim." Það rann upp fyrir mér að Sigurður kynni að vera í vafa um áttir og breytingu á vindstöðu.**
**En það var ekki svo auðvelt að greina strauminn, bakkar allháir og myrkrið og veðurofsinn hjálpuðu ekki til. Við færðum okkur fram með læknum og fundum leið niður að vatnsborðinu, en sem við hugðumst komast að niðurstöðu um rennslisáttina þá rofar allt í einu til - og við sjáum báðir grilla í ljós í gegnum hríðarkófið. Það varði aðeins andartak og sást svo ekki meir um sinn. En nú höfðum við stefnuna og eftir svo sem tíu til fimmtán mínútna ferð fórum við að grilla í ljósið aftur.**

*Úr bók Sváfnis Sveinbjarnarsonar, Á meðan straumarnir sungu, bls. 130-133. Útgefandi: Sæmundur.*

# SNJALLAR JÓLAGJAFIR

## ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS*




510S AIO

### IdeaCentre
**ALL-IN-ONE BORÐTÖLVA**

Glæsilegasta skjátölvan okkar örþunn aðeins 7.2mm úr burstuðu áli með rammalausum IPS fjölsnertiskjá og 6W RMS hljóðkerfi.

- Intel Core i5-6200U 2.8GHz Turbo 4xHT
- 8GB DDR4 2133MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 23" Rammalaus FHD IPS fjölsnertiskjár
- Intel HD 520 DX12 Skylake skjákjarni
- 2.0 Dolby Home Theatre 6W RMS hljóðkerfi
- 867Mbps DUAL WiFi AC, BT4, USB 3.0, HDMI
- 1080p vefmyndavél sem hægt er að fela
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**159.990**
ÚRVAL AF SKJÁTÖLVUM FRÁ 79.990




### RIG500
**LEIKJAHEYRNARTÓL**

- e-Sports leikjaheyrnartól frá Plantronics
- Hönnuð fyrir leiki og mælt með af ESL
- Dúnmjúkir memory foam púðar
- Kraftmikil bassi með 40mm driver
- Hljóðeinangrandi Flip-to-mute MIC
- Spöng sem lagar sig að höfuðlagi þínu
- Hægt að skipta um flestar einingar

**11.990**
FYRIR PS4 OG XBOX 13.990




### MYNDARAMMI
**7" DIGITAL MYNDARAMMI**

- Hágæða 7" LogiLink LCD litaskjár
- 4:3 Ljósmyndastærð með 800x600p
- Birtir allar JPEG myndir að 16MP
- Spilar myndir í sjálfvirkri myndsýningu
- Les af minniskortum og minnislyklum
- Handhæg fjarstýring fylgir með
- Stendur á borði eða festist á vegg
- USB tengi og minniskortalesari

**7.990**
JÓLAPAKKI MEÐ MYNDUM FRÁ ÞÉR;)




25SD

### ES1-523

- AMD Dual Core E1-7010 1.5GHz
- 8GB DDR3 1600MHz vinnsluminni
- 256GB SSD ofur hraður diskur
- 15.6" HD LED AntiGlare 1366x768
- 4GB AMD R2 128GCN DX12 skjákjarni
- 2.0 hljóðkerfi með góðum hátölurum
- 867Mbps Dual WIFI AC, BT 4.0, USB 3.0
- 720p Crystal Eye HD Skype vefmyndavél
- Windows 10 64-bit, hlaðið nýjungum

**69.990**
FLOTT VÉL MEÐ 256GB SSD




M7410

### 7"MOBII

- 7" IPS fjölsnertiskjár 1024x600
- Quad Core 1.3GHz A53 64-bit örgjörvi
- Hexa Core Mali T720 DX11 3D skjákjarni
- 8GB flash og allt að 32GB microSD
- 4G-LTE, 300Mbps WiFi, BT 4.0, GPS
- Li-Polymer rafhlaða allt að 4 tímar
- USB2 micro og microSD kortalesari
- 2x vefmyndavélar 2MP FHD og 0.3MP
- Android 5.1 Lollipop og fjöldi forrita

**12.990**
FYRIR POKÉMON GO!




GW100

### GPSKRAKKAÚR
**ENGAR ÁHYGGJUR MEÐ WONLEX!**

Bráðsniðugt og vandað GPS krakkaúr með 1.22" LED lita snertiskjá, SOS takki fyrir neyðarsímtal og SMS sendingu með staðsetningu.

- 1.22" lita LED snertiskjár
- Allt að 10 símanúmer í símaskrá
- Hægt að velja 3 SOS símanúmer
- Með innbyggðri vekjaraklukku
- Viðvörun kemur í síma ef úr er tekið af
- Hægt að skoða ferðir barnsins yfir daginn
- GEOgirðing varar við ef úr fer út fyrir svæði
- Allar aðgerðir stjórnast úr síma foreldra
- App í boði fyrir IOS og Android

**7.990**
WONLEX GPS KRAKKAÚR




GTX105TD5 4GB
**29.990**

### GTX 1050Ti SKJÁKORT




1TB SLIM
**11.990**

### 1TB SLIM FLAKKARI




FLEX
**6.990**

### FITBIT HEILSU ÚR




500GB
**46.990**

### PLAYSTATION 4 SLIM

**OPNUNARTÍMAR**

Opið alla daga til jóla :)
12-23.des 10-19
Aðfangadag Lokað

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

Allt að 100.000 með JólaGreitt. greiddu 1.FEB Kostnaður aðeins kr. 198 :)

acer LogiLink Parrot plantronics PS4 SALORA Trust WONLEX XBOX ONE

17. desember 2016 - Birt með fyrirvara um breytingar, prentvillur og myndabrengl • Tölvutek er stærsta sérhæfða tölvuverslun landsins í fermetrum verslunarrýmis talið, samkvæmt niðurstöðu Neytendastofu þann 10.05.2016







# Spennandi andstæður sembalsins

GEISLADISKUR
IN PARADISUM

★★★★☆

**Verk eftir Úlfar Inga Haraldsson, Önnu Þorvaldsdóttur, Kolbein Bjarnason, Svein Lúðvík Björnsson**

**Flytjandi:** Guðrún Óskarsdóttur semballeikari

**Smekkleysa**




Fyrir þá sem ekki vita er semball hljómborðshljóðfæri og er forfaðir píanósins. Ekki er barið á strengina með hömrum líkt og í því síðarnefnda, heldur er mekanismi sem plokkar þá. Semballinn var mjög vinsæll á endurreisnar- og barokktímanum. Með tilkomu píanósins hvarf hann smám saman af sjónarsviðinu. Hann hefur þó orðið sífellt meira áberandi á undanförnum árum, bæði í flutningi á barokktónlist, og einnig nýrri músík. Á nýútkomnum geisladiski með Guðrúnu Óskarsdóttur semballeikara er eingöngu að finna ný verk eftir nokkur íslensk tónskáld.

Helsti gallinn við sembalinn er hversu veikróma hann er. Það skiptir hins vegar ekki máli þegar geisladiskur er annars vegar. Maður hækkar bara í græjunum! Semballinn sem hér er leikið á er sérlega hljómfagur, og upptakan er svo gott sem fullkomin. Hún er notalega djúp og breið, en samt skýr. Hvert einasta smáatriði heyrist greinilega.

Nokkrir þættir sem saman bera heitið In Paradisum II eftir Úlfar Inga Haraldsson koma afar vel út. Þetta eru stemningsverk, það er yfir þeim helgi og friður. Rafhljóð auka mjög á andrúmsloftið. Langir, þokukenndir rafhljómarnir og hvassir tónar sembalsins skapa heillandi andstæður.

Fingerprints eftir Önnu Þorvaldsdóttur er allt öðru vísi, en ekkert síður ánægjulegt áheyrnar. Tónlistin er ofsafengin, tilfinningarnar ólgandi. Byggt er á tiltölulega einföldu tónefni sem unnið er úr á þráhyggjukenndan hátt. Áferðin er myrk, en ávallt spennandi.

Eins og nafnið ber með sér er Tif... og klukkan tifar til móts við tímann eftir Svein Lúðvík Björnsson mun vélrænni. Sveinn er hér hófsamur eins og venjulega. Grunnhugmyndin er fábrotin og einföld, úrvinnslan markviss og án útúrdúra. Verkið er dálítið fráhrindandi, þetta er jú hugleiðing um tímann sem engu eirir; hverjum finnst það skemmtilegt?

Andrúmsloftið í Danses achroniques (Tímalausum dönsum) eftir Kolbein Bjarnason er sömuleiðis nokkuð hryssingslegt. Þetta eru hefðbundnir dansar frá barokktímanum; sarabanda, allemande, courante, o.s.frv. Í gamla daga voru slíkir dansar ávísun á notalega skemmtitónlist, en hér er því ekki að heilsa. Sömu formúlur eru þó fyrir hendi, en stefin eru afstrakt, hljómarnir ómstríðir, rytminn óreglulegur. Kolbeinn vinnur úr þessum grunni af mikilli ákefð og niðurstaðan er dökkur tónavefur, napur og kaldur. Þar með er ekki sagt að verkið sé slæmt – síður en svo. Tónlist þarf ekki alltaf að vera hugguleg. Aðalatriðið er að tónskáldinu takist að koma meiningu sinni til skila. Músíkin verður að vera sönn, ef svo má segja. Atburðarásin í henni hér er ávallt athyglisverð. Hún er rökrétt en kemur þó stöðugt á óvart. Fyrir bragðið virkar hún og hittir í mark.

Guðrún leikur allt af einstakri fagmennsku. Hraðar nótnarunur eru jafnar og skýrar. Hljómarnir eru nákvæmir, hrynjandin hnitmiðuð. Á geisladiskinum er að finna spuna eftir hana sjálfa en þar býr hún til hljóð með banki á sembalinn, strokum, o.s.frv. Þar birtist manni önnur mynd af hljóðfærinu en þessi venjulega. Hún er dáleiðandi og unaðsleg. Útkoman er óneitanlega mögnuð. **Jónas Sen**

**NIÐURSTAÐA:** Ákaflega vandaður geisladiskur, ólíkar en eftirtektarverðar tónsmíðar, frábær spilamennska.




# Var Snorri Hjartarson rasisti?

BÆKUR

**Sonnettan**

★★★☆☆

**Sigurjón Magnússon**

**Útgefandi:** Ugla 2016
**Fjöldi síðna:** 141

Er íslenskukennari sem heldur því til streitu að hafa ljóð Snorra Hjartarsonar, Land, þjóð og tunga, á námsskránni þar með orðinn þjóðernissinni og rasisti? Sú spurning liggur til grundvallar í nýrri skáldsögu Sigurjóns Magnússonar, Sonnettunni. Svarið er svo sem ekki einhlítt, en meðal þess sem Sigurjón veltir upp í sögunni er hvernig umræðan stimplar fólk og dregur í dilka á þeim forsendum einum að því sé annt um þjóðmenninguna og menningararfinn. Tómas, söguhetjan, hefur sagt starfi sínu sem menntaskólakennari lausu eftir að hafa lotið í lægra haldi fyrir rétttrúnaði samstarfsmanna sinna og verið neitað um að láta nemendur lesa umrædda sonnettu. Hann er úthrópaður rasisti fyrir vikið og meira að segja eiginkonan, Selma, stendur með andstæðingum hans í þessari baráttu. Reyndar eru þau hjónakorn ansi lítið sammála um nokkurn hlut og hjónabandið löngu orðið holt að innan. Til að reyna að bjarga því sem bjargað verður drífur Tómas þau í þriggja vikna frí á sólarströnd á Spáni, en fær fljótt ástæðu til að sjá eftir þeirri ákvörðun. Sól og strandlíf lækna ekki hjónabandsmeinin, brátt dregur til þeirra tíðinda sem hann óttast mest og leikar æsast allhressilega.




Helsti styrkur Sigurjóns Magnússonar sem höfundar er virðing hans fyrir mætti orðanna og varleg meðferð hans á þeim. Hvert orð er vandlega valið og hann hefur einstakt lag á því að draga upp sterkar myndir og aðstæður án þess að missa sig í orðavaðal og ofskýringar. Saga þeirra Tómasar og Selmu er gamalkunnug og hefur verið viðfangsefni margra skáldsagna í gegnum tíðina; gjáin sem myndast milli elskenda þegar hversdagsleikinn og togstreitan um hvað skipti máli fara að yfirgnæfa ástarneistann, en Sigurjóni tekst að segja þessa sögu á einstæðan hátt og velta upp spurningum um það hvað skipti í raun máli í lífinu.

Persónur eru vel dregnar, helst að eiginkonan Selma sverji sig í ætt staðalmynda um hina ófullnægðu konu, en frústrasjón hennar verður samt skiljanleg og ekki laust við að lesandinn hafi með henni vissa samúð. Tómas sjálfur er einstaklega ósympatísk aðalpersóna, en vissulega ansi kunnuglegur bæði úr skáldsögum og raunveruleika. Fræðimaðurinn sem lifir í bókum, hangir á prinsippum og gleymir því sem skiptir máli í hversdagsleikanum. Aðrar persónur eru meiri svipmyndir, fulltrúar ákveðinna þjóðfélagshópa, en allar vel gerðar og trúverðugar sem slíkar. Helst að flagarinn Höskuldur Briem sé ótrúverðug steríótýpa sem höfundur greinilega hefur enga samúð með.

Sagan rennur vel og bregður upp myndum af aðstæðum sem allir sólarlandafarar þekkja, spaugilegum á köflum en alltaf með dimmum undirtóni; maður er manni úlfur.

Í heild er Sonnettan afskaplega vönduð og vel smíðuð saga sem allrar athygli er verð, en skilur svo sem ekki mikið eftir í huga lesandans. **Friðrika Benónýsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Vel smíðuð og enn betur stíluð saga sem veltir upp spurningum sem brenna á samtímanum.

# TÖLVUPAKKAR




ÓTRÚLEGT JÓLATILBOÐ

12.995
ÁÐUR 14.995

nextbook NEX-NX785QC8G

## 8" SPJALDTÖLVA Í JÓLAPAKKANN

**Vinsæl 8" spjaldtölva fyrir börnin sem geta valið úr þúsundum ókeypis leikja í Google Playstore . Ótrúlegt verð.**




ACE-NXGE6ED077

## i5 MEÐ SSD OG HDD

**Nýr Intel i5 7200 Kabylake örgjörvi. Bæði SSD og HDD. 15,6" FullHD skjár og Intel HD520 grafikkjarni. Frábær kaup fyrir þá sem vilja hraða tölvu og gott vinnupláss.**

119.995
NÝR KABYLAKE



59.995
ÁÐUR 74.995

-20%

acer ACE-NXGCEED060

## INTEL i3 Á 59.995 !

**Sérstakt jólatilboð á þessari skemmtilegu 15,6" Acer Aspire fartölvu. Mikið fyrir peninginn.**



29.995
UPPTÖKUKORT

RAZER RAZ-RZ2001780100R3G1

## RAZER RIPZAW UPPTÖKUKORT

**Steymdu leikjaspiluninni þinni beint á YouTube eða Twitch með þessu öfluga upptökukorti frá Razer.**




87.995
GTX 1070

msi MSI-GTX1070GAMINGX8G

## GEFORCE GTX1070 LEIKJASKJÁKORT

**Fullnýttu grafíkina í leikjunum með þessu kraftmikla 8GB GTX1070 ofurskjákorti frá MSI. VR ready.**



24.995
CHROMA LED

RAZER RAZ-RZ0301220600R3N1

## RAZER BLACKWIDOW CHROMA

**Vinsælt leikjalyklaborð frá Razer með mekanískum tökkum og sjálfstæðri LED lýsingu undir hverjum takka.**




8.995
RISALYKILL

SanDisk SDI-SDCZ43128G

## 128GB SSD MINNISLYKILL

**Agnarsmár en risastór UltraFit 128GB SSD diskur með USB3.0 frá SanDisk. Tilvalinn til að auka geymsluplass á fartölvum.**




9.995
ÁÐUR 11.995

-17%

TOSHIBA TOS-HDTB310EK3AA

## 1TB VASAFLAKKARI

**Traustur og handhægur 1TB Toshiba Canvio vasaflakkari á jólatilboði. Háhraða USB 3.0 og fær rafmagn í gegnum USB snúruna.**



8.995
FLOTTUR PAKKI

rapoo RAP-9060IS

## ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ OG MÚS

**Öflugt þráðlaust lyklaborð með íslenskum stöfum og þráðlausri mús. Allt að 10 metra drægni.**



11.995
ÁÐUR 12.995

RAZER RAZ-RZ0101210100R3G1

## RAZER DEATHADDER CHROMA

**Sérstaklega vinsæl og næm leikjamús. 10.000 DPI optískur skynjari og Chroma lýsing með 16,8 milljónum lita.**




9.995
FERÐARAFHLAÐA

FSP-PB10400MAH

## JÓLAGJÖF FYRIR BATTERÍSLAUSA

**Fullkomin gjöf fyrir Pókemon Go spilara og þá sem eru komnir með slaka farsímarafhlöðu.**




14.995
HRAÐVIRKUR

TOSHIBA TOS-THNS101Z2400E8

## 240GB SSD DISKUR

**Gefðu tölvunni þinni nýtt líf fyrir jólin með þessum trausta 240GB SSD diski frá Toshiba.**



99.995
UHD GÆÐI

ASUS ASU-PB287Q

## 28" 4K TÖLVUSKJÁR

**Ótrúleg myndgæði og aukið vinnupláss. Hentar vel í tölvuleiki eða myndvinnslu.**



29.995
FRÁBÆRT VERÐ

nextbook NEX-NEXT1015BAP

## 10" SPJALDTÖLVA MEÐ LYKLABORÐI

**Stórsniðug spjaldtölva með fjögurra kjarna örgjörva og kristaltærum 10,1" IPS skjá. Lyklaborð og 1TB OneDrive fylgir.**

# TÖLVULISTINN

OPIÐ TIL 22 Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI

Jólareikningur
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

Söngveisla
á fjórum hljómdiskum




Ólafur Vignir Albertsson leikur íslensk lög og erlend, svo og aríur úr óperum með 43 af helstu söngvurum okkar áranna 1964-2009.

Til sölu hjá: 12 TÓNUM, Skólavörðustíg
Smekkleysu, Laugavegi
Pennanum-Eymundsson og á netinu:
**panta@profilm.is**









# Föst jólahefð í lífi m

## Jory Vinikour semballeikari stjórnar Kammers morgun. Einn af fremstu semballeikurum heim

Sveitin fylgir því sem lagt hefur verið upp með alla tíð, að flytja hátíðlega barokktónlist og ekkert annað," segir Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari, talandi um jólatónleika Kammersveitar Reykjavíkur á morgun, sunnudag, klukkan 17.15 í Norðurljósasal Hörpu. Hún segir það fasta jólahefð í lífi margra að fara á þessa árlegu tónleika og nú verði sú nýbreytni að söngvari komi fram með sveitinni, enginn annar en Kristinn Sigmundsson.

Kammersveitin stendur á tímamótum því Rut Ingólfsdóttir sem stofnaði hana fyrir 40 árum er hætt. „Nú erum við nokkur saman sem rekum sveitina af ástríðu. Erum atvinnumenn en þetta er samt hugsjónastarf því okkur finnst nauðsynlegt að hafa eina svona kammersveit í samfélaginu. Það er líka stór hópur sem vill hafa hana áfram en það er ekki alveg sjálfgefið mál á okkar tímum."

Áshildur segir jólatónleikana mannfrekustu tónleika ársins. „En þetta gengur vel hjá okkur. Það er góð stemning í hópnum og mér líst mjög vel á samstarfið við Kristin Sigmunds og Jory Vinikour, einn af fremstu semballeikurum heims, sem mun stjórna tónleikunum, auk þess að flytja sembalkonsert C.P.E. Bachs."

Áshildur kveðst hafa kynnst Jory Vinikour fyrst þegar hún var í Bandaríkjunum í námi, þá hafi þau spilað saman, síðar hafi þau rekist hvort á annað í Parísarkonservatoríinu. Hann hafi líka unnið með Kristni í Parísaróperunni og það sé sérstakt ánægjuefni að fá þessa tvo frábæru listamenn til samstarfs við Kammersveitina nú.

> **„Það er góð stemning í hópnum og mér líst mjög vel á samstarfið við Kristin Sigmunds og Jory Vinikour, einn af fremstu semballeikurum heims.**

Spurð hvort ekki þurfi að skipuleggja svona gigg með margra mánaða fyrirvara svarar Áshildur: „Jú, því frægari sem listamenn eru, því meiri fyrirvari."

Áshildur byrjaði að spila með Kammersveitinni sem einleikari þegar hún var nýbúin í námi og kveðst hafa verið viðloðandi hana í tíu ár. Hún segir áheyrendur á tónleikum sveitarinnar jafnan vera á öllum aldri. „Stærsti áheyrendahópur klassískrar tónlistar er samt miðaldra og upp úr," segir hún. „En það koma alltaf nýir miðaldra svo ég hef engar áhyggjur." **gun@frettabladi.ids**

# Galdrar í Reykjavík

**BÆKUR**

**Svartigaldur**

★★★★☆

**Stefán Máni**

**Útgefandi:** Sögur
**Prentun:** í Lettlandi
**Fjöldi síðna:** 373 bls.
**Kápa:** Kontor Reykjavík




Lögreglumaðurinn Hörður Grímsson á sér drauma um að verða rannsóknarlögreglumaður. Enn er hann samt í götulöggunni en fær óvænt tækifæri til að láta að sér kveða þegar hann uppgötvar tengsl milli rannsóknar á morðinu á alþingismanni og hauskúpu sem finnst í geymsluhúsnæði á Grandagarði. Morðmálið vindur upp á sig í óvenjulegar áttir og Hörður þarf ekki bara að trúa ýmsu ótrúlegu heldur ná að sannfæra yfirmenn sína. Meðfram þessu fáum við innsýn í einkalíf Harðar, sem er hávaxinn, þögull og einrænn með lágt sjálfsmat enda hefur hann sína djöfla að draga. Að auki er hann skyggn og sér fyrir hvenær dauðinn nálgast en ekki hvern eða hvernig. Allt leggst þetta á eitt um að gera hann að dæmigerðum einfaralöggumanni sem hefur samt einhvern grófan og drengslegan sjarma sem gerir það að verkum að konan sem hann er hrifinn af lætur sig hafa allt ruglið sem fylgir honum, bæði í einkalífi og starfi.

Stefán Máni er góður stílisti og skrifar texta sem rennur vel, er þéttur og á köflum unun að lesa. Þrátt fyrir titil bókarinnar og efnistök eru hér ekki til staðar óþægindin sem eitt sinn voru ráðandi í bókum hans og það er til marks um að Stefán Máni þarf ekki lengur að sjokkera til að halda sínu heldur er kominn með það vald á textanum að hann þarf ekki lengur að beita brögðum til að fanga lesandann. Hann hefur lýst því yfir að hann væri til í að sjá fleiri bækur sínar enda á hvíta tjaldinu en skáldsaga hans Svartur á leik varð að kvikmynd fyrir nokkrum árum og Svartigaldur er mjög myndræn saga sem auðvelt væri að sjá fyrir sér sem sjónvarpsþáttaröð eða í bíó. Gaman var líka að rekast á höfundinn sjálfan á Vitabar í litlu hlutverki, svona aðeins stærra en Hitchcock sem alltaf sást í einhverju formi í myndum sínum.

Svartigaldur er að upplagi hefðbundin glæpasaga sem teygir sig yfir í hið yfirnáttúrulega og vefur það saman við grákaldan raunveruleikann. Fléttan er skemmtileg og tekur óvæntar sveigjur og þegar hið yfirnáttúrulega og óhugnanlega kemur í ljós hefur það verið svo haganlega samofið raunveruleikanum að það verður lesandanum ekkert erfitt að samþykkja þá framvindu. Stefán Máni þakkar á síðustu síðu nokkrum fagaðilum sem hann hefur greinilega leitað til og það skilar sér því sagan er trúverðug þrátt fyrir yfirnáttúruna og sérstaklega innsýnin í starf lögreglumanna og lífið á Litla-Hrauni. Hann þakkar einnig Matthíasi Viðari Sæmundssyni sérstaklega en sá einstaki fræðimaður lagði gríðarlega til þekkingar Íslendinga með bók sinni Galdrar á Íslandi, þar sem er að finna einstæða heimild um galdra á Íslandi eins og þeir voru stundaðir á 17. öld.

Ekki má gleyma að minnast á bókarkápuna sem er geysilega falleg og áhrifamikil, bundin eins og biblía og blöðin og öll áferð í þeim dúr. Umgjörðin leggur mikið til lestrarupplifunarinnar og saman vinna þau að því að gera þessa glæpasögu ánægjulega aflestrar og jafnvel lyfta henni aðeins yfir formið.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Svartigaldur er prýðisgóð afþreying, vel unnin allt frá fléttu að fallegu bandi, fengur fyrir glæpasöguunnendur, galdraáhugamenn og þá sem finnst gaman að lesa góðar bækur.

# hargra að hlýða á barokkið

**sveit Reykjavíkur á árlegum jólatónleikum í Norðurljósasal Hörpu á as mun stjórna tónleikunum og Kristinn Sigmundsson syngur með.**



Jólatónleikar Kammersveitarinnar eru þeir mannfrekustu á árinu. Hér er hópurinn á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN





BJÖRNSBAKARÍ
Sími: 561 1433
www.bjornsbakari.is

mánudaga-föstudaga 7.30 -17.30
laugardaga 8.00 -16.00
sunnudaga 9.00 -16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
Fálkagata 18 • Dalbraut 1



# Fróðlegur skemmtilestur





Inn á milli er þó dapurlegur eða jafnvel harmrænn undirtónn, einkum þegar hann fjallar um örlög þeirra fjölmörgu kvenna og unglingsstúlkna sem máttu sín lítils í karlaveldinu. Ég mæli eindregið með einstaklega áhugaverðri, fræðandi og skemmtilegri bók.
*Halldóra Ólafsdóttir geðlæknir*

Fróðlegur skemmtilestur sem opnar lesendum nýjar víddir á miðaldabókmenntir Íslendinga. – ómetanlegt framlag til fræðanna.
*Bjarni Harðarson útgefandi*

Þjóðin hefur löngum speglað sig í fornum hetjum Íslendingasagna. Hér birtist í samúð og húmor ný sýn á þessari íslensku þjóðarvitund.
*Magnús Jónsson leiðsögumaður*

Óttar gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir annmörkum þess vísindalega tækjabanka sem hann sækir í. Hann hefur fullan húmor fyrir þessum læknisfræðum sem að vonum mátti skynja talsvert miklu betur þegar á hann sjálfan var hlýtt, en við lestur bókarinnar, svo ágæt sem hún nú er.
*Jón Viðar Jónsson bókmenntafræðingur*

# Gleymdur menningararfur




Einstakur sjóður ævintýra sem að mestu hafa verið gleymd á síðustu tímum. Voru þýdd á 14. og 15. öld og koma nú út í fyrsta sinn á Íslandi. Ritstjóri er Bragi Halldórsson.

SKRUDDA





































9.990 KR.
Á MÁNUÐI EÐA
333 KR.
Á DAG

HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT

Krakka Stöðin · Heimili HBO · Tónlist · Vild · 2 Maraþon NOW

























Nú getur þú horft á allar sjónvarpsstöðvar 365

**HVAR OG HVENÆR SEM ER**

í snjallsíma, spjaldtölvu, vefspilara og á Apple TV.



















★ UM 300 ★ KVIKMYNDIR Á 2 MARAÞON NOW













**MEÐ OKKUR YFIR HÁTÍÐARNAR**

365.is | Sími 1817 365







# Hvað? Hvenær? Hvar?

## Laugardagur

hvar@frettabladid.is

### 16. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Jón Jónsson í Austurbæ
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Austurbær
Stórtónleikar Jóns Jónssonar fara fram í kvöld. Í fyrra seldist upp á tvenna tónleika á örfáum dögum. Þótt tónleikarnir séu haldnir skömmu fyrir jólin eru þeir ekki eiginlegir jólatónleikar. Auðvitað svífur jólaandinn og kærleikurinn yfir vötnum en lagabálkurinn samanstendur þó að mestu af lögum úr smiðju Jóns sem mun njóta fulltingis hljómsveitar sinnar auk góðra gesta sem stíga munu á svið. Þetta er fjórða árið í röð sem Jón heldur tónleika í Austurbæ á þessum tíma og má því með sanni segja að hér sé árviss viðburður búinn að festa sig í sessi.

**Hvað?** Jólatónleikar Sinfóníunnar
**Hvenær?** 16.00
**Hvar?** Harpa
Á jólatónleikum Sinfóníunnar er hátíðleikinn í fyrirrúmi og þar eiga sígildar jólaperlur fastan sess. Nýr forleikur með jólalögum frá Norðurlöndunum og Sleðaferð Andersons gefa upptaktinn að tónleikunum ásamt gullfallegri túlkun nemenda Listdansskólans á Blómavalsi Tsjajkovskíjs og flutningi Björllukórs Tónlistarskóla Reykjanesbæjar á hinu sígilda íslenska jólalagi Jólin alls staðar. Skólahljómsveit Kópavogs flytur sívinsælt lag Gunnars Þórðarsonar Aðfangadagskvöld og ungir einleikarar koma fram í hinu ægifagra Panis Angelicus. Einsöngvarar ásamt kórum úr Langholtskirkju og táknmálskór flytja úrval innlendra og erlendra jólalaga sem koma öllum í sannkallað hátíðarskap. Trúðurinn Barbara kynnir tónleikana af sinni alkunnu snilld en tónleikarnir eru einnig túlkaðir á táknmáli. Nemendur úr Skólahljómsveit Kópavogs og Björllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar flytja jólalög á undan tónleikunum.


Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Karl Olgeirsson syngja inn jólin í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Hvað?** Heima um jólin
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Salurinn, Kópavogi
Friðrik Ómar mætir á ný í Salinn eftir einstaklega vel heppnaða jólatónleika í fyrra þar sem færri komust að en vildu. Einvalalið hljóðfæraleikara stígur á svið með honum og flytur perlur jólanna í bland við lauflétta stemningu að hætti söngvarans að norðan. Gestasöngkona Friðriks er engin önnur en Guðrún Gunnarsdóttir, samstarfskona hans til margra ára.

**Hvað?** Jólin koma – Reykjanesbæ
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hljómahöllin
Þeir sem fram koma eru ekki af verri endanum því fjórir af vinsælustu söngvurum landsins, hvort sem litið er til jólatónlistar eða popptónlistar yfir höfuð, ætla að mæta og syngja inn jólin með úrvals hljóðfæraleikurum. Það eru þau Stefán Hilmarsson, Sigríður Beinteinsdóttir, Helga Möller og Laddi sem munu koma fram þetta kvöldið í Hljómahöllinni.

**Hvað?** ScHoolboy Q
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Vodafonehöllin
Hinn 29 ára gamli hiphop-artisti frá L.A. vakti verðskuldaða athygli þegar hann gaf út Habits & Contradictions árið 2012 sem innihélt lagið There He Go en vinsældir hans blésu út árið 2014 eftir útgáfu plötunnar Oxymoron. Hún fór beint í fyrsta sæti Billboard 200 í Bandaríkjunum og inniheldur hittara á borð við Studio, Break the Bank, Collard Greens og Man of the Year.

**Hvað?** Jólakósí
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Þjóðleikhúskjallarinn
Sigga Eyrún og Kalli Olgeirs syngja inn jólin í rólegheitastemningu. Á dagskrá eru íslensk og erlend jólalög í útsetningum Karls sem er alls enginn Leppalúði þegar kemur að því að skapa fallega jólastemningu. Huggulegir og persónulegir jólatónleikar í Þjóðleikhúskjallaranum.

**Hvað?** Margrét Eir
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Sauðárkrókskirkja
Margrét Eir hefur um árabil sungið inn jólin til landsmanna með Frostrósum. Jólatónleikarnir hennar í ár verða lágstemmdir og hátíðlegir. Með sinni einstöku túlkun ætlar hún, ásamt þeim Berki Hrafni Birgissyni og Daða Birgissyni að flytja vetrar- og jólalög úr ýmsum áttum.

**Hvað?** Hátíðartónleikar Eyþórs Inga
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Egilsbúð
Eyþór er án efa einn af okkar fremstu söngvarum í dag. Hann hefur einnig getið sér gott orð fyrir að vera mögnuð eftirherma. Hér er á ferðinni létt, hugljúf og jólaleg kvöldstund þar sem Eyþór kemur fram einn síns liðs, með píanóið, gítarinn og röddina að vopni. Sérstakir gestir eru Kórar úr heimabyggð á hverjum stað fyrir sig.

**Hvað?** Jólaball- Próflok
**Hvenær?** 23.00
**Hvar?** Íslenski barinn
Strákarnir í Alþýðulagabandinu eru hressir piltar utan af landi sem kunna svo sannarlega að plokka gítarinn og syngja auk þess eins og englar. Þeim er sérstaklega tamt að breiða dúnmjúkt yfir öll klassísku íslensku lögin sem þið elskið svo heitt og því passa þeir eins og flís við rass á Íslenska barnum. Þess má geta að hann Siggi, bangsi bandsins, á afmæli og því verður extra mikil ást lögð í allt þetta kvöld.

## Sunnudagur


### 17. DESEMBER 2016


### Tónlist

**Hvað?** Breiðfirðingakórinn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Fella- og Hólakirkja

### Uppákomur

**Hvað?** Jóladagskrá Árbæjarsafns
**Hvenær?** 14.00
**Hvar?** Árbæjarsafn, Kistuhylur 4, 110 Reykjavík
Jóladagskrá Árbæjarsafns hefur notið mikilla vinsælda undanfarin ár og hefur hlotið fastan sess í menningarlífi borgarbúa á aðventunni. Ungir sem aldnir geta rölt á milli húsanna og fylgst með undirbúningi jólanna eins og hann var í gamla daga. Hrekkjóttir jólasveinar gægjast á glugga og kíkja í potta, börn og fullorðnir fá að föndra og syngja saman jólalög. Þá gefst gestum tækifæri til að taka þátt í jólalegum ratleik um safnsvæðið. Að vanda býður Dillonshús upp á ljúffengar veitingar, heitt súkkulaði og jólalegt meðlæti. Klukkan 14.00 verður guðsþjónusta í safnkirkjunni. 14.30 hefjast jólatónleikar með Huga Jónssyni og Kára Allonssyni í safnkirkjunni. Klukkan 15.00 hefst jólatréssskemmtun á torginu. Jólasveinar verða á vappi um svæðið frá klukkan tvö til klukkan sex.



# GEFÐU SKEMMTILEGA GJÖF UM JÓLIN

## BÍÓMIÐI, PEPSI & POPP GJAFABRÉF Á SAMBIO.IS

EÐA Í MIÐASÖLUM SAMBÍÓANNA



#PL #enski365

Laugardagur 17. desember

Crystal Palace 12:20 Chelsea
#CRYCHE

West Brom 17:20 Man. Utd
#WBAMUN

Sunnudagur 18. desember

Bournemouth 13:20 Southampton
#BOUSOU

Man. City 15:50 Arsenal
#MCIARS

Mánudagur 19. desember

Everton 19:50 Liverpool
#EVELIV

MESSAN 22:00 Uppgjör helgarinnar með Gumma Ben og félögum.
#Messan

KAUPTU STAKAN LEIK: Síminn 365

SPORT

Domino's ICELANDAIR Coca-Cola

365.is | Sími 1817 365

# DAGSKRÁ

# Laugardagur

## STÖÐ 2

07.00 Jóladagatal Afa
07.05 Strumparnir
07.30 Waybuloo
07.50 Doddi litli og Eyrnastór
08.05 Doddi litli og Eyrnastór
08.20 Mæja býfluga
08.35 Blíða og Blær
09.00 Með afa
09.10 Stóri og litli
09.20 K3
09.30 Tindur
09.40 Elías
09.50 Pingu
10.00 Grettir
10.10 Víkingurinn Viggó
10.25 Kalli kanína og félagar
10.50 Ævintýri Tinna
11.15 Beware the Batman
12.20 Víglínan
13.05 Bold and the Beautiful
13.25 Bold and the Beautiful
13.45 Bold and the Beautiful
14.05 The X-Factor UK
15.40 The X-Factor UK
17.20 **Borgarstjórinn** Ný gamanþáttasería sem skartar einvala liði leikara og fjallar um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og fólksins í Ráðhúsinu sem er ekki alltaf sátt við störf borgarstjórans.
17.50 Jóladagatal Afa
18.00 Sjáðu
18.30 **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.
18.55 **Sportpakkinn** Íþróttamenn Stöðvar 2 Sport fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna í liðinni viku, taka viðtöl við sérfræðingana og sýna brot frá því helsta sem fór fram.
19.05 Lottó
19.10 **Friends** Joey er himinlifandi yfir því að vera aftur kominn með hlutverk í sápuóperunni Days of Our Lives en líst ekkert á blikuna þegar tímarit vill taka viðtal við hann. Hann fær því alla vini sína með sér í viðtalið til að koma í veg fyrir að hann segi einhverja vitleysu í þetta skiptið.
19.35 A Christmas Tail
21.05 Far From The Madding Crowd
23.05 Armed Response
00.40 **Svartur á leik** Íslensk glæpamynd af bestu gerð sem byggð er á metsölubók Stefáns Mána Sigþórssonar. Myndin fjallar um ungan mann sem sogast óvænt inn í undirheima Reykjavíkur.
02.25 Run All Night
04.15 Taken 3
06.00 Louie

## STÖÐ 2 SPORT

07.40 Premier League
09.25 NBA
11.20 Enska 1. deildin
13.00 Þýski boltinn
14.40 Spænski boltinn
16.20 Domino's deild kvenna
18.30 Premier League
20.10 Premier League
21.50 Premier League
23.30 Premier League
01.10 Premier League

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.40 Premier League
09.25 NBA
11.20 Enska 1. deildin
13.00 Þýski boltinn
14.40 Spænski boltinn
16.20 Domino's deild kvenna
18.30 Premier League
20.10 Premier League
21.50 Premier League
23.30 Premier League
01.10 Premier League

## STÖÐ 3

15.15 Vicious
15.40 Who Do You Think You Are?
16.45 Hell's Kitchen USA
17.30 Mike and Molly
17.55 Married
18.20 The Big Bang Theory
18.45 Baby Daddy
19.10 New Girl
19.35 Modern Family
20.00 The Great Christmas Light Fight
20.45 Suburgatory
21.10 Fresh off the Boat
21.40 Band of Brothers
22.40 Homeland
23.35 Bob's Burgers
00.00 American Dad
00.20 The Great Christmas Light Fight
01.05 Suburgatory
01.30 Fresh off the Boat
01.50 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Áfram Diego, áfram!
07.24 Svampur Sveinsson
07.49 Lalli
07.55 Rasmus Klumpur og félagar
08.00 Ævintýri Tinna
08.25 Hvellur keppnisbíll
08.37 Stóri og Litli
08.49 Gulla og grænjaxlarnir
09.00 Víkingurinn Viggó
09.13 Kormákur
09.25 Strumparnir
09.47 Mæja býfluga
10.00 Könnuðurinn Dóra
10.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
10.47 Doddi litli og Eyrnastór
11.00 Áfram Diego, áfram!
11.24 Svampur Sveinsson
11.49 Lalli
11.55 Rasmus Klumpur og félagar
12.00 Ævintýri Tinna
12.25 Hvellur keppnisbíll
12.37 Stóri og Litli
12.49 Gulla og grænjaxlarnir
13.00 Víkingurinn Viggó
13.11 Kormákur
13.23 Strumparnir
13.45 Mæja býfluga
14.00 Könnuðurinn Dóra
14.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
14.47 Doddi litli og Eyrnastór
15.00 Áfram Diego, áfram!
15.24 Svampur Sveinsson
15.49 Lalli
15.55 Rasmus Klumpur og félagar
16.00 Ævintýri Tinna
16.25 Hvellur keppnisbíll
16.37 Stóri og Litli
16.49 Gulla og grænjaxlarnir
17.00 Víkingurinn Viggó
17.11 Kormákur
17.23 Strumparnir
17.45 Mæja býfluga
18.00 Könnuðurinn Dóra
18.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
18.47 Doddi litli og Eyrnastór
19.00 Ævintýri herra Píbodýs og Sérmanns

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Franklin Templeton Shootout
11.00 Franklin Templeton Shootout
14.00 Franklin Templeton Shootout
18.00 ANA Inspiration
21.00 Golfing World 2016
21.50 2016 PGA TOUR Year in Review
22.40 Abu Dhabi HSBC Golf Championship

## BÍÓSTÖÐIN

07.50 Grandma
09.10 The Walk
11.10 Night at the Museum. Battle of the Smithsonian
12.55 Brooklyn
14.45 Grandma
16.15 The Walk
18.20 Night at the Museum. Battle of the Smithsonian
20.05 Brooklyn
22.00 The Gunman
00.00 The Fast and the Furious
01.50 Scary Movie 5
03.20 The Gunman

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kioka
07.07 Ævintýri Berta og Árna
07.12 Lundaklettur
07.20 Sara og önd
07.27 Ólivía
07.37 Vinabær Danna tígurs
07.49 Elías
08.00 Póló
08.06 Snillingarnir
08.30 Úmísúmí
08.53 Tré Fú Tom
09.15 Uss-Uss!
09.27 Hrói Höttur
09.37 Skógargengið
09.49 Lóa
10.02 Alvinn og íkornarnir
10.10 Góð jól
10.15 Saga af strák
10.40 Vikan með Gísla Marteini
11.20 Útsvar
12.30 Síðasta vígi Lemúrsins
13.15 Hnotubrjóturinn
15.00 Jól í Vínarborg 2013
16.30 Norðurlandsjakinn
17.00 Stundin okkar
17.25 Krakkafréttir vikunnar
17.40 Táknmálsfréttir
17.50 KrakkaRÚV
17.51 Jóladagatalið - Sáttmálinn
18.20 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
18.45 Góð jól
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Home Alone
21.30 Notting Hill
23.35 Snow White and The Huntsman
01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.20 King of Queens
08.45 King of Queens
09.05 How I Met Your Mother
09.30 How I Met Your Mother
09.50 Telenovela
10.15 Trophy Wife
10.35 Younger
11.00 Dr. Phil
11.40 Dr. Phil
12.20 The Tonight Show
13.00 The Tonight Show
13.40 The Tonight Show
14.20 The Voice Ísland
15.50 Gordon Ramsay Ultimate Home Cooking
16.15 Emily Owens M.D
17.00 Parks & Recreation
17.25 Growing Up Fisher
17.50 30 Rock
18.15 Everybody Loves Raymond
18.40 King of Queens
19.05 How I Met Your Mother
19.30 The Voice USA
21.00 Father of the Bride II
22.50 Knocked Up
01.00 L!fe Happens
02.40 Cape Fear
04.50 Síminn + Spotify

## ÚTVARP


**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# SANNKÖLLUÐ SAGNAGLEÐI

„Sagnagleði og leiftrandi … góð lesning.“
Magnús Guðmundsson / Fréttablaðið

„... hnyttið og skemmtilegt með alvarleika í bland … Hér skín vel í orðheppni höfundarins sem potar ofurlétt í samtíma okkar, án þess þó að upphefja textann sjálfan.“
Guðrún Baldvinsdóttir / Víðsjá




1. PRENTUN Á ÞROTUM

2. PRENTUN VÆNTANLEG

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Opið um helgina 11–19 | **www.forlagid.is**




**BORGARSTJÓRINN**
Lokaþáttur um daglegt líf borgarstjórans í Reykjavík og starfsfólksins í ráðhúsinu sem er ekki alltaf sátt við störf borgarstjórans. Grátbroslegir og allt öðruvísi gamanþættir með Jóni Gnarr og Pétri Jóhanni í aðalhlutverkum.

SÚPER
SUNNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is** 365




**RIZZOLI & ISLES**
Frábærir lögguþættir um vinkonurnar Jane Rizzoli og Mauru Isles sem hafa aldrei verið öflugri í að leysa stórglæpamálin með stæl.





**THE YOUNG POPE**
Hörkugóðir þættir sem segja frá upphafi embættistíðar hins mótsagnakennda og umdeilda Lenny Belardo eða Píusar páfa 13. sem er jafnframt fyrsti ameríski páfinn.





**60 MINUTES**
Vandaður þáttur í vinsælustu fréttaskýringaþáttaröð í heimi þar sem reyndir fréttaskýrendur fjalla um mikilvægustu málefni líðandi stundar.



**INGLOURIOUS BASTERDS**
Stórkostleg kvikmynd um hóp bandarískra gyðinga í síðari heimsstyrjöldinni sem hafa það eitt að markmiði að myrða nasista.



**LONGMIRE**
Spennuþættir um lögreglustjóra sem snýr aftur til vinnu eftir lát eiginkonu sinnar. Hann á fullt í fangi með að sameina vinnu og einkalíf.



Krakka stöðin
**ANASTASIA**
Skemmtileg og spennandi teiknimynd um ævintýri Anastasíu keisaradóttur fyrir alla fjölskylduna.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**


# DAGSKRÁ

# Sunnudagur

## STÖÐ 2

07.00 Jóladagatal Afa
07.05 Strumparnir
07.30 Waybuloo
07.50 Elías
08.00 Doddi litli og Eyrnastór
08.15 Doddi litli og Eyrnastór
08.25 Kormákur
08.40 Óskastund með Skoppu og Skítlu
08.50 Mæja býfluga
09.05 Zigby
09.15 Gulla og grænjaxlarnir
09.25 Heiða
09.50 Tommi og Jenni
10.15 Latibær
10.40 Teen Titans Go!
11.00 Ærslagangur Kalla kanínu og félaga
12.00 Nágrannar
12.20 Nágrannar
12.40 Nágrannar
13.00 Nágrannar
13.20 Nágrannar
13.45 Bjánalega stóri jólaþátturinn
15.30 Ísskápastríð
16.05 Lóa Pind. Bara geðveik
16.50 Landnemarnir
17.30 Jóladagatal Afa Afi er að undirbúa jólin og fer niður í geymslu að leita að jólatrénu sínu. Í þeirri leit kemur ýmislegt upp úr kössum og handröðum og hann finnur margt forvitnilegt í leiðinni sem hann tengir við skemmtilega hluti eins og t.d. jólasiði annarra landa og þjóða. Hver veit nema hann grípi í gítarinn og rifji upp gamla takta og taki nokkur jólalög.
17.40 60 Minutes
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Sportpakkinn
19.10 The Simpsons
19.35 Kevin Can Wait Grínkonungurinn Kevin James er mættur aftur í frábærum nýjum gamanþætti. Kevin leikur lögreglumann sem er kominn á eftirlaun. Hann hyggst eyða meiri tíma í faðmi fjölskyldunnar en kemst fljótlega að því að heima fyrir mætir hann jafnvel enn meiri áskorunum en á götum úti við almenn lögreglustörf.
20.05 Borgarstjórinn
20.35 Rizzoli & Isles
21.25 The Young Pope
22.25 The Young Pope
23.30 60 Minutes
00.15 The Night Shift
01.00 Shameless
01.55 Eyewitness
02.40 Murder in the First
03.25 Homeland
04.15 The Giver
05.50 Backstrom

## STÖÐ 2 SPORT

07.45 Spænski boltinn
09.25 Premier League
11.05 Domino's deild karla
12.45 Körfuboltakvöld
14.25 Þýski boltinn
16.35 NBA
17.15 NBA
19.10 Premier League
20.50 NFL Gameday
21.20 NFL

## STÖÐ 2 SPORT 2

07.45 Spænski boltinn
09.25 Premier League
11.05 Domino's deild karla
12.45 Körfuboltakvöld
14.25 Þýski boltinn
16.35 NBA
17.15 NBA
19.10 Premier League
20.50 NFL Gameday
21.20 NFL

## STÖÐ 3

14.45 Hátíðarstund með Rikku
15.10 Secret Life of 4 Year Olds
16.00 Last Man On Earth
16.25 Schitt's Creek
16.50 Comedians
17.15 League
17.40 Mike and Molly
18.05 Married
18.30 The Big Bang Theory
18.55 New Girl
19.20 Modern Family
19.45 Cougar Town
20.10 Bob's Burgers
20.35 American Dad
21.00 Out There
21.25 Longmire
22.10 The Sopranos
23.05 Grimm
23.50 Longmire
00.35 Cougar Town
00.55 Bob's Burgers
01.20 American Dad
01.40 Out There
02.05 Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

07.00 Víkingurinn Viggó
07.13 Kormákur
07.25 Strumparnir
07.47 Mæja býfluga
08.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar
08.23 Doddi litli og Eyrnastór
08.36 Áfram Diego, áfram!
09.00 Könnuðurinn Dóra
09.24 Svampur Sveinsson
09.49 Lalli
09.55 Rasmus Klumpur og félagar
10.00 Ævintýri Tinna
10.25 Hvellur keppnisbíll
10.37 Stóri og Litli
10.49 Gulla og grænjaxlarnir
11.00 Víkingurinn Viggó
11.11 Kormákur
11.23 Strumparnir
11.45 Mæja býfluga
12.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar
12.23 Doddi litli og Eyrnastór
12.36 Áfram Diego, áfram!
13.00 Könnuðurinn Dóra
13.24 Svampur Sveinsson
13.49 Lalli
13.55 Rasmus Klumpur og félagar
14.00 Ævintýri Tinna
14.25 Hvellur keppnisbíll
14.37 Stóri og Litli
14.49 Gulla og grænjaxlarnir
15.00 Víkingurinn Viggó
15.11 Kormákur
15.23 Strumparnir
15.45 Mæja býfluga
16.00 Mörgæsirnar frá Madagaskar
16.23 Doddi litli og Eyrnastór
16.36 Áfram Diego, áfram!
17.00 Könnuðurinn Dóra
17.24 Svampur Sveinsson
17.49 Lalli
17.55 Rasmus Klumpur og félagar
18.00 Ævintýri Tinna
18.25 Hvellur keppnisbíll
18.37 Stóri og Litli
18.49 Gulla og grænjaxlarnir
19.00 Anastasia

## GOLFSTÖÐIN

08.00 Northern Trust Open
09.55 PGA Tour 2016
10.50 Volunteers of Am. No. Texas Shoot
13.55 The Honda Classic
16.05 PGA Tour 2016 - Highlights
17.00 2016 PGA TOUR Champions Year in Review
17.50 Cadillac Championship
21.30 PGA Tour 2016 - Highlights
22.25 2016 FedExCup Playoffs Official Film
23.20 2016 PGA TOUR Champions Year in Review

## BÍÓSTÖÐIN

08.05 Make Your Move
09.55 Beethoven's Treasure Tail
11.35 Song One
13.05 Mamma Mia!
14.55 Make Your Move
16.45 Beethoven's Treasure Tail
18.30 Song One
20.05 Mamma Mia!
22.00 Inglourious Basterds
00.35 The X-Files. I Want to Believe
02.20 The Informant
04.15 Inglourious Basterds

## RÚV

07.00 KrakkaRÚV
07.01 Kioka
07.07 Ævintýri Berta og Árna
07.12 Lundaklettur
07.20 Froskur og vinir hans
07.30 Veistu hvað ég elska þig mikið
07.42 Vinabær Danna tígurs
07.52 Hæ Sámur
07.59 Hvolpasveitin
08.24 Tobbi
08.29 Kúlugúbbarnir
08.53 Klaufabárðarnir
09.00 Disneystundin
09.01 Finnbogi og Felix
09.24 Sígildar teiknimyndir
09.31 Gló magnaða
09.53 Undraveröld Gúnda
10.06 Chaplin
10.10 Góð jól
10.20 Real Madrid - Kashima Antlers
12.35 Krakkafréttir vikunnar
12.50 Stone Roses. Steinrunninn
14.30 Kiljan
15.15 Menningin
15.35 KrakkaRÚV
15.36 Jóladagatalið - Sáttmálinn
16.00 Jóladagatalið - Leyndarmál Absalons
16.30 Góð jól
16.40 Táknmálsfréttir
16.50 EM kvenna í handbolta
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.35 Veður
19.45 Landinn
20.20 Ferðastiklur
21.10 Svikamylla
22.15 Anna Karenina
00.20 Þýskaland '83
01.05 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 America's Funniest Home Videos
08.20 King of Queens
08.45 King of Queens
09.05 How I Met Your Mother
09.30 How I Met Your Mother
09.50 American Housewife
10.15 Speechless
10.35 Superstore
11.00 Dr. Phil
12.20 Dr. Phil
13.00 The Tonight Show
13.40 The Tonight Show
14.20 The Voice USA
15.50 The Good Place
16.10 Kitchen Nightmares
17.00 Royal Pains
17.45 Psych
18.25 King of Queens
18.45 How I Met Your Mother
19.05 Rachel Allen's Everyday Kitchen
19.30 The Voice USA
21.00 Law & Order. Special Victims Unit
21.45 Secrets and Lies
22.30 Lost in Translation
00.15 Fargo
01.00 Rookie Blue
01.45 Blue Bloods
02.30 The Walking Dead
03.15 The Walking Dead
04.00 The Walking Dead
04.45 The Walking Dead
05.30 Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# ÁLNAVÖRUBÚÐIN
## Hveragerði

Opið:
Þorláksmessa frá kl 10-19
Aðfangadagur frá kl 10-13
S: 483-4517 - þú getur pantað og fengið sent!

# Jólatilboð
# 15% - 20%
## afsláttur af skóm

Dömur



VAGABOND Grace
Verð: 19.995 kr
TILBOÐ: 16.996 kr



VAGABOND Tilda
Verð: 19.995 kr
TILBOÐ: 16.996 kr



PIANO 16106
Verð: 16.495 kr
TILBOÐ: 13.196 kr



PIANO 1660
Verð: 16.495 kr
TILBOÐ: 13.196 kr



SIXMIX 1642
Verð: 16.995 kr
TILBOÐ: 13.596 kr



SIXMIX 1642
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.196 kr



SIXMIX 1058
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.196 kr

Dömur



Marco Tozzi
Verð: 8.995 kr
TILBOÐ: 7.196 kr



Marco Tozzi
Verð: 12.495 kr
TILBOÐ: 9.996 kr



Marco Tozzi
Verð: 10.995 kr
TILBOÐ: 8.796 kr



Duffy
Verð: 8.495 kr
TILBOÐ: 6.796 kr



Duffy
Verð: 8.495 kr
TILBOÐ: 6.796 kr



Duffy loðfóðraðir
Verð: 8.495 kr
TILBOÐ: 6.796 kr



Relaxshoe leður
Verð: 10.995 kr
TILBOÐ: 8.796 kr

Dömur



Skechers loðfóðraðir
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.896 kr



Marco Tozzi fóðraðir
Verð: 13.495 kr
TILBOÐ: 10.796 kr



Marco Tozzi kuldaskór
Verð: 15.995 kr
TILBOÐ: 12.796 kr



Canguro leðurskór
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.196 kr



Canguro loðfóðraðir
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.196 kr



SIXMIX 1753
Verð: 17.495 kr
TILBOÐ: 13.996 kr

Herrar



Bullboxer leðurskór
Verð: 15.995 kr
TILBOÐ: 13.596 kr



Urbanfly leðurskór
Verð: 15.495 kr
TILBOÐ: 13.171 kr



Urbanfly leðurskór
Verð: 15.495 kr
TILBOÐ: 13.171 kr



Skechers
Verð: 17.995 kr
TILBOÐ: 15.296 kr



IMAC leðurskór
Verð: 15.995 kr
TILBOÐ: 13.596 kr



Canguro leðurskór
Verð: 13.995 kr
TILBOÐ: 11.196 kr

Börn



Melania loðfóðraðir
Verð: 8.995 kr
TILBOÐ: 7.646 kr



Melania leðurskór
Verð: 8.995 kr
TILBOÐ: 7.646 kr



Melania loðfóðraðir
Verð: 8.995 kr
TILBOÐ: 7.646 kr



Spirale kuldaskór
Verð: 7.995 kr
TILBOÐ: 6.796 kr



Spirale kuldskór
Verð: 6.995 kr
TILBOÐ: 5.946 kr



VIKING loðfóðruð
Verð: 4.995 kr
TILBOÐ: 4.246 kr

20% af fatnaði & öllum North Rock vörum - 50% af metravöru

facebook.com/alnavorubudin

OPNUNARTÍMI: Mánudaga - laugardaga frá kl. 10-18 & sunnudaga frá kl. 12-18

markhönnun ehf

# Betra verð fyrir jólin...



Frábært verð

**KALKÚNN HEILL**
**- FROSINN**
**3 STÆRÐIR**
**998 KR/KG** ❄



Ódýrt og girnilegt

**KS LAMBALÆRI**
HÁTÍÐAR
~~ÁÐUR: 1.698 KR/KG~~
**1.579 KR/KG**

## Franskur gæðakalkúnn á betra verði!



**KEA LÉTTREYKTUR**
LAMBAHRYGGUR
**2.698 KR/KG**



**FERSKT NAUTAFILLE**
~~ÁÐUR: 4.768 KR/KG~~
**4.291 KR/KG**




**HVÍTLAUKSVÆNGIR**
MAGNPOKI
~~ÁÐUR: 854 KR/KG~~
**495 KR/KG**

## Skoðaðu úrvalið í framandi kjöti



**DÁDÝRALUNDIR - FROSIÐ**
~~ÁÐUR: 7.298 KR/KG~~
**6.568 KR/KG** ❄




**KENGÚRU FILLE**
**FROSIÐ**
~~ÁÐUR: 3.998 KR/KG~~
**3.198 KR/KG** ❄



**NAUTALUNDIR**
**ERLENDAR - FROSIÐ**
**3.998 KR/KG** ❄




**GRANDIOSA PIZZUR**
**5 - TEGUNDIR**
~~ÁÐUR: 789 KR/STK~~
**599 KR/STK** ❄

## Fljótlegt í jólaösinni




**RISTORANTE PIZZUR**
**4 - TEGUNDIR**
~~ÁÐUR: 499 KR/STK~~
**459 KR/STK** ❄




**NICE'N EASY**
**7- TEGUNDIR**
~~ÁÐUR: 479 KR/STK~~
**459 KR/STK** ❄

**Tilboðin gilda 15 . – 20. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




# Jólabæklingurinn er kominn út

## Með glæsilegum tilboðum fyrir jólahátíðina

Frábær tilboð

KJÖTSEL



**HANGILÆRI**
MEÐ BEINI
ÁÐUR: 2.384 KR/KG
**2.146 KR/KG**

KJÖTSEL

22%



**HANGILÆRI**
ÚRBEINAÐ
ÁÐUR: 3.798 KR/KG
**2.962 KR/KG**

**HAMBORGARHRYGGUR**
FRÁ KJÖTSEL, VINNINGSHRYGGUR 2014.
ÁÐUR: 1.585 KR/KG
**1.395 KR/KG**



KJÖTSEL

KJÖTSEL



**HANGIFRAMPARTUR**
ÚRBEINAÐUR
ÁÐUR: 2.798 KR/KG
**2.462 KR/KG**



40%

**BAYONNESKINKA**
ÁÐUR: 1.996 KR/KG
**1.198 KR/KG**




**OKKAR LAUFABRAUÐ**
8 STK.
ÁÐUR: 1.367 KR/PK
**1.094 KR/PK**



HUMARSALAN

**HÁTÍÐARSÚPA HUMARSÖLUNNAR, 850 ML**
**1.298 KR/STK**



40%

HUMARSALAN

**HUMAR ÁN SKELJAR - 800 GR. POKI**
ÁÐUR: 4.998 KR/PK
**2.999 KR/PK**




**CELEBRATIONS DÓS 750 GR.**
ÁÐUR: 2,398 KR/KG
**1.999 KR/STK**




**MACKINTOSH DÓS**
1,3 KG - KR/PK
**1.798 KR/PK**

## Opnun verslana yfir hátíðarnar

| | | | | | Opnar kl. 10 27. des. | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Grandi Mjódd** | opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 13 | lokað | opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 15 | lokað |
| **Krossmói** | 9-22* | 9-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| **Glerártorg** | 10.-22. desember 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| **Aðrar verslanir** | 16.-22. desember 10-22 | 23. Þorláksmessa 10-23 | 24. Aðfangadag 10-13 | 25.-26. jóladag & annan lokað | 27.-29. desember Venjuleg opnun | 30. desember 10-22 | 31. gamlárs 10-15 | 1. janúar lokað |

*Krossmói er opinn frá kl 10 - 22 dagana 17. & 18. desember

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Árið hans Emmsjé Gauta

Rapparinn **Emmsjé Gauti** á tvær plötur á topp fimm lista ársins yfir bestu íslensku plöturnar. Rappið er mjög áberandi í ár eins og í fyrra en allar plöturnar fimm geta talist rappplötur. Mikil frumlegheit í markaðssetningu og notkun samfélagsmiðla og streymiveita spila stóra rullu þetta árið og sýnir hvernig tónlistin er í sífelldri þróun.

Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is



Platan Vagg og Velta með Emmsjé Gauta er plata ársins samkvæmt álitsgjöfum Fréttablaðsins. Þetta var þó ekki nein rússnesk kosning því að mjög mjótt var á mununum milli plötu Gauta og frumraunar hins kornunga Arons Can. Plöturnar komust báðar inn á lista tíu álitsgjafa en Vagg og velta var þó oftar sett í fyrsta sætið, eða þrisvar sinnum. Ekki svo langt undan er önnur frumraun, en platan GKR með GKR komst á lista sjö álitsgjafa en þó aldrei í fyrsta sætið. Þar á eftir kemur svo platan Season 2 með Sturlu Atlas, en athygli vekur að hún komst jafn oft og Vagg og velta í fyrsta sætið, en hins vegar var hún sjaldnar nefnd.

Í fimmta sætinu er það aftur Emmsjé Gauti með plötuna 17. nóvember. Það má alveg tala um að þetta hafi verið árið hans Gauta enda gefur þessi litli ofvirki rappari úr Breiðholtinu út tvær plötur sem báðar komast á lista, hann virðist auk þess vera alls staðar og hafa gert allt. Þetta má þakka ákaflega vel heppnuðum og frumlegum herferðum frá honum; hann gaf út tölvuleik, bjó til „action figure“, seldi fatnað meðal annars í samstarfi við 66°Norður og spilaði á ótal tónleikum. Að sama skapi má tala um ár streymisins og ár markaðssetningarinnar, en allar plöturnar á listanum voru markaðssettar á frumlegan og nýstárlegan hátt.



Emmsjé Gauti

## Ofvirki strákurinn úr Breiðholtinu

1

Þriðja platan hans Gauta kom út í sumar en fyrsti singúll hennar, Strákarnir, kom út nokkru fyrr við gríðarlegar vinsældir. Á plötunni má heyra í mörgum af fremstu tónlistarmönnum rappsenunnar eins og Gísla Pálma, Aroni Can, Úlfur Úlfur og Bent. Dóri DNA á einnig óvænta innkomu og Unnsteinn Manuel þenur raddböndin. Í kringum útgáfu plötunnar var efnt til söfnunar á Karolina Fund þar sem safnað var fyrir vínylútgáfu af plötunni og fór svo að söfnunin fór fram úr björtustu vonum svo að vínylútgáfan varð að veruleika.

Á plötunni má finna allan skalann; þarna er drama og rómantík en þó er aldrei langt í djammið og fjörið. Lögin Strákarnir, Reykjavík, Silfurskotta og Djammæli fengu öll myndband og voru spiluð töluvert í útvarpi en þó var þeim aðallega streymt gífurlega oft á Spotify – en það er svipuð þróun og hefur verið að undanförnu í tónlistarsenunni um allan heim, hlutur streymis verður sífellt stærri í tónlistarspilun nútímans.

Vagg og velta er plata frá reynslubolta í senunni sem veit alveg hvað hann er að gera. Allt er vandað og metnaðarfullt, allt hljómar vel og afar fáir veikir punktar til að tala um.



## Þið ættuð að þekkja stráginn núna

2

Nýliðinn Aron Can kom með ótrúlegum krafti inn í íslenska tónlistarsenu. Þessi ungi drengur úr Grafarvoginum vissi strax frá byrjun hvað hann ætlaði sér og sagði í viðtali við Fréttablaðið í vor, áður en nokkuð nema lagið Þekkir stráginn hafði komið út með honum, að sig langaði að „vinna bara með nýjum tónlistarmönnum, allavegana í mínum lögum. Mér finnst geggjað „sweet“ að vera „featured“ í lögum með öðrum af því að ég er nýr að vera í lögum með þessum gæjum, en þegar kemur að mínum lögum vil ég halda mig í mínum hring. Ég og pródúserarnir erum eiginlega hljómsveit, þetta erum bara við strákarnir á þessum teipum.“ Þekkir stráginn setti allt á hliðina og öll lögin af plötunni voru á toppi hlustunarlista Spotify yfir vinsælustu lögin á landinu.

Síðan þá hefur Aron farið víða, spilað oft og orðið stórstjarna í íslenskum poppheimi. Þegar hann kemur fram á tónleikum má greina svipuð viðbrögð hjá áhorfendum og þegar Bítlarnir stigu á svið, jafnvel fullorðið fólk fellur í ómegin yfir nærveru þessa 17 ára drengs. Spennandi að sjá hvernig næsta ár verður hjá strágnum.



## Meira en bara morgunmatur

3

Annar nýliði á listanum, Gaukur Grétuson eða GKR, kom sér fyrst á kortið með hinum áhugaverða og grípandi smelli Morgunmatur þar sem hann rappar um að fá sér morgunmat er hann vaknar. Síðan kom í ljós að GKR virtist fæddur „performer“ eða skemmtikraftur og vakti mikla lukku hvar sem hann kom fram.

Óvenjulegar eða frumlegar leiðir voru farnar við að vekja athygli á öllum plötunum hér á listanum við útgáfu og GKR gekk einna lengst en platan kom út á USB-kubb í sérstökum morgunkornskassa. Hann gaf á sama tíma út fatnað merktan GKR sem rokseldist og bandaríska plötufyrirtækið Mad Decent, sem er í eigu Diplo, tók myndband hans við lagið Meira af plötunni upp á sína arma. „Þau fundu mig á Spotify-lagalista og fíluðu mig mjög vel. Í framhaldinu settu þau mig á Mad Decent-lagalistann á Spotify. Ég ræddi við þau og sagði þeim að ég væri að fara að gefa út EP og myndband. Þau vilja hjálpa mér að dreifa myndbandinu mínu – settu það á Mad Decent YouTube-reikninginn og sendu út tölvupóst á risahóp þar sem er smá texti um mig og ég er sagður vera „one to watch“,“ sagði GKR í viðtali við Fréttablaðið í nóvember.




## Hjartaknúsarar úr miðbænum

4

Sturla Atlas kann á internetið og kann að koma sér þar á framfæri. Æsingurinn fyrir allt sem 101 boys gera er eiginlega með ólíkindum og Sturlu Atlas verkefnið er þar í sérflokki. Þeir hafa gefið út plaköt, föt, buff og hannað vatnsflöskur. Sturla Atlas spratt í raun upp úr tómi fyrst þegar sveitin kom fram og gaf út fyrstu plötuna sína, Love Hurts.

Season 2 er þeirra langþroskaðasta verkefni hingað til. Á plötunni er tekist á við ástir og örlög í miðbæ Reykjavíkur. Sturla er svalur hjartaknúsari sem leitar að ástinni og stundum leitar hann hennar á vitlausum stöðum. Honum til halds og trausts er svo restin af 101 boys – þeir Joey Christ, Logi Pedro og Young Nazareth sem eru óaðskiljanlegur hluti Sturlu Atlas, þó svo að þetta teljist víst ekki hljómsveit. Það verður að minnast á umslag plötunar, hannað Sigga Odds og Kjartani Hreinssyni,sem er afar vel heppnað.




## Og Gauti enn eina ferðina

5

Að tvær plötur með Emmsjé Gauta eru á þessum lista sýnir kannski aðallega þær miklu vinsældir sem þessi drengur nýtur en einnig að hann kann að búa til grípandi tónlist og auglýsa sig, eins og aðrir hér á lista. Tölvuleikur, myndbönd og „action figure“ eru meðal þess sem var gert til að koma útgáfunni á framfæri og virðist það hafa virkað ansi vel.

Gauti hefur sagt í viðtölum að hann hafi verið uppfullur af sköpunarkrafti eftir að hafa klárað Vagg og veltu og úr varð að hann tók upp nóg af lögum til að geta gefið út aðra plötu einungis fjórum mánuðum síðar. Þessi plata er ekki alveg jafn fínpússuð og Vagg og velta en á henni er meiri leikur og það er fjörið sem er hér í aðalhlutverki, þó að viðkvæma hliðin á Gauta fái að njóta sín á nokkrum stöðum.




Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur





tannlæknar mæla með GUM tannvörum

... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum


IceCare Þín heilsa
– allar upplýsingar á www.icecare.is


ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1
REYKJAVÍK
580-8500
SÍÐAN 1916
ELLINGSEN.IS
TRYGGVABRAUT 1-3
AKUREYRI
580-8550






1




2




3




4



5

# R&B afar áberandi þetta árið

Allar bestu erlendu plötur þetta árið utan ein eru R&B plötur. Hér líkt og á íslenska listanum eru áberandi frumlegar útgáfur, þó að sumar þeirra hafi kannski ekki verið neitt sérstaklega aðgengilegar vegna samkeppni á tónlistarstreymismarkaðnum.



Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@frettabladid.is

Besta erlenda plata ársins að mati álitsgjafa Fréttablaðsins reyndist platan Lemonade með Beyoncé. Sex álitsgjafar settu plötu hennar á lista og tekur hún því fyrsta sætið á undan hinum fjölhæfa rappara og pródúsent Kanye West, en platan hans Life of Pablo var þó jafn oft sett í fyrsta sætið og plata Beyoncé, eða tvisvar sinnum. Fast á eftir þeim koma svo þrjár plötur sem voru allar nefndar til fjórum sinnum en það eru plöturnar Starboy með The Weeknd, Blonde með Frank Ocean og A Seat at the Table með Solange Knowles. Þar sem Starboy var einu sinni sett í fyrsta sætið tekur hún forystuna og fær að tylla sér í þriðja sætið. Blonde tekur svo fjórða sætið enda oftar sett ofar á lista en A Seat at the Table.

Það sem er áberandi á þessum erlenda lista er að hann er nánast einungis skipaður R&B-söngvurum, en þetta virðist hafa verið afar sterkt ár í þeirri senu. Í fyrra var rappið áberandi á listanum en mjúki ættinginn ræður nú ríkjum. Spurning hvað það segir okkur um heiminn í dag.

### Drottning poppsins

Beyoncé var ákaflega áberandi á þessu ári og stóran þátt í því átti öll markaðsmaskínan sem fór í gang í kringum útgáfuna á Lemonade, sem samt sem áður kom eiginlega eins og þruma úr heiðskíru lofti. Það höfðu ekki komið neinar tilkynningar um útgáfudag en hún birtist bara á streymisveitunni Tidal einn góðan veðurdag. Það er þó ekki alveg rétt enda kom fyrst út sérstök mynd sem var sýnd á HBO-sjónvarpsstöðinni og var í raun tónlistarmyndband fyrir alla plötuna í heild. Það var ekki til að minnka vinsældir poppdrottningarinnar að í textum hennar mátti greina megna óánægju hennar með hjónaband sitt og sögusagnirnar fóru á kreik. Lemonade var miklu meira en bara plata.

### Lífið sjálft sem list

Kanye West var að sama skapi ákaflega áberandi en þó umdeildari en Beyoncé, svona eins og honum einum er lagið. Fyrir útgáfu The Life of Pablo fór Kanye mikinn á Twitter þar sem hann bunaði út úr sér alls konar hlutum sem margir tóku illa. Fólk fór að efast um geðheilsu rapparans. En líklega hefur hann verið allt annað en veikur á geði því að þetta umtal varð einungis til að vekja athygli á plötunni. Hann notaði að mörgu leyti eigin persónu sem markaðstól, líf hans sjálfs var auglýsingin. Hún kom einungis út á Tidal-tónlistarveitunni og birtist þar óklárað – Kanye West dundaði sér við að bæta og breyta löngu eftir að hún kom út. Mörgum fannst það sniðugt en öðrum ekki – hins vegar verður ekki deilt um að platan er stórgóð og þetta er ekki eini listinn þar sem hún kemst hátt.

### Söngvarinn myrki verður Stjörnustrákur

The Weeknd hefur bókstaflega skotist upp á stjörnuhimininn á síðustu árum. Hann byrjaði feril sinn sem ákaflega myrkur og dularfullur R&B-söngvari sem lýsti skuggahliðum djammlífernisins. Síðan breyttist það töluvert þegar hann fór að vinna með poppaðri hljóm en Starboy er algjör hápunktur ferils söngvarans kanadíska, epískt ferðalag í gegnum allt það vinsælasta í popptónlist í dag. Á plötunni má einnig finna nokkra góða gesti en titillag plötunnar, sem tröllríður útvarpsstöðvunum þessa dagana, er unnið með franska rafdúóinu Daft Punk og einnig eru þarna Future, Lana Del Rey og Kendrick Lamar – sannkallað stórskotalið.

### Platan sem var beðið eftir

Frank Ocean fer aldrei troðnar slóðir í tónlist sinni. Í fyrsta lagi lét hann aðdáendur sína bíða í mörg ár eftir þessari plötu. Síðan eins og til að strá salti í sárin stríddi hann þeim í marga daga en á vefsíðunni birti hann undarleg og hálf tilgangslaus myndbönd sem upphaflega virtust vera lifandi streymi en reyndust svo lúppur. Fólk flykktist samt til að horfa á þessi undarlegu myndbönd og beið alltaf eftir því að loksins kæmi platan Boys Don't Cry út – það gerðist þó aldrei og þess í stað var hún titluð Blonde. Engu að síður er um frábært listaverk að ræða.

### Það er eitthvað í vatninu hjá Knowles-fjölskyldunni

A Seat at the Table með Solange Knowles hefur fengið frábæra dóma alls staðar og halda gagnrýnendur vart vatni yfir þessu meistarastykki, tónlistarvefsíðan Pitchfork velur hana sem plötu ársins. Á A Seat at the Table fjallar Solange um reynslu sína sem svört kona í heimi nútímans og má að vissu leyti tala um að hún sé „mótmælaplata“, ákaflega pólitísk og viðeigandi í ljósi þróunar stjórnmála í Bandaríkjunum.

## Álitsgjafar Fréttablaðsins

**LOGI PEDRO STEFÁNSSON**
**tónlistarmaður**

*Innlendar*
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Sturla Atlas** Season 2
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**Sin Fang** Spaceland
**GKR** GKR

*Erlendar*
**Kanye West** The Life of Pablo
**Frank Ocean** Blonde
**DVSN** Sept. 5th
**The Weeknd** Starboy
**Rihanna** Anti

**KARÓ**
**söngkona**

*Innlendar*
**Sturla Atlas** Season 2
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**Reykjavíkurdætur** RVKDTR
**Cyber** Cyber Is Crap

*Erlendar*
**Rihanna** Anti
**Kanye West** The Life of Pablo
**Beyoncé** Lemonade
**Frank Ocean** Blonde
**Drake** Views

**BJÖRN VALUR PÁLSSON**
**plötusnúður og pródúsent**

*Innlendar*
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**GKR** GKR
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Emmsjé Gauti** 17. nóvember
**Sturla Atlas** Season 2

*Erlendar*
**Anderson Paak** Malibu
**Keytranada** 99,9%
**The Weeknd** Starboy
**Skepta** Konnichiwa
**Young Thug** Slime Season 3

**HELGA PÁLEY**
**listakona**

*Innlendar*
**TSS** Glimpse of Everything
**WESEN** Wall of Pain
**Kælan mikla** Kælan mikla
**DJ flugvél og Geimskip** Nótt á Hafsbotni
**GKR** GKR

*Erlendar*
**Angel Olsen** My Woman
**Jerry Paper** Toon Time Raw!
**Jessy Lanza** Oh No
**Father** I'm a Piece of Shit
**Solange** A Seat at the Table

**HULDA HÓLMKELSDÓTTIR**
**blaðamaður á Vísi**

*Innlendar*
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**GKR** GKR
**Reykjavíkurdætur** RVKDTR
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Kælan mikla** Kælan mikla

*Erlendar*
**David Bowie** Blackstar
**The Weeknd** Starboy
**Beyoncé** Lemonade
**Sia** This Is Acting
**Zayn** Mind of Mine

**GEOFFREY SKYWALKER**
**forstjóri Priksins**

*Innlendar*
**Bjarki** Б
**Emmsjé Gauti** 17. nóvember
**Kælan mikla** Kælan mikla
**Nonnimal** Freyja
**Aron Can** Þekkir stráginn

*Erlendar*
**Anderson Paak** Malibu
**Young Thug** Jeffery
**Roy Woods** Waking Up at Dawn
**Drake** Views
**Skepta** Konnichiwa

**KJARTAN ATLI**
**fjölmiðlamaður**

*Innlendar*
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Emmsjé Gauti** 17. nóvember
**GKR** GKR
**Sturla Atlas** Season 2

*Erlendar*
**Beyoncé** Lemonade
**Chance The Rapper** Coloring Book
**Lil Durk** 2x
**Frank Ocean** Blonde
**Mike Posner** At Night, Alone

**ÓSK GUNNARSDÓTTIR**
**útvarpskona á FM957**

*Innlendar*
**Kaleo** A/B
**Mugison** Enjoy
**Emiliana Torrini** Colourist
**Június Meyvant** Június Meyvant
**Þórunn Antonía** Þórunn Antonía

*Erlendar*
**Beyoncé** Lemonade
**Frank Ocean** Blonde
**Kanye West** Life of Pablo
**Solange** A Seat at the Table
**Kings of Leon** Walls

**DANÍEL ÓLAFSSON**
**plötusnúður og lífskúnstner**

*Innlendar*
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**GKR** GKR
**Herra Hnetusmjör og Joe Frazier** Bomberbois
**Alexander Jarl** Kókosolíufurstar

*Erlendar*
**Kanye West** Life of Pablo
**Young Thug** Slime Season 3
**Travis Scott** Birds in the Trap Sing McKnight
**Jessy Lanza** - Oh No
**Post Malone** – Stoney

**KJARTAN GUÐMUNDSSON**
**fagurkeri**

*Innlendar*
**Sturla Atlas** Season 2
**Terrordisco** Fyrst
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**Sin Fang** Spaceland
**Morðingjarnir** Loftsteinn

*Erlendar*
**A Tribe Called Quest** We Got It from Here... Thank You 4 Your Service
**David Bowie** Blackstar
**Danny Brown** Atrocity Exhibition
**Beyoncé** Lemonade
**Blood Orange** Freetown Sound

**STEINÞÓR HELGI**
**athafnamaður**

*Íslenskt*
**Bjarki** Б
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Kælan mikla** Kælan mikla
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta
**Snorri Helgason** Vittu til

*Erlent*
**Anohni** Hopelesness
**Danny Brown** Atrocity Exhibition
**21 Savage** Savage Mode
**Kornél Kovács** The Bells
**Solange** A Seat at the Table

**ÞURA STÍNA**
**plötusnúður**

*Íslenskt*
**Reykjavíkurdætur** RVKDTR
**Gauti** 17. nóvember
**GKR** GKR
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Gauti** Vagg og velta

*Erlent*
**Skepta** Konnichiwa
**Kanye West** Life of Pablo
**Beyoncé** Lemonade
**Views** Drake21 Savage og Metro
**Boomin** Savage Mode

**SIGGA LITLA**
**altmuligt kona**

*Íslenskt*
**Sturla Atlas** Season 2
**Aron Can** Þekkir stráginn
**Samaris** Black Lights
**Sin Fang** Spaceland
**Emmsjé Gauti** Vagg og velta

*Erlent*
**Weeknd** – Starboy
**Roy Woods** - Waking at Dawn
**A Tribe Called Quest** - We Got It from Here... Thank You 4 Your Service
**Solange** - A Seat at the Table
**Majid Jordan** - Majid Jordan

**STEINUNN ELDFLAUG**
**tónlistarkona**

*Íslenskt*
**Andi** Andi
**Páll Ivan** This Is My Shit
**Panos from Komodo** Panasonic Motor
**Sindri Freyr** Tónlist fyrir kafara
**Naðra** Allir vegir til glötunar

*Erlent*
**Noisia** Outer Edges
**Black sun** Empire
**Kero Kero Bonito** Bonito Generation
**Oranssi Pazuzu** Värähtelijä
**Current Value** Biocellulose

# JÓLAGJÖFINA

## FÆRÐU HJÁ OKKUR




1 Ananas verð 11.990 kr. 2 Celestial kertastjaki verð 11.500 kr. 3 Moomin krús verð 3.490 kr. 4 Ultima Thule karafla verð 14.950 kr. 5 Grasil kertastjaki verð 18.890 kr.
6 Ilmglas verð frá 7.990 kr. 7 Lucea skál verð frá 2.790 kr. 8 Crispy Karafla verð 18.990 kr. 9 Omaggio kertastjaki verð frá 3.190 kr. 10 Aalto vasi verð frá 14.490 kr.
11 Póstkort 10x15 verð 590 kr. 12 Globe vasi verð frá 4.690 kr. 13 Crispy glös 2 stk. verð frá 6.990 kr. 14 Marmarabakki Oval verð frá 3.790 kr. 15 Cucu klukka verð frá 12.900 kr.
16 Urbania kertahús verð frá 3.190 kr. 17 Stella kertastjaki verð 4.190 kr. 18 Frustum kertastjaki verð frá 11.190 kr. 19 Hurricane kristalvasi verð frá 7.990 kr.
20 Peri marmarabretti verð frá 2.990 kr. 21 Vakinme handsápa verð frá 2.590 kr. 22 City Light verð frá 4.190 kr. 23 Little Barn Owl verð frá 23.490 kr. 24 Metal skál verð frá 7.790 kr.
25 Aalto trébretti verð frá 7.990 kr. 26 Kin kertastjaki verð 3.290 kr. 27 Stilla marmaraklukka verð 18.890 kr. 28 Flower Pot verð frá 9.890 kr.

Birt með fyrirvara um myndbrengl eða prentvillur.

### Opnunartími um jólin

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 17.des | Laugardagur | 11-18 | 21.des | Miðvikudagur | 10-20 |
| 18.des | Sunnudagur | 12-18 | 22.des | Fimmtudagur | 10-20 |
| 19.des | Mánudagur | 10-20 | 23.des | Þorláksmessa | 10-20 |
| 20.des | Þriðjudagur | 10-20 | 24.des | Aðfangadagur | LOKAÐ |

Hefðbundinn opnunartími aðra daga

MÓDERN

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10–18 ▪ LAUGARDAGA KL. 11-16 ▪ FAXAFENI 10 ▪ 108 REYKJAVÍK ▪ 534 7777 ▪ modern.is

*Súrrandi brilljant út í gegn*
Halla Oddný Magnúsdóttir, dagskrárgerðarmaður, RUV

★★★★
*Magnþrungin saga*
Júlía M. Alexandersdóttir, MORGUNBLAÐIÐ

★★★★
*Líkt og kúbískt listaverk*
Jóhanna María Einarsdóttir, DV




*Listavel gert … hefur afburðatök á því sem hún er að gera*
Steinunn Inga Óttarsdóttir, KVENNABLAÐIÐ

*Þetta er vægast sagt spennandi bók*
Jórunn Sigurðardóttir, Orð um bækur, RUV

*Draumkennd framvindan dregur mann inn í verkið, forvitnin um heimildina knýr lesturinn áfram*
Gunnþórunn Guðmundsdóttir, HUGRÁS

*Vel skrifuð. Mjög vel hugsuð. Mér finnst hún býsna góð*
Kolbrún Bergþórsdóttir, KILJAN

*Vakti þar til ég var búinn með þessa klukkan tvö í nótt Hún er góð. Mjög góð*
Stefán Pálsson, sagnfræðingur

*Grunnhugmyndin að verkinu snjöll. Mjög pælt verk*
Sigurður Valgeirsson, KILJAN

*Ný rödd í íslenskri skáldsagnalist*
Jóhann Helgi Heiðdal, STARAFUGL

*Uppfull af snilldarlegum kontrapunkti forms og inntaks*
Halla Oddný Magnúsdóttir

*Afar eftirminnileg lestrarupplifun og þrátt fyrir alvarlegan undirtón er í honum hárfínn lágstemmdur húmor*
Júlía M. Alexandersdóttir, MORGUNBLAÐIÐ

*Margslungin og áhrifarík skáldsaga þar sem hárnákvæmur stíll og hugvitssamleg uppbygging mætast*
Dómnefnd um FJÖRUVERÐLAUN

Eftir höfund bókanna
*Þóra biskups* og
*Sigrún og Friðgeir. Ferðasaga*

Smekkleysa sm

Egill Baldursson



Þær Nína Dögg Filippusdóttir og Unnur Ösp Stefánsdóttir eiga hugmyndina að myndinni. Hér eru þær með Ara Kristinssyni, einum reyndasta kvikmyndagerðarmanni á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI

# Fjölmennt á forsýningu

Margt var um manninn í Bíói Paradís í gærkvöldi, þegar Fangar, ný íslensk þáttaröð, var forsýnd. Handritið skrifuðu Margrét Örnólfsdóttir og Ragnar Bragason sem einnig leikstýrir þáttunum. Hugmyndina að þáttaröðinni eiga Unnur Ösp Stefánsdóttir og Nína Dögg Filippusdóttir. Þættirnir fjalla um Lindu og hvernig líf hennar hrynur þegar hún er færð í kvennafangelsið í Kópavogi eftir að hafa ráðist á föður sinn og veitt honum lífshættulega áverka.



Leikarinn Ólafur Egilsson mætti á frumsýninguna með dóttur sinni Ragnheiði Eyju.



Leikkonurnar Kristbjörg Kjeld (t.v.), sem fer með hlutverk í þáttunum, og Anna Kristín Arngrímsdóttir.



VIÐ KYNNUM GEIRSLAUG

**Lerkiklæddur úrvals heitur pottur í nýjum búningi sem prýðir pallinn**



**Eigum einnig „KALDA“ potta sem gott er að skella sér í fyrir dvölina í heita pottinum.**

Framleiðum burðargrindur undir alla okkar potta, nú þarf bara að gera gat í veröndina fyrir botnskálinni, og fellur þá grindin beint á veröndina.



Við hjá NormX höfum framleitt heita potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **30 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum heitum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

**Við framleiðum lok á alla potta**




NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

# LAGER HREINSUN

NÚ Á ALLT AÐ SELJAST




DÚNJAKKAR *DÖMU & HERRA*
Venjulegt verð: 18.990 kr
TILBOÐ: 15.000 kr




100% DÚNJAKKI
Upphaflegt verð: 18.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 7.000 kr




KULDAÚLPA
Upphaflegt verð: 23.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 7.500 kr




KULDAÚLPUR
Upphaflegt verð: 16.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 9.000

Barnaúlpur
Upphaflegt verð:
12.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ:
7.000 kr

## VEGNA FLUTNINGA ER
## ENN MEIRI VERÐLÆKKUN
## Á VÖLDUM VÖRUM




100% MERINO ULL
Venjulegt verð: 9.490 kr & 8.490 kr
TILBOÐ: 7.500 kr & 7.000 kr




LÉTTUR VINDJAKKI
Upphaflegt verð: 7.490 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 3.000 kr




DRI-FIT BUXUR
Upphaflegt verð: 6.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 3.000 kr




PARKA ÚLPA *DÖMU & HERRA*
Venjulegt verð: 25.990 kr
TILBOÐ: 18.000 kr




FLÍSJAKKI
Upphaflegt verð: 7.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 3.000 kr




DÚNÚLPUR
Upphaflegt verð: 19.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 4.000



KULDAÚLPUR Á BÖRN
Upphaflegt verð: 12.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 10.000 kr



100% DÚNJAKKAR Á BÖRN
Upphaflegt verð: 10.990 kr
LÆKKAÐ VERÐ: 7.000 kr

SÍÐUSTU OPNANIR
17.12 Laugardagur kl. 12-16
18.12 Sunnudagur kl. 12-16
19.12 Mánudagur kl. 15-19
20.12 Þriðjudagur kl. 15-19

NORTH ROCK
- heldur á þér hita í vetur!

**Víkurhvarf 2 - Kópavogur**
-sama hús og Fjölsmiðjan

## Lífið í vikunni 11.12.16-17.12.16



### GERA MYNDLIST SÝNILEGRI

Nýjasta viðbótin við vefsíðuna Islanders er vefgallerí þar sem íslenskri myndlist er gert hátt undir höfði. Þær **Þórdís Erla Zoëga, Elísabet Alma Svendsen** og **Sigþóra Óðinsdóttir** hafa umsjón með henni.

### SÝNIR SJÓNVARPSBAKARA SKAGANN OG SKYRKÖKUR




**Eva Laufey Kjaran Hermannsdóttir** verður tekin fyrir í þætti Pauls Hollywood á **Food Network**. Hún ætlar að baka handa honum skyrkökur og sýna honum Akranes. Food Network fékk áhuga á Evu eftir að hafa lesið nýjustu bókina hennar Kökugleði Evu.

### VERÐUR HEIMA ÞESSI ÁRAMÓTIN



**Páll Óskar** verður með Pallaball á Spot í Kópavogi um áramótin en þetta er í fyrsta sinn í 12 ár sem Páll verður í bænum á gamlárskvöld. Hingað til hefur hann haldið uppi stuðinu á Akureyri.

### NOTAR AVOCADO Í BAKSTURINN



**Hildur Rut Ingimarsdóttir**, höfundur matreiðslubókarinnar Avocado, hefur brennandi áhuga á hollri og einfaldri matargerð. Fyrir jólin bakar hún mikið af smákökum og deilir hér með okkur uppskrift að avocado- og súkkulaðismákökum sem bragðast vel.






# Bleikir tyggjópakkar veittu innblástur

Rapparinn **Andrea Rán Jóhannsdóttir**, einnig þekkt sem Alvia Islandia, hlaut Kraumsverðlaunin fyrir plötuna sína Bubblegum Bitch fyrr í vikunni. Hún er himinlifandi með viðurkenninguna.


„Mér líður eins og ég hafi verið að útskrifast úr menntaskóla,“ segir tónlistarkonan Andrea Rán Jóhannsdóttir og hlær aðspurð hvaða þýðingu Kraumsverðlaunin hafi fyrir hana. „Nema í staðinn fyrir að fara í menntaskóla þá fór ég mína leið og fylgdi draumnum sem var að gefa út plötu. Þetta er það skemmtilegasta sem ég hef gert og ég lærði mikið af því. Þannig að já, að fá svona viðurkenningu, það er mjög nett.“

Alvia var búin að sjá fyrir sér að gera plötuna í þrjú ár. „Já, og ég skrifaði textana á sex mánuðum. Platan var svo tekin upp á þremur dögum uppi í Shades Studio með Hermanni Bridde og hann mixaði síðan plötuna,“ segir Alvia sem er ein af fáum stelpum í rappsenunni á Íslandi. „Það er æðislegt, ég elska að vera stelpa!“

Það sem veitti Alviu innblástur við gerð plötunnar voru bleikir tyggjópakkar, sleikjóar, draumar, tilfinningar og eilífðin að hennar sögn. Hún lýsir plötunni sem „slow trap“-plötu með djúpum bassa sem virkar vel í bílinn og partíið.

Alvia er spennt fyrir framhaldinu. „Það er að koma nýtt ár og 2017 verður yndislegt! Það eru fullt af tónleikum framundan og mig langar rosalega að fara hringinn um landið og spila úti á landi. Svo er nóg af nýrri músík og myndböndum á leiðinni og meira skemmtilegt frá mér og GumGumClan,“ segir Alvia og mælir með að áhugasamir fylgist með framhaldinu á vefnum gumgumclan.com.

**gudnyhronn@365.is**



Rapparinn Andrea, eða Alvia Islandia, er að gera góða hluti. MYND/HELGA BLING

**ÞAÐ ER AÐ KOMA NÝTT ÁR OG 2017 VERÐUR YNDISLEGT!**




**Plötuumslagið utan um plötuna Bubblegum Bitch var unnið af ljósmyndaranum Jiri Hroník, grafíska hönnuðinum Jaromír Hárovník og skúlptúrlistamanninum Vojtéch Nerad.**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördis Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



MOUNT HEKLA

FJÄLL RÄVEN patagonia POLER

101 REYKJAVÍK SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 12 S. 578 - 6090

# Notalegar og hlýjar jólagjafir

## Komdu í Dorma

DORMA

Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRÐUR



**DORMA HOME** sængurföt

Mjúk og falleg „striped“ sængurföt.
50% bómull og 50% policotton

**Fullt verð: 6.490 kr.**

Aðeins **4.900 kr.**




Lækkað verð á Yankee



SCANDINAVIAN BEDDING

**ÓTRÚLEGT jólatilboð**
**Dúnsæng + dúnkoddi**

## HINIR MARGRÓMUÐU
Memory Foam heilsuinniskór

Inniskór sem laga sig að fætinum og dreifa þyngd jafnt um allt fótasvæðið.
**Ný og endurbætt útgáfa!**



| 1 par | 2 pör | 3 pör |
|---|---|---|
| **3.900 KR.** | **6.900 KR.** | **9.900 KR.** |
| | 3.450 parið | 3.300 parið |

## TVENNUTILBOÐ
Dúnsæng og dúnkoddi

Sæng 140x200 cm. 85% smáfiður
og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 9.900 kr
Koddi 50x70 cm. 70% smáfiður
og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.
Fullt verð: 4.900 kr.

**Fullt verð samtals: 14.800 kr.**



Aðeins **9.900 kr.**

**JÓLAOPNUN**
Laugard. 17. des. 11-18 | Sunnud. 18. des. 12-18
19. og 20. des. 10-18 | Miðvikud. 21. des. 10-20
Fimmtud. 22. des. 10-20 | Föstud. 23. des. 10-22
Aðfangadagur 10-13 | **www.dorma.is**

**Holtagörðum, Reykjavík**
512 6800
**Smáratorgi, Kópavogi**
512 6800

**Dalsbraut 1, Akureyri**
558 1100
**Skeiði 1, Ísafirði**
456 4566

# Stóladögum lýkur um helgina

# 25% afsláttur af öllum stólum





25% AFSLÁTTUR

## MERKUR
hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. með skemli. Svart, grátt og rautt leður. Einnig fáanlegur í rauðu og gráu áklæði á 74.925 kr. á tilboði.

**Fullt verð í leðri: 119.900 kr.**

Aðeins **89.925 kr.**

## JAZZ
hægindastóll

## KOMINN AFTUR!

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, brúnt, og koníakslitt leður.

**Fullt verð: 99.900 kr.**

25% AFSLÁTTUR



Aðeins **74.925 kr.**



## TAMPA
tungusófi

Dökk- eða ljósgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri eða vinstri tunga. Stærð 240 x 143 cm.

**Fullt verð: 119.900**

Aðeins **89.900 kr.**



## TAMPA
U-sófi

Ljós- eða dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hægri og vinstri tunga.
Stærð: 315 x 215/143 cm.

**Fullt verð: 189.900 kr.**

Aðeins **149.900 kr.**

*Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.*

DORMA

Láttu drauminn rætast

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.




FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


Bakþankar

Óttars Guðmundssonar



## Blessuð sauðkindin

Sauðkindin er hluti af íslenskri menningu og þjóðarsál. Íslendingar hafa lengi reynt að fá útlendinga til að skynja mikilfengleika skepnunnar. Í upphafi sjöunda áratugarins setti Þorvaldur Guðmundsson í Síld og fisk á markaðinn léttreykt lambakjöt til útflutnings sem kallaðist London-lamb. Sagt var í blöðunum að nafnkunnir Hollywood-leikarar hefðu aldrei bragðað betra kjöt. Íslenska ríkið stóð fyrir útflutningnum og borgaði fólki fyrir að leggja sér lambið til munns. Ekki tókst þó að selja einn lambaskanka í þessu átaki og London-lambið fór til neyslu í fermingarveislum og jólaboðum landsmanna.

Árið 1964 var íslenskt veitingahús opnað með pompi og prakt í London sem hét Iceland Food Center. Enn og aftur birtust greinar um vinsældir veitingastaðarins og alsæla viðskiptavini. Þetta kom þó fyrir lítið og staðurinn fór á hausinn með bullandi tapi. Ríkið stóð fyrir kostnaðinum og niðurgreiddi hvern bita sem étinn var á staðnum.

Fleiri tilraunir hafa verið gerðar til að kenna heiminum að meta íslenska vegalambið. Niðurgreitt lambakjöt hefur verið til sölu á Norðurlöndum um árabil en aldrei náð verulegri útbreiðslu.

Nú á að gera enn eina tilraunina. Á fjáraukalögum eru veittar 100 milljónir til markaðsátaks til að borga útlendingum fyrir að kaupa lambakjöt. Eitt þúsund tonn eru óseld í frystikistum og þeim verður að koma út með góðu eða illu. Skynsamlegra væri þó að horfast í augu við breyttar matarvenjur fólks og fækka sauðfé í landinu verulega. Lögmál markaðarins hljóta að ráða. Árið 1987 var óselt lambakjöt urðað og kallaðist eftir það haugalamb. Sennilega væri það ódýrari kostur en að fara í enn eina söluherferðina með niðurgreitt lambakjöt.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA


OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

Þú átt rétt á 11 tíma hvíld milli vinnudaga – líka í desember!





## STOCKHOLM
Borðstofuskenkur, spónlögð eik.
Stærð: 180 x 44 x 85 cm.
**189.990 kr.** ~~259.990 kr.~~

## STOCKHOLM
Skemmtileg borðstofu-
húsgögn úr spónlagðri eik.

## STOCKHOLM
Bekkur úr spónlagðri eik.
Stærð: 170 x 38 x 46 cm.
**49.990 kr.** ~~69.990 kr.~~

## STOCKHOLM
Borðstofuborð úr spónlagðri eik.
Stærð: 210 x 95 x 75 cm.
**129.990 kr.** ~~179.990 kr.~~

Tvær stækkanir: 95 x 45 cm. seldar sér.
**39.990 kr.** ~~54.990 kr.~~



## MILANO
Þriggja sæta leðursófi. Litir: Svart eða hvítt. Einnig fáanlegur 2ja sæta og stóll.
3ja sæta: Stærð: 194 x 90 x 90 cm

**199.990 kr.**
~~289.990 kr.~~



## NATUZZI EDITIONS
**B978** vandaður horntungusófi. Hægri eða vinstri tunga.
Silfur- eða platinum- grátt slisterkt áklæði.
Stærð: 294 x 101/250 x 85 cm

**399.990 kr.**
~~599.990 kr.~~



## FRIDAY
Hornsófi með tungu. Grátt og brúnt slitsterkt áklæði.
Stærð: 330 x 260 x 90 cm

**257.990 kr.**
~~319.990 kr.~~



## FRIDAY
Tungusófi, hægri eða vinstri tunga.
Dökkgrátt eða brúnt áklæði.
Stærð: 260 x 170 x 87 cm

**139.990 kr.**
~~179.990 kr.~~



## FIMON
Þriggja sæta sófi. Grátt, grábrúnt, dusty grænt eða gult slitsterkt áklæði.
Stærð: 208 x 83 H: 77 cm.

**179.990 kr.**
~~239.990 kr.~~



## BRENNER
Þriggja sæta sófi. Dökkgrátt slitsterkt áklæði eða svart leður. Stærð: 230 x 97 x 82 cm

Áklæði
**169.990 kr.**
~~219.990 kr.~~

Leður
**289.990 kr.**
~~369.990 kr.~~

# STÓLADÖGUM LÝKUR UM HELGINA

# STÓLADAGAR
# 25% afsláttur af ÖLLUM stólum*



**YFIR 500 GERÐIR AF BORÐSTOFUSTÓLUM, HÆGINDASTÓLUM, ELDHÚSSTÓLUM OG BARSTÓLUM**

* Gildir ekki af sérpöntunum. 15% afsláttur af Skovby stólum og Timeout.



## MONTESE
Hægindastóll með háu baki, svart leður.

**149.993 kr.** ~~199.990 kr.~~



## LECCE
Barstóll, hvítur, rauður og svartur.

**20.243 kr.** ~~26.990 kr.~~



## ASTRO
Hægindastóll, rautt, grátt og blátt áklæði.

**44.993 kr.** ~~59.990 kr.~~



## ALEXA
Borðstofustóll, brúnt og svart leður.

**26.243 kr.** ~~34.990 kr.~~



## EBBA
Hægindastóll, gult, blátt, rautt og grátt áklæði.

**44.993 kr.** ~~59.990 kr.~~



## MICHIGAN
Borðstofuborð úr hvíttaðri eða olíuborinni gegnheilli eik og olíuborinni hnotu.



MICHIGAN borðstofuborðið er 101 cm breitt, 205 cm langt og hæðin er 74 cm. Það er stækkanlegt í 361 cm með þremur stækkunum sem fylgja.

Hvíttuð eða olíuborin eik
**349.990 kr.** ~~399.990 kr.~~

Olíuborin hnota
**299.990 kr.** ~~349.990 kr.~~

**Reykjavík**
Bíldshöfði 20

**Akureyri**
Dalsbraut 1

**Ísafjörður**
Skeiði 1

**www.husgagnahollin.is** 558 1100

**Laugard. 17. des. 11–18 | Sunnud. 18. des. 13–18**
**21.–23. des. 10–22 | Aðfangadagur 24. des. 10–13**
**Aðra daga fram að jólum er opið 10–18**

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.

HÚSGAGNA HÖLLIN